# Skólanámskrá Áslandsskóla

Skólaárið 2020-2021



Skólanámskrá Áslandsskóla.
Útgefin 2020.
Skólanámskrá er útgefin á rafrænu formi (pdf), og birt á heimasíðu skóla.
© Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

**Útgáfustaður**: Hafnarfjörður.
**Ábyrgð**: Leifur S. Garðarsson (skólastjóri Áslandsskóla)

**Útgefandi**: Áslandsskóli (Hafnarfjarðarbær)
Kríuás 1
221 Hafnarfjörður

netfang: aslandsskoli@aslandsskoli.is
veffang: http://www.aslandsskoli.is

# Almennur hluti
# Skólanámskrá Áslandsskóla




Skólaárið 2020-2021

# FORMÁLI

Skólanámskrá hvers grunnskóla er gefin út í samræmi við lög um grunnskóla frá 2008 og ákvæði í aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta frá árinu 2011 og greinahluta frá árinu 2013. Sú skólanámskrá sem hér birtist er að auki samhæfð fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar. Í því felst að skólanámskráin hefur sömu uppbyggingu í öllum grunnskólum hvað efnisyfirlit (röðun), form (umbrot) og snið (efnisþættir) varðar en inntakið sjálft er ákvörðun hvers skóla – í samræmi við aðalnámskrá. Tilgangur þessa er bæði að auka fagmennsku í útgáfu skólanámskrár og að auðvelda yfirsýn skólanámskráa einstakra skóla innan Hafnarfjarðar, t.d. að koma í veg fyrir að efni vanti í þær og auðveldara sé að bera þær saman. Þrátt fyrir sameiginlegt form og efnisyfirlit er meginatriði skólanámskrárinnar sérstaða skólans sem kynnir þar áherslur sínar um nám og kennslu nemenda í samræmi við þá ábyrgð sem hann hefur samkvæmt lögum og reglugerðum.

Þótt skólanámskrá hvers skóla eigi að birta „sérstöðu“ hans er slíkt þó ekki einhlýtt. Þar sem aðalnámskrá grunnskóla birtir sameiginlega sýn um skólastarf á Íslandi þarf skólanámskrá hvers skóla einnig að endurspegla slíkt. Í ákveðnum tilvikum getur skólakerfið í Hafnarfirði sameinast um ákveðna samhæfingu í inntaki skólastarfsins í öllum skólum. En í flestum tilvikum er það hvers skóla að skilgreina eigin útfærslu á skólastarfinu, innan ramma aðalnámskrár, sem marki sérstöðu skólans og hans sérstöku aðstæður.

Skólanámskrá samanstendur af tíu bekkjarnámskrám í heildstæðum grunnskóla. Þetta plagg er ein bekkjarnámskrá og skiptist í inngang (saga skóla) og þrjá meginhluta auk viðauka. I. hluti kynnir menntastefnu skólans sem hefur að geyma þær helstu atriði sem skólinn leggur áherslu á í framkvæmd skólastarfsins II. hluti kynnir skipulag og sameiginlega þætti í starfsemi viðkomandi bekks/árgangs. III. hluti er kynning á námssviðum og námsgreinum sem eru hluti náms og kennslu í viðkomandi bekk. Viðauki er loks með upplýsingar og viðmið um gerð skólanámskrárinnar og kynnir uppbyggingu hennar. Viðaukinn er sameiginlegur fyrir alla grunnskóla bæjarins.

Hlutverk skólanámskrár er að veita upplýsingar um áætlaða framkvæmd skólastarfs í grunnskólanum með áherslu á það nám og kennslu sem stefnt er að fari fram í viðkomandi árgangi (þetta plagg sem ein bekkjarnámskrá). Hún er þannig leiðarvísir um skólastarfið og gefur til kynna að hverju er stefnt í skólastarfinu, þ.e. að hvaða hæfni er stefnt að nemandi nái á hverju námssviði, og fer fram í einstökum námsgreinum. Framkvæmdin sjálf, þ.e. hið daglega skólastarf, er þannig stöðug viðleitni til að ná ætlaðri stefnu þar sem ábyrgðin á framkvæmdinni er sameiginleg hjá skólayfirvöldum, starfsfólki skóla, foreldrum og nemendum með vissri verkaskiptingu og mismunandi ábyrgð í skólastarfinu. Til að framkvæmdin verði í samræmi við stefnuna þurfi allir aðilar að taka ábyrgð sína alvarlega.

Samhliða skólanámskrá er gefin út starfsáætlun skóla sem þarf að lesast samhliða skólanámskránni til að hún skiljist til fullnustu og fái fullt samhengi. Munur skólanámskrár og starfsáætlunar er ákvarðaður í aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta, (2011, bls. 64-65). Hafnarfjörður er með eigin áherslur um samspil skólanámskrár og starfsáætlunar.

Þessi formáli er sameiginlegur fyrir allar skólanámskrár, þ.e. námskrár allra bekkja, allra grunnskóla í Hafnarfirði sem starfræktir eru af bæjaryfirvöldum.

# EFNISYFIRLIT

Formáli
Efnisyfirlit

**Saga Áslandsskóla og starfsemi frá upphafi**

**I. Menntastefna skólans**

**II. Skólastarf árganga**
1. Samantekt kennslu árgangs
2. Áherslur grunnþátta menntunar í árganginum
3. Kennsluaðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn
4. Námsmat og vitnisburðarkerfi árgangs

**III. Námssvið og námsgreinar**

**Lykilhæfni**

Hæfniviðmið lykilþáttanna fimm og matskvarðalýsingar fyrir A-D kvarða

**1. Íslenska, íslenska sem annað tungumál og íslenskt táknmál**

***A. Íslenska*:**

1.1. Talað mál, hlustun og áhorf
1.2. Lestur og bókmenntir
1.3. Ritun
1.4. Málfræði

**2. Erlend tungumál**

2.1. Enska

**3. List- og verkgreinar**

***A. Listgreinar:***

3.1. Sviðslistir (dans og leiklist)
3.2. Sjónlistir (myndmennt)
3.3. Tónmennt

***B. Verkgreinar:***

3.4. Heimilisfræði
3.5. Hönnun og smíði
3.6. Textílmennt

**4. Náttúrugreinar**

4.0. Náttúrufræði

**5. Samfélagsgreinar**

5.1. Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði
5.2. Jafnrétti og lífsleikni
5.3. Landafræði, saga og sam-/þjóðfélagsfræði

**6. Skólaíþróttir**
6.1. Íþróttir
6.2. Sund
**7. Stærðfræði**
7.0. Stærðfræði
7.1. Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar
7.2. Tölur, reikningur og algebra
7.3. Rúmfræði, mælingar, tölfræði og líkindi
**8. Upplýsinga- og tæknimennt**
8.2. Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni
**VIÐAUKI. Kynning og viðmið grunnskólastarfs í Hafnarfirði í skólanámskrá**
A. Skólanámskrá og viðmið
B. Viðmiðunarstundaskrá og viðmið
C. Menntastefna skóla og viðmið
D. Gunnþættir menntunar og viðmið
E. Námssvið, námsgreinar og viðmið
F. Hæfni (námshæfni og lykilhæfni) og viðmið
G. Námsmat, matskvarðar og viðmið

# Saga skóla og starfsemi frá upphafi

Áslandsskóli er staðsettur í Hafnarfirði í Kríuási 1. Þar eru yfir 500 nemendur í skólanum og um 100 starfsmenn.
Áslandsskóli tók til starfa haustið 2001 og var þá rekinn af Íslensku menntasamtökunum. Skólinn var þá einkaskóli og rekinn í tilraunaskyni samkvæmt heimild í grunnskólalögum. Í upphafi voru um 100 nemendur í skólanum frá 1. – 7. bekk en hefur vaxið jafnt og þétt með hverfinu og er nú heildstæður skóli frá 1. – 10. bekk. Haustið 2002 urðu breytingar á rekstri skólans og tók Hafnarfjarðarbær við stjórnun hans 19. september. Núverandi skólastjóri, Leifur S. Garðarsson kom til starfa nóvember 2002 og Unnur Elfa Guðmundsdóttir, núverandi aðstoðarskólastjóri, í janúar 2003. Fjórir deildarstjórar starfa við skólann, Hjördís Jónsdóttir, deildarstjóri 1.-5. bekkja og Kristín Jóna Magnúsdóttir, deildarstjóri 6.-10. Bekkja, Úlfar Daníelsson deildarstjóri UT og Jóhanna Björg Másdóttir deildarstjóri stoðþjónustu.
Skólinn hefur vaxið hratt og um haustið 2012 komu þrjár færanlegar kennslustofur á skólalóðina en þrátt fyrir það er skólinn fullsetinn og þörf er á viðbyggingu.

**Skólastjórar Áslandsskóla frá upphafi**

- *Leifur S. Garðarsson, nóvember 2002*
- *Erla Guðjónsdóttir, september – nóvember 2002*
- *Skarphéðinn Gunnarsson, júlí – september 2002*
- *Áslaug Brynjólfsdóttir, september 2001 – júlí 2002*
- *Kristrún Lind Birgisdóttir, janúar – júlí 2001*

Skólinn er í leiguhúsnæði sem Reginn fasteignafélag og FM-Hús eiga og reka. Hafnarfjarðarbær leigir húsnæðið og hefur gert samning til 25 ára.

# I. Menntastefna skólans

Menntastefna skóla er grunnstefna skóla og felur í sér allar stefnuáherslur skólans í einni stefnu sem skal birtast í skólanámskrá (aðalnámskrá 2011, bls. 64). Menntastefna skólans er sett fram á grundvelli sjónarmiða á aðalnámskrá grunnskóla þar sem kjarni hennar skulu vera sex grunnþættir menntunar (heilbrigði og velferð, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi, læsi, sjálfbærni og sköpun). Meginatriði í menntastefnu skóla eru megináherslur skólastarfsins sem skilgreina má í gegnum margvíslega stefnuþætti um „stefnu skólans, gildi, uppeldis- og kennslufræðilega stefnu og kennsluhætti“ (aðalnámskrá grunnskóla 2011, bls. 66).

Menntastefna skóla er þannig aðgreind frá (1) menntastefnu ríkisins en aðalnámskrá grunnskóla er þá birtingarmynd hennar á hverjum tíma og (2) menntastefnu sveitarfélagsins sem er skólastefna bæjarins.

## Stefna skólans

Stefna skólans er byggð á menntastefnu sem birt er í Aðalnámskrá grunnskóla 2011, en sú stefna er reist á sex grunnþáttum menntunar og einnig á Menntastefnu Hafnarfjarðarbæjar.

## Hornstoðir skólans:

- Vinna allt framúrskarandi vel
- Vinna með allar dygðir
- Þjónusta við samfélagið
- Hnattrænn skilningur

**Yfirheiti skólastefnu Áslandsskóla**




## Hlutverk Áslandsskóla

Í Áslandskóla vinnur metnaðarfullt starfsfólk sem hefur það að leiðarljósi að vinna framsækið starf. Áhersla er lögð á framþróun og eru samvinna, ábyrgð, tillitssemi og traust þau höfð að leiðarljósi í öllu starfi skólans. Nemendur eru hvattir til þess að taka ábyrgð á eigin námi og hegðun og unnið er markvisst að því að að efla skapandi hugsun og auka viðsýni. Mikil áhersla er lögð á að öllum líði vel og að hver einstaklingur fái að njóta sín á eigin verðleikum. Nemendur eiga að koma vel fram við hvern annan og bera virðingu fyrir umhverfi sínu. Skólinn leitast við að bæta kennslu og skapa gott námsumhverfi fyrir nemendur.

## Áherslur Áslandsskóla

Áslandsskóli er staðsettur í Hafnarfirði og er stutt að fara út í ósnortna náttúruna sem nýtist bæði í leik og í starfi. Í gegnum árin hefur skólinn skapað sér sín sérsvið og má þar nefna einna helst morgunstundir sem eru hluti af lífsleiknikennslu. Morgunstundir eru haldnar reglulega á sal skólans þar sem ýmist nokkrar bekkjardeildir koma saman eða allur skólinn. Þar koma nemendur saman og sýna þau verk sem þeir hafa unnið að í skólanum ásamt ýmsum skemmtiatriðum. Við undirbúning atriða eru ákveðnar dygðir hafðar að leiðarsljósi og fá nemendur þjálfun í framsögn og tjáningu. Í lok hverrar morgunstundar syngja nemendur skólasönginn og fara með skólaheitið.

Lífsleikninám er stór þáttur í skólastarfi Áslandsskóla. Það byggir á fjórum hornstoðum skólastefnunnar. Mikilvægt er að hafa í huga að allar námsgreinar og skólastarfið í heild fela í sér lífsleikni. Markmið lífsleiknináms er að nemendur efli með sér sjálfsþekkingu, jákvæð lífsviðhorf, áhuga og hæfileika til að njóta sín í námi og starfi. Þessum þáttum er sinnt jafnhliða vinnu með skólastefnuna, hún byggir á umfjöllun um dygðir í ljósi mannræktar sem eflir skilning meðal fólks og hvetur til óeigingirni og hjálpsemi.
Aukin áhersla er á erlend tungumál og hefur skólinn frá fyrsta starfsári kennt ensku frá fyrsta bekk og dönsku frá fimmta bekk. Alþjóðlegt samstarf, Erasmus og Nordplus, hefur skipað fastan sess í stafi skólans síðast liðin ár.

Í mars á hverju ári eru haldnir Menningadagar. Þá er starfið brotið upp með ýmsum hætti í eina viku og endað er á opnu húsi þar sem gestum og gangandi er boðið að koma og skoða afrakstur vinnunnar. Nemendur sýna verk á sal, skólastofur eru opnar og 10.bekkur rekur kaffihús sem nýtur mikilla vinsælda.

List og verkgreinum hefur ávallt verið gert hátt undir höfði og eru sérgreinakennarar í öllum greinum. Kennslan fer fram í lotum sem felst í því að nemendur mæta að meðaltali 5x í viku samfellt í 6 vikur í hverja grein.

Skólafatnaður hefur verið hluti að skólanum frá upphafi. Nemendur í yngri klæðast buxum, bol og flíspeysu. Skólafataði er ætlað að efla samkennd hjá nemendum og draga úr samanburði milli nemenda.

Markmið með kennslu í Áslandsskóla eru m.a. eftirfarandi:

- að skólinn marki sér sérstöðu varðandi góðan námsárangur, vönduð vinnubrögð og almenna vellíðan nemenda.
- að efla alhliða þroska bókvits, verkvits og siðvits nemenda.
- að skólinn þrói mælikvarða til að meta nám og önnur mikilvæg atriði skólastarfs.
- að hafa að leiðarljósi fjölbreytta og sveigjanlega kennsluhætti, samþættingu námsgreina, skapandi og lifandi skólastarf.
- að starfs-, náms- og leikumhverfi skólans verði hlýlegt og vistlegt.
- að samstarf skóla og heimila sé traust og með jákvæðum hætti.
- að foreldrar verði virkir þátttakendur í skólasamfélaginu og vel upplýstir um starfsemi skólans.
- að búa nemendur undir virka þátttöku í samfélaginu og fjölskyldu- og atvinnulífi.
- að þróa samstarf og efla samvinnu milli eldri borgara og nemenda skólans.
- að nýta hið stórbrotna umhverfi Áslandsskóla til kennslu.

## Grunnþættir menntunar

Grunnþættir menntunar eru sex talsins og hér fyrir neðan er sú stefna sem skólinn setur fram um þessa þætti.

**Tilgangur**: „*Að undirstrika meginatriði í almennri menntun og stuðla að meiri samfellu í öllu skólastarfi.*“ (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011, bls. 14).

Frekari áherslur um grunnþætti menntunar í stefnu skólans varðandi áherslur við einstaka grunnþætti menntunar eins og þeir eru skilgreindir í aðalnámskrá grunnskóla (2011, bls. 13-24) birtast hér á eftir. Þar samhæfir skólinn fræðslu um forvarnir og ferla sem henni tengist við grunnþætti menntunar, í samræmi við starfsviðmið fræðsluþjónustunnar um forvarnir og gefið er út í sérstöku plaggi sem er til leiðbeiningar fyrir hvern grunnþátt.

### HEILBRIGÐI OG VELFERÐ

Heilbrigði byggir á andlegri, félagslegri og líkamlegri vellíðan, eða **AFL**. Skólinn vinnur að því að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á eru: jákvæð sjálfsmynd, hreyfing,

næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra.

### Áherslur Áslandsskóla

Áslandsskóli er heilsueflandi grunnskóli. Markviss eru unnið að því að efla þessa þætti í gegnum allt skólastarfið, bæði með beinni kennslu eða samtvinnað öðru námi þar sem þeir eru grunnur þess að nemendur geti stundað nám sitt af öryggi.

| **Þættir í skólastarfinu sem miða að heilbrigði og velferð:** | |
|---|---|
| ***Árlegir viðburðir í skólanum*** | ***Viðburðir sem skólinn tekur þátt í*** |
| Ratleikur 1.desember | Skólahreysti |
| Útileikjadagur að hausti | Hafnarfjörður á iði |
| Íþróttadagur að vori | Norræna skólahlaupið |
| Útikennsla | Samgönguvika |
| Gönguferðir | Vinavika |
| Vettvangsferðir | Göngum í skólann |
| Útivistarval í unglingadeild | |
| ***Fastir liðir í skólastarfi*** | |
| Heitur matur og salatbar 5 x í viku | |
| Mjólk með mat 2x í viku | |
| Hafragrautur fyrir nemendur og starfsfólk | |
| Ávaxtaáskrift fyrir nemendur og starfsfólk | |
| Heimilisfræðikennsla | |
| Íþróttatímar 2x í viku | |
| Sundtímar 1x í viku | |
| Lífsleiknikennsla 1x í viku | |
| Núvitund | |
| Sælgæti og gos ekki leyfilegt | |
| Fræðsla hjúkrunarfræðings | |

## JAFNRÉTTI

Jafnrétti er margþætt hugtak og nær m.a. til eftirfarandi þátta: aldurs, búsetu, fötlunar, kyns, kynhneigðar, litarhátts, lífsskoðana, menningar, stéttar, trúarbragða, tungumáls, ætternis og þjóðernis. Þessir þættir geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks og skal jafnréttismenntun fela í sér gagnrýna skoða á því.

### Áherslur Áslandsskóla

Jafnréttismenntun í Áslandsskóla vísar til inntaks kennslu, námsaðferða og námsumhverfis. Á öllum skólastigum skulu nemendur fá fræðslu um jafnréttismál með umburðarlyndi og víðsýni að leiðarljósi. Áhersla skal lögð á að allir nemendur eigi sem víðtækasta og jafnasta möguleika til náms og geti tekið fullan þátt í starfinu. Einnig er mikilvægt að opna augu barnanna fyrir jafnræði innan nemendahópsins og áhersla lögð á að allir taki virkan þátt í að skapa skólasamfélag jafnréttis og réttlætis.

| Þættir í skólastarfinu sem miða að menntun til jafnréttis: |
|---|
| Hornstoðir skólans |
| Dygðavinna |
| Skólaþing |
| Jafnréttisfræðsla á öllum skólastigum |
| Brúðuleikhúsið „Krakkarnir í hverfinu“ heimsækir árlega nemendur í 2. bekk |
| Fjölgreindarleikar |

## LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI

Lýðræðis- og mannréttindamenntun byggir á gagnrýnni hugsun og ígrundun um grunngildi samfélagsins. Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni einstaklingsins. Í lýðræði er borin virðing fyrir réttindum, heilbrigði og þroskamöguleikum hvers og eins. Allir hafa rétt til að vera eins og þeir eru án þess að gengið sé á rétt hvers og eins. Skólum ber að rækta það viðhorf að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt og einstaklingarnir gagnrýnir og með framtíðarsýn. Í lýðræði taka einstaklingar afstöðu til siðferðilegra álitamál og virkan þátt í mótun samfélagsins. Lýðræði í skólastarfi er þegar viðfangsefnin og aðferðir námsins taka tillit til áhuga nemenda og ábyrgðar þeirra á eigin námi.

### Áherslur Áslandsskóla

Í Áslandsskóla er lögð áhersla á að kenna lýðræði sem og að viðhalda lýðræði í skólastarfinu. Nemendur eiga að fá tækifæri til reifa skoðanir sínar um ýmis álitamál og rökræða á gagnrýnan hátt. Einnig skulu þeir fá tækifæri til að hafa áhrif á námsumhverfi sitt, t.d. með vali á viðfansefnum eða leiðum að markmiðum,úrvinnsluformi og námsmati.

| Þættir í skólastarfinu sem miða að menntun til lýðræðis og mannréttinda: |
|---|
| SMT - skólareglur |
| Hættu, gaktu, segðu frá |
| Lausnaleit |
| Vinna með dygðir |
| Skólaheiti |
| Bekkjafundir |
| Skólaþing ár hvert |
| Könnun um líðan |
| Skólapúlsinn |
| Nemendaráð og skólaráð |
| |

## LÆSI

Læsi er kunnátta og færni sem einstaklingar þurfa til þess að geta verið virkir þátttakendur í samfélaginu. Í hefðbundnum skilningi er læsi tengt við það að skilja ritaðan texta en nú er skilgreining þess orðin víðtækari. Læsi snýst um að nota táknkerfi og miðlunartækni til þess að skapa merkingu og

sú sköpun verður til vegna fyrri reynslu og kunnátta einstaklingsins. Þótt verkfærum sem nota á í kennslustofunni hafi fjölgað dregur það þó engan vegin úr mikilvægi ritunar og lesturs í hefðbundnum skilningi.

| **Þættir í skólastarfinu sem miða að menntun til læsis skv. lestrarstefnu skólans** |
|---|
| Leið til læsis |
| PALS |
| Lestrarbingó í skólafríum |
| Stóra upplestrarkeppnin / Litla upplestrarkeppnin |
| Lestrarsprettir |
| Markviss inngrip í lestrarfærni |
| |

### Áherslur Áslandsskóla

Læsi tengist öllum þáttum skólastarfs og grundvöllur þess er að nemendur geti lesið texta til gangs. Markvisst er unnið að hefðbundinni lestrarkennslu á yngri stigum. Mikilvægt er að nýta ólíka miðla en einnig er mikilvægt að nemendur nái góðum tökum á ritun og lestrartækni í hefðbundnum skilningi. Nauðsynlegt er að nemendur fái að tjá sig á ólíkan hátt t.d. með myndum og lögð er áhersla á tengingu myndmáls og ritmáls.
Læsi byggist á kerfisbundnum táknum og miðlunartækni en snýst aðallega um sköpun merkingar og það á sér stað fyrir reynslu, styrkleika og kunnáttu einstaklingsins.

## SJÁLFBÆRNI

Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags. Með því má segja að við skilum umhverfinu til afkomenda í ekki lakara ástandi en við tókum við því. Sjálfbærnimenntun felst í því að skapa samábyrgt samfélag.

### Áherslur Áslandsskóla

Sjálfbærni byggir á þremur stoðum sem allar þurfa að vega jafnt. Í skólastarfinu er lögð áherslu á kenna nemendur um þessar þrjár stoðir og að margt smátt gerir eitt stórt. Umhverfið og náttúran umlykja allt samfélag og því nauðsynlegt að nemendur þekki, virði og skilji náttúruna. Félagslegi þátturinn byggir á skilningi á fjölbreytileika mannlífs og menningu og öllum sé gert jafn hátt undir höfði. Efnahagur tengist nýtingu á náttúruauðlindum og sanngirni í skiptingu þeirra.

| **Þættir í skólastarfinu sem miða að menntun til sjálfbærnis eru til dæmis:** | | |
|---|---|---|
| **Umhverfi** | **Samfélag** | **Efnahagur** |
| Draga úr pappírsnotkun | Samvinna við félag eldirborgara í Hafnarfirði | Draga úr pappírsnotkun |
| Hvetja til hreyfingar | Samstarf við leikskóla | Flokka pappír í hverri stofu |
| Flokka pappír í hverri stofu og flokkun á sorpi | Umræður um málefni líðandi stundar | Vinna með endurnýtanleg efni |
| Takmarka einnota plastumbúðir | Lífsleikni | Söfnun fyrir mæðrastyrksnefnd |

| | | |
|---|---|---|
| Skola og flokka fernur | Góður skólabragur | Bera virðingu fyrir eigum sínum og annarra |
| Hreinsa til á skólalóðinni | Menningardagar | |
| Gróðursetning í nærumhverfi | Vettvangsferðir | |
| Vinna með endurnýtanleg efni | | |
| Nýta nánasta umhverfi til kennslu | | |

**SKÖPUN**
Með skapandi skólastarfi er átt við að nemandi fái tækifæri til að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndurnarafl og leika sér með möguleika. Kennsluhættir þurfa að vera fjölbreyttir og námsumhverfið hvetjandi svo ýtt sé undir gangrýna hugsun nemandans. Áhersla skal lögð á að við lausn viðfangsefna skiptir sköpunarferlið ekki síður máli en afrakstur verksins. Sköpun sem grunnþáttur skal ekki vera bundinn við listgreinar fremur en aðra námsgreinar.

**Áherslur Áslandsskóla**
Í Áslandsskóla er lögð áhersla á frumleika og frumkvæði nemenda við lausn viðfangsefna. Nemendur eru hvattir til sköpunar í þekkingarleit sinni með fjölbreyttum kennsluaðferðum, námsvali og námsmati. Nemendur fá tækifæri til þess að velja leiðir að markmiðum og skal þar áhersla lögð á vinnuferlið fremur en lausnina sjálfa.

| **Þættir í skólastarfinu sem miða að menntun til sköpunar:** |
|---|
| Áhersla á leik í yngri bekkjum |
| Söguaðferðin - Storyline |
| Samþætting námsgreina |
| Morgunstundir |
| Ratleikur á fullveldisdaginn |
| Litla og stóra upplestrarkeppnin |
| List- og verkgreinar |
| Menningardagar |
| Upplýsinga- og tæknimennt á skapandi hátt |
| Þráðlaust net innan skólans |
| Lokaverkefni 10. bekkja |
| Útikennsla |
| |

# Símenntun, þróunarstarf og innra mat skóla

**Tilgangur**: *Að stuðla að skólaþróun og færa skólanum aðferðir og tæki til að meta árangur og gæði skólastarfsins með kerfisbundnum hætti* (sbr. aðalnámskrá grunnskóla, 2011, bls. 59).

Símenntunar- og skólaþróunaráætlun er áætlun skipulagsheildar Áslandsskóla til að skilgreina og ákveða hver sé nauðsynleg símenntun á starfsvettvangi á hverjum tíma, þ.e. fræðsla, ráðgjöf, handleiðsla og hvers konar námssamstarf, fyrir starfsmenn hennar í heild sinni eða einstakra hópa innan hennar. Símenntunar- og skólaþróunaráætlun nær þó ekki til einstaklinga í skólum fræðsluþjónustunnar varðandi persónulega fagþróun og nauðsynlega símenntun þeirra í því samhengi og á grunni kjarasamninga. Sú fagþróun einstakra starfsmanna er aftur á móti skilgreind í *starfsþróunaráætlun* á grundvelli starfsmannasamtala og er nátengt verkefni.

Meginmarkmið símenntunar- og skólaþróunaráætlunar hjá Hafnarfjarðarbæ er að vinna að því að bæta hæfni skóla/stofnana til að sinna verkefnum sínum í samræmi við opinbert regluverk (lög, reglugerðir, reglur og önnur fyrirmæli), styrkja staðbundið skipulag og vinna að góðri aðlögun stofnunar að stöðugt breyttum þjóðfélagsaðstæðum.

## Foreldrasamstarf, upplýsingamiðlun og mótun skólasamfélags

**Tilgangur**: *Að skólasamfélag (starfsfólk, nemendur, foreldrar) hvers skóla vinni vel saman að mótun skólastarfsins og þeirra umgengishátta sem eiga að einkenna samskipti innan skólans og utan* (sbr. aðalnámskrá grunnskóla, 2011, bls. 69).

Stuðningur foreldra og þátttaka þeirra í skólastarfi skiptir miklu máli fyrir námsárangur barna og líðan þeirra. Velferð nemenda verður því best tryggð í góðu samstarfi foreldra og skóla. Samkvæmt lögum skulu grunnskólar hafa starfandi skólaráð. Eins er kveðið á um að við grunnskóla skuli starfa foreldrafélag.

### Um foreldrasamstarf

Markmiðið með foreldrasamstarfi er að tryggja hagsmuni nemenda með upplýsingamiðlun og samráði foreldra og skóla. Nemandinn öðlast aukið öryggi við að finna gagnkvæmt traust og virðingu milli hinna fullorðnu sem og samræmi í gildum og væntingum heima fyrir og í skólanum. Foreldrar geta leitað stuðnings hjá þjónustumiðstöðvum við lausn mála sem tengjast skólastarfi, en þar starfa meðal annarra kennsluráðgjafar og sálfræðingar. Í hverju sveitarfélagi skal í umboði sveitarstjórnar vera skólanefnd sem fer með málefni grunnskóla eftir því sem lög og reglugerðir ákveða.

### Skólaráð og foreldrafélög

Í lögum um grunnskóla segir að við grunnskóla skuli starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Eins er kveðið á um að við grunnskóla skuli starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja við skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla.

### Samtök foreldra.

Foreldrar hafa stofnað foreldrafélög í öllum grunnskólum . Foreldrafélögin í Hafnarfirði sitja svo saman í Foreldraráði Hafnarfjarðar. Svo eru til heildarsamtök foreldra í landinu sem nefnast Heimili og skóli.

# II.1. Áherslur grunnþátta menntunar

Áherslur grunnþátta menntunar í hverjum árgangi eru sett fram í markmiðum

| **Grunnþáttur menntunar** | **Áhersluatriði árgangs sett fram í markmiðum við einstaka grunnþætti** |
|---|---|
| *HEILBRIGÐI OG VELFERÐ:* | Það er unnið með *heilbrigði og velferð* í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:<br>• Hvetjum nemendur og foreldra til að koma með hollt og gott nesti að heiman. Jafnframt að bjóða upp á holla næringu í mötuneyti nemenda.<br>• Hvetjum til hollrar og fjölbreyttrar hreyfinga. Bæði í íþróttum, sundi og öðrum námsgreinum.<br>• Farið í gönguferðir og útivist reglulega yfir veturinn. |
| *JAFNRÉTTI:* | Það er unnið með *jafnrétti* í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:<br> Allir nemendur eru metnir á eigin forsendum. |
| *LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI:* | Það er unnið með *lýðræði og mannréttindi* í árganginum þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:<br>• Skólaþing<br>• Bekkjarfundir<br>• SMT skólareglur<br>• Lausnaleit við val á fuglaveislum<br>• Skólaheiti<br>• Nemendur læri um rétt sinn og skyldur |
| *LÆSI:* | Það er unnið með *læsi* í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:<br>• K-PALS<br>• Jafningjahópar í íslensku<br>• Lestrarsprettur tvisvar á ári<br>• Skólabókasafn í stofu<br>• Lestur í nestistíma<br>• Eftirfylgni með heimalestri<br>• Hvetja nemendur til bóklestrar og að þeir geti lesið sér til gagns og gamans. |

| | |
|---|---|
| *SJÁLFBÆRNI:* | Það er unnið með *sjálfbærni* í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:<br>• Nýtum pappírinn vel<br>• Hreinsa til á skólalóðinni<br>• Vinna með endurnýtanleg efni<br>• Vettfangsferðir<br>• Söfnun fyrir mæðrastyrksnefnd |
| | Menningardagar |
| *SKÖPUN:* | Það er unnið með *sköpun* í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:<br>• Skapandi aðferðir í útfærslum á verkefnum<br>• Unnið myndrænt<br>• Morgunstundir<br>• Menningardagar<br>• Vettvangsferðir<br>• Söguaðferðir<br>• List og verkgreinar |

# II.3. Kennsluaðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn

Skólinn leggur áherslu á sem bestar kennsluaðstæður fyrir nemendur og starfsfólk til að skapa öryggi og vellíðan í starfi.

Útbúnar eru kennsluáætlanir fyrir hverja námsgrein tvisar ári sem unnið er eftir veturinn. Í þessum áætlunum eru tilgreind öll þau atriði og sem árgangurinn leggur áherslu á.

Skólinn útvegar nemendum allar námbækur, öll ritföng og annað sem tengist skólastarfi sem hann telur nauðsynleg gögn.
Skólinn útvegar spjaldtölvur fyrir nemendur í 5.-10. bekk til eigin nota ásamt bekkjarsettum fyrir nemendur í 1.- 4. bekk.

# II.4. Námsmat og vitnisburðarkerfi

Námsmat í Áslandsskóla er í stöðugri þróun. Markmiðið er að vera með stöðugt alhliða leiðsagnarmat í formi símats. Í því fellst reglubundið eftirlit með vinnu og árangri nemenda. Námsmatið skal vera fjölbreytt, upplýsandi fyrir nemendur og forráðamenn ásamt því að vera hvetjandi.
Allt námsmat fer fram í gegnum mentor.is og með því gefst forráðamönnum kostur á að fylgjast stöðugt með framvindu námssins hjá sínu barni. Nemendur fá vitnsiburð með einkunnum og umsögnum að vori.

Námsmat Áslandsskóla er eftirfarandi:

1. – 4. bekkur

Símat og lokamat eru gefin eftir kvarðanum:

**Framúrskarandi, hæfni náð, á góðri leið , þarfnast þjálfunar og hæfni ekki náð.**

Ef nemandi fær "**hæfni ekki náð**" er skráð umsögn með því hæfniviðmiði sem skýrir af hverju nemandi náði ekki tilteknu hæfniviðmiði.

5.-7. bekkur

- Námsmat er gefið eftir kvarðanum **Framúrskarandi**, **hæfni náð**, **á góðri leið, þarfnast þjálfunar** og **hæfni ekki náð** í símati en nemendur fá svo bókstaf sem lokaeinkunn **A, B+**, **B**, **C+, C** **og** **D**

Ef nemandi fær "**hæfni ekki náð**" eða "**D**" er skráð umsögn með því hæfniviðmiði sem skýrir af hverju nemandi náði ekki tilteknu hæfniviðmiði.

8.-10. bekkur

- Námsmat er gefið eftir kvarðanum A, B+, B, C+, C og D
- Ef nemandi fær D er mikilvægt að skrifa umsögn með því hæfniviðmiði sem skýrir af hverju. (Það gildir hvort sem um er að ræða í símati eða sem lokaeinkunn).
- Hægt er að meta sama hæfniviðmið oftar en einu sinni en það nýjasta birtist alltaf. Kennari metur síðan hver lokaeinkunnin er.

  Lokaeinkunn er gefin eftir kvarðanum A, B+, B, C+, C og D.

Námsmat í lestri er þrisvar sinnum ári samkvæmt viðmiðum Menntamálastofnunar og birtast lokamat á vitnisburði að vori.

Mikilvægt er að nemendur viti fyrirfram hvaða þættir verða metnir hverju sinni og til hvers er ætlast af þeim. Mat á að enduspegla skólastarfið hverju sinni og á að vera í samræmi við skólanámskrá og Aðalnámsskrá grunnskóla.

# III. Námssvið og námsgreinar

Í þessum hluta námskrárinnar er kynnt áætlun um það nám og kennslu sem stefnt er að fari fram á skólaárinu í bekknum/árganginum. Aðalnámskrá grunnskóla skiptir viðfangsefnum skólastarfsins í átta skilgreind námssvið og eitt opið (val) en hverju námssviði heyra mismargar námsgreinar. Fyrir hvert námssvið eru gefin út hæfniviðmið, námshæfni, fyrir 4., 7. og 10. í aðalnámskrá en skólar útfæra fyrir aðra árganga. Sömuleiðis er lýst áherslum í hverri námsgrein árgangs og flokkað eins og tilheyrir hverju námssviði. Megintilgangur þess er að skýra þær væntingar og áherslur sem eru í náminu svo stefnt sé að sameiginlegu markmiði í skólastarfinu sem öllum sé ljós.
Í einhverjum tilvikum fá sumir nemendur sérstakt námsefni sem hæfa þeim betur en námsefni bekkjar og fá því sína eigin námsskrá (að hluta a.m.k.) sem er nefnd einstaklingsnámskrá. Hún er utan þessa plaggs og unnin í hverju tilviki í samráði við aðstandendur viðkomandi nemenda eftir því sem við á.

# Lykilhæfni

Lykilhæfni er annar hluti þeirrar hæfni sem skólastarf stefnir að samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla (2011/2013). Lykilhæfni er almenn hæfni nemenda og er óháð einstökum námssviðum eða námsgreinum. Hún felur í sér atriði eins og virkni nemenda til að tjá sig, færni í að vinna með öðrum og taka almennt ábyrgð á eigin námi. Viðmið um lykilhæfni gefa til kynna áherslur um hæfni sem nemendur eiga að geta tileinkað yfir skólaárið. Lykilhæfni skiptist í fimm undirþætti og eru þeir nefndir lykilþættirnir fimm og skal gefið mat, einkunn, fyrir hvern lykilþátt fyrir sig. Fyrir hvern lykilþátt eru skilgreind nokkur viðmið sem lýsa getu sem nemendur eiga að vera búnir að tileinka sér í lok skólaárs. Það er ákvörðun skóla hvort lykilhæfni sé gefin fyrir árganginn í heild sinni (1x), hvert námssvið (8x) eða hverja námsgrein (um 20x) en alltaf eru sömu viðmiðin notuð.

### Hæfniviðmið og matskvarðalýsingar út frá A-D matskvörðum

Fyrir árganginn gilda eftirfarandi hæfniviðmið um lykilhæfni sem eru sameiginleg fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar auk matskvarða fyrir hvern lykilþátt og eiga við öll námssvið bekkjarnámskrárinnar:

| **Lykilþættirnir fimm** | **Efnisþættir með viðmiði fyrir hvern lykilþátt:**<br>*Við lok skólaárs geti nemandi:* | **A** | **B** | **C** |
|---|---|---|---|---|
| TJÁNING OG MIÐLUN | • *tjáð hugsanir sínar fyrir framan hóp*<br>• *hlustað á aðra í hóp og meðtekið upplýsingar*<br>• *tekið virkan þátt í umræðum þegar við á*<br>• *komið þekkingu sinni á framfæri eins og við á hverju sinni* | *Tjáð hugsanir sínar af* ***öryggi*** *og hlustað á aðra. Komið skoðunum sínum og þekkingu* ***mjög vel*** *á framfæri fyrir framan hóp.* | *Tjáð* ***vel*** *hugsanir sínar af og hlustað á aðra. Komið skoðunum sínum og þekkingu á framfæri fyrir framan hóp.* | *Tjáð hugsanir sínar að einhverju marki og hlustað á aðra. Komið skoðunum sínum og þekkingu* ***að vissu marki*** *á framfæri fyrir framan hóp.* |
| SKAPANDI OG GAGNRÝNIN HUGSUN | • *unnið eftir einföldum verklýsingum*<br>• *metið eigin verk og annarra út frá fyrirfram gefnum þáttum, t.d. með aðstoð gátlista*<br>• *gert sér grein fyrir að oft er til fleiri en ein rétt lausn á verkefni og í lagi að gera mistök*<br>• *gert sér grein fyrir að munur er á staðreyndum og skoðunum*<br>• *fundið úrlausn á raunhæfu viðfangsefni með leiðsögn* | *Unnið* ***mjög vel*** *eftir einföldum fyrirmælum og metið eigin verk. Gert sér* ***mjög vel*** *grein fyir því að það eru fleiri en ein rétt lausn á verkefnum og að það er munur á staðreyndum og skoðunum.* ***Oftast*** *fundin úrlausn á raunhæfum viðfangsefni.* | *Unnið* ***vel*** *eftir einföldum fyrirmælum og metið eigin verk. Gerir sér* ***vel*** *grein fyir því að það eru fleiri en ein rétt lausn á verkefnum og að það er munur á staðreyndum og skoðunum.* ***Oft*** *fundin úrlausn á raunhæfu viðfangsefni.* | *Unnið* ***nokkuð vel*** *eftir einföldum fyrirmælum og metið eigin verk* ***að einhverju leyti. Stundum*** *gert sér grein fyrir því að það eru fleiri en ein rétt lausn á verkefnum og áttað sig* ***að vissu marki*** *á mun á staðreyndum og skoðunum.* ***Stundum*** *fundin úrlausn á raunhæfu viðfangsefnum.* |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| SJÁLFSTÆÐI OG SAMVINNA | • *unnið eftir fyrirmælum og sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum*<br>• *þekkt nokkra styrkleika hjá sjálfum sér*<br>• *unnið með öðrum í stórum og litlum hópum*<br>• *borið ábyrgð á ákveðnu hlutverki með leiðsögn kennara*<br>• *nýtt sér leiðsögn* | *Unnið* ***mjög vel*** *eftir fyrirmælum, sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum og þekkt eigin styrkleika. Unnið* ***mjög vel*** *með öðrum, borið ábyrgð og nýtt sér leiðsögn.* | *Unnið* ***vel*** *eftir fyrirmælum,* ***oft*** *sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum og þekkt* ***nokkra*** *styrkleika hjá sjálfum sér. Unnið* ***vel*** *með öðrum, borið ábyrgð og nýtt sér leiðsögn.* | *Unnið* ***nokkuð vel*** *eftir fyrirmælum,* ***stundum*** *sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum og þekkt nokkuð* ***vel*** *styrkleika hjá sjálfum sér. Unnið* ***nokkuð vel*** *með öðrum, borið ábyrgð og nýtt sér* ***nokkuð vel*** *leiðsögn.* |
| NÝTING MIÐLA OG UPPLÝSINGA | • *leitað sér upplýsinga úr einföldum rituðum heimildum*<br>• *nýtt upplýsingar og heimildir með stuðningi*<br>• *þekkt grunnreglur um netnotkun* | ***Af öryggi*** *leitað sér upplýsinga úr rituðum heimildum og nýtt þær og þekkt* ***vel*** *grunnreglur um netnotkun* | *Leitað sér upplýsinga úr rituðum heimildum og nýtt þær með stuðningi og þekkt grunnreglur um netnotkun.* | ***Að einhverju marki*** *leitað sér upplýsinga úr rituðum heimildum og* ***stundum*** *nýtt þær og þekkt* ***nokkuð vel*** *grunnreglur um netnotkun.* |
| ÁBYRGÐ OG MAT Á EIGIN NÁMI | • *metið jákvæða þætti í eigin frammistöðu í námi*<br>• *skilið hvenær námsmarkmiðum er náð*<br>• *tekið þátt í að skipuleggja eigið nám með leiðsögn* | *Metið* ***vel*** *jákvæða þætti í eigin frammistöðu og skilið hvenær námsmarkmiðum er náð. Tekið* ***virkan*** *þátt í að skipulegga eigið nám.* | *Metið jákvæða þætti í eigin frammitstöðu og skilið hvenær námsmarkmiðum er náð. Tekið þátt í að skipulegga eigið nám með leiðsögn.* | ***Að vissu marki*** *metið jákvæða þætti í eigin frammistöðu og skilið hvenær námsmarkmiðum er náð. Tekið þátt í að skipuleggja eigið nám með leiðsögn* ***að nokkru leyti****.* |

# VIÐAUKI

## Kynning skólanámskrár og viðmið fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar

Hlutverk þessa viðauka er að kynna og útskýra hlutverk skólanámskrár fyrir skólasamfélaginu í Hafnarfirði. Sömuleiðis er honum ætlað að kynna viðmið bæjarins um það hvernig einstaka námssvið og námsgreinar eru unnin í skólanámskrá til að slíkt fullnægi gæðum.

Viðaukanum er skipt í sjö hluta:

A. Skólanámskrá og viðmið

B. Viðmiðunarstundaskrá og viðmið
C. Menntastefna skóla og viðmið
D. Grunnþættir menntunar og viðmið
E. Námssvið, námsgreinar og viðmið

F. Hæfni (námshæfni og lykilhæfni) og viðmið

G. Námsmat, matskvarðar og viðmið

# Viðauki A: Skólanámskrá og viðmið

Grunnskólastarf er unnið á grundvelli laga og reglugerða með viðeigandi viðmiðum sem þar birtast en fær sýnileika í námskrá einstakra skóla, nefnd skólanámskrá. Um skólanámskrá er sérstaklega kveðið í aðalnámskrá grunnskóla (2011, bls. 63-64):

> **12.1 Skólanámskrá**
> Sérhver skóli semur skólanámskrá. Í skólanámskrá gerir skóli grein fyrir því hvernig hann nýtir það svigrúm til ákvarðana og athafna sem lög, reglugerðir, aðalnámskrá og skólastefna viðkomandi sveitarfélaga veita. Skólar sem eru einkareknir og tilheyra ekki tilteknu sveitarfélagi þurfa ekki að lúta ákvæðum skólastefnu sveitarfélaga.
>
> Skólanámskrá er nánari útfærsla á ákvæðum aðalnámskrár og í henni gefst kostur á að laga opinber fyrirmæli að sérstöðu hvers skóla og staðbundnum aðstæðum og gera grein fyrir hvernig þær aðstæður eru nýttar til að efla nám og kennslu.
>
> Í skólanámskrá er gerð grein fyrir þeim gildum sem starf skólans byggist á. Þar eru útfærð þau almennu viðmið sem sett eru í aðalnámskrá.

Skólanámskrá er unnin í samhengi við starfsáætlun skóla og ber að lesa þær saman til að fá fullt samhengi um skólastarfið.

Hér er hugtakið námskrá skilgreint eftir tegundum hennar í skólastarfinu. Það er gert til frekari skýringar á og þeim viðmiðum sem Hafnarfjörður leggur til viðbótar til viðmiðunar fyrir skólastarf í Hafnarfirði:

NÁMSKRÁ = Námskrá er skráð (rituð) áætlun um inntak og gæði á námi sem stefnt er að fram fari hjá ákveðnum nemendahópi á gefnum námssviðum innan afmarkaðs tíma sem framfylgt er með virku kennsluskipulagi með framkvæmd kennara undir stjórn skólastjóra viðkomandi skóla. Framkvæmd á námsskipulagi við að koma námskrá í virka framkvæmd er háð faglegri ábyrgð kennara (saman) í þeim tilgangi að ná sem mestum árangri í kennslustarfsemi út frá þeim viðmiðum sem námskráin stefnir að. Námskrá er fylgt eftir með frekari verkáætlunum eftir atvikum í skólum (t.d. vikuáætlunum, kennsluáætlunum o.fl.) eftir skipulagi í skóla/árgöngum/kennara, til að koma þeim í sem raunhæfasta framkvæmd. Skólar þurfa að viðhafa árleg skil á (skóla)námskrá til fræðsluyfirvalda (í staðfestingarferli) en ekki á verkáætlunum (kennsluáætlunum) sem eiga að koma námskrá í framkvæmd (en þær eru hluti innra og ytra mats).

Ræða má um fjórar tegundir námskráa í grunnskólum:

**Skólanámskrá** = Námskrá eins skóla með almennri stefnu um gæði skólastarfs og námsáherslur sem tengir saman allar bekkjarnámskrár skóla og mynda eina heildarnámskrá fyrir einn skóla. Skólanámskrá lýtur sameiginlegri uppbyggingu í Hafnarfirði (sjá síðar).

**Bekkjarnámskrá** = Námskrá sem gildir fyrir einn bekk/árgang nemenda, t.d. nemendur í 1. bekk, 2. bekk o.s.frv., alls 10 námskrár í heildstæðum grunnskóla. Bekkjarnámskrá er dreift til foreldra nemenda í viðkomandi árgangi á hverju hausti á stafrænu formi og birt á vef skóla sem hluti skólanámskrár skóla. Bekkjarnámskrá er með sameiginlega uppbyggingu í Hafnarfirði óháð aldri nemenda eða bekk.

**Sviðsnámskrá** = Námskrá eins námssviðs (alls átta í grunnskólum auk vals), t.d. stærðfræði, íslenska o.s.frv., fyrir einn grunnskóla í gegnum alla bekki skólans. Sviðsnámskrá birtist í skólanámskrá skóla og dreifist um allar bekkjarnámskrár hennar. Mikilvægt er að sviðsnámskrá myndi eina heild í skólastarfi milli bekkja skólans. Einstök námssvið eru skilgreind á grunni viðmiða um námshæfni nemenda (þekking, leikni og viðhorf) auk útlistunar á fyrirkomulagi einstakra námsgreina námssviðsins með viðeigandi lýsingu (viðfangsefni í náminu, náms- og kennslugögn, námsfyrirkomulag og námsaðlögun og námsmat) á áætluðu námsferli innan námsgreinarinnar á viðkomandi aldri.

**Einstaklingsnámskrá** = Námskrá sem útbúin er fyrir ákveðinn nemanda út frá sérþörfum hans þar sem námskrá bekkjar (bekkjarnámskrá) sem nemandi tilheyrir er ófullnægjandi og þarfnast aðlögunar að námsgetu nemanda og hæfni. Einstaklingsnámskrá birtist EKKI í skólanámskrá skóla heldur aðeins aðstandendum nemanda sem námskrá tilheyrir og honum sjálfum (eftir atvikum). Einstaklingsnámskrá er gerð árlega (a.m.k.) fyrir þá nemendur sem þess eru taldir þurfa. Grunnviðmið gilda um einstaklingsnámskrár í Hafnarfirði en hver skóli skal útfæra þær frekar út frá eigin sérstöðu.

Viðmið um skólanámskrá (bekkjarnámskrárnar tíu) í grunnskólum Hafnarfjarðar eru:

11. **Viðmið aðalnámskrár grunnskóla**: Skólanámskrá hvers skóla skal taka mið af aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta (2011) og námsgreinahluta (2013) (námssviðin átta), en þar sem hún veitir ekki leiðbeiningar taka við viðmið sveitarfélagsins við sem koma hér áfram.
12. **Skólastefna Hafnarfjarðar og áherslur sveitarfélags**: Skólastefna Hafnarfjarðar markar stefnu sveitarfélagsins í málefnum grunnskóla. Viðmiðin hér birta frekari sjónarmið og áherslur sveitarfélags um framkvæmd skólastarfs á grunni aðalnámskrár.
13. **Skólastarf í Hafnarfirði og skólanámskrá**: Meginsjónarmið í skólanámskrárgerð í grunnskólum Hafnarfjarðar er að allir grunnskólar fylgi áherslum aðalnámskrár á hverjum tíma.

Skólanámskráin er gæðahandbók hvers grunnskóla og er yfirlýsing hans um það að hverju nám nemenda og kennsla skólans stefnir að hverju sinni.

14. **Samhæfni skólanámskrár í Hafnarfirði:** Á grunni ábyrgðar skóla um gerð skólanámskrár leggur Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar fram leiðbeiningar og stuðning við skólanámskrárgerð einstakra skóla. Það gerist með viðmiðum sem styðja við stjórnsýslulega ferla, námskeiðahaldi og öðrum gögnum. Markmið þess er að styrkja skólana í skólanámskrárgerð til að hjálpa þeim að sýna fram á gæðin sem í skólaasrarfinu felast. Skólanámskráin er gæðahandbók hvers skóla í Hafnarfirði undir stjórnsýslulegri ábyrgð skólanefndar bæjarins á hverjum tíma.
15. **Samstarf og samráð um viðmið fyrir skólanámskrárgerð**: Í meginatriðum er skólanámskrárgerð einstakra grunnskóla á ábyrgð stjórnenda þeirra í samræmi við lög og reglugerðir um skólastarf. Skólaskrifstofan hefur það verkefni að styðja við skólanámskrárgerð skólanna við að útfæra skólanámskrárgerðina í samræmi við áherslur aðalnámskrár. Samstarf og samráð er lykilatriði við skólastjórnendur um gerð skólanámskrár einstakra skóla í samvinnu við fagfólkið í skólunum.
16. **Uppbygging skólanámskrár**: Skólanámskrár allra grunnskóla Hafnarfjarðar skulu settar upp sem tíu bekkjarnámskrár í heildstæðum grunnskóla með sömu uppbyggingu, þessa:
    - I. hluti kynnir menntastefnu skólans.
    - II. hluti um þætti sem eru sameiginlegir fyrir allan árganginn óháð námssviðum.
    - III. hluti um nám á einstökum námssviðum og námsgreinum.

    Viðauki er við skólanámskrána með upplýsingum sem eru sameiginlegar fyrir allan bæinn og því allt skólasamfélagið í bænum mið kynningu og viðmiðum fræðsluyfirvalda bæjarins.
17. **Sameiginlegt form/snið skólanámskrár**: Til viðbótar ofangreindri uppbyggingu á skólanámskrá noti skólar form sem Skólaskrifstofan leggur til. Tilgangur þess er að hjálpa skólum að starfa í samræmi við nýja aðalnámskrá, skilgreina vel eigin sérstöðu og sýna fram á gæði skólastarfsins. Sameiginlegt form skólanámskrár fyrir Hafnarfjörð á að geta nýst öllum til að sérstaða hvers skóla komi fram sem birtist skýrt sem stefna hvers grunnskóla og hefti ekki möguleika hans til að þróa skólastarfið á skapandi og fjölbreyttan hátt innan ramma aðalnámskrár.
18. **Sérstaða skóla og skólanámskrá**: Í skólanámskrá skal hver skóli kynna sérstöðu sína og gildi sem móta kennslufræðilega og uppeldislega sýn skólastarfsins. Sérstaða skóla komi þá fram í skólanámskrá er varðar kennslufræðilegar áherslur hjá starfsfólki hans innan ramma aðalnámskrár, nýtingu valstunda innan viðmiðunarstundaskrár, samsetningu og inntaki námsgreina innan námssviða í hverjum árgangi og kennslufræðilegum áherslum í daglegri starfsemi skóla.
19. **Kynning og staðfesting skólanámskrár**: Skólanámskrá næsta skólaárs skal lögð fram til kynningar í skólaráði hvers skóla í júní og skal staðfest í skólanefnd (fræðsluráði Hafnarfjarðar) í ágúst ár hvert. Skólanámskráin skal kynnt foreldrum í hverjum árgangi í upphafi hvers skólaárs, birt á vef skóla og dreift til foreldra á rafrænu formi.
20. **Skjalavarðveisla**: Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar annast varðveislu á skólanámskrám grunnskólanna í Hafnarfirði í skjalakerfi bæjarins í samræmi við opinbera skjalavörslu og reglur bæjarins.

# Viðauki B: Viðmiðunarstundaskrá og viðmið

Viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár grunnskóla (2011, bls. 50-51) er grundvöllur náms, kennslu og skipulags til inntaks á skólastarfi grunnskóla. Viðmiðunarstundaskrá segir til um hvernig tími nemenda í skóla skiptist eftir námssviðum (þ.m.t. námsgreinar) og aldri nemenda og er eftirfarandi:

| Námsgreinar – Námssvið | 1.-4. bekkur | 5. – 7. bekkur | 8. – 10. bekkur | Vikulegur kennslutími | Vikulegur kennslutími |
|---|---|---|---|---|---|
| | Heildartími í 1. - 4. bekk. Mínútur á viku | Heildartími í 5. - 7. bekk. Mínútur á viku | Heildartími í 8. - 10. bekk. Mínútur á viku | Heildartími í 1. - 10. bekk. Mínútur á viku | Hlutfall |
| Íslenska, íslenska sem annað tungumál og íslenskt táknmál | 1.120 | 680 | 630 | 2.430 | 18,08% |
| Erlend tungumál; enska, danska eða önnur Norðurlandamál | 80 | 460 | 840 | 1.380 | 10,27% |
| List- og verkgreinar | 900 | 840 | 340 | 2.080 | 15,48% |
| Náttúrugreinar | 420 | 340 | 360 | 1.120 | 8,33% |
| Skólaíþróttir | 480 | 360 | 360 | 1.200 | 8,93% |
| Samfélagsgreinar; trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál, siðfræði | 580 | 600 | 360 | 1.540 | 11,46% |
| Stærðfræði | 800 | 600 | 600 | 2.000 | 14,88% |
| Upplýsinga- og tæknimennt | 120 | 160 | 80 | 360 | 2,68% |
| Til ráðstöfunar /Val | 300 | 160 | 870 | 1.330 | 9,90% |
| **Alls** | **4.800** | **4.200** | **4.440** | **13.440** | **100%** |

„**Erlend tungumál**. Undir þau heyra enska og danska þar sem gert er ráð fyrir að enska sé fyrsta erlenda tungumálið og danska, norska eða sænska annað erlenda tungumálið.

**List- og verkgreinar**. Undir listgreinar heyra tónmennt, sjónlistir og sviðslistir. Undir verkgreinar heyra hönnun og smíði, textílmennt og heimilisfræði. Þessi tvö svið skulu hafa jafnt vægi innan heildartímans.

**Náttúrugreinar**. Undir þetta svið heyra m.a. náttúrufræði, eðlisvísindi, efnafræði, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt.

**Skólaíþróttir**. Undir þetta svið heyra m.a. íþróttir og sund.

**Samfélagsgreinar**. Undir þær heyra m.a. samfélagsfræði, saga, landafræði og þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál og siðfræði ásamt heimspeki.

**Upplýsinga- og tæknimennt**. Undir þetta heyrir m.a. miðlamennt, skólasafnsfræði, tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni.

**Til ráðstöfunar/val**. Undir þetta heyra ráðstöfunarstundir skóla, einkum í 1.–7. bekk og val nemenda í 8.–10. bekk.

Út frá áhersluþáttum námskrár í lögum skal hafa jafnvægi milli bóklegs náms og verklegs og þess gætt að ekki halli á verklegt nám þegar skólastarf er skipulagt. Það á einnig við um skipulag valnámskeiða. Því er gert ráð fyrir að allt

að helmingur valstunda sé bundinn list- og verktengdu námi. Hafa ber grunnþætti menntunar, áhersluþætti í aðalnámskrá og lykilhæfni til viðmiðunar við útfærslu allra námssviða og námsgreina. Auk þeirra námgreina og námssviða, sem tilgreind hafa verið í viðmiðunarstundaskrá, er gert ráð fyrir nokkrum þverfaglegum þáttum, s.s. nýsköpun, frumkvöðlamennt og nýmiðlun.“

Viðmiðunarstundaskrá fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar er gefin upp sem sýnishorn og dæmi fyrir mögulega útfærslu á aðalnámskrá grunnskóla (2011). Hún tekur mið af því að eftir er að útfæra námsgreinar innan námssviða sem eru þá útfærsla einstakra skóla (sjá skýringar hér aftar) og skipting valstunda hefur ekki verið útfærð. Þetta er aðallega sett fram í þeim tilgangi að sýna skólum fram á mögulega útfærslu sem gengur upp (heildartímafjöldi í hverjum árgangi á móti tímafjölda sem er ætlaður í hvert námssvið á 10 ára grunnskólagöngu) og til að kynna öllum lágmarkstímafjölda í námssviðum sem nú reu í gildiu samkvæmt aðalnámskrá. Það er ekkert sem útlokar aðrar útgáfur viðmiðunarstundaskrár hjá einstaka skólum nái forsendur aðalnámskrár að ganga upp, þ.e. lágmarkstímafjöldi námssviða á 10 ára tímabili á móti heildartímafjölda í hverjum bekk/árgangi. Framsetningin hér er almenn útfærsla á mínútum úr aðalnámskrá grunnskóla í kennslustundir sem hver er 40 mínútur en skólum er að sjálfsögðu heimilt að hafa eigin útfærslu á tímalengd kennslustunda í daglegri stundatöflu:

Tafla 1: *Lágmarkstímafjöldi í námssviðum í gegnum grunnskólann í jafndreifingu.*

| | **1. bk.** | **2. bk.** | **3. bk.** | **4. bk.** | **5. bk.** | **6. bk.** | **7. bk.** | **8. bk.** | **9. bk.** | **10. bk.** | **Alls** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Íslenska | 7 | 7 | 7 | 7 | 6 | 6 | 5 | 5 | 5 | 5,75 | **60,75** |
| Er. tung. | 0 | 0 | 0 | 2 | 3 | 3 | 5,5 | 7 | 7 | 7 | **34,5** |
| List./verk. | 6 | 6 | 5 | 5,5 | 7 | 8 | 6 | 3 | 3 | 2,5 | **52** |
| Nátt.gr. | 3 | 2,5 | 3 | 2 | 3 | 3 | 2,5 | 3 | 3 | 3 | **28** |
| Samf.gr. | 4 | 3,5 | 4 | 3 | 5 | 5 | 5 | 3 | 3 | 3 | **38,5** |
| Skólaíþr. | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | **30** |
| Stærðfr. | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | **50** |
| UST | 0 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 1 | 1 | 0 | **9** |
| Val | 2 | 2 | 2 | 1,5 | 2 | 1 | 1 | 7 | 7 | 7,75 | **33,25** |
| **Samt.** | **30** | **30** | **30** | **30** | **35** | **35** | **35** | **37** | **37** | **37** | **326** |

Viðmið um nám og kennslu í grunnskólum Hafnarfjarðar:

7. **Viðmið Aðalnámskrár um tímafjölda**: Skólastarf hvers skóla skal taka mið af Aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta (2011) og námsgreinahluta (2013), sem lágmark en þar sem hún veitir ekki leiðbeiningar eða viðmið gilda frekari viðmið sveitarfélagsins sem komu hér neðar.

Tafla 2: *Námssvið, námsgreinar og hlutfall þeirra innan námssviðs.*

| ***Námssvið*** | Námsgreinar innan námssviðs | *Hlutfall námsgreina innan hvers námssviðs í grunnskóla* |
|---|---|---|
| ***1. Íslenska*** | 1.1. Talað mál, hlustun og áhorf<br>1.2. Lestur og bókmenntir<br>1.3. Ritun<br>1.4. Málfræði | *Hver námsþáttur skal ekki fá minna en 15% námstímans.* |
| ***2. Erlend tungumál*** | 2.1. Enska<br>2.2. Danska og önnur Norðurlandamál | *Enska fái ekki minna en 55% og danska ekki minna en 35% námstímans.* |
| ***3. List- og verkgreinar*** | *A Listgreinar (50%):*<br>3.1. Sviðslistir (dans og leiklist)<br>3.2. Sjónlistir (myndmennt)<br>3.3. Tónmennt<br>*B Verkgreinar (50%):*<br>3.4. Heimilisfræði<br>3.5. Hönnun og smíði<br>3.6. Textílmennt | *Hver námsgrein innan list- og verkgreina fái ekki minna en 10% námstímans.* |
| ***4. Náttúrugreinar*** | 4.0. Náttúrufræði (100%) (eða)<br>4.1. Eðlis- og efnavísindi<br>4.2. Jarð- og stjörnufræði<br>4.12. Lífvísindi<br>4.14. Umhverfismennt | *Hvor námsgrein fái ekki minna en 15% námstímans en sé námsgreinin náttúrufræði (yngsta stig) fái hún 100%.* |
| ***5. Skólaíþróttir*** | 5.1. Íþróttir<br>5.2. Sund | *Íþróttir fái 67% og sund 33% námstímans.* |

| | | |
|---|---|---|
| ***6. Samfélagsgreinar*** | 6.1. Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði<br><br>6.2. Jafnrétti og lífsleikni<br><br>6.3. Landafræði, saga og sam-/þjóðfélagsfræði | *Hver námsgrein fái ekki minna en 20% námstímans.* |
| ***7. Stærðfræði*** | 7.1. Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar<br><br>7.2. Tölur, reikningur og algebra<br><br>7.3. Rúmfræði, mælingar, tölfræði og líkindi | *Hver námsgrein fái ekki minna en 20% námstímans.* |
| ***8. Upplýsinga- og tæknimennt*** | 8.1. Miðlamennt og skólasafnsfræði<br><br>8.2. Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni | *Hvor námsgrein fái ekki minna en 35% námstímans.* |
| ***9. Val*** | 9.1. Valgrein 1<br><br>9.2. Valgrein 2<br><br>o.s.frv. | *Skipulag, inntak og fjöldi valgreina er algjörlega í höndum hvers skóla.* |

8. **Viðmiðunarstundaskrá**: Stundaskrár grunnskólanna í Hafnarfirði skulu taka mið af viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár sem lágmarksstundaskrá um heildartímafjölda í einstaka árgöngum og á einstaka námssviðum (sbr. töflu hér ofar).
9. **Viðmiðunarstundaskrá skóla, val og námsgreinar**: Einstaka grunnskólar í Hafnarfirði fá úthlutað tímamagni til kennslu á öllum námssviðum á jafnræðisgrundvelli. Hver skóli skal skipuleggja námsgreinar innan hvers námssvið í samræmi við ofangreinda skiptingu námsgreina innan hvers námssviðs. Hver skóli skal skilgreina eigin grunn að viðmiðunarstundaskrá á hverju skólaári, þ.e. hver skóli getur breytt eigin skólanámskrá árlega, með því að afmarka valtíma í 1.7. bekk á önnur námssvið (eða jafnvel sem sérstakar námsgreinar) og afmarka tíma í námsgreinar innan námssviða í samræmi við ofangreinda töflu.
10. **Námsgreinar í skólanámskrá**: Námsgreinar (innan námssviða) skulu kynntar í skólanámskrá í samræmi við skilgreinda ofangreinda röð í hverjum árgangi og alltaf með sama númerakerfi (þ.e. þótt einstakar námsgreinar vanti í einstaka árganga eru númerum þeirra sleppt og þannig hlaupið yfir þau). Öllum námsgreinum sem kenndar eru í hverjum bekk/árgangi skal fylgja viðeigandi námslýsing sem uppfyllir viðmið skólanámskrárforms fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar.
11. **Úthlutun almennra kennslutíma**: Grunnskólar í Hafnarfirði fá úthlutað kennslutímum til almennrar kennslu í samræmi við viðmið aðalnámskrár grunnskóla og sveitarfélags sem miða að jöfnuði meðal grunnskólanemenda. Í því felst að allir grunnskólar hljóta tímaúthlutun á grundvelli jafnræðisreglna í samræmi við fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar á hverjum tíma. Það er síðan

einstakra skóla að skipuleggja kennslu á einstaka námssviðum (námsgreinar meðtaldar) í einstaka árgöngum í samræmi við viðmið aðalnámskrár og bæjarins líkt og þessi viðmið tilgreina.

12. **Úthlutun sértækra kennslutíma**: Grunnskólar í Hafnarfirði fá úthlutað kennslutímum til sérkennslu í samræmi við metnar þarfir á grundvelli fjárhagsáætlunar bæjarins á hverjum tíma. Skólaskrifstofan úthlutar fjármagni til sérkennslu í einstaka skóla og sérúrræði undir verkstjórn sviðsstjóra fræðsluþjónustu/fræðslustjóra á hverjum tíma. Skólar meta kennsluþarfir nemenda sinni og forgangsraða fjármagni til sérkennslu innan skóla með skipulagi sem þeir sjálfir ákveða að henti best til að mæta þörfum nemenda og forgangsraða verkefnum í samræmi við það.

# Viðauki C: Menntastefna skóla og viðmið

Skólastarf grunnskóla byggir á lögum og reglugerðum sem miða að því að veita öllum börnum á Íslandi starf í grunnskóla sem færir þeim sem sambærilegust gæði um leið og að mæta ólíkum þörfum þeirra og mismunandi aðstæðum. Í þeim skilningi er skólastarf samfélagslegt verkefni sem nær til allra íbúa landsins. Þess utan er gert ráð fyrir að hver skóli hafi ákveðna ábyrgð í því að skapa sér sérstöðu á grunni aðalnámskrár. Þessi sýnileiki getur verið útfærður margvíslega, hann skal taka mið af aðstæðum einstakra skóla og byggja á grunnstefnu skólans sem nefnd er menntastefna.

Á þeim grunni eru eftirfarandi viðmið um stefnu skóla og samfélagslega ábyrgð:

6. **Sérstaða skóla**: Hver grunnskóli í Hafnarfirði skal skilgreina eigin sérstöðu með afmörkun á eigin stefnu í nokkrum þáttum skólastarfsins sem skilgreind séu í skólanámskrá að kröfu aðalnámskrár grunnskóla (2011); nefnd menntastefna skóla.
7. **Menntastefna skóla skilgreind**: Viðmið um stefnu skóla er að þar komi fram áherslur skóla um gildi/leiðarljós og uppeldis- og kennslufræðilega sýn skóla þar sem áherslur grunnþáta menntunar í aðalnámskrá og aðrir þættir sem skóli telur æskilegt að hafa stefnu um og er í samræmi við lög, reglugerðir og opinberar reglur um grunnskólastarf.
8. **Tengsl og samstarf við nærumhverfi**: Hver skóli skal hafa stefnu um tengsl og samskipti við nærumhverfi sitt. Í því felast tengsl við náttúrulegt, félagslegt og menningarlegt umhverfi skóla. Þá skulu skólar sérstaklega skilgreina vel verkefni sín, tengsl og samstarf við leikskóla og framhaldsskóla. Sveitarfélagið getur einnig lagt þar til frekari viðmið um slíkt samstarf og tengsl og þá hvernig það hyggst styðja og efla slíkt samstarf.
9. **Samstarf heimila og skóla**: Mikilvægur þáttur skólastarf er að góð tengsl séu við heimili nemenda um nám og velferð barna. Í þeim tilgangi er mikilvægt að skýr viðmið séu um samstarf við heimili nemenda. Skólar skulu marka sér stefnu um samstarf við heimilin og í bekkjarnámskrám skal kynna þær leiðir og viðfangsefni sem unnið er með í hverjum bekk/árgangi. Hver skóli gefur þá út starfsáætlun og þar skulu vera nánari upplýsingamiðlun til heimila nemenda um verklag, skipulag og vinnubrögð í skólastarfi sem styðja við nám og kennslu allra nemenda.
10. **Forvarnir í grunnskólastarfi**: Forvarnir í skólastarfi grunnskóla miða að almennri velferð fyrir alla nemendur og tryggja þeim sem mest öryggi í skólastarfi. Í þeim tilgangi leggur sérfræðiþjónusta (sveitarfélagsins við) grunnskóla til sérstök viðmið um almennar forvarnir í grunnskólum Hafnarfjarðar um frekari verkferla og aðgerðir sem miða að öryggi í skólastarfi. Almennar forvarnir í skólastarfi skal samþætta og tengja sem mest grunnþáttum menntunar og viðfangsefnum einstakra námssviða eins og kostur er og eðlilegt er á hverjum tíma sem fái birtingu í einstaka námsgreinum.

# Viðauki D: Grunnþættir menntunar og viðmið

Eitt meginatriða í menntastefnu nýrra laga um grunnskóla er áherslan á grunnþætti menntunar sem kynntir eru sérstaklega í aðalnámskrá grunnskóla (2011, bls. 14-22):

„Þessir grunnþættir eru:

- læsi,
- sjálfbærni,
- heilbrigði og velferð,
- lýðræði og mannréttindi,
- jafnrétti, • sköpun.

...
Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það.
...

Hugmyndirnar að baki grunnþáttunum eiga að endurspeglast í starfsháttum skóla, samskiptum og skólabrag. Þeir skulu vera sýnilegir í skólastarfinu öllu og koma fram í inntaki námsgreina og námssviða, bæði hvað varðar þá þekkingu og leikni sem börn og ungmenni skulu afla sér. Námssvið geta verið sérhæfing í viðfangsefnum skólastarfs þvert á námsgreinar og skólastig.
...

Grunnþættirnir fléttast inn í aðalnámskrár á öllum skólastigum og fyrirmæli hennar um allt skólastarfið:

- Efnisval og inntak náms, kennslu og leiks skal mótast af grunnþáttunum.
- Starfshættir og aðferðir, sem börn og ungmenni læra, eru undir áhrifum hugmynda sem fram koma í umfjöllun um grunnþættina.
- Vinnubrögð kennara og annarra, sem starfa í skólum, eiga að mótast af grunnþáttunum þannig að stuðlað sé að sjálfstæði, frumkvæði og þróun í skólastarfi.
- Þegar skólastarf er metið þarf að skoða hvort og hvernig grunnþættirnir hafi sett mark sitt á nám, kennslu og leik og skólastarfið í heild.“

Grunnþættir menntunar tengja þannig saman verkefni dagslegs skólastarfs, kennslu einstakra námsgreina og samhengi námssviðanna. Tafla er hér neðar skýrir ýmsa þætti og atriði sem heyra undir hvern grunnþátt fyrir sig og er viðfangsefni sem á að birtast í grunnskólastarfinu þvert á námsgreinar. Hún er samantekt úr aðalnámskrá grunnskóla (2011) til að ná utan um margvíslegar áherslur þaðan án þess þó að teljast vera fullkomin samantekt og því sé rými til frekari mótunar eða þróunar í skólum. Taflan er til leiðbeiningar skólum til að móta grunnþætti menntunar í skólanámskrá.

Tafla: *Grunnþættir menntunar og efnisþættir einstakra grunnþátta í skólastarfinu*

| Grunnþáttur | Efnisþættir grunnþátta menntunar skv. aðalnámskrá grunnskóla (2011): |
|---|---|
| **HEILBRIGÐI OG VELFERÐ** | Lýðheilsa byggir á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Það er áhersla á heilbrigða hreyfingu og hollt mataræði, geðvernd, forvarnir gegn vímuefnaneyslu, kynheilbrigði og aðrir þættir sem stuðla að heilbrigði og velferð nemenda til jákvæðrar sjálfsvitundar og vinna gegn áhrifum fíknar á einstaklinga í hvaða mynd sem hún kann að birtast. Samstarf við heimilin er ekki síst mikilvægt um þennan þátt og mikilvægt að byggja upp hefðir og vana til jákvæða og heilbrigðra |

| | |
|---|---|
| | lífsviðhorfa sem stuðla að þroska nemenda í átt til jákvæðrar sjálfsmyndar. Þar er skólinn mikilvæg fyrirmynd til heilbrigðis og velferðar með starfsháttum sínum, kennsluháttum og tilboðum til nemenda. Fær nánari útfærslu og framkvæmd í námsgreinum skólans og í sérstöku samstarfi við stoðþjónustu skólans varðandi einstaka nemendur í gegnum nemendaverndarráð og önnur teymi í skólastarfinu. |

| Grunnþáttur | Efnisþættir grunnþátta menntunar skv. aðalnámskrá grunnskóla (2011): |
|---|---|
| **JAFNRÉTTI** | Jafnrétti gegn hvers konar mismunun á grunni fötlunar, aldurs, trúar, kynhneigðar, lífsskoðana, litarháttar, ætternis, búsetu, stöðu, þjóðernis, kynþáttar og kyns. Virðing, umburðarlyndi, víðsýni, friður og að rækta hæfileika sína og gagnrýni á viðhorf í samfélagi og menningu eins og þau snúa að jafnrétti. Jafnréttismenntun með áherslu á kyn og kynhneigð. Fjölmenning, tungumál, menning og uppbygging skólasamfélags án aðgreiningar eru sömuleiðis þættir í jafnrétti. Jafnréttismenntun felur þá í sér jafnrétti varðandi námsmöguleika, námsefni, kennsluaðferðir og námsumhverfi auk réttar til náms- og starfsráðgjafar í skólanum. Fær nánari útfærslu og framkvæmd í einstaka námsgreinum skólans. |
| **LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTT-INDI** | Lýðræðisleg vinnubrögð og þátttaka, uppbygging lýðræðislegs samfélags (siðgæðisvitund, félagsvitund, borgaravitund), samvinna og hjálpsemi, virðing og umburðarlyndi, manngildi og umhyggja og réttindi barna og skyldur eru hluti þess að byggja upp samábyrgt og sjálfbært samfélag. Sömuleiðis rökhugsun og gagnrýnin hugsun á grundvelli siðfræði um siðferðilegt líferni og varnir gegn hvers konar ofbeldi í skólastarfinu sem skal endurspeglast í skólabrag skólans og skýrum skólareglum sem vernda gegn brotum á sjálfsögðum réttindum nemenda og starfsfólks. Það er hluti kennslu og náms að tileinka sér lýðræðislega hugsun og vernda mannréttindi sem liður í tileinkun lýðræðislegs gildismats fyrir samfélagsuppbygginguna. Lífsleikni er viðfangsefni í lýðræðislegum skólum. Fær nánari útfærslu og framkvæmd í einstaka námsgreinum skólans. |
| **LÆSI** | Viðfangsefnið læsi miðar í víðum skilningi að hæfni einstaklings að verða læs á umhverfi sitt með því að ráða við margvísleg skilaboð sem honum og bregðast við þeim á jákvæðan hátt. Það snýst á margan hátt um námslega færni til að tileinka sér hæfni sem liggur til grunni í flestum námsgreinum skólans sem nemandi geti nýtt sér í daglegu lífi eins og hæfir aldri hans og þroska, t.d. lestrarfærni, talnalæsi, tölvulæsi, menningarlæsi, myndlæsi, fjármálalæsi, upplýsingalæsi, samskiptalæsi, tilfinningalæsi og fleira. Fær nánari útfærslu og framkvæmd í einstaka námsgreinum skólans. |

| | |
|---|---|
| **SJÁLFBÆRNI** | Sjálfbær þróun, breytingar og framþróun og skynsamleg nýting náttúruauðlinda. Ferlar, lögmál og hringrás náttúrunnar, vistfræði, umhverfisvernd, loftslagsbreytingar og líffjölbreytileiki eru einstök viðofangsefni hér. Áherslur eru |
| | á jöfnuð, sameiginleg lífsskilyrði, frið og lífsgæði. Hnattræn áhrif, efnahagsþróun og sameiginlegt vistkerfi jarðar falla einnig hér undir. Fær nánari útfærslu og framkvæmd í einstaka námsgreinum skólans. |
| **SKÖPUN** | Forvitni, athafnaþrá, frumkvæði, frumleiki, uppgötva, njóta, áhugi, víkja ímyndunarafl, leika sér, áskorun, spenna og leit, list- og verknám, nýsköpun og frumkvöðlanám er þættir eða viðfangsefni sem heyra til sköpunarþættinum. Sköpunarkraftur, innsæi og hagnýting skapandi hugmynda til mótunar viðhorfa og gildsmats skal takast á við samræðu um gagnrýna hugsun í daglegu skólastarfi. Sköpun er mikilvæg sem þáttur leiks í námi sem miðar að velferð nemenda til að þroskast sem heildstæðir einstaklingar í lýðræðislegu samfélagi. Fær nánari útfærslu og framkvæmd í einstaka námsgreinum skólans. |

Viðmið um grunnþætti menntunar í grunnskólum Hafnarfjarðar eru:

4. **Viðmið aðalnámskrár**: Grunnþættir menntunar í skólanámskrá hvers skóla skal taka mið af aðalnámskrá grunnskóla (2011) en þar sem hún veitir ekki leiðbeiningar eða viðmið gilda frekari viðmið sveitarfélagsins sem koma hér áfram til að skólar geti kynnt skýrt eigin stefnu.
5. **Grunnþættir menntunar og skólanámskrá**: Hver skóli skal setja sér stefnu um grunnþætti menntunar sem skulu birtast sem hluti af stefnu skóla í skólanámskrá. Sömuleiðis skal skólanámskrá hvers skóla skilgreina áherslur og meginatriði í grunnþáttum menntunar í hverjum bekk/árgangi.
6. **Grunnþættirnir og forvarnir í grunnskólastarfi**: Grunnþætti menntunar gefa forvörnum í skólastarfi grunnskóla nýtt samhengi í því að þar megi samhæfa nám og skólastarf. Forvarnir miða að almennri velferð og vellíðan fyrir alla nemendur og að tryggja þeim sem mest öryggi í skólastarfi. Í þeim tilgangi leggur sérfræðiþjónusta (sveitarfélagsins við) grunnskóla til sérstök viðmið um almennar forvarnir í grunnskólum Hafnarfjarðar um frekari verkferla og aðgerðir sem miða að velferð nemenda og öryggi í skólastarfi. Hluti forvarna í er að vinna árlega (almenna) forvarnaáætlun fyrir og hver skóli skal hafa skýra stefnu í forvörnum í gegnum grunnþættina – sjá starfsáætlun. Almennar forvarnir í skólastarfi skal samþætta og tengja sem mest grunnþáttum menntunar með því að samhæfa námi og kennslu allra námssviða í öllum árgöngum. Viðmið um fræðslu um almennar forvarnir í tengslum við grunnþættina er að finna í töflu hér neðar. Töflunni er ætlað að hjálpa skólum að skilgreina og útfæra vissar forvarnir í samspili við ákveðna grunnþætti sérstaklega svo forvarnir fái frekari útfærslu í bekkjarnámskrám. Taflan er þó aðeins grunnútfærslur sem hver skóli þarf að skilgreina nánar út frá eigin áherslum og aðalnámskrár með stuðningi viðmiða sveitarfélags. Í töflunni er form fyrir skóla til að skilgreina samhengi forvarna og grunnþátta (x í viðeigandi reitum).

ingur

Tafla: *Forvarnasvið/-flokkar og tengsl við grunnþætti menntunar*

| Svið ↓ | Forvarnaflokkar ↓ | Grunnþáttur: → | Heilbrigði og velferð | Jafnrétti | Læsi | Lýðræði og mannréttindi | Sjálfbærni | Sköpun |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| I. Einstakl | **1. LÝÐHEILSA** | | x | x | x | x | x | x |
| | **2. SJÁLFSRÆKT** | | x | x | x | x | x | x |
| | **3. VÍMUVARNIR** | | x | | x | | x | |
| II. Félagslegt umhverfi | **4. OF-BELDI** | *einelti* | x | x | | x | | |
| | | *kynferðislegt ofbeldi* | x | x | | x | | |
| | | *fordómar og mismunun* | x | x | | x | | |
| | | *vanræksla* | x | x | | x | | |
| III. Náttúrulegt umhverfi | **5. ÖRYGGISVARNIR** | | x | | x | x | x | |

# Viðauki E: Námssvið, námsgreinar og viðmið

Nám í grunnskóla felur í sér að kennsla og starfsemi skóla miði að því að aðstoða nemanda í námi svo hann fái kennslu og aðstoð við hæfi þau tíu ár sem hann stundar nám í grunnskóla. Það er sameiginlegt verkefni skóla og heimilis. Við kennslu á námssviðum, og einstökum námsgreinum innan þeirra, skal taka mið af viðmiðunarstundaskrá (sjá kafla III.1 hér framar).

Samkvæmt aðalnámskrá skal kennsla í grunnskóla miðast tímalega við átta námssvið, og talsvert fleiri námsgreinar innan þeirra. Fyrir hvert námssvið í bekkjarnámskrá skal skilgreina viðmið um námshæfni.

Það er verkefni hvers skóla að bjóða nemendum upp á nám við hæfi svo kennsla og önnur starfsemi í skóla miði að því að ólíkir nemendur geti tileinkað sér nauðsynlega hæfni með sem fjölbreyttustum leiðum eins og nemendur hafa þörf fyrir og getu til. Í því felst að ábyrgð skóla/kennara er að haga störfum sínum þannig að nemendur eigi sem auðveldast að tileinka sér umrædda hæfni. Þar má ræða um fjölbreytni í kennslu***aðferðum*** (sýna, gera sjálfur, rannsaka o.s.frv.), margvíslegt kennslu***efni*** (mis þungt, mis ítarlegt, mis langt o.s.frv.), margþætt kennslu**gögn** (bækur, myndefni, hljóðefni, vefefni o.s.frv.) og ólíkar kennslu***aðstæðum*** (inni, úti, skólastofa, söfn, íþróttasalur o.s.frv.) sem er hluti starfsskyldna hvers kennara að skipuleggja til að námið nýtist sem best miðað við aðstæður nemenda með viðeigandi ábyrgð þeirra á hverjum tíma og eftir viðfangsefnum.

Viðmið um námssvið, námsgreinar og einstaklingsmiðun í námi í grunnskólum Hafnarfjarðar:

8. **Viðmið aðalnámskrár**: Viðmið aðalnámskrár grunnskóla er að skólastarf grunnskóla skuli stefna að því að hver nemandi fái nám við hæfi á sinni tíu ára grunnskólagöngu þar sem námssvið aðalnámskrár í gegnum námsgreinarnar leggi til viðfangsefni sem gefi nemendum möguleika til að efla hæfni sína.
9. **Námsviðmið**: Skólastarfið fer fram í gegnum skilgreindan tímafjölda í einstökum námssviðum í samræmi við viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár, almenns hluta (2011). Fyrir hvert námssvið í hverjum bekk/árgangi eru skilgreind námshæfniviðmið og sömuleiðis matsvið fyrir þau sem taka mið af matskvarðanum A-D (sjá hér aftar). Námshæfniviðmiðin í einstaka námssviðum í öllum bekkjarnámskrám taka mið af viðmiðum námsviðanna í 4., 7. og 10. bekk aðalnámskrár, greinahluta (2013). Í hverjum skóla skal útfæra námshæfniviðmið í öllum námssviðunum átta í öllum bekkjarnámskrám í samræmi við áherslur skólans og viðmiðunarstundaskrá hans, þ.e. ef viðkomandi námssvið er ekki kennt í viðkomandi árgangi er ekki nauðsynlegt að skilgreina námshæfniviðmið í viðkomandi bekkjarnámskrá. Ekki er lagst gegn því að einstakar námsgreinar skilgreini eigin námshæfniviðmið telji þær það henta betur til viðbótar námshæfniviðmiðum námssviðsins (sbr. list- og verkgreinar í aðalnámskrá grunnskóla, greinahluta 2103). Slíkt er val í hverjum skóla.
10. **Flokkun námshæfniviðmiða**: Námshæfniviðmið geta verið margvísleg og mismörg eftir námssviðum. Gerð er sú krafa að grunnskólar í Hafnarfirði flokki námshæfniviðmið á grunni faglegra forsenda, þ.e. velji á milli efnisflokkunar (mismunandi eftir námssviðum) eða flokkunar á grunni hæfnishugtaksins (þekking, leikni, viðhorf) sjálfs innan hvers námssviðs. Val um flokkun er ákvörðun innan hvers námssviðs innan hvers skóla í samræmi við stefnu skóla. Sjá nánar næsta kafla.

11. **Námsgreinar og lýsingar þeirra**: Innan hvers námssviðs skal skilgreina námsgreinar, mismargar eftir atvikum og eðli námssviða. Þær skulu hafa samræmda uppbyggingu í skólanámskrá allra skólanna í Hafnarfirði, hvort sem námsgrein er kennd stök út af fyrir sig eða er samþætt öðrum námsgreinum í daglegu skólastarfi. Hafnarfjörður setur lágmarksviðmið um tímafjölda í einstaka námsgreinum í hverju námssviði innan tíu ára grunnskólanáms til að tryggja lágmarksgæði í skólastarfi fyrir alla nemendur í bænum. Hver skóli skal hafa möguleika á að skapa sér eigin sérstöðu í kennslu einstakra námsgreina (m.a. viðfangsefni) innan hvers námssviðs í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla, almennan hluta (2011) og greinahluta (2013) og stefnu bæjarins, þ.e. velja í hvaða námssviðum hvar hann fer umfram lágmark aðalnámskrá með notkun á valgreinum. Uppbygging námsgreinalýsinga hefur fasta uppbyggingu sem í öllum tilvikum skal útfæra í öllum námsgreinum í öllum árgöngum (allt að tvær bls. A-4 á námsgrein að öllu jöfnu).

Uppbygging hverrar námsgreinar í bekkjarnámskrá er þessi:

i. ***Viðfangsefni í náminu*** *– viðfangsefni sem eru til náms og sýna fram á hæfni.* Hér eru kynntar megináherslur í viðfangsefnum og sem mest yfirviðfangsefni án þess að tilgreina í smáatriðum (dæmi: „Íslandssaga á 20. öld með áherslu á atvinnuhætti, búsetu og stjórnmál“ eða „tóbaksfræðsla og skaðsemi reykinga“). Ekki er þó lagst gegn því að viðfangsefnin breytist á námstíma (sem hluti skólaþróunar) en séu miklar breytingar gerðar þannig hafi foreldrar rétt á frekari upplýsingum um slíkt áður/um leið og slíkt gerist. Í framhaldinu er bekkjarnámskrá breytt fyrir næsta staðfestingarferli. *ii.* ***Námsgögn*** *– gögn sem stefnt er að nýta í náminu*

Kynnir helstu námsgögn og verkfæri sem unnið er með í náminu þótt ekki sé hægt að útiloka að breyting á námsgögnum geti átt sér stað yfir námsárið (sem hluti skólaþróunar) ef ný og heppilegri námsgögn verða til ráðstöfunar. Í framhaldinu er bekkjarnámskrá breytt fyrir næsta staðfestingarferli.

iii. ***Námsfyrirkomulag og námsaðlögun*** *– skipulag náms og samþætting við aðrar námsgreinar og hvernig nám er aðlagað að ólíkum þörfum nemenda*

Kynnt meginfyrirkomulag í skipulagi náms, s.s. einstaklingsvinna, útivinna, hópvinna, bókleg og verkleg vinna, vettvangsferðir og annað sem getur skipt máli í almennum orðum og jafnvel samspil við aðrar námsgreinar.

Námsaðlögun kynnir á almennan hátt hvernig nám og kennsla í námsgreininni tekur mið af mismunandi námsgetu nemenda, sérstöðu og félagslegum aðstæðum þeirra svo þeir hafi sem mest gagn af náminu og styrkist sem námsmenn. Sú námsaðlögun getur bæði/ýmist gerst í almennum kennslustundum námsgreinar í bekk/hópi eða í sérhæfðum námshópum eftir atvikum (sérkennslu). Í meginatriðum má ræða um sex leiðir í námsaðlögun sem kennarar hafi möguleika á að beita í kennslunni:

Námsefni, námsverkefni, námsaðstæður og námsskilyrði taki mið af:

7. *Þyngd*: sé misþungt til að mæta ólíkri getu nemenda.
8. *Breidd*: hafi mismikla breidd í viðfangsefnum til að mæta ólíkum nemendum
9. *Áhuga*: svo áhugi nemenda sé tekinn með í námi sem hvati og afl til náms
10. *Félagsstöðu:* svo nemendur með mismunandi félagsstöðu fái tækifæri til að æfa og þjálfa ólík hlutverk í skólastarfinu
11. *Fjölbreytni*: í því að því að mismunandi hæfileikar/eiginleikar nemenda njóti sín
12. *Vali*: svo nemendur hafi einhverja sjálfsstjórn á eigin námi til að mæta eigin námsþörfum og fái þannig tækifæri til sjálfseflingar.

Í einhverjum tilvikum fá nemendur stuðning utan námshóps með eigið námsfyrirkomulag og námsaðlögun sem heyrir til einstaklingsnámskrá viðkomandi.

iv. ***Námsmat og námsmatsaðlögun*** – *hvernig staðið er að námsmati og aðferðir aðlagaðar* Kynnt sé hvernig staðið er að námsmati á getu nemenda, þ.e. bæði námshæfni og lykilhæfni, og þær aðferðir og leiðir sem farnar eru yfir skólaárið til að stuðla að því að nemandi geti sýnt fram á getu sína og fái sanngjarnt mat á hæfni sína. Ekki er þó lagst gegn því að námsfyrirkomulag breytist á námstíma (sem hluti skólaþróunar) en séu miklar breytingar gerðar þannig hafi foreldrar rétt á frekari upplýsingum um slíkt áður/um leið og slíkt gerist. Í framhaldinu er bekkjarnámskrá breytt fyrir næsta staðfestingarferli.

12. **Einstaklingsnámskrá:** Í sumum tilvikum hentar bekkjarnámskrá ekki fyrir einstaka nemendur árgangs. Í slíkum tilvikum metur skóli, í samráði við foreldra, hvort nemandi fái persónulega námskrá, hér eftir nefnd einstaklingsnámskrá. Nemendur sem eru í sérúrræðum (sérdeildum, sérskólum) hafa alltaf einstaklingsnámskrár. Sér snið einstaklingsnámskrár er til fyrir Hafnarfjörð sem grunnur en það er síðan hvers skóla að útfæra snið eða form að einstaklingsnámskrá fyrir sína nemendur. Hver nemandi sem fær kennslu sem er miðuð er að honum sérstaklega og ekki er bara stuðningur við að tileinka sér kennslu og nám samkvæmt námskrá síns árgangs skal fá sína einstaklingsnámskrá. Einstaklingsnámskrá nemanda skal gerð fyrir hvert skólaár fyrir sig, endurskoðuð svo oft sem þurfa þykir innan þess og form hennar getur jafnframt verið nýtt sem kennsluáætlun og skýrsla um námið yfir viðkomandi skólaár með viðeigandi skráningum og viðmiðum/ markmiðssetningu. Einstaklingsnámskrá er persónuleg námskrá og aðeins ætluð viðkomandi og varðveitist sem trúnaðargagn um nemanda líkt og önnur trúnaðargögn.
13. **Skólanámskrá og kennsluáætlanir:** Kennsluáætlanir er verkáætlanir (daglegar, vikulegar, mánaðarlegar, annarlegar o.s.frv.) sem kennarar/árgangar vinna til að skipuleggja nánar á hagkvæman hátt daglegt skólastarf. Það er ákvörðun innan hvers skóla hvernig er háttað með kennsluáætlanir almennt, fyrirkomulag skal kynnt foreldum í starfsáætlun skóla og birtar í samskiptakerfi heimilis og skóla eins og hver skóli skilgreinir sína ferla þar um. Skólar þurfa ekki að skila kennsluáætlunum til Skólaskrifstofu samhliða skólanámskrám í staðfestingarferli. Nánar er fjallað um uppbyggingu kennsluáætlana í starfsáætlun skóla. Gert er ráð fyrir að kennsluáætlun hafi uppbyggingu eitthvað í þessa átt:

| **Dagur/vika/ mánuður** | **Viðfangsefni í námi** | **Námsgögn** | **Áhersluþættir út frá viðmiðum um hæfni** |
|---|---|---|---|
| | □ | □ | □ |
| | □ | □ | □ |

14. **Skjalavarsla og námskrár:** Einstaka grunnskólar bera ábyrgð á því að varðveita einstaklingsnámskrár alla grunnskólagöngu nemanda í samræmi við opinbera skjalavörslu og reglur Hafnarfjarðarbæjar. Sömuleiðis ber skólum að varðveita kennsluáætlanir í samræmi við vörslu opinberra gagna og reglur bæjarins auk þess sem að þær séu aðgengilegar fyrir starfsfólk skóla. Skólanámskrár varðveita skólar sem sín vinnugögn á tölvukerfi skóla en Skólaskrifstofan annast stjórnsýslulega varðveislu í samræmi við opinberar reglur og reglur bæjarins.

# Viðauki F: Hæfni (lykil*hæfni* og náms*hæfni*) og viðmið

Gæði eru meginverkefni grunnskólastarfs samkvæmt lögum um grunnskóla (2008, gr. 29). Gæðin í inntaki skólastarfsins eru skilgreind sem hæfni og er hún metin á grundvelli viðmiða. Hæfninni er skipt í tvo hluta, lykilhæfni og námshæfni, samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla (2011).. Lykilhæfni er metin í tengslum við aldur og er óháð einstökum námsgreinum sem slík. Námshæfni er metin í tengslum við nám nemenda á ákveðnum aldri á hverju námssviði og er því verið breytileg milli námssviða og mismunandi eftir námsgreinum innan námssviða.

***a. Lykilhæfni***

Lykilhæfni er hæfni sem snýr að ýmsum mannlegum þáttum eða eiginleikum sem og samskiptum einstaklinga í milli þar sem íslensk menning í lýðræðissamfélagi veitir ýmis æskileg gildi. Til frekari glöggvunar á lykilhæfninni er hún greind í fimm flokka. Þessir flokkar eru samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla (2011, bls. 53) til skýringar og afmörkunar í viðfangsefninu. Lykilþættirnir fimm eru:

| **Lykilþáttur** | Skýring (bls. 53 í Aðalnámskrá grunnskóla, 2011) |
|---|---|
| *Persónuleg tjáning og skýr miðlun:* | Hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt. Hæfni til að miðla þekkingu og leikni sinni og flytja mál sitt skýrt og áheyrilega og taka þátt í samræðum og rökræðum. |
| *Skapandi, gagnrýnin hugsun með frumkvæði til lausna:* | Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistökum og úrvinnslu. Hæfni nemenda til að nota þekkingu og leikni, draga ályktanir, áræðni til að leita nýrra lausna og beita gagnrýninni hugsun og röksemdafærslu. |
| *Sjálfstæði í verki og samvinna undir leiðsögn:* | Hæfni nemenda til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn. |
| *Ábyrg þekkingarleit og gagnrýnin úrvinnsla:* | Hæfni nemenda til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýninn hátt. |
| *Mat á eigin námi, vinnubrögðum og frammistöðu:* | Hæfni nemenda til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu. |

***b. Námshæfni***

Námshæfni er sú hæfni sem tengist námi á einstökum námssviðum aðalnámskrár (og öllum námsgreinum innan hvers námssviðs). Aðalnámskrá skilgreinir námshæfni fyrir 4., 7. og 10. bekk en fyrir aðra árganga skilgreina skólar/kennarar viðmið um námshæfni í einstaka námssviðum. Í einhverjum tilvikum er valið að hæfniviðmið séu sér fyrir hverja námsgrein frekar en fyrir viðkomandi námssviðið í heild sinni sem er þá ákvörðun viðkomandi skóla. Námshæfni er hæfni sem snýr að tileinkun náms í einstaka námssviðum/námsgreinum. Hana má flokka á tvennan hátt:

- út frá eðli hæfninnar sem þekkingu, leikni og viðhorf
- út frá efnislegri sérstöðu námssviðs: talað mál, ritun, lestur og málfræði (íslenska).

Viðmið um hæfni, námshæfni og lykilhæfni, í grunnskólum Hafnarfjarðar:

6. **Viðmið Aðalnámskrár**: Grunnskólar Hafnarfjarðar skulu taka mið að stefnu og viðmiðum aðalnámskrár grunnskóla, almennum hluta (2011) og greinahluta (2013), um hæfni sem skiptist í

námshæfni og lykilhæfni. En þar sem aðalnámskrá veitir ekki leiðbeiningar eða viðmið gilda frekari viðmið sveitarfélagsins sem koma hér áfram.

7. **Námshæfni og viðmið**: Aðalnámskrá grunnskóla, námsgreinahluti (2013), leggur til hæfniviðmið fyrir alla grunnskóla í skólastarfi 4., 7. og 10. bekkjar. Í skólanámskrá hvers skóla skal koma fram hvaða hæfniviðmið gilda fyrir einstök námssvið í hverjum bekk/árgangi (bekkjarnámskrá). Námshæfniviðmiðin skulu flokkuð í skólanámskrá grunnskólanna í Hafnarfirði eins fyrir hvert námssvið í öllum árgöngum innan eins skóla. Hver skóli skal hafa námshæfniviðmið fyrir öll námssvið sem kennd eru í viðkomandi bekk.
8. **Flokkun námshæfniviðmiða**: Námshæfniviðmið geta verið margvísleg og mismörg eftir námssviðum. Gerð er sú krafa að grunnskólar í Hafnarfirði flokki námshæfniviðmið á grunni faglegra forsenda, þ.e. velji á milli efnisflokkunar (mismunandi eftir námssviðum) eða flokkunar á grunni hæfnishugtaksins sjálfs (þekking, leikni, viðhorf) innan hvers námssviðs. Val um flokkun er ákvörðun innan hvers námssviðs innan hvers skóla í samræmi við stefnu skóla. Eftirfarandi eru dæmi um flokkunarmöguleikana á námshæfniviðmiðunum og eru sótt í aðalnámskrá:

Efnisflokkun hæfniþátta (sjá 4. bekkur, skólaíþróttir í aðalnámskrá grunnskóla):

| **Efnisþættir:** | **Viðmið um námshæfni** | **Þ** | **L** | **V** |
|---|---|---|---|---|
| *Líkamsvitund, leikni og afköst:* | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br> Sýnt einfaldar hreyfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu. | | *x* | |
| *Félagslegur þættir:* | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br> Unnið með tilfinningar sem því að vinna og tapa í leikjum. | | | *x* |
| *Heilsa og efling þekkingar:* | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br> Útskýrt líkamlegan mun á kynjum. | *x* | | |
| *Öryggis- og samskiptareglur:* | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br> Farið eftir öryggis-, skipulags- og umgengisreglum sundstaða, íþróttahúsa og brugðist við óhöppum. | | *x* | |

eða

hæfniflokkun efnisþátta (sjá 4. bekkur, samfélagsgreinar í aðalnámskrá grunnskóla):

| **Hæfniþættir:** | **Viðmið um námshæfni** |
|---|---|

| | |
|---|---|
| *Þekkingarviðmið:* | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br><br> Borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi. |
| *Leikni-viðmið:* | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br><br> Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi. |
| *Viðhorfa-viðmið:* | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br><br> Sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum. |

Miðað er við að námshæfniviðmið fyrir hvert námssvið í hverri bekkjarnámskrá taki ekki meira rými en ein til tvær bls. A-4 í skólanámskrárformi.

9. **Lykilhæfni og viðmið**: Lykilhæfni, lykilþættirnir fimm, er metin í grunnskólum Hafnarfjarðar í öllum námssviðum (að lágmarki) í öllum árgöngum í lok hvers skólaárs frá skólaárinu 20152016 . Aðalnámskrá grunnskóla leggur til viðmið fyrir lykilhæfni fyrir 4., 7. og 10. bekk fyrir alla grunnskóla. Fyrir aðra árganga eru sameiginleg lykilhæfniviðmið fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar. Sömu lykilhæfniviðmið gilda fyrir öll námssvið (og því allar námsgreinar þess sömuleiðis) í hverjum bekk/árgangi í grunnskólum Hafnarfjarðar. Lykilhæfniviðmið, og matsviðmið þeirra, eru unnin og lögð fram sameiginlega fyrir alla grunnskóla Hafnarfjarðar sem afrakstur af fagvinnu kennara í bænum utan þeirra sem koma með aðalnámskrá. Það er síðan hvers skóla/kennara að skilgreina frekar áherslur og aðferðir til meta hvað sé viðeigandi lykilhæfni nemenda. Þannig er gert ráð fyrir að einhver breytileiki sé í aðferðum og samspili þeirra við mat á lykilhæfni eftir námssviðum og milli skóla.
10. **Hæfni og námsmat**: Um námsmat á hæfni, hvort sem það snýr að lykilhæfni eða námshæfni, er fjallað um í næsta kafla.

# Viðauki G: Námsmat, námsmatskvarðar og viðmið

Í aðalnámskrá grunnskóla (2011) er það meginatriði að skólastarfið (bæði nám nemenda og framkvæmd skólastarfsins) sé metið. Til að hægt sé að meta slíkt á sanngjarnan hátt þurfi að leggja fram almenn viðmið um þá hæfni sem taka skal mið af þegar árangur/geta nemenda í skólastarfinu er metin. Aðalnámskráin ræðir þar bæði um mat á lykilhæfni og námshæfni líkt og fyrr hefur komið fram.

Til að hægt sé að meta árangur í námi þarf að hafa grunn til að byggja á við matið. Sá grunnur sem aðalnámskrá kynnir til þess eru viðmið; mat á grunni viðmiða. Þetta ferli að meta hæfnina er nefnt námsmat og má skipta námsmati yfir eitt skólaár í þrjá flokka:

iv. *Leiðsagnarmat*: Sú leiðsögn sem fer fram á hverjum tíma í skólastarfinu sem miðar að því að hjálpa og leiðbeina nemendum að ná þeim viðmiðum sem lagt er upp með í námsferlinu (viðmið lokamats). Gerist gjarnan í daglegri samræðu skólastarfsins og við mat einstakra verkefna í dagsins önn.

v. *Stöðumat*: Samræða á ákveðnum tímapunkti í námsferlinu til að ígrunda og velta fyrir sér hvernig námið gengur (að ná viðmiðum) og hvaða aðgerðir séu nauðsynlegar til að auka líkur á því að viðmiðum sé náð áður en lokamat fer fram. Gjarnan er rætt um foreldraviðtöl í skólastarfi í þessu samhengi, í upphafi skólaárs eða á ákveðnum tímapunkti í náminu áður en að námslokum kemur (frá upphafi námsáfanga).

vi. *Lokamat*: Felur í sér að meta hæfni nemenda í lok náms út frá hæfniviðmiðum.

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla (almennur hluti, 2011, bls. 54) skal mat á hæfni nemenda gerast með ákveðinni flokkun sem gefur til kynna hvort nemandi hafi náð umræddri hæfni sem stefnt er að hverju sinni. Þetta mat á hæfni skal vera skipt í fjóra flokka sem skýrt er með bókstöfunum A, B, C og D á eftirfarandi hátt:

| Kvarði | Námssvið | Lykilhæfni |
|---|---|---|
| A | Framúrskarandi hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs. | Framúrskarandi hæfni með hliðsjón af viðmiðum um lykilhæfni. |
| B | Góð hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs. | Góð hæfni með hliðsjón af viðmiðum um lykilhæfni. |
| C | Sæmileg hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs. | Sæmileg hæfni með hliðsjón af viðmiðum um lykilhæfni. |
| D | Hæfni og frammistöðu í námi ábótavant með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs. | Hæfni með hliðsjón af viðmiðum um lykilhæfni ábótavant. |

Hver skóli hefur val um það hvort A-D matskvarðinn er nýttur í skóla fram að 10. bekk hvað varðar námshæfni en þá er hann skylda. Hver skóli kynnir síðan hver viðeigandi námshæfni er innan hvers námssviðs í hverri bekkjarnámskrá. Á grundvelli þess er lagt mat á getu nemanda í hverri námsgrein með prófum, verkefnamati, virkni og vinnubrögðum og/eða öðrum matsaðferðum til að átta sig á stöðu nemanda sem undirstöðu á grundvelli viðmiða á hæfni hans í lok skólaárs.

Viðmið um námsmat, og námskvarða í grunnskólum Hafnarfjarðar:

8. **Viðmið Aðalnámskrár**: Grunnskólar Hafnarfjarðar skulu taka mið að stefnu og viðmiðum aðalnámskrár grunnskóla, almennum hluta (2011) og námsgreinahluta (2013), um hæfnisviðmið um námshæfni og lykilhæfni í grunnskólum Hafnarfjarðar. En þar sem hún veitir ekki leiðbeiningar eða viðmið gilda frekari viðmið sveitarfélagsins sem koma hér áfram.
9. **Mat á námshæfni (innan námssviðs og í námsgreinum hennar)**: Mat á námshæfni nemenda í grunnskólum Hafnarfjarðar í einstaka námsgreinum skal vera kynnt a.m.k. árlega í skriflegu formi (námsmatsskírteini) í öllum grunnskólum bæjarins við lok hvers skólaárs. Annað

formlegt námsmat er ákvörðun skóla, þ.e. annarmat, í samræmi við stefnu skóla. Námsmat er hægt að gefa í einstaka námsgreinum námssviðs á hverjum tíma með þeim matskvörðum sem skóli ákveður (t.d. A-D, 0-10, orð eða önnur tákn). En sé eitt mat gefið fyrir allt námssviðið skal það gefið í matskvarðanum A-D eða A*-D* eftir atvikum (þar sem merkingin * vísar til einstaklingsnámskrár og persónulegra námshæfniviðmiða en ekki viðmiða bekkjarnámskrár þess aldurs sem viðkomandi nemandi tilheyrir).

10. **Mat í lykilhæfni (innan námssviðs)**: Mat á lykilhæfni nemenda í grunnskólum Hafnarfjarðar í einstaka námssviðum vera gerð og kynnt a.m.k. árlega í skriflegu formi (námsmatsskírteini) í öllum grunnskólum bæjarins við lok hvers skólaárs. Annað formlegt námsmat er ákvörðun skóla, þ.e. annarmat, í samræmi við stefnu skóla. Samræmd viðmið eru um lykilhæfni í öllum námsgreinum innan árgangs og þau eru sameiginleg fyrir alla grunnskóla Hafnarfjarðar sem grunnur mats í öllum skólum (en aðferðir skilgreindar innan hvers skóla á grundvelli fagmennsku í skólastarfinu), á matskvarðanum A-D. Miðað er við að mat á lykilhæfni sé gefið fyrir námssviðið eingöngu en þó geti einstök námssvið ákveðið að gefa sérstaklega fyrir námshæfni í einstökum námsgreinum innan skóla í samræmi við stefnu skóla.
11. **Námsmatskvarðinn A-D og námssviðin**: Í skólanámskrá hvers skóla skal koma fram hvaða námsmatskvarða skóli notar. Námsmatskvarðinn A-D er ævinlega notaður fyrir mat á hæfni nemenda á einstökum námssviðum en er ekki fyrir einstaka námsgreinar innan námssviðanna. Námsmatskvarðann A-D er skylt að nota fyrir námssviðin í 10. bekk frá vori 2015 en fyrir aðra bekki er það val skóla hvort gefið sé mat fyrir námssviðið í heild sinni.
12. **Námsmat í námsgreinum og námsmatskvarði**: Fyrir einstaka námsgreinar geta skólar gefið nemendum námsmat sem prófaeinkunnir á sjálfvöldum skala, umsagnir eða önnur matsgjöf eftir því sem stefna skóla kveður á um svo framarlega sem slíkt brýtur ekki viðmið aðalnámskrár eða þessi viðmið. Mikilvægt er að skólar notist við fjölbreyttar matsaðferðir til að stuðla að því að nemendur fái sem sanngjarnast mat á eigin námi sem sýni á trúverðugan hátt hæfni þeirra. Lýsing á þeim skal koma fram í kynningu einstakra námsgreina.
13. **Matsaðferðir í námsmati**: Sérhver skóli skal kynna í stefnu sinni áherslur í námsmati og hvernig skólinn hyggst fara eftir viðmiðum aðalnámskrár grunnskóla (2011, bls. 52-57) um námsmat, t.d. fjölbreyttar aðferðir í námsmati, reglulegt mat (símat), að námsmat nýtist til hvatningar og örvunar í námi og sé sem áreiðanlegast. Við lýsingar á framkvæmd einstakra námsgreina skal koma fram sem skýr lýsing á námsmati hennar sem gefi fullnægjandi upplýsingar um hvernig mat á náminu gerist. Ítarleg lýsing á einstaka matsaðferðum er ekki þörf svo framarlega að slíkt komi fram í almennri stefnu skóla um námsmat í skólanámskrá.
14. **Námsmat við lok grunnskóla**: Við lok grunnskóla skulu allir grunnskólar í Hafnarfirði gefa nemendum námsmat um hæfni í námi sem færi honum og öðrum (t.d. framhaldsskólum) nægilegar upplýsingar um stöðu hans fyrir áframhaldandi nám og störf.

# Lokaorð

Skólanámskrá skólans, á grundvelli aðalnámskrár grunnskóla og viðmiða frá sveitarfélaginu á grunni faglegrar samvinnu í skólakerfi bæjarins, er lykilplagg í skólastarfi þeirra. Í því felst að skólanámskráin nái að lýsa þeim gæðum sem skólar (ætla að) standa fyrir. Það er von bæjaryfirvalda að skólanámskrá hvers skóla nái því að vera gæðahandbók sem stuðli að árangursríkri og ánægjulegri skólagöngu hvers barns í bænum. Við eigum ekki að sætta okkur við neitt minna og það er hlutverk alls skólasamfélagsins að vinna að því. Með ósk um að þessi bekkjarnámskrá, sem einn tíundi af skólanámskrá skólans, stuðli að slíku með samvinnu allra sem að námi nemenda koma.

Hafnarfjörður
Grunnskólar Hafnarfjarðar
Skólanámskrá

# 1. bekkur

## Skólanámskrá Áslandsskóla




Skólaárið 2020-2021

# Samantekt kennslu – Viðmiðunarstundaskrá - 1. bekkur

Kennslutímar á viku skiptast í eftirfarandi námsgreinar.

| Námssvið | Námsgreinar | Tímafjöldi í skóla á viku |
|---|---|---|
| 1. Íslenska | 1.1. Talað mál, hlustun og áhorf<br>1.2. Lestur og bókmenntir<br>1.3. Ritun<br>1.4. Málfræði | 1<br>3<br>2<br>1 |
| 2. Erlend tungumál | 2.1. Enska<br>2.2. Danska og önnur Norðurlandamál | 1 |
| 3. List- og verkgreinar | *A Listgreinar:*<br>3.1. Sviðslistir (dans og leiklist)<br>3.2. Sjónlistir (myndmennt)<br>3.3. Tónmennt<br>*B Verkgreinar:*<br>3.4. Heimilisfræði<br>3.5. Hönnun og smíði<br>3.6. Textílmennt | 3<br>1<br>1<br>1<br>3<br>1<br>1<br>1 |
| 4. Náttúrugreinar | 4.0. Náttúrufræði<br>(eða)<br>4.1. Eðlis- og efnavísindi<br>4.2. Jarð- og stjörnufræði<br>4.3. Lífvísindi<br>4.4. Umhverfismennt | 3 |
| 5. Skólaíþróttir | 5.1. Íþróttir<br>5.2. Sund | 2<br>1 |
| 6. Samfélagsgreinar | 6.1. Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði<br>6.2. Jafnrétti og lífsleikni<br>6.3. Landafræði, saga, sam-/þjóðfélagsfræði | 1<br>1<br>2 |
| 7. Stærðfræði | 7.0. Stærðfræði<br>(eða)<br>7.1. Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar<br>7.2. Tölur, reikningur og algebra<br>7.3. Rúmfræði, mælingar, tölfræði og líkindi | 5 |
| 8. Upplýsinga- og tæknimennt | 8.1. Miðlamennt og skólasafnsfræði<br>8.2. Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni | 1 |
| Alls | | 30 |

# 1. Íslenska, íslenska sem annað mál og íslenskt táknmál

# Íslenska

### Viðmið um námshæfni í íslensku

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Talað mál, hlustun og áhorf**

- Talað skýrt og skiljanlega
- Tjáð sig í hóp
- Verið virkur hlustandi
- Átt góð samskipti og sýnt kurteisi

**Lestur og bókmenntir**

- Lesið stutt orð og setningar
- Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa
- Lesið úr einföldum táknum

**Ritun**

- Dregið rétt til stafs og skrifað á línur
- Samið texta frá eigin brjósti með aðstoð
- Samið einfaldan texta út frá mynd
- Skrifað stutt orð eftir fyrirmyndum og með hljóðaaðferð
- Skrifað stuttar setningar og leyft öðrum að heyra frumsamdar sögur

**Málfræði**

- Beitt töluðu máli af nokkru öryggi og ráði yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska
- Þekkt bókstafi, hljóð og orð
- Þekkt stafrófsröð
- Búið til einfaldar setningar
- Leikið sér með orð og merkingu svo sem með því að ríma og fara í orðaleiki

## 1.1. Talað mál, hlustun og áhorf

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Tímafjöldi: 1 tími (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Að tala frammi fyrir bekknum t.d. segja frá hvað þau gerðu um helgina*
- *Að hlusta á aðra segja frá*
  - *Að hlusta á fyrirmæl*
  - *Að sýna kurteisi*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Markviss málörvun*

- *K-PALS*
- *Nestisbækur*
- *Sögur úr ritlistarbókum nemenda*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Setið í krók og rætt saman*
- *Vinna með K-PALS*
- *Hópavinna*
- *Hlusta á kennarann, bæði þegar hann gefur fyrirmæli og les sögur*
- *Hlusta á sögu á bókasafni*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

- *Virkni og hlustun í umræðum*
- *Hlýða fyrirmælum*
- *Kurteisi og samskipti við aðra*

# 1.2. Lestur og bókmenntir

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Tímafjöldi: 3 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Stafainnlögn, stuðst við bókina Lestrarlandið 1-2*
- *Heimalestur um leið og geta leyfir*
- *Þjálfun í að skrifa orð*
- *K-PALS*
- *Lestur við öll tækifæri*
- *Sjálfstæð vinna í vinnubókum*
- *Reglulegar ferðir á bókasafn*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Lestrarlandið 1 og 2*
- *Lesbók/vinnubók*
- *Lestrarbækur v/hæfi hvers og eins ásamt vinnubókum*
- *K-PALS*
- *Við lesum A-B ásamt vinnubókum*
- *Það er leikur að læra vinnubækur 1 og 2*

### iii. *Námsfyrirkomulag og námsaðlögun*

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Stafainnlögn skv. leiðbeiningum í Lestrarlandinu*
- *Sjálfstæð vinna í vinnubókum*
- *Unnið í hópum, jafnvel getuskiptum*
- *Heimalestur*
- *Orðabók með heimalestri*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur. Nemendur læra út frá eigin forsendum svo að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Heimalestur með lestrarbókum við hæfi hvers og eins*
- *Unnið í smærri hópum, jafnvel getuskiptum*

### iv. *Námsmat og námsmatsaðlögun*

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

- *Framburðarpróf frá Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar*
- *Leið til læsis skimunarpróf í október*
- *Leið til læsis eftirfylgnipróf í janúar og að vori: lesfimi, sjónrænn orðaforði, orðleysur og nefnuhraði*
- *Hraðlestrarpróf nóv og mars*

## 1.3. Ritun

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Tímafjöldi: 2 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

### i. *Viðfangsefni í náminu*

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Læra að skrifa stafina samhliða stafainnlögn*
- *Læra að draga rétt til stafs*
- *Semja sögur með aðstoð*
- *Vinna létt verkefni úr texta*

### ii. *Námsgögn og kennsluefni*

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Lestrarlandið 1 og 2*
- *Lesbók/vinnubók*
- *Við lesum A-B ásamt vinnubókum*
- *Það er leikur að læra 1 og 2*
- *Vinnubækur með lestrarbókum*
- *skolavefurinn.is*

- *Vefur menntamálastofnunar - mms.is*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Stafur lagður inn og unnið með hann á margvíslegan hátt.*
- *Orðabók með heimalestri daglega*
- *Ritlist heima með aðstoð foreldra*
- *Einföld ritun, t.d. í tengslum við dygðir*
- *Vinna í vinnubókum*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Vinnubækur við hæfi*
- *Þeir sem geta skrifað sjálfir gera það, aðrir fá forskrift*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

Námshæfni:

Umsögn er ekki gefin að vori.

# 1.4. Málfræði

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Tímafjöldi: 1 tími (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Orðaleikir, t.d. í tengslum við Ljáðu mér eyra og Markvissa málörvun*
- *Rím*
- *Vinna með hljóðkerfisvitund*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Markviss málörvun og Ljáðu mér eyra*
- *Nestisbækur*
- *Lestrarlandið 1-2*
- *Við lesum A Lesbók/vinnubók*
- *Það er leikur að læra vinnubók 1 og 2*
- *Leikur að orðum 1*
- *Námsspil*
- *Vinnubækur með lestrarbókum*

### iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Hópkennsla*
- *Leikir*
- *Einstaklingsvinna í bók*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur. Nemendur læra út frá eigin forsendum svo að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Vinnubækur við hæfi hvers og eins*

### iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi: Námshæfni:

- *Leið til læsis skimunarpróf (stöðluð próf frá Námsmatsstofnun) kanna m.a. hljóðkerfisvitund nemenda.*

# 2. Erlend tungumál

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *að ná betri tökum á lestri, þjálfist stöðugt og nái meiri hraða og betri lesskilningi*
- *að þau geti lesið sér til gagns og ánægju, efni við hæfi hvers og eins*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Ritrún 1-2*
- *Lestrarbækur v/hæfi hvers og eins ásamt vinnubókum*
- *PALS*
- *Sín ögnin af hverju*

- *Leikur að orðum 1-3*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Unnið eftir kennsluleiðbeiningum PALS*
- *Einstaklingsvinna, t.d. í vinnubókum*
- *Hópavinna*
- *Heimalestur*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Lestrar-og vinnubækur við hæfi hvers og eins*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

- *Leið til læsis eftirfylgnipróf að hausti og vori (fjöldi lesinna orða og raðeinkunn)*
- *Hraðlestrarpróf*
- *Umsögn um árangur og framfarir*

# 1.3. Ritun

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Tímafjöldi: 2 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *að þjálfa ritun á eigin verkum*
- *að nýta sér uppbyggingu sögu, þ.e. upphaf, meginmál og endi*
- *að þjálfa rétta stafdrætti*
- *að læra að nýta sér mjög einfaldar reglur, t.d. að nota stóra og litla stafi eins og við á.*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Ritrún 1-2*
- *Græni blýanturinn*
- *Skrift- gular bækur*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *fjölbreytt ritun t.d. í tengslum við söguramma*
- *sögugerð, bæði heima og í skóla*
- *skrift þar sem lögð er áhersla á réttan stafdrátt, bæði í skóla og heima*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *kröfur aðlagaðar eftir getu hvers og eins*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

b. Námshæfni:

- *Skriftarkönnun þar sem eftirfarandi þættir eru metnir*
    - *Stafdráttur*
    - *Tengikrókar*
    - *Stafir réttir á línu*
    - *Útlit skriftar*
- *Framfarir í ritun*
- *Stafsetningarprófið Aston Index*
- *Könnun að vori í stafsetningu eftir upplestri*

# 1.4. Málfræði

## Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Tímafjöldi: 1 tími (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *að þjálfa rétta málnotkun*
- *að kynnast einföldum málfræðiheitum, t.d. bókstafur, hljóð, orð, samsett orð, stafróf, kyn, tala, sérnöfn og samnöfn*
- *að læra stafrófið og þjálfist í að raða í stafrófsröð*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Ritrún 1-2*
- *Ás*
- *Leikur að orðum 1-3*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *vinna í vinnubókum*
- *umræður*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *vinnubækur við hæfi hvers og eins*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- *Símat úr þeim málfræðiþáttum sem verið er að æfa hverju sinni*
- *Málfræðikönnun að vori þar sem eftirfarandi þættir eru metnir*
    - *Sérhljóði og samhljóði*
    - *Stafrófsröð*
    - *Sérnöf*
    - *Andheiti og samheiti*
    - *Samsett orð*

# 2. Erlend tungumál

## 2.1. Enska

**Viðmið um námshæfni í erlendum tungumálum**

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Hlustun**

- Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni þegar talað er hægt og skýrt og brugðist við með orðum eða athöfnum.

**Samskipti**

- Heilsað, kvatt, þakkað fyrir sig og beðist afsökunar
- Geti spurt hvernig fólk hafi það og sagt hvernig þau sjálf hafa það.
- Get sagt hver hann er, spurt aðra að nafni og kynnt þá.
- Getur sungið einfaldar barnavísur
- Geti sagt heiti á hlutum út frá myndaspjöldum

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Námsgrein er kennd af umsjónarkennara og hefur hann 40 mín í viku sem hann ráðstafar að vild, eins og t.d. 10 mín innlögn daglega. Sungið daglega. Rifjað upp myndaspjöld. Farið í leiki. Unnið er eftir TPR (Total Physical Response) kennsluaðferðinni.

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Tölur*
- *Litir*
- *Árstíðir*
- *Veður*

- *Föt*
- *Matur*
- *Leikföng*
- *Dýr*
- *Líkaminn*
- *Tilfinningar*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Right On*
- *Hickory*
- *Adventure Island of English words*
- *Brown bear, brown bear, what do you see?*
- *Enskar barnavísur og lög*
- *Ýmis ljósrituð verkefni*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Verkefni unnin í vinnubók, lærum söngva og látbragð.*
- *Föndur og skapandi vinna í tengslum við þemu.*
- *Unnið með orð, myndir og tal.*
- *Horft og hlustað á myndbönd.*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *fjölbreytt verkefni og kennsluhættir*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

- *Kannanir*
- *Vinnubókarmat*
- *Hópverkefni*
- *Einstaklingsverkefni*
- *Munnlegt mat*

# 3. List- og verkgreinar

## A. hluti:

## 3.1. Sviðslistir

**Viðmið um námshæfni í sviðslistum**

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Leiklist**
- Tekið virkan þátt í leikrænu ferli í hópi
- Sýnt skólasystkinum tillitssemi
- Beitt einföldu formi leiklistar
- Sýnt viðeigandi hegðun sem áhorfandi í leikhúsi eða á leiklistarviðburðum í skólanum

**Dans**
- Hreyft sig frjálst og í takt við tónlist í samræmi við hreyfigetu eigin líkama
- Tengt saman hreyfingu og tónlist í dansi
- Virt samskiptareglur

**Umgegni, vinnusemi og framkoma**
- Gengið frá eftir vinnu sína
- Sýnt vinnusemi í tímum
- Sýnt viðeigandi framkomu

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Menntun í sviðslistum snýst um að þjálfa nemendur í aðferðum listgreinanna, leiklist og dansi. Sviðslistir snúast ekki síður um læsi í víðu samhengi og eiga að dýpka skilning nemenda á sjálfum sér, mannlegu eðli og samfélagi. Í sviðslistum fá nemendur tækifæri til að setja sig í spor annarra og prófa sig áfram með mismunandi tjáningarform, hegðun og lausnir í öruggu umhverfi. Sviðslistir styðja nemandann í að tjá, móta og miðla hugmyndum sínum og tilfinningum. Auk þess reyna þær stöðugt á samvinnu, samskipti, sköpun, tungumál, tjáningu, gagnrýna hugsun og líkams- og raddbeitingu.

Tímafjöldi: Kennt er í lotum.

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Einföld dansspor og einfaldar aðferðir leiklistar. Nemendur þjálfast í að koma fram og sýna fyrir aðra, einnig læra þeir að vera áhorfendur.*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Verkefni frá kennara*
- *Þjóðsögur og ævintýri*
- *Upphitunar-, einbeitingar- og traustæfingar*
- *Einfaldar aðferðir leiklistar*
- *Einföld dansspor*
- *Just dance*
- *Ýmsir leikir*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan fram á eftirfarandi hátt í skóla og heima (utan skóla):

- *Innlagnir*
- *Sýnikennsla*
- *Verklegar æfingar*
- *Úrvinnsla*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytni í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum og mismunandi hæfileikum þeirra.*

### *iv. Námsmat og námsmatsaðlögun*

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:
Símat: Umgengni, vinnusemi, framkoma, framvinda og hæfni metin í lok lotu.

## 3.2. Sjónlistir - myndmennt

### Viðmið um námshæfni í myndmennt

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Verklag og efnisnotkun**

- Notað mismunandi efni og verkfæri við myndsköpun
- Litir skoðaðir og notkun þeirra

**Verkefnavinnsla**

- Nota einfalda tækni, teikningu og liti
- Unnið með mismunandi efnisáferðir og nýtt sér t.d. tau, band, sand o.s.frv.
- Unnið út frá tvívíðu formi

**Umhverfi**

- Gengið frá eftir vinnu sína
- Unnið út frá þekkingu um nýtingu efna og endurvinnslu og áhrif þess á umhverfið
- Unnið í samvinnu og sýnt tillitsemi
- Gert sér grein fyrir notkun og kostum hlífðarfatnaðar

### Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Í myndmennt er lögð áhersla á að nemendur geti þroskað með sér vitund í að þekkja og vinna sjálfstætt að myndsköpun. Að þau kynnist efnum og áhöldum. Geti greint og sagt frá aðferðum og skoðað verk á meðvitaðan hátt.
Markmiðið með kennslunni er að upplýsa um aðferðir, gamlar sem nýjar og kynna sögu greinarinnar. Sjónlistir eru margvíslegar og verður reynt að gera þeim skil á eins fjölbreytilegan hátt og kostur er.

Kennt er í lotum

### *i. Viðfangsefni í náminu*

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Grunnformin, grunnlitir, verkefni unnin út frá þessum þáttum*
- *Verkefni sem unnið er út frá tjáningu og verkfærni*
- *Valverkefni þar sem nemendur vinna með fyrri reynslu verkefna*

### *ii. Námsgögn og kennsluefni*

Námsgögn eru notuð í kennslunni og nemandi nýtir sér við námið eru:

- *Fyrirfram unnin verkefni sem fengin eru frá kennara*

- *Bækur sem til eru í myndmenntastofu t.d. Myndmennt 1 og 2 og listaverkabækur*
- *Bækur sem fengnar eru að láni á bókasafni skólans*
- *Veraldarvefurinn, síður sem finna má kennsluefni á t.d. Art for kids, googel.com*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan fram á eftirfarandi hátt: í skóla og heima (utan skóla)

- *innlagnir*
- *sýnikennsla*
- *verklegar æfingar*
- *úrvinnsla*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við að nemendur læri út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *verkefnavali er stýrt frá kennara að einhverju leiti hvað varðar þjálfun og mat á getur nemenda*
- *nemendur fá að hafa áhrif um vinnuaðferðir og val á verkefnum þar sem þau sýna getu hvers og eins og þannig mætt þörfum þeirra að upplifa eigin getu í náminu*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru: Námshæfni:

- Símat er í lotunni þar sem eftirfarandi er metið:
  - *Hefur nemandi unnið eftir fyrirmælum, borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á*
  - *tekið virkan þátt í verklegum þáttum*
  - *sýnt vinnusemi og vandvirkni*
  - *skilað verkefnum lotunnar á viðeigandi hátt*

# 3.3. Tónmennt

## Viðmið um námshæfni í tónmennt

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Blokkflauta**

- Þekkt gripin A, H, C, D og G
- Þekkt tónana A, H, C, D og G
- Þekkt heilnótu
- Þekkt hálfnótu
- Þekkt fjórðapartsnótu
- Þekkt áttundapartsnótu
- Þekkt endurtekningarmerki
- Þekkt G lykil
- Spilað undirbúið lag á blokkflautu
- Spilað óundirbúið lag á blokkflautu
- **Þekkt nokkur strengja- og ásláttarhljóðfæri**

**Umgengni, vinnusemi og framkoma**

- Gengið frá eftir vinnu sína
- Sýnt vinnusemi í tímum
- Sýnt viðeigandi framkomu

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**
Tónlist er snar þáttur í lífi og starfi manna hvar sem er í heiminum. Hún er leið til sköpunar og tjáskipta, oft án orða, sem einstaklingar fara til að tjá tilfinningar sínar. Kennslan á að efla næmi nemenda og þekkingu á frumþáttum tónlistar, tónhæð, tónlengd, blæ, styrk, hljómum, túlkun og formi, til þess að þeir geti myndað sér skoðun á ólíkum stíl tónlistar, geti gert sér grein fyrir gildi hennar í eigin menningu og lífi og notið hennar á uppbyggilegan, markvissan og persónulegan hátt.

Tímafjöldi: Kennt er í lotum.

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Hljóðfæri: Nemendur læra að leika einföld lög á blokkflautu og kynnast stofuhljóðfærum betur og blásturshljóðfærum.*
- *Söngur: Nemendur syngja ýmis lög sem tengjast árstíðum, hátíðum eða dygð mánaðarins. Einnig syngja þeir lög frá mismunandi tímum og löndum.*
- *Hreyfing: Hreyfileikir og hreyfisöngvar sungnir, dansað við mismunandi tónlist.*
- *Ritun: Hrynur skráðar og einföld tónfræðiverkefni unnin.*
- *Hlustun: Nemendur læra að þekkja hljóðfæri eftir heyrn, hlusta á tónsögur og fl.*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Flautað til leiks 1*
- *Það var lagið,*
- *Ýmis verkefni frá kennara,*
- *Stofuhljóðfæri,*
- *Söngtextar- og hefti*
- *Tobbi túba*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan fram á eftirfarandi hátt í skóla og heima (utan skóla):

- *Bein kennsla*
- *Innlögn*
- *Nemendur æfa sig heima á blokkflautu 2 x í viku*
- *Samspil og einleikur*
- *Sýnikennsla*
- *Verkleg og skrifleg verkefni*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytni í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum og mismunandi hæfileikum þeirra.*

### *iv. Námsmat og námsmatsaðlögun*

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi: Flautupróf og símat í lotunni þar sem metið er eftirfarandi:

Umgengni, vinnusemi, framkoma, framvinda og hæfni.

# B. hluti:

# 3.4. Heimilisfræði

### Viðmið um námshæfni í heimilisfræði

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Verklag - Matur og vinnubrögð**

- Mælt í dl og tileinkað sér mæliskeiðar
- Skoða og kynnast áhöldum sem notuð eru við matreiðslu
- Farið eftir einföldum uppskriftum
- Farið eftir einföldum uppskriftum

**Vinnufærni - Matur og lífshættir**

- Tjáð sig um helstu kostnaðarliði við matargerð og heimilishald almennt
- Tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti

**Umhverfi - Matur og umhverfi**

- Sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við sjálfbærni
- Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif

**Matur og menning**

- Tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald, helstu hátíðir Íslendinga, siði sem þeim fylgja og þjóðlegan mat

### Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Í heimilisfræði er lögð áhersla á að nemandinn öðlist færni í að vinna í eldhúsi við fjölbreytta matargerð. Kynnist og öðlist færni í að beita og nota eldhúsáhöld, tileinka sér að vinna með og lesa uppskriftir. Lögð er mikil áhersla á hreinlæti í meðferð matvæla og að nemendur tileinki sér notkun á fæðuhringnum. Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæð í verki, stuðla að vinnugleði, samvinnu, virðingu fyrir verkinu, þjálfa einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Námsgreinin byggir á áherslu á að tileinka sér heilbrigðan lífstíl fyrir komandi framtíð.

Tímafjöldi: kennt er í lotum.

### *i. Viðfangsefni í náminu*

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Mælieiningar, samvinna, meðhöndlun áhalda, skilningur á hollustu og heilbrigði, hreinlæti og frágangur.*
- *Kynnist að meðhöndla og móta einfaldar uppskriftir.*

### *ii. Námsgögn og kennsluefni*

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Fyrirfram ákveðin verkefni frá kennara.*
- *Stuðst við áhöld og bækur í heimilisfræðistofunni.*
- *Veraldarvefurinn ýmsir vefir tengdir mat og matarmenningu.*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan fram á eftirfarandi hátt: í skóla og heima (utan skóla)

- *Bein kennsla*
- *Innlagnir*
- *Sýnikennsla*
- *Verklegar æfingar*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytni er í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum og mismunandi hæfileikar þeirra fái að njóta sín.*
- *Nemendur fá að vera með í vali á hluta verkefna til að mæta þeirra þörfum og um leið fá þau tækifæri til að koma fram með sjálfstætt val og hafa sjálfstjórn á sínu eigin námi.*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:
Símat er í lotunni þar sem eftirfarandi er metið: sjálfstæði, vandvirkni, hegðun og virkni.

# 3.5. Hönnun og smíði

## Viðmið um námshæfni í list- og verkgreinum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Handverk**

- Valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt.
- Unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar

**Hönnun og tækni**

- Greint einfaldar þarfir í umhverfi sínu og rætt nokkrar lausnir.

**Umhverfi**

- Valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi.
- Beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar.
- Sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með
- Gengið frá eftir vinnu sína

### Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Í hönnun og smíði er lögð áhersla á að nemandinn öðlist færni í að smíða hluti með fjölbreyttum efnum, verkfærum og tækni. Lögð er áhersla á að nemandinn sé virkur í hönnunarferli og móti útlit og uppbyggingu hluta miðað við notkun þeirra. Markmið námsins er fyrst og fremst að gera

nemendur sjálfstæðs í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnu, þjálfa einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Námsgreinin sem á sé langa sögu byggir því senn á rótgrónum handverkshefðum og almennum áherslum á uppeldi og menntun.

Tímafjöldi: Kennt er í lotum

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Milluspil, fáni, flugvél, lyklakippa og fleira.*
- *Unnið með sköpun og skógarnytjar (nemendur vinna með ferskan íslenskan við).*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Efni og verkefni frá kennara*
- *Stuðst er við nokkrar bækur í smíðastofu*
- *Veraldarvefurinn notaður þegar við á*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Bein kennsla*
- *Innlagnir*
- *Sýnikennsla*
- *Verklegar æfingar*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytni er í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum og mismunandi hæfileikar þeirra fái að njóta sín*
- *Nemendur fá að vera með í vali á hluta verkefna til að mæta þeirra þörfum og um leið fá þau tækifæri til að hafa einhverja sjálfstjórn á sínu eigin námi.*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

# 3.6. Textílmennt

## Viðmið um námshæfni í textílmennt

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Handverk og tækni**

- Klippt efni
- Þrætt nál, hnýtt hnút og fest enda í lokin
- Saumað saman tvöfalt efni
- Skreytt efni með þrykki, málun eða litun

- Unnið með þráð á mismunandi hátt, t.d. fingraprjón, snúið band ofl.
- Geti beitt viðeigandi áhöldum
- Saumað einföld spor
- Unnið einfaldan vefnað

**Sköpun, hönnun og útfærlsa**

- Tjáð sig um litaval og fjallað um lögun í verkefnavinnu sinni
- Skreytt textílvinnu á einfaldan hátt

**Menning og umhverfi**

- Fjallað um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, athafna og tilefna
- Sagt frá íslensku hráefni og unnið úr því á einfaldan hátt
- Unnið í samvinnu og sýnt tillitssemi
- Gengið frá eftir vinnu sína

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Námsgreinin textílmennt er yfirgripsmikil grein sem felur í sér þátt hönnunar og handverks. Textílmennt á sér djúpar rætur í menningu þjóðarinnar, rætur sem liggja í heimi sögunnar, verkmenningu og listum. Textílnám byggist meðal annars á þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun þar sem nemendur vinna með efni og áhöld greinarinnar á sjálfstæðan hátt. Textílnám gefur nemendum tækifæri til að þroska samhæfingu hugar og handa, upplifa og tjá sig um leið. Textílmennt er ríkur þáttur í félagslegur veruleika þar sem einstaklingaranir skapa sér persónulegan stíl í klæðnaði og í nánasta umhverfi sínu en auk þess læra þeir að búa til afurðir sem hafa persónulegt gildi

Tímafjöldi: Kennt er í lotum

i. ***Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Klippa út einfalt form eftir sniði*
- *Vinna mynd eftir eigin teikningu í útsaum*
- *Fingraprjón*
- *Gera tilraun með að lita/mál/þrykkja á vefjarefni*
- *Sauma saman tvö stykki t.d. budda, fígúra*
- *Vefnaður*
- *Snúið saman band í snúru*

ii. ***Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Efni og verkefni frá kennara*
- *Úr smiðju textílkennarans www.nams.is*

iii. ***Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Innlögn*
- *Hugmyndavinna*
- *Sýnikennsla*

- *Einstakingskennsla*
- *Verklegar æfingar*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytni í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum, áhuga þeirra og getu*
- *Hanna verkefni og vinna verkefni út frá eigin sköpun*
- *Fá tækifæri til að finna nýjar leiðir*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Símat er í lotunni þar sem eftirfarandi er metið: sjálfstæði, vandvirkni, hegðun og virkni.

# 4. Náttúrugreinar

## Viðmið um námshæfni í náttúrugreinum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Verklag: Geta til aðgerða**
**Verklag: Nýsköpun og hagnýting þekkingar**
**Verklag: Gildi og hlutverk vísinda og tækni**

- Í máli og myndum miðlað hugmyndum sem tengjast náttúruvísindum.
- Notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í textaskrifum.

**Verklag: Vinnubrögð og færni í náttúrugreinum**

- Sagt frá og framkvæmt með hversdagslegum hlutum einfalda athuganir úti og inni.
- Hlustað á og rætt hugmyndir annarra.
- Aflað sér upplýsingar er varða náttúruna
- Skráð atburði og athuganir, s.s. með teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim.
- Tekið þátt í vali á náttúrufræðilegum verkefnum
- Aflað sér upplýsinga er varða náttúruna

**Viðfangsefni: Efling ábyrgðar á umhverfinu**

- Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, sýnt félögum og náttúru alúð
- Tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru.
- Skoðað dæmi um áhrif af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð.

**Viðfangsefni: Lífsskilyrði manna**
**Viðfangsefni: Náttúra Íslands**

- Útskýrt einkenni lifandi vera, skýrt með dæmum lífsskilyrði lífvera og tengls við umhverfið.
- Sagt frá náttúruhamförum sem búast má við á Íslandi og hvar þær verða.
- Lýst algengustu lífverum í nánasta umhverfi sínu.

**Viðfangsefni: Heilbrigði umhverfsins**

- Flokkað úrgang

# 4.0. Náttúrufræði

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Tímafjöldi: 3 tímar á viku að jafnaði yfir heilt skólaár.

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Bærinn minn Hafnarfjörður*
- *Landið okkar Ísland*
- *Land og þjóð*
- *Risaeðlur*
- *Dýrin í sveitinni*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Bærinn minn Hafnarfjörður: Bókin „Hafnarfjörður er bærinn minn" útbúin af kennara.*
- *Landið okkar Ísland: Komdu og skoðaðu landnámið, Komdu og skoðaðu land og þjóð, ýmsar bækur af bókasafni.*
- *Risaeðlur: Söguramminn „Risaeðlur", ýmsar bækur af bókasafni.*
- *Dýrin í sveitinni: Í sveitinni með Æsu og Gauta, ýmsar bækur af bókasafni.*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Áhersla á fjölbreytt verkefni og kennsluaðferðir. Umræður, upplýsingaöflun, athuganir, vettvangsferðir, hópavinna, einstaklingsvinna og skapandi starf. Samþætting við aðrar greinar mikil. Náttúru- og samfélagsfræði ávallt samþætt í þemavinnu eða sögurömmum.

Þarfir og geta einstaklingsins eru ávallt hafðar að leiðarljósi við verkefnavinnu og framsetningu. Með fjölbreyttum leiðum í kennslunni er hægt að koma til móts við mismunandi þarfir og áhuga nemenda. Sögurammar og þemavinna gefa mikla möguleika til námsaðlögunar og gefur nemendum tækifæri til að læra út frá eigin forsendum.

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

- *Kennaramat í lok hvers þema/söguramma sem taka m.a. til eftirfarandi:*
    - *Vinnusemi*
    - *Vandvirkni*
    - *Virkni og hlustun í umræðum*
    - *Þátttaka, samvinna og tillitssemi í hópavinnu*
    - *Umgengni*
    - *Kunnátta á efnisþáttum*
- *Sjálfmat nemenda með hjálp gátlista.*

Þarfir og geta einstaklingsins eru ávallt hafðar að leiðarljósi við verkefnavinnu og framsetningu. Með fjölbreyttum leiðum í kennslunni er hægt að koma á móts við mismunandi þarfir og áhuga nemenda. Sögurammar og þemavinna gefa mikla möguleika til námsaðlögunar og gefur nemendum tækifæri til að læra út frá eigin forsendum.

# 5. Samfélagsgreinar

**Viðmið um námshæfni í samfélagsgreinum**

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Reynsluheimur**

- Borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi
- Lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga
- Rætt um samfélagið og notað valin hugtök í því samhengi
- Gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni
- Sagt frá atburðum og persónum á völdum tímum sem tengjast nærsamfélaginu.
- Bent á nokkrar mikilvægar stofnanir samfélagsins
- Áttað sig á gildi samhjálpar í samfélaginu
- Áttað sig á að hann er hluti af stærra samfélagi
- Varast hættur á heimili sínu og í nágrenninu

**Hugarheimur**

- Sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum
- Bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig.
- Gert sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur
- Áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði
- Gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti

**Félagsheimur**

- Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi
- Tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti
- Hlustað á og greint að, ólíkar skoðanir
- Sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra
- Áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna
- Sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi

## 5.1. Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Námið byggt á umræðum, hópavinnu og söguramma**.**

Tímafjöldi: 1 tími (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

### *i. Viðfangsefni í náminu*

- frásagnir úr *gamla testamentinu og lífi Jesú og boðskapur kristinnar trúar*
- *boðskapur jólaguðspjallsins*
- *atburðir páskavikunnar*

- *ólík menningarsvæði, siðir og venjur*
- *umburðarlyndi í samskiptum* við aðra o.s.frv.

### *ii. Námsgögn og kennsluefni*

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Örkin hans *Nóa sögurammi*
- Regnboginn – valdar sögur

### *iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Samlestur og umræður
- Skapandi starf og ritun ýmist í hópa- eða einstaklingsvinnu.

Þarfir og geta einstaklingsins eru ávallt hafðar að leiðarljósi við verkefnavinnu og framsetningu. Með fjölbreyttum leiðum í kennslunni er hægt að koma á móts við mismunandi þarfir og áhuga nemenda og gefur nemendum tækifæri til að læra út frá eigin forsendum.

### *iv. Námsmat og námsmatsaðlögun*

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

*Kennaramat í lok hvers þema/söguramma sem taka m.a. til eftirfarandi:*

- *Vinnusemi*
- *Vandvirkni*
- *Virkni og hlustun í umræðum*
- *Þátttaka, samvinna og tillitssemi í hópavinnu*
- *Umgengni*
- *Kunnátta á efnisþáttum*

Þarfir og geta einstaklingsins eru ávallt hafðar að leiðarljósi við verkefnavinnu og framsetningu. Með fjölbreyttum leiðum í kennslunni er hægt að koma á móts við mismunandi þarfir og áhuga nemenda. Sögurammar og þemavinna gefa mikla möguleika til námsaðlögunar og gefur nemendum tækifæri til að læra út frá eigin forsendum.

## 5.2. Jafnrétti og lífsleikni

### Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Tímafjöldi: 2 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

### *i. Viðfangsefni í náminu*

Unnið með hornstoðir skólans og dygðir, SMT skólafærni.

- *skólaheiti, skólareglur og hornstoðir skólans*
- *mannleg gildi eins og kærleikur, umburðarlyndi o.fl.*
- *samvinnu, ábyrgð og tillitssemi*

- *dygðir hvers mánaðar*
- *þjálfun samvinnu*
- *að nemendur öðlist leikni í að þekkja og tjá tilfinningar sínar*
- *að nemendur þjálfist í að mynda vináttutengsl og leysa úr ágreiningsmálum*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

- *Verkefni tengd daglegu lífi og dygðum.*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Hlustað á sögur, ævintýri og klípusögur.*
- *Horft á myndbönd.*
- *Umræður, leikræn tjáning og söngur*
- *Skapandi vinna og ritun*

Þarfir og geta einstaklingsins eru ávallt hafðar að leiðarljósi við verkefnavinnu og framsetningu. Með fjölbreyttum leiðum í kennslunni er hægt að koma á móts við mismunandi þarfir og áhuga nemenda og gefur nemendum tækifæri til að læra út frá eigin forsendum.

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

*Kennaramat í lok hvers þema/söguramma sem taka m.a. til eftirfarandi:*

- *Vinnusemi*
- *Vandvirkni*
- *Virkni og hlustun í umræðum*
- *Þátttaka, samvinna og tillitssemi í hópavinnu*
- *Umgengni*
- *Kunnátta á efnisþáttum*

Þarfir og geta einstaklingsins eru ávallt hafðar að leiðarljósi við verkefnavinnu og framsetningu. Með fjölbreyttum leiðum í kennslunni er hægt að koma á móts við mismunandi þarfir og áhuga nemenda. Sögurammar og þemavinna gefa mikla möguleika til námsaðlögunar og gefur nemendum tækifæri til að læra út frá eigin forsendum.

## 5.3. Landafræði, saga, og sam-/þjóðfélagsfræði

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Tímafjöldi: 4 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *nærumhverfi og helstu staðir Hafnarfjarðar*
- *Ísland í víðu samhengi, s.s. landafræði, menning, saga og þjóðhættir*

- *mismunandi atferli dýra og virðing gagnvart þeim*
- *húsdýrin á Íslandi*
- *forsöguleg dýr*

### *ii. Námsgögn og kennsluefni*

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Hafnarfjörður, bærinn minn*
- *Komdu og skoðaðu landnámið*
- *Komdu og skoðaðu land og þjóð*
- *Húsdýrin, Komdu og skoðaðu dýrin*
- *Söguramminn risaeðlur*

### *iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun*

Áhersla á fjölbreytt verkefni og kennsluaðferðir. Umræður, upplýsingaöflun, athuganir, vettvangsferðir, hópavinna, einstaklingsvinna og skapandi starf. Samþætting við aðrar greinar mikil. Náttúru- og samfélagsfræði gjarnan samþætt í þemavinnu eða sögurömmum.

Þarfir og geta einstaklingsins eru ávallt hafðar að leiðarljósi við verkefnavinnu og framsetningu. Með fjölbreyttum leiðum í kennslunni er hægt að koma á móts við mismunandi þarfir og áhuga nemenda. Sögurammar og þemavinna gefa mikla möguleika til námsaðlögunar og gefur nemendum tækifæri til að læra út frá eigin forsendum.

### *iv. Námsmat og námsmatsaðlögun*

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

*Kennaramat í lok hvers þema/sögurammasem taka m.a. til eftirfarandi:*

- *Vinnusemi*
- *Vandvirkni*
- *Virkni og hlustun í umræðum*
- *Þátttaka, samvinna og tillitssemi í hópavinnu*
- *Umgengni*
- *Kunnátta á efnisþáttum*

# 6. Skólaíþróttir

### Viðmið um námshæfni í skólaíþróttum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Heilsa og velferð**

- Notað hugtök sem tengjast íþróttum
- Gert sér grein fyrir mikilvægi heilbrigðs lífernis og hreinlætis
- Þekkt heiti helstu líkamshluta.
- Haft vald á helstu grunnhreyfingum s.s. að hlaupa, skríða, hoppa og klifra.
- Haft jákvæða upplifun af kennslustund

**Hreyfing og afkastageta**

- Farið eftir leikreglum mismunandi íþróttagreina
- Gert æfingar sem reyna á loftháð þol.
- Gert samsettar æfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu.
- Gert æfingar með mismunandi áhöldum.
- Virkni í kennslustund

**Félagslegir þættir og samvinna**

- Fara eftir fyrirmælum kennara
- Rætt um stríðni og einelti og brugðist við því á æskilegan hátt .
- Farið eftir leikreglum
- Tjáð skoðun sína á æfingum og leikjum

**Öryggi og skipulag**

- Mætt í viðeigandi fatnaði í íþróttatíma.
- Gert sér grein fyrir mikilvægi öryggis- og umgengnisreglna.
- Brugðist við óvæntum aðstæðum.

**Sund**

- Kafað og velt sér af kvið á bak og öfugt og tekið þátt í leikjum.
- Getur 10 m bringusund með eða án hjálpartækja.
- Getur 10 m skólabaksundsfótatök með eða án hjálpartækja.
- Getur spyrnt frá bakka og rennt með andlitið í kafi, lágmark 2,5 m
- Getur hoppað af bakka í laug.
- Getur framkvæmt marglyttuflot með því að rétta úr sér
- Haft ánægju af að hreyfa sig reglulega.
- Virkni í kennslustund
- Farið eftir reglum kennara og íþróttamannvirkja.
- Gert sér grein fyrir mikilvægi öryggis- og umgengnisreglna.

## Grunnþættir menntunar í skólaíþróttum

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í skólaíþróttum:

| **Grunnþáttur** | Áhersluþættir grunnþátta menntunar<br>Að nemandi |
|---|---|
| HEILBRIGÐI OG VELFERÐ: | • hreyfi sig alla daga vikunnar, um 60 mínútur á dag eða lengur.<br>• taki þátt í leikjum og/eða stundi íþróttir með ánægju og félagsleg samskipti að leiðarljósi, ásamt því að efla almennt líkamshreysti.<br>• iðki íþróttir og leiki á skólalóð<br>• þjálfist í æfingum og leikjum sem efla liðleika, líkamsreisn og líkamsstöðu. |
| JAFNRÉTTI: | • stundi fjölbreytta hreyfingu í formi leikja og/eða íþrótta sem eru án fordóma á skólatíma og í nærsamfélagi.<br>• hafi rétt til þátttöku í íþróttum til jafns við aðra.<br>• hafi fengið kynningu á þeim íþróttagreinum sem í boði eru í nærsamfélaginu. |
| LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI: | • hafi fengið tækifæri til að kjósa með lýðræðislegri kosningu um val á hreyfingu/leik í skólaíþróttum/sundi, þar sem hann fær tækifæri til að hafa áhrif á skipulagið.<br>• hafi jafnan rétt á við aðra að stunda hreyfingu a.m.k. þrisvar sinnum í viku í 40 mínútur í senn. |

| | |
|---|---|
| LÆSI: | • fái tækifæri til að ræða um mikilvægi hreyfingar fyrir líkamlega og andlega heilsu og vellíðan.<br>• Þekki heiti helstu líkamshluta.<br>• tileinki sér réttar reglur í leikjum og geti skorið úr ágreiningi ef upp kemur og læra að taka tapi sem og sigri.<br>• læri og tileinki sér skipulagsform eins og röð, lína, hringur og hópur.<br>• tileinki sér almennar reglur íþróttamannvirkja. |
| SJÁLFBÆRNI: | • fái tækifæri til að velja leik eða hreyfingu sem honum finnst áhugaverð og skemmtileg.<br>• þjálfist í því að fara rólega af stað í upphafi reglubundinnar hreyfingar og einnig í lok æfingar og skilji hvers vegna.<br>• hafi jákvæða upplifun af íþróttaiðkun.<br>• hafi ánægju af því að hreyfa sig reglulega. |
| SKÖPUN: | • tileinki sér helstu samskiptareglur og færni eins og að hlusta, hlýða, tjá skoðun, bíða og bregðast við. |

# 6.1. Íþróttir

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Tímafjöldi: Tvær 40 mín. kennslustundir á viku að jafnaði yfir skólaárið.

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- ***Grunnþættir líkams- og hreyfiþroska***
  *Líkamsstaða og líkamsbeiting, samhæfing, styrkur, þol, hraði, jafnvægi, liðleiki*
- ***Rytmiskar leikfimiæfingar***
  *með bolta, hringi, sippubönd, bönd, keilur* ○ *án smááhalda*
- ***Áhaldafimleikar***
  *Hindranahlaup, gólfæfingar, stökk, sveiflur, klifur, róla sér.*
- ***Leikir***
  *Boltaleikir, hlaupa- og viðbragðsleikir, kraftleikir, leiknileikir, samvinnuleikir, hugmyndaleikir, ratleikir*
- ***Frjálsíþróttir***
  *Hlaup, stökk, köst*
- ***Sértækir námsþættir***
  *Gönguferðir, vettvangsferðir og útihlaup.*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

***Áhöld í íþróttasal***

***Minni áhöld**: Boltar, gjarðir, sippubönd, snú-snú bönd, teygjur, léttar dýnur, liðabönd, vesti, mjúkir boltar, badmintonflugur og spaðar, bandý boltar og kylfur, keilur, skeiðklukkur, málband, spilastokkur, mottur.*

***Stærri áhöld:** Kistur, kubbar, hestar, kaðlar, slár, badminton uppistöður, blak uppistöður, mörk, körfur, bekkir, stærri dýnur, stökkbretti, boltagrindur, boltanet.*

***Áhöld í skóla og á skólalóð***

***Minni áhöld:** Boltar, sippubönd, snú-snú bönd, teygjur, mjúkir boltar, liðabönd, vesti, bandý kylfur.*

***Stærri áhöld:** Klifurbrautir, rólur, mörk, gervigrasvöllur, körfur, yfir veggur.*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- ***Kennsla í íþróttahúsi**: Íþróttasalur*
- ***Kennsla utanhúss:** Skólalóð*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

***Kennsluaðferðir**: Sýnikennsla, vettvangsferðir, endurtekningaræfingar, námsleikir, verkstæðiskennsla (stöðvaþjálfun), áfangaþjálfun, stöðugt þjálfunarálag, þrautalausnir og þrautabrautir, hlutverkaleikir, hermileikir, kannanir, hópvinnubrögð, leikræn tjáning.*

***Kennsluaðferðir og leiðir**: iPad og tengd tækni*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

c. Lykilhæfni:

***Hreyfing og -afkastageta***

*Námsmat: Færnipróf*

***Félagslegir þættir og samvinna***

*Námsmat: Virkni í kennslustundum, hegðun og færni.*

***Öryggi og skipulag***

*Námsmat*

1. *Að fara eftir reglum, m.a. öryggisreglum í íþróttahúsi*
2. *Að fylgja fyrirmælum kennara og starfsmanna*

d. Námshæfni:
*Stöðumat nokkrum sinnum yfir skólaárið, miðað er við samhæfingu, hreyfifærni, liðleika og þrek.*

## 6.2. Sund

### Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Tímafjöldi: Ein 40 mínútna kennslustund að jafnaði á viku yfir skólaárið.

Áhersla er lögð á að nemandi þjálfist og öðlist aukna færni í mismunandi sundaðferðum.

### ii. *Viðfangsefni í náminu*

Meginviðfangsefnin í sundi eru:

- ***Grunnþættir líkams- og hreyfiþroska***
  - *Að nemandi þjálfist í æskilegri líkamsstöðu í vatni og líkamsbeitingu, samhæfingu, liðleika, þoli, krafti og hraða auk almennrar vatnsaðlögunar*
- ***Bringusund***
  - *Að nemandi geti synt viðstöðulaust 12,5 metra bringusund.*
- ***Baksund***
  - *Að nemandi geti synt 6 metra baksundsfótatök, með eða án hjálpartækja.*
- ***Marglyttuflot***
  - *Að nemandi geti gert marglyttuflot með því að rétta úr sér.*
- ***Skriðsund***
  - *Að nemandi geti synt viðstöðulaust 12,5 metra skriðsund.*
- ***Kafsund***
  - *Að nemandi geti synt 5–6m kafsund.*
- ***Hopp***
  - *Að nemandi geti hoppað af palli ofan í sundlaug.*
- ***Leikir***
  - *Að nemandi nái geti tekið þátt í ýmsum leikjum til að öðlast færni í samvinnu, aukið þol, kraft, hraða og viðbragð*
  - *Að nemandi læri að bera virðingu fyrir þörfum og getu samnemenda o Að nemandi fái tækifæri til að bæta félagsþroska sinn og samskipti*

### iii. *Námsgögn og kennsluefni*

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- ***Áhöld í sundlaug**: Kútar, núðlur, stór bretti, lítil bretti, sundfit, flotholt af ýmsum gerðum, kafhringir, kafhlið, gjarðir, dýnur, boltar.*

### iv. *Námsfyrirkomulag og námsaðlögun*

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

Kennsla fer fram í Suðurbæjarlaug: Unnið með sundkennsluleiðbeiningar í ákveðinn tíma til að styðja við nemendur til að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Við upphaf kennsluárs*
- *Um mitt kennsluár*
- *Við lok kennsluár*
- *Dagleg hreyfing borin saman milli tímabila*
- *Heimanám (foreldrar)Nemendur eru hvattir til að stunda sund utan skólatíma og mæta þannig kröfum námsins.*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- ***Kennsluaðferðir**: Sýnikennsla, endurtekning, leikir, þolþjálfun, þrautabrautir, hópvinna, samvinna, sköþun*
- ***Kennsluaðferðir og leiðir:** iPad og tengd tækni*

***v. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

c. Lykilhæfni:

***Heilsa og velferð***
*Námsmat: Markmiðasetning og framfarir*
***Hreyfing og afkastageta***
*Námsmat:2. sundstig*
***Félagslegir þættir og samvinna***
*Námsmat: Virkni í kennslustundum, Viðhorf og áhugi*
***Öryggi og skipulag***
*Námsmat: Að fara eftir reglum á sundstöðum, Að fylgja fyrirmælum kennara og starfsmanna*

d. Námshæfni:

*Stöðumat 4-5 sinnum yfir skólaárið, miðað er við viðkomandi sundstig.*

# 7. Stærðfræði

### Viðmið um námshæfni í stærðfræði

**Að geta spurt og svarað með stærðfræði**
- Leyst einfaldar stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað áþreifanlega hluti og eigin skýringamyndir
- Sett fram, meðhöndlað og túlkað talnalínur, teikningar sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi
- Sett fram, meðhöndlað og túlkað myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi
- Rökrætt af innsæi um stærðfræðiverkefni sem tengjast eigin reynsluheimi, vali á lausnaleiðum og fylgt röksemdafærslu annarra.

**Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar**
- Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og tengt þau við daglegt mál
- Tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni

**Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar**
- Tekið þátt í að þróa einfaldar lausnaleiðir, með því m.a. að nota hlutbundin gögn og teikningar.
- Lesið og rætt um einfaldar upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuð.
- Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á hugmyndum nemenda.
- Notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi og geri sér grein fyrir verðgildi peninga

**Tölur og reikningur**
- Notað náttúrlegar tölur, raðað þeim og borið saman
- Notað tugakerfisritháttt

- Reiknað með náttúrlegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt
- Tekið þátt í að þróa einfaldar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við að reikna: Samlagningardæmi
- Tekið þátt í að þróa einfaldar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við að reikna: Frádráttardæmi

**Algebra**
- Kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum á einfaldan hátt og spáð fyrir um framhald mynsturs, t.d. með því að nota líkön og hluti

**Rúmfræði og mælingar**
- Notað einföld hugtök úr rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu,
- Þekki tví- og þrívíð form, teiknað einfaldar skýringarmyndir af þeim og hlutum í umhverfi sínu
- Áætlað og mælt ólíka mælieiginleika, s.s. lengd, þyngd og tíma með óstöðluðum og stöðluðum mælitækjum

# 7.0. Stærðfræði

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Tímafjöldi: 5 kennslutímar á viku

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *að nemandi geti spurt og svarað með stærðfræðinni,*
- *að nemandi kunni að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar,*
- *vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar,*
- *algebra,*
- *tölur og reikningur,*
- *rúmfræði og mælingar,*
- *tölfræði og líkindareikningur.*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

*Sproti 2a*

- *Sproti 2b*
- *Viltu reyna,*
- *Línan,*
- *Aukabækur,*
- *Verkefni fyrir vasareikna,*
- *Í undirdjúpunum (samlagning og frádráttur),*
- *prentuð stærðfræðiefni af Skólavefnum,*
- *Húrrahefti*
- *Spil,*

- *Stærðfræðigögn.*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Innlagnir,*
- *Hópavinna,*
- *Samvinnunám,*
- *Einstaklingsnám,*
- *Bókavinna,*
- *Hlutbundin vinna,*
- *Þrautir, gagnvirkt efni, heimavinna.*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

- *Próf: kaflapróf, yfirlitspróf*
- *Kannanir*
- *Símat*
- *Vinnubókarmat*
- *Hópverkefni*
- *Einstaklingsverkefni*
- *Munnleg próf*

# 7.1. Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræði

**<u>Grundvallarfærni</u>**

Nemendur eiga að geta:

- *tjáð sig munnlega og sett fram tilgátur og spurningar sem hægt er að rannsaka og svara með því að nota stærðfræðiþekkingu sína.*
- *notað tölur og einfalda útreikninga til að rökstyðja mál sitt.*
- *útskýrt með hjálp stærðfræðinnar aðferð sína eða ákveðið hugsunarferli við lausn verkefna.*
- *tjáð sig skriflega og notað ýmsar óhlutbundnar aðferðir til að sjá hvernig þeir vinna í stærðfræði t.d. teikningar og skissur, myndir, töflur og skýringarmyndir.*
- *notað áþreifanlega hluti eins og kubba, sætisgildiskubba, fingur og peninga.*
- *lesið og skilið stærðfræðiverkefni eins og þau koma fyrir í orðadæmum og einföldum textaverkefnum.*
- *lesið úr töflum og einföldum súluritum.*
- *reiknað, rannsakað og leyst verkefni úr raunverulegum og hversdagslegum kringumstæðum.*
- *náð valdi á og tileinkað sér reikningsaðgerðirnar, einkum hvað varðar hundraðtalnatöfluna.*
- *vitað hvert svarið er þegar tvær eins stafa tölur eru lagðar saman og þurfa að geta skipt tölu undir 20 í tvær eins stafa tölur.*
- *skrifað tölustafina, þekkt talnaröðina upp í 100 og vitað hvaða tala er næst á undan og næst á eftir.*

- *notað þekkingu sína á staðreyndum og færni til að leysa raunhæf verkefni.*
- *notað tölvur og reiknivélar.*

# 7.2. Tölur, reikningur og algebra

**Tölur**

Nemendur eiga að:

- *kunna að telja, raða, lesa og skrifa tölur upp í 100.*
- *öðlast reynslu af talningu þannig að þeir geti nokkurn veginn áætlað stærð safns á þessu talnasviði.*
- *geta tilgreint tölur á mismunandi vegu, t.d. með tölustöfum peningum, kubbum, sætisgildiskubbum, talningarstrikum o.s.frv.*
- *þekkja til hlítar tölurnar upp í 10.*
- *geta skipt öllum tölum undir 10 í tvo hluta eða tvö söfn, t.d. átti sig á að tölunni 8 er hægt að skipta í 7+1 o.s.frv.*
- *þekkja svokallaða talnavini.*
- *geta skipt söfnum og sameinað söfn af stærðum upp í 10.*
- *vita að 10 samsvarar einum tug.*
- *vita að tveggja stafa tala er sett saman úr tugum og einingum þar sem einingarnar eru skráðar í hægra sætið en tugirnir í það vinstra.*
- *geta bæði skipt tveggja stafa tölu í tugi og einingar og sameinað tugi og einingar í tveggja stafa tölu.*
- *geta notfært sér þessa skiptingu og fundið ýmsar reikningsaðferðir til að leggja saman og draga frá með tveggja stafa tölum.*
- *geti notað talnalínuna til að tilgreina stærð talna og til hjálpar við samlagningu og frádrátt.*
- *geta tvöfaldað og helmingað fjölda bila á talnalínu og skilja hvernig þetta tengist samhverfu.*
- *þekki sléttar tölur og oddatölur og viti hvernig þær virka þegar tölur eru helmingaðar eða tvöfaldaðar.*

  *þekkja einföld talnamynstur, einkum mynstur sem verða til þegar ákveðin tala er lögð við síðasta lið í talnaröðinni.*
- *geta gert munnlega grein fyrir hvernig talnamynstrið er myndað.*

# 7.3. Rúmfræði, mælingar, tölfræði og líkindi

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

**Rúmfræði**

Nemendur eiga að:

- *þekkja og geta lýst einkennum einfaldra tvívíðra og þrívíðra mynda með hliðsjón af hornum, hliðum og hliðarflötum.*
- *geta flokkað hluti og myndir eftir hornum, hliðum og hliðarflötum.*
- *þekkja og geta aðgreint þrívíðu formin: sívalninga, kúlur, strending og pýramída.*
- *þekkja og geta aðgreint tvívíðu formin: hring, marghyrninga s.s. þríhyrninga, ferhyrninga, fimmhyrninga og sexhyrninga.*

- *þekkja og geta notað speglun í raunverulegum aðstæðum.*
- *geta búið til og lokið við teikningar þannig að þær verði samhverfar.*
- *geta fundið speglunarásinn í samhverfum myndum.*
- *geta búið til og rannsakað einföld rúmfræðileg mynstur og lýst þeim munnlega.*

**Mælingar**

Nemendur eiga að:

- *geta giskað á eða metið lengdir og borið saman lengdir og flatarmál.*
- *kunna að nota óstaðlaðar mælieiningar eins og þumlunga, fet, blýanta, liti, tannstöngla o.fl. til að mæla lengdir.*
- *kunna að nota A4-blöð og dagblöð til að mæla flatarmál.*
- *geta gert sér grein fyrir hvaða mælitæki heita hverju sinni og hvernig á að nota þau.*
- *þekkja vikudagana og röð þeirra, nöfn og röð mánaðanna og hvaða árstíð er hverju sinni.*
- *geta sagt til um heila og hálfa tímann á skífuklukku.*
- *vita hve ein klukkustund er löng og geta nefnt einhverja atburði sem standa um bil eina klukkustund.*
- *þekkja íslenskar myntir og geti notað þær við kaup og sölu.*

**Tölfræði**

Nemendur eiga að:

- *geta safnað og flokkað einföld gögn í viðeigandi flokka.*
- *geta talið fjöldann í hverjum flokki, í fyrstu með talningarstrikum eða öðru og að lokum með tölustöfum.*
- *geta sett upplýsingar fram í töflu. þeir geti einnig sett upplýsingar fram í súluriti.*

# 8. Upplýsinga- og tæknimennt

**Viðmið um námshæfni**

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

| **Heildarviðmið** |
| --- |
| • Geti notað tölvu óhræddur/óhrædd<br>• Þekkt helstu hluta tölvunnar og jaðartæki hennar og er fær um að beita þeim<br>• Nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við eigið nám<br>• Beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningu<br>• Notað einfaldan hugbúnað/forrit við myndvinnslu<br>• Nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms<br>• Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni<br>• Notað hugbúnað/ forrit við einföld ritunarverkefni |

## 8.2. Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Tímafjöldi: Árgangurinn hefur einn fastan tíma í tölvuveri eða bókasafni á viku.

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- að *geta unnið við tölvur áhyggjulaus,*
- *að hafa gaman að upplýsingatækni,*
- *vinnubrögð og beiting við tölvu,*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Glærur úr safni kennarans*
- *Forritið Word*
- *Forritið Málun*
- *Náms.is*
- *Internetið*
- *Bækur*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla fram á eftirfarandi hátt:

- *Innlagnir*
- *Einstaklingsnám*
- *Þrautir*
- *Gagnvirkt efni*

Í náminu er námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni.

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni: *Símat, einstkalingsverkefni*

# 3. bekkur

## Skólanámskrá Áslandsskóla




Skólaárið 2020-2021

# II.1. Samantekt kennslu – Viðmiðunarstundaskrá
# 3. bekkur

Kennslutímar á viku skiptast í eftirfarandi námsgreinar.

| Námssvið | Námsgreinar | Tímafjöldi í skóla á viku |
|---|---|---|
| 1. Íslenska | 1.1. Talað mál, hlustun og áhorf<br>1.2. Lestur og bókmenntir<br>1.3. Ritun<br>1.4. Málfræði | 1<br>3<br>2<br>1 |
| 2. Erlend tungumál | 2.1. Enska<br>2.2. Danska og önnur Norðurlandamál | 1 |
| 3. List- og verkgreinar | *A Listgreinar:*<br>3.1. Sviðslistir (dans og leiklist)<br>3.2. Sjónlistir (myndmennt)<br>3.3. Tónmennt<br>*B Verkgreinar:*<br>3.4. Heimilisfræði<br>3.5. Hönnun og smíði<br>3.6. Textílmennt | 3<br>1<br>1<br>1<br>3<br>1<br>1<br>1 |
| 4. Náttúrugreinar | 4.0. Náttúrufræði | 3 |
| 5. Skólaíþróttir | 5.1. Íþróttir<br>5.2. Sund | 2<br>1 |
| 6. Samfélagsgreinar | 6.1. Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði<br>6.2. Jafnrétti og lífsleikni<br>6.3. Landafræði, saga, sam-/þjóðfélagsfræði | 1<br>1<br>2 |
| 7. Stærðfræði | 7.0. Stærðfræði<br>(eða)<br>7.1. Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar<br>7.2. Tölur, reikningur og algebra<br>7.3. Rúmfræði, mælingar, tölfræði og líkindi | 5 |
| 8. Upplýsinga- og tæknimennt | 8.1. Miðlamennt og skólasafnsfræði<br>8.2. Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni | 1 |
| Alls | | 30 |

# 1. Íslenska, íslenska sem annað mál og íslenskt táknmál

## Íslenska

**Viðmið um námshæfni í íslensku**

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Talað mál, hlustun og áhorf**

- Tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hóp
- Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu viðfangsefni
- Hlustað og horft með  athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni
- Átt góð samskipti , hlustað og sýnt kurteisi
- Endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða horft

**Lestur og bókmenntir**

- Lesið skýrt og áheyrilega
- Lesið texta sér til gagns
- Lesið stuttar sögur og ljóð ætluð börnum
- Beitt hugtökum eins og persóna, söguþráður, umhverfi og boðskapur
- Valið sér lesefni eftir áhuga og þörf
- Beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði eins og rím og ljóðlína
- Aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum svo sem bókum og á rafrænu formi
- Lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum

**Ritun**

- Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphaf, meginmál og niðurlag
- Samið texta frá eigin brjósti svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð
- Beitt nokkrum einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi
- Skrifa einfaldan texta á rafrænu formi
- Skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda
- Dregið rétt til stafs, notað tengikrók
- Dregið rétt til stafs, skrifað skýrt og læsilega

**Málfræði**

- Beitt töluðu máli af nokkru öryggi og ráði yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska
- Raðað í stafrófsröð og gert sér nokkra grein fyrir notagildi þess
- Gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða.
- Geti fundið nafnorð í texta og greint þau í sérnöfn og samnöfn.
- Leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins: Kyn og tala
- Leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins: Samsett orð
- Leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins: Andheiti og samheiti

## 1.1. Talað mál, hlustun og áhorf

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Tímafjöldi: 1 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. ***Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *að taka þátt í umræðum*
- *þátttaka í söngleik á menningardögum*
- *að endursegja efni sem þau voru að lesa eða hlusta á*
- *að hlusta á aðra segja frá*
- *að hlusta á morgunstundir af athygli*
- *að taka þátt í flutningi á morgunstund*
- *að hlusta á fyrirmæli*
- *að sýna öðrum kurteisi*

ii. ***Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *PALS*
- *Nestisbækur*

iii. ***Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Söngleikur á Menningardögum*
- *Umræður*
- *Upplestur á eigin verkum og annarra*
- *Hlustun á upplestur* annarra

iv. ***Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

- Virkni og *hlustun í umræðum og frásögnum*
- *Hlýða fyrirmælum*
- *Kurteisi og samskipti við aðra*

## 1.2. Lestur og bókmenntir

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Tímafjöldi: 3 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. ***Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Að ná betri tökum á lestri, þjálfist stöðugt og nái meiri hraða og betri lesskilningi*
- *Að þau geti lesið sér til gagns og ánægju, efni við hæfi hvers og eins*
- *Að þau lesi ljóð*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Lestrarbækur við hæfi hvers og eins ásamt vinnubókum*
- *Sitt lítið af hverju*
- *Lesrún*
- *Sögusteinn*
- *Lesum saman ásamt vinnubók*
- *PALS*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Heimalestur*
- *Jafningjahópur*
- *PALS*
- *Hópvinna*
- *Umræður*
- *Innlögn kennara á nýjum hugtökum*
- *Lestur í bakkabók*
- *Vinna í vinnubókum*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Lestrar- og vinnubækur við hæfi hvers og eins*
- *Einstaklingsnámskrá hjá þeim sem þurfa*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi: Námshæfni:

- *Lesferill að hausti, í janúar og að vori (fjöldi lesinna orða)*
- *Orðarún, könnun í lesskilningi í janúar og maí*
- *Umsögn um árangur og framfarir*

# 1.3. Ritun

### Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Tímafjöldi: 2 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

### i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Að þau geti nýtt sér ritun til gagns og ánægju, geti skrifað lengri sögur og léttan fræðitexta t.d. í tengslum við söguramma*
- *Að auka úthald við ritun svo nemendur geti skrifað lengri texta*
- *Að þau geti samið texta frá eigin brjósti og nýtt sér grunnþætti í byggingu texta*
- *Læri tengiskrift, dragi rétt til stafs og hafi læsilega rithönd*
- *Læri nokkrar einfaldar stafsetningarreglur*

### ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Lestrarbækur v/hæfi hvers og eins ásamt vinnubókum*
- *Sitt lítið af hverju*
- *Sögusteinn*
- *Lesum saman ásamt vinnubók*
- *Ritrún*
- *Lesrún*

### iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Fjölbreytt ritun, t.d. í tengslum við söguramma, í samfélags og náttúrufræði, lífsleikni o.s.frv.*
- *Sögugerð, bæði heima og í skólanum*
- *Jafningjahópar*
- *Skrift þar sem lögð er áhersla á réttan stafdrátt, bæði í skóla og heima*
- *Hópvinna*
- *Einstaklingsvinna*
- *Vinna í vinnubókum*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Kröfur aðlagaðar að getu nemenda, t.d. með einstaklingsáætlun*

### iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

Námshæfni:

- *Framfarir í ritun*
- *Notkun á uppbyggingu texta svo sem upphaf, meginmál og niðurlag (gátlisti)*
- *Skriftarkönnun þar sem eftirfarandi þættir eru metnir*
    - *Stafdráttur*
    - *Tengikrókar*
    - *Stafir réttir á línu*
    - *Útlit skriftar*

## 1.4. Málfræði

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**
Tímafjöldi: 1 tími (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

***i. Viðfangsefni í náminu***
Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Þjálfast í að raða í stafrófsröð*
- *Læri nokkur málfræðiatriði*
- *Vinni með nafnorð og lýsingarorð*
- *Greini mun á sérnöfnum og samnöfnum*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***
Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Ritrún 3*
- *Græni blýanturinn*
- *Skrift rauðar bækur*
- *Tvistur/ Þristur*
- *Skolavefurinn.is*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***
Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Umræður*
- *Einstaklingsverkefni, t.d. vinnubækur*
- *Hópverkefni*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Einstaklingsnámskrá hjá þeim sem þurfa*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***
Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- *Stuttar málfræðikannanir í efni sem unnið er hverju sinni*
- *Vorpróf*

# 2. Erlend tungumál

## 2.1. Enska

## Viðmið um námshæfni í erlendum tungumálum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Hlustun**
- Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni þegar talað er hægt og skýrt og brugðist við með orðum eða athöfnum.
- Skilið einfalt mál þegar talað er um fjölskyldu hans og hann sjálfan þegar talað er hægt og skýrt.
- Skilið einfaldar spurningar um hann sjálfan.

**Samskipti**
- Heilsað, kvatt, þakkað fyrir sig og beðist afsökunar
- Geti spurt hvernig fólk hafi það og sagt hvernig þau sjálf hafa það.
- Get sagt hver hann er, spurt aðra að nafni og kynnt þá.
- Getur sungið einfaldar barnavísur
- Geti sagt heiti á hlutum út frá myndaspjöldum

**Lesskilningur**
- Lesið og skilið einfaldar setningar sem tengist viðfangsefni árgangsins með stuðningi mynda.
- Skilið einfaldar athugasemdir kennara eða skilaboð sem tengjast námi.

**Ritun**
- Skrifað einföld orð sem tengjast viðfangsefni árgangsins.

## Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgrein er kennd af umsjónarkennara og hefur hann 1 kennslustund á viku (40 mín. hver kennslustund). Unnið er eftir TPR (Total Physical Response) kennsluaðferðinni.

### *i. Viðfangsefni í náminu*

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Kveðjur*
- *Tölur*
- *Litir*
- *Fatnaður*
- *Stafrófið*
- *Líkaminn*
- *Fjölskyldan*
- *Veður*
- *Dýrin*
- *Áhugamál*
- *Vikudagar*
- *Árstíðir*
- *Hátíðir (jól og páskar)*
- *Tilfinningar*
- *Matur*

### *ii. Námsgögn og kennsluefni*

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Speak Out*
- *Work Out*
- *Adventure Island of English Words*
- *Myndaspjöld*
- *Spil og ljósrituð verkefni*
- *Léttlestrarbækur*
- *Ljósrituð verkefni*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Nemendur syngja. (s.s. Chanting)*
- *Læra orðaforða með myndaspjöldum*
- *Fara í ýmsa námsleiki s.s. hreyfileiki, bingo, samstæðuspil*
- *Herma eftir kennaranum*
- *Lita eða teikna eftir fyrirmælum*
- *Hlutverkaleikir, leikræn tjáning*

Einnig er enskukennslan samþætt öðrum greinum s.s. lífsleikni þar sem nemendur æfa leikrit á ensku og flytja á morgunstund. Þegar við á, er enskan einnig samþætt alþjóðlegum verkefnum s.s. Comenius/Erasmus eða „Travel Buddy“ skipti. Áhersla er lögð á hlustun og samskipti jafnt sem nemendur byrja að þjálfa lestur og ritun. Lestur með hlustun í kennslutímum. Nemendur lesa léttlestrarbækur heima á ensku fyrir foreldra. Nemendur útbúa myndaorðabók í kennslutímum og safna orðaforða.

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- *Kannanir*
- *Símat*
- *Vinnubókarmat*

# 3. List- og verkgreinar

## A. hluti:

## 3.1. Sviðslistir

**Viðmið um námshæfni í sviðslistum**

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

| Leiklist |
|---|
| • Tekið virkan þátt í leikrænu ferli í hópi<br>• Sýnt skólasystkinum tillitssemi |

| |
|---|
| • Beitt einföldu formi leiklistar<br>• Sett saman einfalda leikþætti með skýru upphafi, miðju og endi<br>**Dans**<br>• Hreyft sig frjálst og í takt við tónlist í samræmi við hreyfigetu eigin líkama<br>• Tengt saman hreyfingu og tónlist í dansi<br>**Umgegni, vinnusemi og framkoma**<br>• Gengið frá eftir vinnu sína<br>• Sýnt vinnusemi í tímum<br>• Sýnt viðeigandi framkomu<br>• Farið eftir fyrirmælum |

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Menntun í sviðslistum snýst um að þjálfa nemendur í aðferðum listgreinanna, leiklist og dansi. Sviðslistir snúast ekki síður um læsi í víðu samhengi og eiga að dýpka skilning nemenda á sjálfum sér, mannlegu eðli og samfélagi. Í sviðslistum fá nemendur tækifæri til að setja sig í spor annarra og prófa sig áfram með mismunandi tjáningarform, hegðun og lausnir í öruggu umhverfi. Sviðslistir styðja nemandann í að tjá, móta og miðla hugmyndum sínum og tilfinningum. Auk þess reyna þær stöðugt á samvinnu, samskipti, sköpun, tungumál, tjáningu, gagnrýna hugsun og líkams- og raddbeitingu.

Tímafjöldi: Kennt er í lotum.

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Einfaldar aðferðir leiklistar og einföld dansspor. Nemendur þjálfast í að setja sig í spor annarra, koma fram og sýna fyrir aðra, einnig læra að vera áhorfendur.*
- *Leiksýning á menningardögum sem samanstendur af leik, söng og dansi.*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Verkefni frá kennara*
- *Þjóðsögur og ævintýri*
- *Upphitunar-, einbeitingar- og traustæfingar*
- *Einfaldar aðferðir leiklistar*
- *Einföld dansspor*
- *Just dance*
- *Ýmsir leikir*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan fram á eftirfarandi hátt í skóla og heima (utan skóla):

- *Innlagnir*
- *Sýnikennsla*
- *Verklegar æfingar*
- *Úrvinnsla*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytni í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum og mismunandi hæfileikum þeirra.*

### *iv. Námsmat og námsmatsaðlögun*

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Símat er í lotunni þar sem eftirfarandi er metið:

- Umgengni, *vinnusemi*, framkoma, framvinda og hæfni metin í lok lotu.

## 3.2. Sjónlistir - myndmennt

### Viðmið um námshæfni í list- og verkgreinumv

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Verklag og efnisnotkun**

- Notað mismunandi efni og verkfæri við myndsköpun
- Þekkja blöndun grunnlita og hvaða litir vera til við blöndun

**Verkefnavinnsla**

- Nýtt sér myndbyggingu og þekkt hvernig hún verður til
- Unnið með mismunandi efnisáferðir og nýtt sér t.d. tau, band, sand o.s.frv.
- Unnið út frá tvívíðu formi
- Þekkt leir og nýtt sér möguleika hans í myndlist

**Umhverfi**

- Unnið út frá reglum um frágang á áhöldum og stofu
- Unnið út frá þekkingu um nýtingu efna og endurvinnslu og áhrif þess á umhverfið
- Unnið í samvinnu og sýnt tillitsemi
- Beitt líkamstöðu á réttan  hátt við vinnu sína og gert sér grein fyrir notkun og kostum hlífðarfatnaðar

### Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Í myndmennt er lögð áhersla á að nemendur geti þroskað með sér vitund í að þekkja og vinna sjálfstætt að myndsköpun. Að þau kynnist efnum og áhöldum. Geti greint og sagt frá aðferðum og skoðað verk á meðvitaðan hátt.

Markmiðið með kennslunni er að upplýsa um aðferðir, gamlar sem nýjar og kynna sögu greinarinnar. Sjónlistir eru margvíslegar og verður reynt að gera þeim skil á eins fjölbreytilegan hátt og kostur er.

### *i. Viðfangsefni í náminu*

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Grunnformin, grunnlitir, verkefni unnin út frá þessum þáttum*
- *Leirvinna þar sem unnið er lítið stykki sem unnið er í einu lagi*
- *Verkefni sem unnið er út frá tjáningu og verkfærni*
- *Valverkefni þar sem nemendur vinna út frá fyrri reynslu verkefna*

### *ii. Námsgögn og kennsluefni*

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Fyrirfram unnin verkefni sem fengin eru frá kennara*

- *Bækur sem til eru í myndmenntastofu t.d. Myndmennt I og 2 og listaverkabækur*
- *Bækur sem fengnar eru að láni á bókasafni skólans*
- *Veraldarvefurinn, síður sem finna má kennsluefni á t.d. Art for kids, googel.com*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan fram á eftirfarandi hátt:  í skóla og heima (utan skóla)

- *innlagnir*
- *sýnikennsla*
- *veklegar æfingar*
- *úrvinnsla*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *verkefnavali er stýrt frá kennara að einhverju leiti hvað varðar þjálfun og mat á getur nemenda*
- *nemendur fá að hafa  áhrif um vinnuaðferðir og val á verkefnum þar sem þau sýna getu hvers og eins og þannig mætt þörfum þeirra að upplifa eigin getu í náminu*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi: Símat er í lotunni þar sem eftirfarandi er metið:

- *Hefur nemandi unnið eftir fyrirmælum, borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á*
- *sýnt vinnusemi og vandvirkni*
- *skilað verkefnum lotunnar á viðeigandi hátt*

# 3.3. Tónmennt

### Viðmið um námshæfni í list- og verkgreinum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Söngur**
- Notað röddina til hljóð – og tónsköpunar
- Greint ólíkar raddir
- Sungið hreint með skýrum framburði
- Gert grein fyrir nokkrum frumþáttum tónlistar, t.d. blæ og styrk

**Hljóðfæri**
- Leikið einföld lög á blokkflautu
- Þekkt helstu hljóðfæri eftir sjón og heyrn
- Gert grein fyrir og þekkt hljóðfæraflokka lúðrasveitar út frá útliti þeirra og hljómblæ

**Hreyfing**
- Búið til hreyfimynstur í hópi við mismunandi tónlist og hljóð. Túlkað með hreyfingu ýmsar myndir sem birtast í tónlistinni
- Sungið algenga hreyfisöngva
- Hreyft sig óhindrað og frjálst og túlkað um leið ýmsa þætti tónlistarinnar

**Ritun**

- Þekkt tóna, lengdargildi og nokkur hugtök tónlistar
- Skráð, klappað og spilað einfaldan hryn

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**
Tónlist er snar þáttur í lífi og starfi manna hvar sem er í heiminum. Hún er leið til sköpunar og tjáskipta, oft án orða, sem einstaklingar fara til að tjá tilfinningar sínar. Kennslan á að efla næmi nemenda og þekkingu á frumþáttum tónlistar, tónhæð, tónlengd, blæ, styrk, hljómum, túlkun og formi, til þess að þeir geti myndað sér skoðun á ólíkum stíl tónlistar, geti gert sér grein fyrir gildi hennar í eigin menningu og lífi og notið hennar á uppbyggilegan, markvissan og persónulegan hátt.

Tímafjöldi: Kennt er í lotum.

***i. Viðfangsefni í náminu***
Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Hljóðfæri: Blokkflauta, stofuhljóðfæri, kynning á hljóðfæraflokkum og hljóðfærum þeirra.*
- *Söngur: Sönglög frá mismunandi tímum, sem og tengt hátíðum og árstíðum.*
- *Ritun: Unnin ýmis tónfræði - og hrynverkefni.*
- *Hreyfing: Nemendur túlka með hreyfingu ýmsar verur og kynjamyndir sem heyrast í tónlist.*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***
Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Flautað til leiks 2*
- *Karnival dýranna*
- *Ýmis verkefni frá kennara*
- *Veraldarvefurinn*
- *Það var lagið*
- *Sönghefti*
- *Tónaflóð*
- *Stofuhljóðfæri*
- *Háskaleikur*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***
Í meginatriðum fer námið og kennslan fram á eftirfarandi hátt í skóla og heima (utan skóla):

- *Nemendur æfa sig á flautuna fyrir hvern tíma*
- *Bein kennsla*
- *Skrifleg og verkleg verkefni*
- *Sýnikennsla*
- *Samspil, einleikur*
- *Innlögn*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytni í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum og mismunandi hæfileikum þeirra.*

### *iv. Námsmat og námsmatsaðlögun*

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Flautupróf og símat í lotunni þar sem metið er eftirfarandi:

- *Flautupróf, leikni á flautuna, þekking á tónum og táknum.*
- *Unnið eftir fyrirmælum*
- *Tekið virkan þátt í söng og leik*
- *Tekið leiðsöng á jákvæðan hátt*

# B. hluti:
# 3.4. Heimilisfræði

## Viðmið um námshæfni í list- og verkgreinum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Verklag - Matur og vinnubrögð**

- Farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsáhöld
- Útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir

**Vinnufærni - Matur og lífshættir**

- Tjáð sig um helstu kostnaðarliði við matargerð og heimilishald almennt
- Tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti

**Umhverfi - Matur og umhverfi**

- Sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við sjálfbærni
- Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif

**Matur og menning**

- Tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald, helstu hátíðir Íslendinga, siði sem þeim fylgja og þjóðlegan mat

### Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Í heimilisfræði er lögð áhersla á að nemandinn öðlist færni í að vinna í eldhúsi við fjölbreytta matargerð. Kynnist og öðlist færni í að beita og nota eldhúsáhöld, tileinka sér að vinna með og lesa uppskriftir. Lögð er mikil áhersla á hreinlæti í meðferð matvæla og að nemendur tileinki sér notkun á fæðuhringnum. Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæð í verki, stuðla að vinnugleði, samvinnu, virðingu fyrir verkinu, þjálfa einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Námsgreinin byggir á áherslu á að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl fyrir komandi framtíð.

Tímafjöldi: kennt er í lotum.

### *i. Viðfangsefni í náminu*

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Mælieiningar, samvinna, meðhöndlun áhalda, skilningur á hollustu og heilbrigði, hreinlæti og frágangur.*
- *Unnið með fjölbreyttar mataruppskriftir.*

### *ii. Námsgögn og kennsluefni*

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Fyrirfram ákveðin verkefni frá kennara.*
- *Stuðst við bækur í heimilisfræðistofunni.*
- *Veraldarvefurinn ýmsir vefir tengdir mat og matarmenningu.*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan fram á eftirfarandi hátt: í skóla og heima (utan skóla)

- *Bein kennsla*
- *Innlagnir*
- *Sýnikennsla*
- *Verklegar æfingar*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytni er í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum og mismunandi hæfileikar þeirra fái að njóta sín.*
- *Nemendur fá að vera með í vali á hluta verkefna til að mæta þeirra þörfum og um leið fá þau tækifæri til að koma fram með sjálfstætt val og hafa sjálfstjórn á sínu eigin námi.*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Símat er í lotunni þar sem eftirfarandi er metið:

- *Símat*
- *Vinnubók*

# 3.5. Hönnun og smíði

## Viðmið um námshæfni í list- og verkgreinum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Handverk**

- Valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt.
- Gert grein fyrir nokkrum smíðaefnum sem unnið er með.

**Hönnun og tækni**

- Unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit.
- Bent á ýmis tæknifyrirbrigði er tengjast hans daglega lífi
- Greint einfaldar þarfir í umhverfi sínu og rætt nokkrar lausnir.
- Sagt frá orkugjöfum sem nota má í smíðaverkefnum og nýtt virkniþætti í smíðagripum ss. vogarafl, gorma og teygjur

**Umhverfi**

- Valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi.
- Beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar.
- Sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með
- Gengið frá eftir vinnu sína

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**
Í hönnun og smíði er lögð áhersla á að nemandinn öðlist færni í að smíða hluti með fjölbreyttum efnum, verkfærum og tækni. Lögð er áhersla á að nemandinn sé virkur í hönnunarferli og móti útlit og uppbyggingu hluta miðað við notkun þeirra. Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæðs í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnu, þjálfa einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Námsgreinin sem á sé langa sögu byggir því senn á rótgrónum handverkshefðum og almennum áherslum á uppeldi og menntun.

Tímafjöldi: Kennt er í lotum og fær hver nemandi sex kennslustundir á viku í sex vikur.

***i. Viðfangsefni í náminu***
Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Unnið með sköpun*
- *Læri ákveðin vinnubrögð*
- *Valverkefni þar sem nemendur geta valið úr nokkrum smáverkefnum sem sem taka mið af því sem þau hafa lært í vetur.*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***
Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Efni og verkefni frá kennara*
- *Stuðst er við nokkrar bækur í smíðastofu*
- *Veraldarvefurinn notaður þegar við á*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***
Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Bein kennsla*
- *Innlagnir*
- *Sýnikennsla*
- *Verklegar æfingar*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytni er í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum og mismunandi hæfileikar þeirra fái að njóta sín*
- *Nemendur fá að vera með í vali á hluta verkefna til að mæta þeirra þörfum og um leið fá þau tækifæri til að hafa einhverja sjálfstjórn á sínu eigin námi.*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***
Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Símat er í lotunni þar sem eftirfarandi er metið:

- *Símat*
    - *Virkni nemanda metin*

# 3.6. Textílmennt 3. bekkur

### Viðmið um námshæfni í textílmennt

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Handverk og tækni**
- Saumað helstu útsaumssporin
- Geti beitt viðeigandi áhöldum
- Unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar
- Unnið úr nokkrum gerðum af textílefnum
- Nýtt sér þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum

**Sköpun, hönnun og útfærlsa**
- Tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu
- Tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt
- Skreytt textílvinnu á einfaldan hátt

**Menning og umhverfi**
- Sagt frá íslensku ullinni og unnið með hana á einfaldan hátt
- Unnið í samvinnu og sýnt tillitssemi
- Gengið frá eftir vinnu sína

### Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgreinin textílmennt er yfirgripsmikil grein sem felur í sér þátt hönnunar og handverks. Textílmennt á sér djúpar rætur í menningu þjóðarinnar, rætur sem liggja í heimi sögunnar, verkmenningu og listum. Textílnám byggist meðal annars á þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun þar sem nemendur vinna með efni og áhöld greinarinnar á sjálfstæðan hátt. Textílnám gefur nemendum tækifæri til að þroska samhæfingu hugar og handa, upplifa og tjá sig um leið. Textílmennt er ríkur þáttur í félagslegur veruleika þar sem einstaklingaanir skapa sér persónulegan stíl í klæðnaði og í sínu nánasta. Nemendur læra að búa til afurðir sem hafa persónulegt gildi.

Tímafjöldi: Kennt er í lotum, fimm tíma í viku.

#### i. *Viðfangsefni í náminu*

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Útsaumsverkefni í grófan java, krosssaumur, leggsaumur, afturstingur, tunguspor ofl.*
- *Teiknað upp verkefni, skreytt og saumað saman*
- *Vinna með íslensk hráefni á einfaldan hátt t.d. þæfing.*

#### ii. *Námsgögn og kennsluefni*

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Efni og verkefni frá kennara*
- *Úr smiðju textílkennarans [www.nams.is](www.nams.is)*

#### iii. *Námsfyrirkomulag og námsaðlögun*

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Innlögn*
- *Hugmyndavinna*

- *Sýnikennsla*
- *Einstakingskennsla*
- *Verklegar æfingar*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytni í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum, áhuga þeirra og getu*
- *Hanna verkefni og vinna verkefni út frá eigin sköpun*
- *Fá tækifæri til að finna nýjar leiðir*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Símat er í lotunni þar sem eftirfarandi er metið:

Umgengni, framvinda og hæfni.

# 4. Náttúrugreinar

**Viðmið um námshæfni í náttúrugreinum**

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Verklag: Geta til aðgerða**
- Útskýrt hvernig tækni hefur áhrif á lífsgæði íbúa og umhverfi þeirra.
- Greint á milli ólíkra sjónarmiða sem varða daglegt líf

**Verklag: Nýsköpun og hagnýting þekkingar**
- Komið auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu
- Þekki störf sem þarfnast sérþekkingar

**Verklag: Gildi og hlutverk vísinda og tækni**
- Í máli og myndum miðlað hugmyndum sem tengjast náttúruvísindum.
- Notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í textaskrifum.
- Útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi þeirra

**Verklag: Vinnubrögð og færni í náttúrugreinum**
- Sagt frá og framkvæmt með hversdagslegum hlutum einfalda athuganir úti og inni.
- Hlustað á og rætt hugmyndir annarra.
- Aflað sér upplýsingar er varða náttúruna
- Skráð atburði og athuganir, s.s. með teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim.
- Tekið þátt í vali á náttúrufræðilegum verkefnum og kynningu á niðurstöðum.
- Notað ólíkar heimildir við öflun upplýsinga
- Áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra
- Útskýrt valda atburði og hugmyndir á fjölbreyttan hátt.

**Viðfangsefni: Efling ábyrgðar á umhverfinu**
- Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, sýnt félögum og náttúru alúð
- Gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni.
- Rætt eigin lífsýn og gildi, gert sér grein fyrir samspil náttúru og manns.

**Viðfangsefni: Lífsskilyrði manna**
- Útskýrt mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu og svefns.

- Bent á skaðleg efni og hvernig ýmsir sjúkdómar og sýklar eru smitandi.
- Rætt fjölbreytni í nýtingu vatns á heimilum og í umhverfinu.

**Viðfangsefni: Náttúra Íslands**

- Þekki hvernig náttúra Íslands er breytileg
- Þekki muninn á láglendi og hálendi
- Þekki hvers vegna eldgos verða

**Viðfangsefni: Heilbrigði umhverfsins**

- Flokkað úrgang
- Fjallað um samspil manns og náttúru

**Viðfangsefni: Að búa á jörðinni**

- Sagt frá hvernig Ísland myndaðist
- Lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum og áhrifum þeirra á lífsskilyrði fólks.

**Viðfangsefni: Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu**

- Rætt hvernig uppfinningar hafa gert líf fólks auðveldara eða erfiðara, á heimilum og í ólíkum atvinnugreinum
- Þekki hvernig tæknin hefur þróast
- Gert grein fyrir hvernig holl fæða er samsett úr öllum flokkum fæðuhringsins og mikilvægi við geymsluaðferðir

# 4.0. Náttúrufræði

## Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Tímafjöldi: 3 tímar á viku að jafnaði yfir heilt skólaár.

### *i. Viðfangsefni í náminu*

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Hafið*
- *Hvalir*
- *Ísland, með áherslu á fjöll*
- *Tækni*
- *Eldhúsið*

### *ii. Námsgögn og kennsluefni*

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Hafið: Komdu og skoðaðu hafið, Söguramminn „Saga af Suðunesjum, Sögurammi um Hvali, Flýgur fiskisaga (bekkjarsett á bókasafni), ýmsar bækur af bókasafni.*
- *Ísland: Komdu og skoðaðu landakort, Komdu og skoðaðu fjöllin, Komdu og skoðaðu eldgos Könnum kortin.*
- *Tækni: Komdu og skoðaðu tæknina*
- *Eldhúsið: Komdu og skoðaðu eldhúsið, ýmis gögn fyrir tilraunir.*

### *iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun*

Áhersla á fjölbreytt verkefni og kennsluaðferðir. Umræður, upplýsingaöflun, athuganir, vettvangsferðir, hópavinna, einstaklingsvinna og skapandi starf. Samþætting við aðrar greinar mikil. Náttúru- og samfélagsfræði ávallt samþætt í þemavinnu eða sögurömmum.

Þarfir og geta einstaklingsins eru ávallt hafðar að leiðarljósi við verkefnavinnu og framsetningu. Með fjölbreyttum leiðum í kennslunni er hægt að koma til móts við mismunandi þarfir og áhuga nemenda. Sögurammar og þemavinna gefa mikla möguleika til námsaðlögunar og gefur nemendum tækifæri til að læra út frá eigin forsendum.

### *iv. Námsmat og námsmatsaðlögun*

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- *Kennaramat í lok hvers þema/söguramma sem taka m.a. til eftirfarandi:*
    - *Vinnusemi*
    - *Vandvirkni*
    - *Virkni og hlustun í umræðum*
    - *Þátttaka, samvinna og tillitssemi í hópavinnu*
    - *Umgengni*
    - *Kunnátta á efnisþáttum*
- *Sjálfmat nemenda með hjálp gátlista.*

Þarfir og geta einstaklingsins eru ávallt hafðar að leiðarljósi við verkefnavinnu og framsetningu. Með fjölbreyttum leiðum í kennslunni er hægt að koma á móts við mismunandi þarfir og áhuga nemenda. Sögurammar og þemavinna gefa mikla möguleika til námsaðlögunar og gefur nemendum tækifæri til að læra út frá eigin forsendum.

# 5. Samfélagsgreinar

## Viðmið um námshæfni í samfélagsgreinum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Reynsluheimur**

- Borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi
- Lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga
- Nefnt dæmi um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu,
- Velt fyrir sér upplýsingum, gildi þeirra og áreiðanleika
- Velt fyrir sér upplýsingum, gildi þeirra og áreiðanleika
- Áttað sig á að hann er hluti af stærra samfélagi

**Hugarheimur**

- Bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig.
- Gert sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans
- Áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði
- Gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti
- Bent á fyrirmyndir sem hafa áhrif á hann.

- Sett sig í spor jafnaldra

**Félagsheimur**

- Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi
- Tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti
- Hlustað á og greint að ólíkar skoðanir
- Sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.
- Áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna.
- Sýnt að hann virðir reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur.
- Sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi

**Núvitund**

- Nemandi fái innsýn í hugsanir og hugsanaferli
- Nemandi byggi upp færni til að stýra athygli
- Nemandi byggi upp færni til að hafa stjórn á tilfinningum
- Nemandi byggi upp getu til að taka eftir og fanga jákvæða upplifun
- Nemandi byggi upp góðvild og opið hugarfar gagnvart eigin sjálfsmynd og annarra

## 5.1. Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Umræður samlestur, einstaklings- og hópverkefni, söguramm

Tímafjöldi: 1 tími (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

### i. *Viðfangsefni í náminu*

- *Hátíðir kristinnar trúar*
- *Umburðarlyndi*
- *Líf barna með önnur trúarbrögð*

### ii. *Námsgögn og kennsluefni*

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *verkefni og efniviður úr ýmsum áttum*

### iii. *Námsfyrirkomulag og námsaðlögun*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Samlestur og umræður*
- *Skapandi starf og ritun ýmist í hópa- eða einstaklingsvinnu.*

### iv. *Námsmat og námsmatsaðlögun*

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

*Kennaramat í lok hvers þema/sögaramma sem taka m.a. til eftirfarandi:*

- *Vinnusemi*
- *Vandvirkni*
- *Virkni og hlustun í umræðum*

- *Þátttaka, samvinna og tillitssemi í hópavinnu*
- *Umgengni*
- *Kunnátta á efnisþáttum*

Þarfir og geta einstaklingsins eru ávallt hafðar að leiðarljósi við verkefnavinnu og framsetningu. Með fjölbreyttum leiðum í kennslunni er hægt að koma á móts við mismunandi þarfir og áhuga nemenda. Sögurammar og þemavinna gefa mikla möguleika til námsaðlögunar og gefur nemendum tækifæri til að læra út frá eigin forsendum.

## 5.2. Jafnrétti, lífsleikni og núvitund

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Tímafjöldi: 1 tími (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Skólaheiti Áslandsskóla*
- *Mannleg gildi*
- *Hornstoðir skólans*
- *SMT- skólareglur*
- *Dygð mánaðarins*
- *Samvinna*
- *Samskipti og sjálfsmynd*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- 
- *Morgunstundir*
- *Æfingar fyrir morgunstund*
- *SMT-skólareglur*
- *ýmis verkefni sem tengjast lífsleikni og dygðum*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Hlustað á sögur, ævintýri og klípusögur.*
- *Horft á myndbönd.*
- *Umræður, leikræn tjáning og söngur*
- *Skapandi vinna og ritun*
- *Hlustað á morgunstundir*
- *Tekið þátt í flutningi á morgunstund*

Þarfir og geta einstaklingsins eru ávallt hafðar að leiðarljósi við verkefnavinnu og framsetningu. Með fjölbreyttum leiðum í kennslunni er hægt að koma á móts við mismunandi þarfir og áhuga nemenda og gefur nemendum tækifæri til að læra út frá eigin forsendum.

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi
Vinna nemenda metin, þar eru skoðuð vinnubrögð, vinnusemi og frágangur á vinnubók. Þátttaka og virkni nemenda í undirbúningi og flutningi morgunstunda metin hverju sinni.

# 5.3. Landafræði, saga, og sam-/þjóðfélagsfræði

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Tímafjöldi: 4 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Landakort*
- *Fjöll á Íslandi*
- *Hafið og auðlindir þess*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Söguramminn „Saga af Suðurnesjum“*
- *Komdu og skoðaðu landakort*
- *Könnum kortin*
- *Komdu og skoðaðu fjöllin*
- *Komdu og skoðaðu eldfjöll*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Áhersla á fjölbreytt verkefni og kennsluaðferðir. Umræður, upplýsingaöflun, athuganir, vettvangsferðir, hópavinna, einstaklingsvinna og skapandi starf. Samþætting við aðrar greinar mikil. Náttúru- og samfélagsfræði gjarnan samþætt í þemavinnu eða sögurömmum.

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- *Þátttaka í umræðum, virkni og áhugi eru metin ásamt þeim verkefnum sem unnin verða.*

Þarfir og geta einstaklingsins eru ávallt hafðar að leiðarljósi við verkefnavinnu og framsetningu. Með fjölbreyttum leiðum í kennslunni er hægt að koma á móts við mismunandi þarfir og áhuga nemenda. Sögurammar og þemavinna gefa mikla möguleika til námsaðlögunar og gefur nemendum tækifæri til að læra út frá eigin forsendum.

# 6. Skólaíþróttir

## Viðmið um námshæfni í skólaíþróttum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Heilsa og velferð**

- Notað hugtök sem tengjast íþróttum
- Gert sér grein fyrir mikilvægi heilbrigðs lífernis og hreinlætis
- Aukið líkamshreysti sitt
- Haft vald á helstu grunnhreyfingum s.s. að hlaupa, skríða, hoppa og klifra.
- Haft jákvæða upplifun af kennslustund

**Hreyfing og afkastageta**

- Farið eftir leikreglum í mismunandi íþróttagreinum.
- Gert æfingar sem reyna á loftháð þol.
- Gert samsettar æfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu.
- Gert æfingar með mismunandi áhöldum.
- Geta gert styrktaræfingar

**Virkni í kennslustund**

- Félagslegir þættir og samvinna
- Fara eftir fyrirmælum kennara
- Tekið þátt í leikjum sem styrkja samskipti og samvinnu nemenda.
- Farið eftir leikreglum
- Tekið tillit til annarra
- Sýnt virðingu og góða framkomu hvort sem leikur vinnst eða tapast

**Öryggi og skipulag**

- Mætt í viðeigandi fatnaði í íþróttatíma.
- Gert sér grein fyrir mikilvægi öryggis- og umgengnisreglna.
- Brugðist við óvæntum aðstæðum.

**Sund**

- 10m skólabaksundsfótatök
- 12m bringusund
- 12m skólabaksund með hjálpartækjum
- 6m baksund
- 6m baksund með hjálpartækjum
- 8m skriðsundsfótatök með andlit í kafi án hjálpartækja
- Haft jákvæða upplifun af íþróttaiðkunn
- Virkni í kennslustund
- Skilið mikilvægi þess að fara eftir reglum og fyrirmælum.
- Brugðist við óvæntum aðstæðum.

## Grunnþættir menntunar í skólaíþróttum

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í skólaíþróttum:

| **Grunnþáttur** | Áhersluþættir grunnþátta menntunar<br>Að nemandi |
|---|---|

| | |
|---|---|
| HEILBRIGÐI OG VELFERÐ: | • hreyfi sig alla daga vikunnar, um 60 mínútur á dag eða lengur.<br>• taki þátt í leikjum og/eða stundi íþróttir með ánægju og félagsleg samskipti að leiðarljósi, ásamt því að efla almennt líkamshreysti.<br>• iðki íþróttir og leiki á skólalóð<br>• þjálfist í æfingum og leikjum sem efla liðleika, líkamsreisn og líkamsstöðu. |
| JAFNRÉTTI: | • stundi fjölbreytta hreyfingu í formi leikja og/eða íþrótta sem eru án fordóma á skólatíma og í nærsamfélagi.<br>• hafi rétt til þátttöku í íþróttum til jafns við aðra.<br>• hafi fengið kynningu á þeim íþróttagreinum sem í boði eru í nærsamfélaginu. |
| LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI: | • hafi fengið tækifæri til að kjósa með lýðræðislegri kosningu um val á hreyfingu/leik í skólaíþróttum/sundi, þar sem hann fær tækifæri til að hafa áhrif á skipulagið.<br>• hafi jafnan rétt á við aðra að stunda hreyfingu a.m.k. þrisvar sinnum í viku í 40 mínútur í senn. |
| LÆSI: | • fái tækifæri til að ræða um mikilvægi hreyfingar fyrir líkamlega og andlega heilsu og vellíðan.<br>• Þekki heiti helstu líkamshluta.<br>• tileinki sér réttar reglur í leikjum og geti skorið úr ágreiningi ef upp kemur og læra að taka tapi sem og sigri.<br>• læri og tileinki sér skipulagsform eins og röð, lína, hringur og hópur.<br>• tileinki sér almennar reglur íþróttamannvirkja. |
| SJÁLFBÆRNI: | • fái tækifæri til að velja leik eða hreyfingu sem honum finnst áhugaverð og skemmtileg.<br>• þjálfist í því að fara rólega af stað í upphafi reglubundinnar hreyfingar og einnig í lok æfingar og skilji hvers vegna.<br>• hafi jákvæða upplifun af íþróttaiðkun.<br>• hafi ánægju af því að hreyfa sig reglulega. |
| SKÖPUN: | • tileinki sér helstu samskiptareglur og færni eins og að hlusta, hlýða, tjá skoðun, bíða og bregðast við. |

# 6.1. Íþróttir

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Tímafjöldi: Tvær 40 mínútna kennslustundir að jafnaði á viku yfir skólaárið.

*i.* ***Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- ***Grunnþættir líkams- og hreyfiþroska***

  *Líkamsstaða og líkamsbeiting, samhæfing, styrkur, þol, hraði, jafnvægi, liðleiki*

- ***Líkams- og heilsurækt***

  *Styrktaræfingar, stöðvaþjálfun.*

  - ***Áhaldafimleikar***

*Hindranahlaup, gólfæfingar, stökk, sveiflur, klifur, róla sér*

- ***Spaðaíþróttir***
  *Badminton, bandý.*
- ***Leikir***
  *Boltaleikir, hlaupa- og viðbragðsleikir, kraftleikir, leiknileikir, samvinnuleikir, hugmyndaleikir, ratleikir*
- ***Frjálsíþróttir***
  *Hlaup, stökk, köst, boðhlaup.*
- ***Sértækir námsþættir***
  *Gönguferðir, vettvangsferðir og útihlaup.*

### *ii. Námsgögn og kennsluefni*

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

***Áhöld í íþróttasal***

***Minni áhöld**: Boltar, gjarðir, sippubönd, snú-snú  bönd, teygjur, léttar dýnur, liðabönd, vesti, mjúkir boltar, badmintonflugur og spaðar, bandý boltar og kylfur, keilur, skeiðklukkur, málband, spilastokkur, mottur.*

***Stærri áhöld:** Kistur, kubbar, hestar, kaðlar, slár, badminton uppistöður, blak uppistöður, mörk, körfur, bekkir, stærri dýnur, stökkbretti, boltagrindur, boltanet.*

***Áhöld í skóla og á skólalóð***

***Minni áhöld:** Boltar, sippubönd, snú-snú  bönd, teygjur, mjúkir boltar, liðabönd, vesti, bandý kylfur.*

***Stærri áhöld:** Klifurbrautir, rólur, mörk, gervigrasvöllur, körfur, yfir veggur.*

### *iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun*

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- ***Kennsla í íþróttahúsi**: Íþróttasalur*
- ***Kennsla utanhúss:** Skólalóð*
- ***Heimanám (foreldrar)**: Nemendur eru hvattir til að stunda íþróttir og almenna hreyfingu utan skólatíma og mæta þannig kröfum námsins.*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

***Kennsluaðferðir**:  Sýnikennsla, vettvangsferðir, endurtekningaræfingar, námsleikir, verkstæðiskennsla (stöðvaþjálfun), áfangaþjálfun, stöðugt þjálfunarálag, þrautalausnir og þrautabrautir, hlutverkaleikir, hermileikir, kannanir, hópvinnubrögð,  leikræn tjáning.*

***Kennsluaðferðir og leiðir**: iPad og tengd tækni*

### *iv. Námsmat og námsmatsaðlögun*

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:

***Hreyfing og  -afkastageta***

*Námsmat: Færnipróf*

***Félagslegir þættir og samvinna***

*Námsmat: Virkni í kennslustundum, hegðun og færni.*

***Öryggi og skipulag***

*Námsmat*

- *Að fara eftir reglum, m.a. öryggisreglum í íþróttahúsi*
- *Að fylgja fyrirmælum kennara og starfsmanna*

b. Námshæfni:

*Stöðumat nokkrum sinnum yfir skólaárið, miðað er við samhæfingu, hreyfifærni, liðleika og þrek.*

## 6.2. Sund

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Tímafjöldi: Ein 40 mínútna kennslustund að jafnaði á viku yfir skólaárið.

Áhersla er lögð á að nemandi þjálfist og öðlist aukna færni í mismunandi sundaðferðum.

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

***Leikir***

- *Að nemandi þjálfist í boltaleikjum, hlaupa- og viðbragðsleikjum, kafleikjum og fjölbreyttum samvinnuleikjum.*
- *Að nemandi þjálfist í æskilegri líkamsstöðu í vatni og líkamsbeitingu, samhæfingu, liðleika, þoli, krafti, viðbragðs og hraða auk almennrar vatnsaðlögunar*
- *Að nemandi læri að bera virðingu fyrir þörfum og getu samnemenda.*
- *Að nemandi fái tækifæri til að bæta félagsþroska sinn og samskiptahæfni*

***Bringusund***

- *Að nemandi hafi náð valdi á samspili grunnhreyfinga.*
- *Að nemandi geti synt 12 m bringusund.*

***Skólabaksund***

- *Að nemandi hafi náð valdi á samspili grunnhreyfinga.*
- *Að nemandi geti synt 12 m skólabaksund með eða án hjálpartækja.*

***Skriðsund***

- *Að nemandi hafi náð valdi á samspili grunnhreyfinga.*
- *Að nemandi geti synt 6 m skriðsundafótatök með andlit í kafi og arma teygða fram.*

***Baksund***

- *Að nemandi hafi náð valdi á samspili grunnhreyfinga.*
- *Að nemandi geti synt 6 m baksundsfótatök með eða án hjálpartækja.*

***Kafsund og köfun***

- *Að nemandi þjálfist í grunnatriðum í kafsundi.*

- *Að nemandi geti kafað eftir hlut á 1-1,5 m dýpi.*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

***Áhöld í sundlaug**: Kútar, núðlur, stór bretti, lítil bretti, sundfit, flotholt af ýmsum gerðum, kafhringir, kafhlið, gjarðir, dýnur, boltar.*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

Kennsla fer fram í Suðurbæjarlaug: Unnið með sundkennsluleiðbeiningar í ákveðinn tíma til að styðja við nemendur til að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Við upphaf kennsluárs*
- *Um mitt kennsluár*
- *Við lok kennsluár*
- *Dagleg hreyfing borin saman milli tímabila*
- *Heimanám (foreldrar)Nemendur eru hvattir til að stunda sund utan skólatíma og mæta þannig kröfum námsins.*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

***Kennsluaðferðir:** Sýnikennsla, endurtekning, leikir, þolþjálfun, þrautabrautir, hópvinna, samvinna, sköpun*

***Kennsluaðferðir og leiðir:** iPad og tengd tækni*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

e. Lykilhæfni:

***Heilsa og velferð***
*Námsmat: Markmiðasetning og framfarir*
***Hreyfing og afkastageta***
*Námsmat:Tæknileg útfærsla sundgreina, 3. sundstig*
***Félagslegir þættir og samvinna***
*Námsmat: Virkni í kennslustundum, Viðhorf og áhugi*
***Öryggi og skipulag***
*Námsmat:Að fara eftir reglum á sundstöðum, Að fylgja fyrirmælum kennara og starfsmanna*

f. Námshæfni:

*Stöðumat 4-5 sinnum yfir skólaárið, miðað er við viðkomandi sundstig.*

# 7. Stærðfræði

## Viðmið um námshæfni í stærðfræði

**Að geta spurt og svarða með stærðfræði**

- Tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði
- Sett fram, meðhöndlað og túlkað talnalínur, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi

**Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar**

**Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar**

- Kannað og rannsakað með því að setja fram tilgátur og gera tilraunir með áþreifanlegum gögnum.
- Notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi og geri sér grein fyrir verðgildi peninga
- Undirbúið og flutt stuttar kynningar á eigin vinnu með stærðfræði
- Áttar sig á bili milli talna og getur fyllt inn í talnalínu
- Getur skráð margföldunardæmi út frá myndum eða mynstrum
- Áttar sig á að í deilingu felst að skipta jafnt á milli
- Getur unnið með rúðunet.

**Tölur og reikningur**

- Notað tugakerfisrithátt
- Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum
- Áttar sig á og getur skráð einföld brot og hlutföll
- Getur námundað að tug og hundraði
- Getur margfaldað tölur upp að 10
- Getur reiknað flóknari frádráttardæmi
- Getur lagt saman hærri tölur

**Algebra**

- Kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum á einfaldan hátt og spáð fyrir um framhald mynsturs, t.d. með því að nota líkön og hluti
- Fundið lausnir á jöfnum með óformlegum aðferðum og rökstutt lausnir sínar, t.d. með því að nota áþreifanlega hluti.
- Notað táknmál stærðfræðinnar til að meta sanngildi og tjá vensl eins og jöfnuð og röð: <=>

**Rúmfræði og mælingar**

- Þekki og geti unnið með tvívíð og þrívíð form.
- Gert óformlegar rannsóknir á tví- og þrívíðum formum, teiknað skýringarmyndir af þeim og hlutum í umhverfi sínu,
- Getur mælt flatarmál með talningu.
- Getur mælt rúmmál með talningu.
- Rannsakað og gert tilraunir með spegilmyndir, fundið spegilása flatarmynda og búið til samhverf mynstur.
- Þekkir muninn á réttu horni, gleiðu horni og hvössu horni.
- Þekkir hugtakið samsíða
- Kunni á klukku og geti skráð tímasetningar bæði á hefðbundinn og stafrænan hátt.
- Þekki og geti unnið með mælieiningar (cm, m, km og dl, ml og lítra )

**Tölfræði og líkindi**

- Gert einfaldar tilraunir með líkur og borið skynbragð á áhrif þeirra í spilum.
- Talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit
- Tekið þátt í umræðum um einfalda gagnasöfnun og myndrit, bæði eigin og annarra

# 7.0. Stærðfræði

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Tímafjöldi: 5 sinnum 40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár.

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *að geta spurt og svarað með stærðfræðinni,*
- *að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar,*
- *vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar,*
- *algebra,*
- *tölur og reikningur,*
- *rúmfræði og mælingar,*
- *tölfræði og líkindareikningur.*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Sproti 3a* nemendabók og æfingahefti,
- *Sproti 3b* nemendabók og æfingahefti,
- *Viltu reyna,*
- *Aukabækur t.d. Línan,*
- *Húrrahefti,*
- *Verkefni fyrir vasareikna,*
- *Í undirdjúpunum (frádráttur og margföldun),*
- *Könnum kortin I*
- *þrentuð stærðfræðiefni af Skólavefnum,*
- *gömul samræmd próf,*
- *spil og stærðfræðigögn.*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *innlagnir,*
- *hópavinna,*
- *einstaklingsnám,*
- *hlutbundin vinna,*
- *þrautir,*
- *gagnvirkt efni,*
- *heimavinna.*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Annað efni*
- *Ítarefni*
- *Sérkennsla*
- *Afsláttur veittur*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

- *Kaflapróf eftir hvern kafla*
- *Yfirlitspróf við annarlok*
- *Aðrar kannanir úr afmörkuðu efni, t.d. margfjöldun, samlagning og frádráttur*

# 7.1. Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræði

**Grundvallarfærni**

Nemendur eiga að geta:

- Tjáð sig munnlega og sett fram tilgátur og spurningar sem hægt er að rannsaka og svara með því að nota stærðfræðiþekkingu sína.
- notað tölur og einfalda útreikninga til að rökstyðja mál sitt.
- tjáð sig skriflega og notað ýmsar óhlutbundnar aðferðir til að sjá hvernig þeir vinna í stærðfræði t.d. teikningar og skissur, myndir töflur og skýringarmyndir.
- notað áþreifanlega hluti eins og kubba, sætisgildiskubba, fingur og peninga.
- Að geta lesið og skilið stærðfræðiverkefni eins og þau koma fyrir í orðadæmum og einföldum textaverkefnum.
- lesið úr töflum og einföldum súluritum.
- Reiknað, rannsakað og leyst verkefni úr raunverulegum og hversdagslegum kringumstæðum.
- Útskýrt með hjálp stærðfræðinnar eigin aðferðir eða hugsanagang við lausn verkefna.
- Lýst einföldu talnamynstri eða mynstri úr rúmfræðilegum formum og útskýrt hvernig það breytist.
- nota þekkingu sína á staðreyndum og færni til að leysa raunhæf verkefni.
- notað tölvur og reiknivélar.

# 7.2. Tölur, reikningur og algebra

**Grundvallarfærni**

Að nemendur læri:

- Að lesa og skrifa og raða tölu upp í 1000 og ná tökum á söfnum af stærðum upp í 1000.
- Að telja fjölda í söfnum með því að skipta í tugi og hundruð
- Að telja áfram og aftur á bak með því að hoppa yfir 1,2,5,10,50 og 100 í einu.
- Um almenn brot sem hluta af heild þar sem gengið er út frá hversdagslegum aðstæðum

- Um algengustu brot (½, ⅓, ¼, ⅕) og jafngild brot (t.d. ½ =$^2/_4$ )
- Að tákna þriggja stafa tölu á mismunandi vegu, bæði á áþreifanlegan hátt og með tölustöfum
- Að skipta tölu upp í hundruð, tugi og einingar (t.d. 236=200+30+6) og að sameina einingar, tugi og hundruð í eina tölu (t.d. 200+30+6=236)
- Um sætiskerfið, menningarlegan uppruna þess og mikilvægi tölunnar 0
- Að skipta einingum í tugi og tugum í hundruð
- Að nota talnaskilning sinn og skiptingu talna í einingar, tugi og hundruð til að þróa eigin reikningsaðferðir við að leggja saman og draga frá með þriggja stafa tölum
- Að staðsetja tölu á talnalínunni og nota talnalínuna (einkum tómu talnalínuna) til hjálpar í tengslum við samlagningu og frádrátt þriggja stafa talna
- Að leysa hagnýt verkefni með því að nota reikningsaðgerðirnar fjórar
- Að námunda tölur að næsta tug eða hundraði og nota námundum í slumpreikningi
- Um margföldun sem endurtekna samlagningu, sem hopp á talnalínunni og margföldun í rúðuneti
- Tvítöfluna, þrítöfluna, fjórtöfluna, fimmtöfluna, sextöfluna og títöfluna.
- Um deilingu við ýmsar hversdagslegar aðstæður, bæði í tengslum við endurtekinn frádrátt og skiptingu.
- Um tengslin milli margföldunar og deilingar
- Að þekkja einföld talnamynstur, t.d. að átta sig á hvernig margföldunartöflurnar mynda mynstur í hundraðtöflu, að halda áfram með talnamynstur, bæta inn tölum sem vantar í talnamynstur og útskýra munnlega hvernig ákveðið mynstur er búið til.

# 7.3. Rúmfræði, mælingar, tölfræði og líkindi

**Grundvallarfærni**

Að nemendur læri:

- Að þekkja og lýsa einkennum tví-og þrívíðra forma með hliðsjón af hornum, hliðum, hliðarbrúnum og flötum og að flokka form eftir þessum einkennum (þrívíðu formin, sem fjallað verður um á þessu námsári eru teningur, sívalningur, kúla keila, ferstrendingur og píramídi en tvívíðu formin eru marghyrningar eins og rétthyrningur, ferningur og samsíðungur)
- Að búa til og kynnast teikningum af þrívíðum rúmfræðiformum
- Um speglun, að búa til samhverfar myndir og finna spegilása
- Að þekkja rétt horn, hvöss horn og gleið horn, m.a. í þríhyrningum
- Að búa til og rannsaka einföld mynstur úr rúmfræðilegum formum og lýsa þeim munnlega
- Að staðsetja hlut eða mynd í rúðuneti og lýsa hliðrun í rúðunetinu, bæði með því að skírskota til merkinga á jöðrum rúðunetsins (t.d. reitur C4) og til annarra reina í rúðunetinu ( t.d. flyttu kubbinn um tvo reiti upp og þrjá til vinstri)
- Að áætla, mæla og bera saman stærðir í sambandi við lengd, þyngd, flatarmál og rúmmál
- Að nota mismunandi mælieiningar og mælingaraðferðir og geta rökrætt um hversu nákvæm ákveðin mæling er

- Að nota staðlaðar lengdareiningar, skilja tilganginn með nákvæmari mælieiningum en metra og velja milli metra og sentimetra
- Að telja hve margir teningar – eða eitthvað sem svipað til þeirra – rúmast í mynd og nota það sem mælieiningu fyrir rúmmál; einnig að telja hver margir ferningar – eða eitthvað sem svipar til þeirra – rúmast á fleti og nota það sem mælieiningu fyrir flatarmál
- Að lesa af klukku og skrá tímasetningu, bæði á hefðbundna klukkuskífu og á stafrænan hátt og kunna að segja til um hvað klukkan er á mismunandi tímum
- Um skiptingu sólarhringsins í 2 x 12 klukkustundir
- Að mæla tímann í mínútum og athuga og upplifa mismunandi tímalengdir
- Að þekkja íslenskar myntir upp að 1000 og nota þær við kaup og sölu
- Að safna saman og flokka einföld gögn í hentuga flokka og telja fjöldann í hverjum flokki
- Að setja upplýsingar fram í töflu og sýna niðurstöður í súluriti
- Að lesa úr einföldum súluritum

# 8. Upplýsinga- og tæknimennt

### Viðmið um námshæfni

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Heildarviðmið**

- Notað tölvu/spjaldtölvu til listsköpunar á mismunandi sviðum lista
- Þekkt helstu hluta tölvunnar og jaðartæki hennar og er fær um að beita þeim
- Nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við eigið nám
- Beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningu
- Notað einfaldan hugbúnað/forrit við myndvinnslu
- Notað tölvu/spjaldtölvu til að skrifa eigin texta.
- Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni
- Gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tæknibúnaði

## 8.2. Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni

### Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Tímafjöldi: Árgangurinn hefur einn fastan tölvutíma í viku

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *að geta spurt og svarað með upplýsingatækni,*
- *að kunna að fara með tungumál og verkfæri upplýsingatækninnar*
- *vinnubrögð og beiting við tölvu*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Glærur úr safni kennarans*
- *Forritið Word*
- *Forritið Málun*
- *Náms.is*
- *Internetið*
- *Bækur*

### *iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun*

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla fram á eftirfarandi hátt:

- *Innlagnir*
- *Einstaklingsnám*
- *Þrautir*
- *Gagnvirkt efni*

### *iv. Námsmat og námsmatsaðlögun*

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

*Símat*

- *Einstaklingsverkefni*

# 4. bekkur

## Skólanámskrá Áslandsskóla




Skólaárið 2020-2021

# II.1. Samantekt kennslu – Viðmiðunarstundaskrá 4. bekkur

Kennslutímar á viku skiptast í eftirfarandi námsgreinar.

| Námssvið | Námsgreinar | Tímafjöldi í skóla á viku |
|---|---|---|
| 1. Íslenska | 1.1. Talað mál, hlustun og áhorf<br>1.2. Lestur og bókmenntir<br>1.3. Ritun<br>1.4. Málfræði | 1<br>3<br>2<br>1 |
| 2. Erlend tungumál | 2.1. Enska<br>2.2. Danska og önnur Norðurlandamál | 1 |
| 3. List- og verkgreinar | *A Listgreinar:*<br>3.1. Sviðslistir (dans og leiklist)<br>3.2. Sjónlistir (myndmennt)<br>3.3. Tónmennt<br>*B Verkgreinar:*<br>3.4. Heimilisfræði<br>3.5. Hönnun og smíði<br>3.6. Textílmennt | 3<br>1<br>1<br>1<br>3<br>1<br>1<br>1 |
| 4. Náttúrugreinar | 4.0. Náttúrufræði | 3 |
| 5. Skólaíþróttir | 5.1. Íþróttir<br>5.2. Sund | 2<br>1 |
| 6. Samfélagsgreinar | 6.1. Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði<br>6.2. Jafnrétti og lífsleikni<br>6.3. Landafræði, saga, sam-/þjóðfélagsfræði | 1<br>1<br>2 |
| 7. Stærðfræði | 7.0. Stærðfræði<br>(eða)<br>7.1. Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar<br>7.2. Tölur, reikningur og algebra<br>7.3. Rúmfræði, mælingar, tölfræði og líkindi | 5 |
| 8. Upplýsinga- og tæknimennt | 8.1. Miðlamennt og skólasafnsfræði<br>8.2. Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni | 1 |
| Alls | | 30 |

# 1. Íslenska, íslenska sem annað mál og íslenskt táknmál

## Íslenska

### Viðmið um námshæfni í íslensku

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Talað mál, hlustun og áhorf**

- Beitt skýrum og áheyrilegum framburði
- Tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hóp
- Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu viðfangsefni, endursagt efni sem hlustað hefur Hlustað verið á eða lesið.
- og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni
- Átt góð samskipti , hlustað og sýnt kurteisi
- Nýtt sér efni á rafrænu formi og endursagt það

**Lestur og bókmenntir**

- Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr
- Nýtt sér góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi
- Valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings
- Beitt hugtökum eins og persóna, söguþráður, umhverfi og boðskapur
- Tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess
- Beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu
- Aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum svo sem bókum og á rafrænu formi
- Lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum

**Ritun**

- Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega
- Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphaf, meginmál og niðurlag
- Samið texta frá eigin brjósti svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð

**Stafsetning**

- Nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis
- Skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu
- Beitt nokkrum einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi

**Málfræði**

- Beitt töluðu máli af nokkru öryggi og ráði yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska
- Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag
- Gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða
- Búið til málsgreinar. Þekkt einkenni og geti búið til fyrirmyndarmálsgreinar.
- Greint mun á sérnöfnum og samnöfnum og bent á þau í viðeigandi texta
- Geti fundið kyn og tölu orða
- Þekkja samheiti og andheiti
- Fallbeygt nafnorð með aðstoð hjálparorða

- Geti fundið nútíð og þátíð sagna
- Geti stigbreytt lýsingarorð
- Geti unnið með samsett orð

# 1.1. Talað mál, hlustun og áhorf

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Að taka þátt í umræðum*
- *Að flytja texta á frambærilegan hátt, t.d. með þátttöku í Litlu upplestrarkeppninni*
- *Að endursegja efni sem búið er að lesa eða hlusta á*
- *Að hlusta á aðra segja frá*
- *Að hlusta á morgunstundir af athygli*
- *Að hlusta á fyrirmæli*
- *Að sýna öðrum kurteisi*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *PALS*
- *Nestisbækur*
- *Ýmis ljóð og textar*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Litla upplestrarkeppnin*
- *Umræður*
- *Upplestur á eigin verkum og annarra*
- *Hlustun á upplestur annarra*
- *Morgunstundir*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

- *Jafningjamat*
- *Sjálfsmat*
- *Hópverkefni*
- *Einstaklingsverkefni*

# 1.2. Lestur og bókmenntir

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Tímafjöldi: 2 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

### *i. Viðfangsefni í náminu*

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Að ná enn betri tökum á lestri, þjálfist stöðugt, nái meiri hraða og betri lesskilningi*
- *Að þau geti lesið sér til gagns og ánægju, efni við hæfi hvers og eins*
- *Að þau tileinki sér lestur með blæbrigðum*
- *Að þau lesi ljóð*
- *Að þau rýni í bókmenntatexta miðað við getu og komi með gagnrýni á þá*

### *ii. Námsgögn og kennsluefni*

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Lestrarbækur v/hæfi hvers og eins ásamt vinnubókum*
- *PALS*
- *Lesrún 2*
- *Sögurammar og verkefni tengt ýmsum barnabókum (byrjendalæsi)*
- *Námsgögn frá Skolaskrifstofu Hafnarfjarðar (spákonan, kúrekinn o.s.frv)*
- *Ýmis verkefni af 123skoli.is*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun*** námið og kennslan fer í meginatriðum fram í skóla og heima á eftirfarandi hátt:

- *Heimalestur og yndislestur daglega í skóla*
- *PALS og gagnvirkur lestur*
- *Hópvinna*
- *Umræður*
- *Innlögn kennara á nýjum hugtökum*
- *Undirbúningur fyrir Litlu upplestrarkeppnina*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Lestrarbækur við hæfi hvers og eins*
- *Einstaklingsnámskrá hjá þeim sem þurfa*
- *Færnimiðaðir hópar*

### *iv. Námsmat og námsmatsaðlögun*

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi: Námshæfni:

- *Hraðlestrarpróf*
- *Orðarún*
- *Leið til læsis*

# 1.3. Ritun

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Tímafjöldi: 2 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Að þau geti nýtt sér ritun til gagns og ánægju, geti skrifað lengri sögur og léttan fræðitexta t.d. í tengslum við söguramma*
- *Að auka úthald við ritun svo nemendur geti skrifað lengri texta*
- *Að þau geti samið texta frá eigin brjósti og nýtt sér grunnþætti í byggingu texta*
- *Þjálfist frekar í tengiskrift, dragi rétt til stafs og hafi læsilega rithönd*
- *Læri nokkrar stafsetningarreglur*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Verkefni við réttritunarorðabók*
- *Skrift –grænar bækur og Skrift 4 frá Námsgagnastofnun*
- *Stílabækur*
- *Lesrún 2*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Fjölbreytt ritun, t.d. í tengslum við söguramma, í samfélags og náttúrufræði, lífsleikni o.s.frv.*
- *Sögugerð, bæði heima og í skólanum*
- *Skrift þar sem lögð er áhersla á réttan stafdrátt, bæði í skóla og heima*
- *Hópvinna*
- *Einstaklingsvinna*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Einstaklingsnámskrá fyrir þá sem þurfa*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

- Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:
- *Framfarir í ritun*
- *Notkun á uppbyggingu texta svo sem upphaf, meginmál og niðurlag (gátlisti)*
- *Skriftarkönnun þar sem eftirfarandi þættir eru metnir*
    - *Stafdráttur*
    - *Tengikrókar*
    - *Stafir réttir á línu*

- *Útlit skriftar*

# 1.4. Málfræði

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Tímafjöldi: 2 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Vinni með nafnorð, sagnorð og lýsingarorð*
- *Þekki mun á sérnöfnum og samnöfnum*
- *Læri ýmis málfræðiatriði, sjá viðmið*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Skinna 1-2*
- *Verkefni við réttritunarorðabók*
- *Verkefni af 123skoli.is og skolavefur.is*
- *Stílabækur*
- *Orðalistar - stafsetning*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Umræður*
- *Einstaklingsvinna*
- *Hópverkefni*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Einstaklingsnámskrá hjá þeim sem þurfa*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

- *Kannanir*

# 2. Erlend tungumál

## Viðmið um námshæfni í erlendum tungumálum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Hlustun**
- Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni þegar talað er hægt og skýrt og brugðist við með orðum eða athöfnum.
- Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni.
- Geti skilið heiti á vikudögum og mánuðum
- Geti skilið tölur og verð

**Samskipti**
- Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.
- Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.

**Frásögn**
- Sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt.
- Flutt atriði sem hann hefur haft tækifæri til að æfa.

**Lesskilningur**
- Lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur.

**Ritun**
- Skrifað orð og stuttar setningar sem tengjast viðfangsefni árgangsins

# 2.1. Enska

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Námsgrein er kennd af umsjónarkennara og hefur hann 1 kennslustundir á viku (40 mín. hver kennslustund). Unnið er eftir TPR (Total Physical Response) kennsluaðferðinni.

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Fatnaður*
- *Stafrófið*
- *Líkaminn og heilsa*
- *Fjölskyldan*
- *Dagar*
- *Mánuðir*
- *Árstíðirnar*
- *Veðrið*
- *Matur*
- *Dýr*
- *Tilfinningar*
- *Heimilið*
- *Áhugamál*
- *Hátíðir (Halloween og jól)*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Speak Out*

- *Work Out*
- *Adventure Island of English Words*
- *Ljósrituð lestrarhefti* – http://www.readinga-z.com/
- *Hickory, Dickory, Dock (eftir getustig nemanda)*
- *Ýmis lög*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Nemendur syngja. (s.s. Chanting)*
- *Læra orðaforða með myndaspjöld.*
- *Lita eða teikna eftir fyrirmælum*
- *Námsleikir s.s hreyfileikir eins og „Simon Says“ eða bingo*
- *Námsleikir í hópavinnu þar sem unnið er með ákveðinn orðaforða s.s. „Go Fish“, „Snakes and Ladders“*
- *Námsleikir í paravinnu þar sem unnið er með ákveðinn orðaforða s.s. samstæðuspil, battleship*
- *Hlutverkaleikir*

Enskukennslan er einnig samþætt öðrum greinum s.s. lífsleikni þar sem nemendur æfa leikrit á ensku og flytja í morgunstund. Þegar við á er enskan einnig samþætt alþjóðlegum verkefnum s.s. Comenius/Erasmus eða „Travel Buddy“ skipti. Áhersla er lögð á hlustun og samskipti jafnt sem þjálfun í lestri og ritun. Lestur með hlustun í kennslutímum.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Námsefni aðlagað eftir aðstæðum*
- *Notast við hljóðbækur ef við á*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

- *Kannanir*
- *Símat*
- *Vinnubókarmat*
- *Hópverkefni*
- *Einstaklingsverkefni*

# 3. List- og verkgreinar

## A. hluti:

## 3.1. Sviðslistir

### Viðmið um námshæfni í sviðslistum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Leiklist**
- Tekið virkan þátt í leikrænu ferli í hópi
- Lært stuttan texta og flutt hann á skýran hátt fyrir áhorfendur
- Sett saman einfalda leikþætti með skýru upphafi, miðju og endi

**Dans**
- Hreyft sig frjálst og í takt við tónlist í samræmi við hreyfigetu eigin líkama
- Tengt saman hreyfingu og tónlist í dansi

**Umgegni, vinnusemi og framkoma**
- Gengið frá eftir vinnu sína
- Sýnt vinnusemi í tímum
- Sýnt viðeigandi framkomu
- Farið eftir fyrirmælum

## Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Menntun í sviðslistum snýst um að þjálfa nemendur í aðferðum listgreinanna, leiklist og dansi. Sviðslistir snúast ekki síður um læsi í víðu samhengi og eiga að dýpka skilning nemenda á sjálfum sér, mannlegu eðli og samfélagi. Í sviðslistum fá nemendur tækifæri til að setja sig í spor annarra og prófa sig áfram með mismunandi tjáningarform, hegðun og lausnir í öruggu umhverfi. Sviðslistir styðja nemandann í að tjá, móta og miðla hugmyndum sínum og tilfinningum. Auk þess reyna þær stöðugt á samvinnu, samskipti, sköpun, tungumál, tjáningu, gagnrýna hugsun og líkams- og raddbeitingu.

Tímafjöldi: Kennt er í lotum.

### *i. Viðfangsefni í náminu*

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Einfaldar aðferðir leiklistar og einföld dansspor. Nemendur þjálfast í að setja sig í spor annarra, koma fram og sýna fyrir aðra, einnig læra þeir að vera áhorfendur.*

### *ii. Námsgögn og kennsluefni*

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Verkefni frá kennara*
- *Þjóðsögur og ævintýri*
- *Upphitunar-, einbeitingar- og traustæfingar*
- *Einfaldar aðferðir leiklistar*
- *Einföld dansspor*
- *Ýmsir leikir*

### *iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun*

Í meginatriðum fer námið og kennslan fram á eftirfarandi hátt í skóla og heima (utan skóla):

- *Innlagnir*
- *Sýnikennsla*
- *Verklegar æfingar*
- *Úrvinnsla*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytni í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum og mismunandi hæfileikum þeirra.*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Símat er í lotunni þar sem eftirfarandi er metið:

- *Umgengni*, vinnusemi, framkoma, framvinda og hæfni metin í lok lotu.

# 3.2. Sjónlistir - myndmennt

## Viðmið um námshæfni í myndmennt

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Verklag og efnisnotkun**

- Notað mismunandi efni og verkfæri við myndsköpun
- Þekkja blöndun lita og litatóna

**Verkefnavinnsla**

- Geta gert mun á tvívíðum og þrívíðum formum
- Unnið einfalt form í leir og unnið til loka samsetningar
- Geta unnið út frá fyrir fram ákveðinni listastefnu

**Umhverfi**

- Unnið út frá reglum um frágang á áhöldum og stofu
- Unnið út frá þekkingu um nýtingu efna og endurvinnslu og áhrif þess á umhverfið
- hlífðarfatnaðar Unnið í samvinnu og sýnt tillitsemi
- Beitt líkamstöðu á réttan hátt við vinnu sína og gert sér grein fyrir notkun og kostum

## Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Í myndmennt er lögð áhersla á að nemendur öðlist sýn og geti þroskað með sér vitund í að þekkja og vinna sjálfstætt að myndsköpun á uppbyggilegan hátt. Að þau kynnist efnum og áhöldum greinarinnar og þrói með sér aðferðir og tækni sem þau geti notað og finnist þau hafa vald á. Geti greint og sagt frá aðferðum og rýnt í verk á meðvitaðan hátt.

Markmiðið með kennslunni er að upplýsa um aðferðir, gamlar sem nýjar og kynna söguna eins vel og kostur er á. Listasögunni verða gerð skil á eins aðgenginlegan hátt og unnt er. Sjónlistir eru margvíslegar og verður reynt að gera þeim skil á eins fjölbreytilegan hátt og kostur er.

Kennt er í lotum

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Verkefnavinna unnin út frá ljósi og skugga*
- *Leirvinna þar sem unnið er með einföld form*
- *Verkefni unnið út frá þekktri listastefnu*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Fyrirfram unnin verkefni sem fengin eru frá kennara*
- *Bækur sem til eru í myndmenntastofu t.d. Myndmennt 1 og 2 og listaverkabækur*

- *Bækur sem fengnar eru að láni á bókasafni skólans*
- *Veraldarvefurinn, síður sem finna má kennsluefni á t.d. Art for kids, googel.com*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan fram á eftirfarandi hátt: í skóla og heima (utan skóla)

- *innlagnir*
- *sýnikennsla*
- *veklegar æfingar*
- *úrvinnsla*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *verkefnavali er stýrt frá kennara að einhverju leiti hvað varðar þjálfun og mat á getu nemenda*
- *nemendur fá að hafa áhrif á vinnuaðferðir og val á verkefnum til að mæta þörfum þeirra og upplifun á eigin getu í náminu.*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni:

Símat er í lotunni þar sem eftirfarandi er metið:

- *Hefur nemandi unnið eftir fyrirmælum, borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á*
- *tekið virkan þátt í verklegum þáttum*
- *sýnt vinnusemi og vandvirkni*
- *skilað verkefnum lotunnar á viðeigandi hátt*

## 3.3. Tónmennt

### Viðmið um námshæfni í tónmennt

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Söngur**
- Notað röddina til hljóð – og tónsköpunar
- Greint ólíkar raddir
- Sungið hreint með skýrum framburði
- Geti greint einföld stílbrigði í tónlist

**Hljóðfæri**
- Þekkt ákveðin hljóðfæri eftir sjón og heyrn
- Þekkt hljóðfæraflokka eftir sjón og heyrn
- Gert grein fyrir og þekkt hljóðfæraflokka sinfóníuhljómsveitar út frá útliti þeirra og hljómblæ

**Hreyfing**
- Búið til hreyfimynstur í hópi við mismunandi tónlist og hljóð.
- Sungið algenga hreyfisöngva
- Hreyft sig óhindrað og frjálst og túlkað um leið ýmsa þætti tónlistarinnar

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**
Tónlist er snar þáttur í lífi og starfi manna hvar sem er í heiminum. Hún er leið til sköpunar og tjáskipta, oft án orða, sem einstaklingar fara til að tjá tilfinningar sínar. Kennslan á að efla næmi nemenda og þekkingu á frumþáttum tónlistar, tónhæð, tónlengd, blæ, styrk, hljómum, túlkun og formi, til þess að þeir geti myndað sér skoðun á ólíkum stíl tónlistar, geti gert sér grein fyrir gildi hennar í eigin menningu og lífi og notið hennar á uppbyggilegan, markvissan og persónulegan hátt.

Tímafjöldi: Kennt er í lotum.

***i. Viðfangsefni í náminu***
Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Söngur: Sungin ýmis lög frá mismunandi tímum og löndum. Sungið í mismunandi stíl og formi, lög sem tengjast árstíðum, hátíðum og dygð mánaðarins.*
- *Hljóðfæri: Spila á stofuhljóðfæri og spila Tónaflóð. Vinna verkefni og fá kynningu á samspilshópum.*
- *Hreyfing: Farið í hreyfileiki og sungnir hreyfisöngvar. Hreyfimynstur búið til í hóp við mismunandi hljóð og tónlist.*
- *Ritun: Hrynur skráðar eftir heyrn, grafísk nótnaskrift og tónfærðiverkefni frá kennara.*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***
Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Veraldarvefurinn*
- *Sönghefti*
- *Tónaflóð*
- *Háskaleikur*
- *Stofuhljóðfæri*
- *Það var lagið*
- *Ýmis verkefni frá kennara*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***
Í meginatriðum fer námið og kennslan fram á eftirfarandi hátt í skóla og heima (utan skóla):

- *Bein kennsla*
- *Innlögn*
- *Skrifleg og verkleg einstaklings – og hópverkefni*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytni í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum og mismunandi hæfileikum þeirra.*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***
Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:
Símat er í lotunni þar sem eftirfarandi er metið:

- *hefur nemandi unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á*
- *tekið virkan þátt í leik og söng á jákvæðan hátt*
- *tekið leiðsögn*
- *tjáð skoðanir sínar og hugsanir og sett þær fram á viðeigandi þátt*

# B. hluti:
# 3.4. Heimilisfræði

### Viðmið um námshæfni í Heimilisfræði

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Verklag - Matur og vinnubrögð**
- Farið eftir uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsáhöld
- Nýtt ýmsa miðla til að afla upplýsinga um einfaldar uppskriftir
- Útbúið einfaldar og hollar máltíðir

**Vinnufærni - Matur og lífshættir**
- Tjáð sig um helstu kostnaðarliði við matargerð og heimilishald almennt
- Tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti

**Umhverfi - Matur og umhverfi**
- Skilið einfaldar umbúðamerkingar
- Sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í samhengi við sjálfbærni
- Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif
- Unnið með öðrum og sýnt tillitsemi

**Matur og menning**
- Tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald, helstu hátíðir Íslendinga, siði sem þeim fylgja og þjóðlegan mat

### Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Í heimilisfræði er lögð áhersla á að nemandinn öðlist færni í að vinna í eldhúsi við fjölbreytta matargerð. Kynnist og öðlist færni í að beita og nota eldhúsáhöld, tileinka sér að vinna með og lesa uppskriftir. Lögð er mikil áhersla á hreinlæti í meðferð matvæla og að nemendur tileinki sér notkun á fæðuhringnum. Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæð í verki, stuðla að vinnugleði, samvinnu, virðingu fyrir verkinu, þjálfa einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Námsgreinin byggir á áherslu á að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl fyrir komandi framtíð.

Tímafjöldi: kennt er í lotum.

#### *i. Viðfangsefni í náminu*

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Mælieiningar, samvinna, meðhöndlun áhalda, skilningur á hollustu og heilbrigði, hreinlæti og frágangur. Þekki heiti næringarefnanna*
- *Unnið með fjölbreyttar mataruppskriftir.*

#### *ii. Námsgögn og kennsluefni*

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Fyrirfram ákveðin verkefni frá kennara.*

- *Stuðst við bækur í heimilisfræðistofunni.*
- *Veraldarvefurinn ýmsir vefir tengdir mat og matarmenningu.*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan fram á eftirfarandi hátt: í skóla og heima (utan skóla)

- *Bein kennsla*
- *Innlagnir*
- *Sýnikennsla*
- *Verklegar æfingar*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytni er í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum og mismunandi hæfileikar þeirra fái að njóta sín.*
- *Nemendur fá að vera með í vali á hluta verkefna til að mæta þeirra þörfum og um leið fá þau tækifæri til að koma fram með sjálfstætt val og hafa sjálfstjórn á sínu eigin námi.*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

- *Símat*
- *Sjálfsmat*
- *Vinnubók*

# 3.5. Hönnun og smíði

## Viðmið um námshæfni í Hönnun og smíði

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Handverk**

- Valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt.
- Gert grein fyrir nokkrum smíðaefnum sem unnið er með.

**Hönnun og tækni**

- Unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit.
- Dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.
- Greint einfaldar þarfir í umhverfi sínu og rætt nokkrar lausnir.
- Bent á ýmis tæknifyrirbrigði er tengjast hans daglega lífi.
- Framkvæmt einfaldar samsetningar

**Umhverfi**

- Valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi.
- Beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar.
- Sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með
- Gengið frá eftir vinnu sína

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**
Í hönnun og smíði er lögð áhersla á að nemandinn öðlist færni í að smíða hluti með fjölbreyttum efnum, verkfærum og tækni. Lögð er áhersla á að nemandinn sé virkur í hönnunarferli og móti útlit og uppbyggingu hluta miðað við notkun þeirra. Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæðs í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnu, þjálfa einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Námsgreinin sem á sé langa sögu byggir því senn á rótgrónum handverkshefðum og almennum áherslum á uppeldi og menntun.

Tímafjöldi: kennt er í lotum.

***i. Viðfangsefni í náminu***
**Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:**

- *Nemendur hanna og smíða sitt eigið tímaritabox.*
- *Útsögunarverkefni – t.d. Hans klaufi.*
- *Unnið með sköpun og skógarnytjar (nemendur vinna með ferskan íslenskan við).*
- *Valverkefni þar sem nemendur geta valið úr nokkrum smáverkefnum sem sem taka mið af því sem þau hafa lært í vetur.*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***
**Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:**

- *Efni og verkefni frá kennara*
- *Stuðst er við nokkrar bækur í smíðastofu*
- *Veraldarvefurinn notaður þegar við á*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***
**Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:**

- *Bein kennsla*
- *Innlagnir*
- *Sýnikennsla*
- *Verklegar æfingar*

**Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:**

- *Fjölbreytni er í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum og mismunandi hæfileikar þeirra fái að njóta sín*
- *Nemendur fá að vera með í vali á hluta verkefna til að mæta þeirra þörfum og um leið fá þau tækifæri til að hafa einhverja sjálfstjórn á sínu eigin námi.*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***
Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Símat er í lotunni þar sem eftirfarandi er metið:

- *hefur nemandi unnið eftir fyrirmælum í tímum verið vinnusamur og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum*
- *hefur nemandi leitast við að vinna sjálfstætt og notast við þær verklýsingar sem í boði eru hefur nemandi gengið vel um efni, áhöld og tæki.*

# 3.6. Textílmennt

## Viðmið um námshæfni í textílmennt

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Handverk og tækni**
- Fitjað upp í prjóni, prjónað garðaprjón og fellt af
- Saumað saman prjónles og gengið frá endum
- Saumað einfalt vélsaumsverkefni
- Unnið eftir einföldum leiðbeiningum

**Sköpun, hönnun og útfærlsa**
- Teiknað upp verkefni og útfært á einfaldan hátt
- Skreytt verkefni á einfaldan hátt
- Gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni

**Menning og umhverfi**
- Nota ný og endurunnin efni í verkefni
- Sagt frá nokkrum tegundum af textílefnum
- Unnið í samvinnu og sýnt tillitssemi
- Gengið frá eftir vinnu sína

## Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgreinin textílmennt er yfirgripsmikil grein sem felur í sér þátt hönnunar og handverks. Textílmennt á sér djúpar rætur í menningu þjóðarinnar, rætur sem liggja í heimi sögunnar, verkmenningu og listum. Textílnám byggist meðal annars á þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun þar sem nemendur vinna með efni og áhöld greinarinnar á sjálfstæðan hátt. Textílnám gefur nemendum tækifæri til að þroska samhæfingu hugar og handa, upplifa og tjá sig um leið. Textílmennt er ríkur þáttur í félagslegur veruleika þar sem einstaklingaanir skapa sér persónulegan stíl í klæðnaði og í sínu nánasta. Nemendur læra að búa til afurðir sem hafa persónulegt gildi.

Tímafjöldi: Kennt er í lotum, fimm kennslustundir í viku.

### *i. Viðfangsefni í náminu*

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Prjónaverkefni*
- *Þæfing*
- *Einfalt vélsaumsverkefni t.d. handavinnupoki, þvottapoki*
- *Önnur verkefni eins og tími vinnst til og höfða til hvers og eins nemanda*

### *ii. Námsgögn og kennsluefni*

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Efni og verkefni frá kennara*
- *Á prjónunum eftir Unni Breiðfjörð og fleiri bækur*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Innlögn*
- *Hugmyndavinna*
- *Sýnikennsla*
- *Einstakingskennsla*
- *Verklegar æfingar*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytni í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum, áhuga þeirra og getu*
- *Hanna verkefni og vinna verkefni út frá eigin sköpun*
- *Fá tækifæri til að finna nýjar leiðir*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Símat er í lotunni þar sem eftirfarandi er metið:

- *hefur nemandi unnið eftir fyrirmælum í tímum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum*
- *hefur nemandi leitast við að vinna sjálfstætt í tímum og notað þær leiðbeiningar sem til eru*
- *hefur nemandi sýnt vandvirkni í vinnubrögðum*
- *hefur nemandi gengið vel um efni, áhöld og tæki í stofunni*
- *hefur nemandi náð markmiðum lotunnar*

# 4. Náttúrugreinar

## Viðmið um námshæfni í náttúrugreinum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Verklag: Geta til aðgerða**

- Tekið frumkvæði við öflun upplýsinga til að skoða tiltekið málefni frá ýmsum sjónarhornum.
- Greint á milli ólíkra sjónarmiða sem varða daglegt líf

**Verklag: Nýsköpun og hagnýting þekkingar**

**Verklag: Gildi og hlutverk vísinda og tækni**

- Í máli og myndum miðlað hugmyndum sem tengjast náttúruvísindum.
- Notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í textaskrifum.

- Gert sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samspilinu við hana

**Verklag: Vinnubrögð og færni í náttúrugreinum**

- Sagt frá og framkvæmt með hversdagslegum hlutum einfalda athuganir úti og inni.
- Hlustað á og rætt hugmyndir annarra.
- Aflað sér upplýsingar er varða náttúruna
- Skráð atburði og athuganir, s.s. með teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim.
- Notað ólíkar heimildir við öflun upplýsinga
- Útskýrt valda atburði og hugmyndir á fjölbreyttan hátt.
- Þekki að jörðin er hluti af stóru sólkerfi: reikistjörnum, sól og tunglum

**Viðfangsefni: Efling ábyrgðar á umhverfinu**

- Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, sýnt félögum og náttúru alúð
- Tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru.
- Rætt eigin lífsýn og gildi, gert sér grein fyrir samspil náttúru og manns.
- Nýtt reynslu og hæfni í námi og daglegu lífi, einn og með öðrum.

**Viðfangsefni: Lífsskilyrði manna**

- Þekki að jörðin er byggð upp af kjarna, möttli, jarðskorpu og lofthjúp

**Viðfangsefni: Náttúra Íslands**

- Greint á milli algengustu orkugjafa á Íslandi
- Sagt frá eigin upplifun á náttúrunni og skoðun á lífveru í náttúrulegu umhverfi.
- Útskýrt fæðukeðju og rakið fæðu til frumframleiðenda.

**Viðfangsefni: Heilbrigði umhverfsins**

- Flokkað úrgang
- Gert grein fyrir þjónustu, sem náttúrulegir ferlar veita.
- Rætt krafta sem koma við sögu í daglegu lífi manna.

**Viðfangsefni: Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu**

- Flokkað gerviefni og náttúruleg efni eftir tilurð þeirra
- Gert grein fyrir hvernig holl fæða er samsett úr öllum flokkum fæðuhringsins og mikilvægi við geymsluaðferðir
- Lýst eiginleikum hljóðs, ljóss og ýmissa fyrirbæra með tilliti til hljóðs og lita.

# 4.0. Náttúrufræði

### Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Tímafjöldi: 3 tímar á viku að jafnaði yfir heilt skólaár.

***ii. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Himingeimurinn*
- *Hringrásir*

***iii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Himingeimurinn: Komdu og skoðaðu himingeiminn ásamt söguramma*
- *Hringrásir: Komdu og skoðaðu hringrásir ásamt sögurammanum „Ferðin í skóginn“*

***iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Áhersla á fjölbreytt verkefni og kennsluaðferðir. Umræður, upplýsingaöflun, athuganir, vettvangsferðir, hópavinna, einstaklingsvinna og skapandi starf. Samþætting við aðrar greinar mikil. Náttúru- og samfélagsfræði ávallt samþætt í þemavinnu eða sögurömmum.

Þarfir og geta einstaklingsins eru hafðar að leiðarljósi við verkefnavinnu og framsetningu. Með fjölbreyttum leiðum í kennslunni er hægt að koma til móts við mismunandi þarfir og áhuga nemenda. Sögurammar og þemavinna gefa mikla möguleika til námsaðlögunar og gefur nemendum tækifæri til að læra út frá eigin forsendum.

***v. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

- *Kennaramat í lok hvers þema/söguramma sem taka m.a. til eftirfarandi:*
    - *Vinnusemi*
    - *Vandvirkni*
    - *Virkni og hlustun í umræðum*
    - *Þátttaka, samvinna og tillitssemi í hópavinnu*
    - *Umgengni*
    - *Kunnátta á efnisþáttum*
- *Sjálfmat nemenda með hjálp gátlista.*

Þarfir og geta einstaklingsins eru ávallt hafðar að leiðarljósi við verkefnavinnu og framsetningu. Með fjölbreyttum leiðum í kennslunni er hægt að koma á móts við mismunandi þarfir og áhuga nemenda. Sögurammar og þemavinna gefa mikla möguleika til námsaðlögunar og gefur nemendum tækifæri til að læra út frá eigin forsendum.

# 5. Samfélagsgreinar

## Viðmið um námshæfni í samfélagsgreinum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Reynsluheimur**

- Borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi
- Lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga.
- Sagt frá gerð og mótun íslensks samfélags fyrr og nú
- Áttað sig á að trúar- og lífsviðhorf fólks birtast mismunandi viðhorfum, siðum og venjum
- Komið auga á nokkra þætti sem hafa haft áhrif á mannlífið í tímans rás, svo sem umhverfi og skipulag samfélaga
- Velt fyrir sér upplýsingum, gildi þeirra og áreiðanleika
- Sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum kristni
- Bent á dæmi um áhrif tækni og framkvæmda á mannlíf og umhverfi
- Sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum kristni og annarra trúarbragða, einkum í nærsamfélaginu
- Velt fyrir sér nærtækum spurningum sem tengjast trú, lífsviðhorfi og breytni
- Áttað sig á gildi samhjálpar í samfélaginu

- Velt fyrir sér nærtækum spurningum sem tengjast trú
- Bent á tengsl valinna þátta í samfélagi, náttúru, trú og lífsviðhorfi, einkum í nærsamfélaginu.
- Áttað sig á muninum á völdum þáttum trúar- og lífsviðhorfa
- Bent á dæmi um hvernig sagan birtist í munum og minningum
- Sagt frá völdum þáttum og tímabilum í sögu fjölskyldu og heimabyggðar.
- Sagt frá dæmum, um hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á hvernig fólk lifir
- Gert sér grein fyrir nokkrum einkennum þess að náttúrufar breytist vegna ytri áhrifa.
- Rætt um samfélagið og notað valin hugtök í því samhengi
- Auki orðaforða sinn og skilning á ýmsum hugtökum, orðum og málsháttum í íslensku

**Hugarheimur**

- Bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig.
- Gert sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans
- Sett sig í spor jafnaldra
- Rætt um samfélagið og notað valin hugtök í því samhengi
- Fái tilfinningu fyrir samhengi og tengslum nútímasiða við líf Íslendinga fyrrum og skilning á því hvers vegna þeir eru ólíkir siðum annarra þjóða, t.d. matur og klæðnaður

**Félagsheimur**

- Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi
- Áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum
- Tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti
- Hlustað á og greint að ólíkar skoðanir
- Sýnt að hann virðir reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur
- Sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra
- Rætt um réttindi sín og skyldur í nærsamfélaginu og sýnt ábyrgð í samskiptum við aðra og þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna
- Áttað sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum
- Áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna
- Sett sig inn í málefni nærsamfélagsins
- Sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi
- Öðlist þekkingu á lífi og störfum fólks á Íslandi fyrr á tímum
- Þekki uppruna séríslenskra fæðutegunda og hugrök sem þeim tengjast

**Núvitund**

- Nemandi fái innsýn í hugsanir og hugsanaferli
- Nemandi byggi upp færni til að stýra athygli
- Nemandi byggi upp færni til að hafa stjórn á tilfinningum
- Nemandi byggi upp getu til að taka eftir og fanga jákvæða upplifun
- Nemandi byggi upp góðvild og opið hugarfar gagnvart eigin sjálfsmynd og annarra

# 5.1. Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði

### Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Tímafjöldi: 1 tími(40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *þekki grundvallargildi kristilegs siðgæðis*
- *þekki helstu siði og athafnir sem tengjast kristinni trú*
- *kynnist öðrum trúarbrögðum, lífsviðhorfum og menningu*
- *hafi fengist við siðræn viðfangsefni sem tengjast vináttu, fyrirgefningu, umburðarlyndi, jafnrétti og nærgætni*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Trúarbrögðin okkar*
- *Vefur á mms.is*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer nám og kennsla fram í skóla og heima (utan skóla) á eftirfarandi hátt:

- *Samlestur, verkefnavinna, umræður, áhorf*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

*Kennaramat í lok hvers þema/söguramma sem taka m.a. til eftirfarandi:*

- *Vinnusemi*
- *Vandvirkni*
- *Virkni og hlustun í umræðum*
- *Þátttaka, samvinna og tillitssemi í hópavinnu*
- *Umgengni*
- *Kunnátta á efnisþáttum*

Þarfir og geta einstaklingsins eru ávallt hafðar að leiðarljósi við verkefnavinnu og framsetningu. Með fjölbreyttum leiðum í kennslunni er hægt að koma á móts við mismunandi þarfir og áhuga nemenda. Sögurammar og þemavinna gefa mikla möguleika til námsaðlögunar og gefur nemendum tækifæri til að læra út frá eigin forsendum.

## 5.2. Jafnrétti, lífsleikni og núvitund

### Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Tímafjöldi: 1 tími (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

***v. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru að:

- *efla sjálfsþekkingu*
- *tileinka sér og fara eftir skólaheitinu*
- *tileinka sér hugsjónir hornstoðanna og dygðanna*
- *efla með sér siðgæðis- og félagsþroska*

- *temja sér umburðarlyndi og kurteisi*
- *virða reglur í samskiptum og samfélagi*
- *legga metnað í að halda góðar morgunstundir*
- *fara eftir skólareglum og SMT-reglum*

***vi. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *verkefni sem tengjast lífsleikni í daglegu lífi*
- *verkefni tengd dygðum hvers mánaðar*

***vii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *hlustað á sögur, ævintýri og klípusögur*
- *horft á myndbönd*
- *umræður, leikræn tjáning og söngur*
- *skapandi vinna og ritun*
- *morgunstundir undirbúnar og fluttar.*

Þarfir og geta einstaklingsins eru ávallt hafðar að leiðarljósi við verkefnavinnu og framsetningu. Með fjölbreyttum leiðum í kennslunni er hægt að koma á móts við mismunandi þarfir og áhuga nemenda og gefur nemendum tækifæri til að læra út frá eigin forsendum.

***viii. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

*Kennaramat í lok hvers þema/söguramma sem taka m.a. til eftirfarandi:*

- *Vinnusemi*
- *Vandvirkni*
- *Virkni og hlustun í umræðum*
- *Þátttaka, samvinna og tillitssemi í hópavinnu*
- *Umgengni*
- *Kunnátta á efnisþáttum*

Þarfir og geta einstaklingsins eru ávallt hafðar að leiðarljósi við verkefnavinnu og framsetningu. Með fjölbreyttum leiðum í kennslunni er hægt að koma á móts við mismunandi þarfir og áhuga nemenda. Sögurammar og þemavinna gefa mikla möguleika til námsaðlögunar og gefur nemendum tækifæri til að læra út frá eigin forsendum.

# 5.3. Landafræði, saga, og sam-/þjóðfélagsfræði

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Tímafjöldi: 3 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

Fornar menningarþjóðir og íslenskir þjóðhættir Nemendur:

- *kynnist sögu mannkyns og tímaás*
- *kynnist íslenskum þjóðháttum áður fyrr*
- *geti beitt sjálfstæðum vinnubrögðum við upplýsingaöflun, athuganir og skráningu  þjálfist í hópavinnu*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Komdu og skoðaðu sögu mannkyns*
- *Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti og ýmis verkefni tengd efninu (byrjendalæsi)*
- *ýmsar fræðibækur*
- *Veraldarvefurinn og efni útbúið af kennurum*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *fjölbreytt verkefni- og kennsluaðferðir*
- *upplýsingaöflun og athuganir*
- *samþætting við aðrar námsgreinar*
- *áhersla lögð á að flétta saman þekkingu og færni nemenda svo að þeir öðlist aukna vitund um samfélagið og umhverfið.*
- *skapandi starf, verkefnavinna, uppsetning verkefna og kynningar.*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

*Kennaramat í lok hvers þema/söguramma sem taka m.a. til eftirfarandi:*

- *Vinnusemi*
- *Vandvirkni*
- *Virkni og hlustun í umræðum*
- *Þátttaka, samvinna og tillitssemi í hópavinnu*
- *Umgengni*
- *Kunnátta á efnisþáttum*

Þarfir og geta einstaklingsins eru ávallt hafðar að leiðarljósi við verkefnavinnu og framsetningu. Með fjölbreyttum leiðum í kennslunni er hægt að koma á móts við mismunandi þarfir og áhuga nemenda. Sögurammar og þemavinna gefa mikla möguleika til námsaðlögunar og gefur nemendum tækifæri til að læra út frá eigin forsendum.

# 6.Skólaíþróttir

**Viðmið um námshæfni í skólaíþróttum**

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

| |
|---|
| **Heilsa og velferð**<br>• Notað hugtök sem tengjast íþróttum<br>• Gert sér grein fyrir mikilvægi heilbrigðs lífernis og hreinlætis<br>• Aukið líkamshreysti sitt<br>• Haft vald á helstu grunnhreyfingum s.s. að hlaupa, skríða, hoppa og klifra.<br>• Haft jákvæða upplifun af kennslustund<br>• Þekkt heiti helstu líkamshluta.<br>**Hreyfing og afkastageta**<br>• Farið eftir leikreglum í mismunandi íþróttagreinum<br>• Gert æfingar sem reyna á lofthāð þol.<br>• Gert samsettar æfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu.<br>• Gert æfingar með mismunandi áhöldum.<br>• Geta gert styrktaræfingar<br>• Virkni í kennslustund<br>**Félagslegir þættir og samvinna**<br>• Fara eftir fyrirmælum kennara<br>• Tekið þátt í leikjum sem styrkja samskipti og samvinnu nemenda.<br>• Farið eftir leikreglum<br>• Tekið tillit til annarra<br>• Sýnt virðingu og góða framkomu hvort sem leikur vinnst eða tapast<br>**Öryggi og skipulag**<br>• Mætt í viðeigandi fatnaði í íþróttatíma.<br>• Gert sér grein fyrir mikilvægi öryggis- og umgengnisreglna.<br>• Brugðist við óvæntum aðstæðum.<br>**Sund**<br>• 12m baksund<br>• 12m baksund með hjálpartækjum<br>• 12m skólabaksund<br>• 12m skriðsund<br>• 12m skriðsund með hjálpartækjum<br>• 25m bringusund |

## Grunnþættir menntunar í skólaíþróttum

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í skólaíþróttum:

| Grunnþáttur | Áhersluþættir grunnþátta menntunar<br>Að nemandi |
|---|---|
| HEILBRIGÐI OG VELFERÐ: | • hreyfi sig alla daga vikunnar, um 60 mínútur á dag eða lengur.<br>• taki þátt í leikjum og/eða stundi íþróttir með ánægju og félagsleg samskipti að leiðarljósi, ásamt því að efla almennt líkamshreysti.<br>• iðki íþróttir og leiki á skólalóð<br>• þjálfist í æfingum og leikjum sem efla liðleika, líkamsreisn og líkamsstöðu. |
| JAFNRÉTTI: | • stundi fjölbreytta hreyfingu í formi leikja og/eða íþrótta sem eru án fordóma á skólatíma og í nærsamfélagi.<br>• hafi rétt til þátttöku í íþróttum til jafns við aðra.<br>• hafi fengið kynningu á þeim íþróttagreinum sem í boði eru í nærsamfélaginu. |

| | |
|---|---|
| LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI: | • hafi fengið tækifæri til að kjósa með lýðræðislegri kosningu um val á hreyfingu/leik í skólaíþróttum/sundi, þar sem hann fær tækifæri til að hafa áhrif á skipulagið.<br>• hafi jafnan rétt á við aðra að stunda hreyfingu a.m.k. þrisvar sinnum í viku í 40 mínútur í senn. |
| LÆSI: | • fái tækifæri til að ræða um mikilvægi hreyfingar fyrir líkamlega og andlega heilsu og vellíðan.<br>• Þekki heiti helstu líkamshluta.<br>• tileinki sér réttar reglur í leikjum og geti skorið úr ágreiningi ef upp kemur og læra að taka tapi sem og sigri.<br>• læri og tileinki sér skipulagsform eins og röð, lína, hringur og hópur.<br>• tileinki sér almennar reglur íþróttamannvirkja. |
| SJÁLFBÆRNI: | • fái tækifæri til að velja leik eða hreyfingu sem honum finnst áhugaverð og skemmtileg.<br>• þjálfist í því að fara rólega af stað í upphafi reglubundinnar hreyfingar og einnig í lok æfingar og skilji hvers vegna.<br>• hafi jákvæða upplifun af íþróttaiðkun.<br>• hafi ánægju af því að hreyfa sig reglulega. |
| SKÖPUN: | • tileinki sér helstu samskiptareglur og færni eins og að hlusta, hlýða, tjá skoðun, bíða og bregðast við. |

# 6.1. Íþróttir

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Tímafjöldi: Tvær 40 mínútna kennslustundir að jafnaði á viku yfir heilt skólaár.

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- ***Grunnþættir líkams- og hreyfiþroska***

*Líkamsstaða og líkamsbeiting, samhæfing, styrkur, þol, hraði, jafnvægi, liðleiki*

- ***Líkams- og heilsurækt***

*Styrktaræfingar, stöðvaþjálfun.*

- ***Áhaldafimleikar***

*Hindranahlaup, gólfæfingar, stökk, sveiflur, klifur, róla sér*

- ***Spaðaíþróttir***

*Badminton, bandý.*

- ***Leikir***

*Boltaleikir, hlaupa- og viðbragðsleikir, kraftleikir, leiknileikir, samvinnuleikir, hugmyndaleikir, ratleikir*

- ***Frjálsíþróttir***

*Hlaup, stökk, köst, boðhlaup.*

- ***Sértækir námsþættir***

*Gönguferðir, vettvangsferðir og útihlaup.*

### *ii. Námsgögn og kennsluefni*

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

***Áhöld í íþróttasal***

***Minni áhöld****: Boltar, gjarðir, sippubönd, snú-snú bönd, teygjur, léttar dýnur, liðabönd, vesti, mjúkir boltar, badmintonflugur og spaðar, bandý boltar og kylfur, keilur, skeiðklukkur, málband, spilastokkur, mottur.*

***Stærri áhöld:*** *Kistur, kubbar, hestar, kaðlar, slár, badminton uppistöður, blak uppistöður, mörk, körfur, bekkir, stærri dýnur, stökkbretti, boltagrindur, boltanet.*

***Áhöld í skóla og á skólalóð***

***Minni áhöld:*** *Boltar, sippubönd, snú-snú bönd, teygjur, mjúkir boltar, liðabönd, vesti, bandý kylfur.*

***Stærri áhöld:*** *Klifurbrautir, rólur, mörk, gervigrasvöllur, körfur, yfir veggur.*

### *iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun*

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- ***Kennsla í íþróttahúsi****: Íþróttasalur*
- ***Kennsla utanhúss:*** *Skólalóð*
- ***Heimanám (foreldrar)****: Nemendur eru hvattir til að stunda íþróttir og almenna hreyfingu utan skólatíma og mæta þannig kröfum námsins.*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

***Kennsluaðferðir****: Sýnikennsla, vettvangsferðir, endurtekningaræfingar, námsleikir, verkstæðiskennsla (stöðvaþjálfun), áfangaþjálfun, stöðugt þjálfunarálag, þrautalausnir og þrautabrautir, hlutverkaleikir, hermileikir, kannanir, hópvinnubrögð, leikræn tjáning.*

***Kennsluaðferðir og leiðir****: iPad og tengd tækni*

### *iv. Námsmat og námsmatsaðlögun*

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:

***Hreyfing og -afkastageta***

*Námsmat: Færnipróf*

***Félagslegir þættir og samvinna***

*Námsmat: Virkni í kennslustundum, hegðun og færni.*

***Öryggi og skipulag***

*Námsmat*

- *Að fara eftir reglum, m.a. öryggisreglum í íþróttahúsi*
- *Að fylgja fyrirmælum kennara og starfsmanna*

b. Námshæfni:

*Stöðumat nokkrum sinnum yfir skólaárið, miðað er við samhæfingu, hreyfifærni, liðleika og þrek.*

# 6.2. Sund

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**
Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.
Tímafjöldi: Ein 40 mínútna kennslustund að jafnaði á viku yfir skólaárið.

Áhersla er lögð á að nemandi þjálfist og öðlist aukna færni í mismunandi sundaðferðum.

***ii. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

***Leikir***

- *Að nemandi þjálfist í boltaleikjum, hlaupa- og viðbragðsleikjum, kafleikjum og fjölbreyttum samvinnuleikjum.*
- *Að nemandi þjálfist í æskilegri líkamsstöðu í vatni og líkamsbeitingu, samhæfingu, liðleika, þoli, krafti, viðbragðs og hraða auk almennrar vatnsaðlögunar*
- *Að nemandi læri að bera virðingu fyrir þörfum og getu samnemenda.*
- *Að nemandi fái tækifæri til að bæta félagsþroska sinn og samskiptahæfni*

***Bringusund***

- *Að nemandi hafi náð valdi á samspili grunnhreyfinga.*
- *Að nemandi geti synt 25 m bringusund.*

***Skólabaksund***

- *Að nemandi hafi náð valdi á samspili grunnhreyfinga.*
- *Að nemandi geti synt 15 m skólabaksund.*

***Skriðsund***

- *Að nemandi hafi náð valdi á samspili grunnhreyfinga.*
- *Að nemandi geti synt 12 m skriðsund með eða án hjálpartækja.*

***Baksund***

- *Að nemandi hafi náð valdi á samspili grunnhreyfinga.*
- *Að nemandi geti synt 12 m baksund með eða án hjálpartækja.*

***Flugsund***

- *Að nemandi hafi náð valdi á samspili grunnhreyfinga.*
- *Að nemandi geti synt flugsundsfótatök með eða án hjálpartækja.*

***Stunga***

- *Að nemandi geti stungið sér úr kropstöðu af bakka eða stiga.*

***iii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

***Áhöld í sundlaug**: Kútar, núðlur, stór bretti, lítil bretti, sundfit, flotholt af ýmsum gerðum, kafhringir, kafhlið, gjarðir, dýnur, boltar.*

***iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

-

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

***Kennsluaðferðir:*** *Sýnikennsla, endurtekning, leikir, þolþjálfun, þrautabrautir, hópvinna, samvinna, sköpun*

***Kennsluaðferðir og leiðir:*** *iPad og tengd tækni*

***v. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:

***Heilsa og velferð***

*Námsmat: Markmiðasetning og framfarir*

***Hreyfing og afkastageta***

*Námsmat:Tæknileg útfærsla sundgreina, 4. sundstig*

***Félagslegir þættir og samvinna***

*Námsmat: Virkni í kennslustundum, Viðhorf og áhugi*

***Öryggi og skipulag***

*Námsmat: Að fara eftir reglum á sundstöðum, Að fylgja fyrirmælum kennara og starfsmanna*

b. Námshæfni:

*Stöðumat 4-5 sinnum yfir skólaárið, miðað er við viðkomandi sundstig.*

# 7.Stærðfræði

## Viðmið um námshæfni í stærðfræði

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Að geta spurt og svarað með stærðfræði**
- Tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði
- Sett fram, meðhöndlað og túlkað talnalínur, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi
- Staðsett punkta í hnitakerfi og lesið hnit punkta í hnitakerfi og töflum.

**Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar**
- Notað myndmál og frásögn jafnhliða táknmáli stærðfræðinnar og unnið með innbyrðis tengsl þeirra
- Notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum
- Skráð tíma á skífuklukku og stafræna klukku.
- Reiknað með klukkustundum og mínútum.

**Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar**
- Kannað og rannsakað með því að setja fram tilgátur og gera tilraunir með áþreifanlegum gögnum.

- Nýtt sér þekkingu á margföldun í deilingu.
- Námundað að tug, hundraði og þúsundi.

**Tölur og reikningur**
- Notað tugakerfisritháttt
- Gefið dæmi um og sýnt hvernig einföld brot og hlutföll eru notuð í daglegu lífi.
- Leyst samlagningardæmi með þriggja og fjögurra stafa tölum
- Leyst frádráttardæmi með þriggja og fjögurra stafa tölum.
- Margfaldað tölur upp að tíu.
- Deilt þar sem svarið er heil tala.
- Unnið með samlagningu og frádrátt á lágum negatífum tölum.
- Áttað sig á stærð tugabrota og lagt þau saman.
- Áttað sig á stærð tugabrota og lagt þau saman.
- Skilji almenn brot og geti borið saman stærð þeirra.

**Algebra**
- Kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum á einfaldan hátt og spáð fyrir um framhald mynsturs, t.d. með því að nota líkön og hluti
- Fundið lausnir á jöfnum með óformlegum aðferðum og rökstutt lausnir sínar, t.d. með því að nota áþreifanlega hluti.

**Rúmfræði og mælingar**
- Notað einföld hugtök úr rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu,
- Borið saman niðurstöður mismunandi mælinga og túlkað niðurstöður sínar á einfaldan hátt
- Unnið með mælikvarða og lögun
- Áætlað og mælt ólíka mælieiginleika, s.s. lengd, flöt og rými.
- Teiknað spegilása í samhverfar myndir og speglað mynd um spegilás.

**Tölfræði og líkindi**
- Talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit
- Tekið þátt í umræðum um einfalda gagnasöfnun og myndrit, bæði eigin og annarra
- Tekið þátt í umræðum um tilviljanir og líkur, s.s. hvað er líklegt að muni gerast og hvað er tilviljunum háð.

# 7.0. Stærðfræði

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar** Tímafjöldi: 6 sinnum 40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár.

### *i. Viðfangsefni í náminu*

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *að geta spurt og svarað með stærðfræðinni,*
- *að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar,*
- *vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar,*
- *algebra,*
- *tölur og reikningur,*
- *rúmfræði og mælingar,*
- *tölfræði og líkindareikningur.*

### *ii. Námsgögn og kennsluefni*

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Sproti 4a nemendabók og æfingahefti*
- *Sproti 4b nemendabók og æfingahefti*
- *Verkefni fyrir vasareikna,*
- *Stefnum á margföldun / stefnum á deilingu,*
- *Í undirdjúpunum (margföldun og deiling),*
- *þrentuð stærðfræðiefni af Skólavefnum,*
- *gömul samræmd próf,*
- *spil og stærðfræðigögn.*

### *iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun*

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *innlagnir,*
- *hópavinna,*
- *einstaklingsnám,*
- *hlutbundin vinna,*
- *þrautir,*
- *gagnvirkt efni,*
- *heimavinna.*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *ítarefni*
- *sérkennsla. Lotukerfi í Sprota eða einstaklingsnámskrá.*
- *stuðningur inni í bekk*
- *Færnimiðaðir hópar þegar við á, t.d. Unnið með lesdæmi út frá ákveðnu verklagi (lesdæmisferill)*

### *iv. Námsmat og námsmatsaðlögun*

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

- *Próf: kaflapróf, yfirlitspróf*
- *Aðrar kannanir t.d. í margföldun.*

# 7.1. Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræði

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

**<u>Grundvallarfærni</u>**

Nemendur þurfa að geta:

- *Sett fram tilgátur og spurningar sem hægt er að rannsaka og svara með því að nota stærðfræðiþekkingu úr 4.bekk.*
- *Notað tölur og einfalda útreikninga til að rökstyðja mál sitt í tengslum við hagnýt verkefni og krefjandi viðfangsefni. Eitt hitt mikilvægasta, sem nemendur læra á fyrstu námsárunum, er að útskýra með hjálp stærðfræðinnar eigin aðferðir eða hugsanagang við lausn verkefna.*
- *Lýst einföldu talnamynstri eða mynstri úr rúmfræðilegum formum og útskýrt hvernig það breytist.*
- *Notað ýmsar aðferðir til að tjá sig í vinnu með stærðfræði. T.d. við teikningar og skissur, myndir, töflur og skýringarmyndir.*
- *Notað áþreifanlega hluti og teikningar en í 4.bekk munu nemendur ná æ meiri tökum á hinum stærðfræðilegu táknum. Hér er átt við tölur upp í 1000 ásamt því að geta notað þær í mæltu máli eða skriflegu, einkum í tengslum við reikningsaðgerðirnar fjórar.*
- *Sett útreikninga fram á þann hátt að þeir gefi góða yfirsýn og séu öðrum skiljanlegir.*
- *Lesið og skilið stærðfræðiverkefni eins og þau koma fyrir í orðadæmum og einföldum textaverkefnum*
- *Lesið hin stærðfræðilegu tákn, tölustafina og vita hvernig þeir eru settir saman til að tákna tveggja stafa og þriggja stafa tölur, mínustáknið fyrir negatífar tölur, tákn fyrir almenn brot, svo og táknin +, -,   ; : og =.*
- *Lesið úr töflum og einföldum súluritum.*
- *Gert kannanir og leyst verkefni úr raunverulegum hversdagslegum aðstæðum. Það krefst þess að þeir hafi náð valdi á og tileinkað sér reikningsaðgerðirnar fjórar, einkum litlu samlagningartöfluna og litlu margföldunartöfluna þ.e.a.s. allar margföldunartöflurnar upp í 10 töfluna.*
- *Notað færni sína og þekkingu á grunnatriðum til að leysa raunhæf verkefni. Að í kennslunni sé sjónum bæði beint að færniþjálfun og könnunum/þrautalausnum.*
- *Áttað sig á hvernig ýmislegt tengist í stærðfræðinni, t.d. má nefna tengsl milli reikningsaðgerðanna fjögurra og milli rúmfræði og reiknings.*
- *Sannreynt nákvæmni svara við dæmum og annarra fullyrðinga.*

## 7.2. Tölur, reikningur og algebra

### Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Nemendur eiga að:

- *Þekkja sætiskerfið, geta skipt tölum í einingar, tugi, hundruð og þúsund*
- *Geta sýnt tölur á mismunandi vegu, raðað þeim og staðsett á talnalínunni*
- *Þekkja negatífar tölur þar sem áhersla er á talnalínuna og geta reiknað einföld dæmi með negatífum tölum*
- *Þekkja almenn brot sem hluta af heild þar sem heildin getur verið safn, lengd eða mynd*
- *Þekkja hugtökin teljari og nefnari og geta borið saman brot með eins stafs nefnara*
- *Þekkja tíunduhluta, geta raðað slíkum brotum í stærðarröð og staðsett þau á talnalínunni*

- *Geta leyst samlagningar-og frádráttardæmi með þriggja stafa tölum á talnalínunni, í huganum og skriflega með viðteknum reikningsaðgerðum*
- *Geta námundað tölur að næsta tug, hundrað og þúsund og notað námundum í slumpreikningi*
- *Geta notað færni, sem þeir hafa náð tökum á, t.d. margföldunartöflurnar, í öllum reikningsaðgerðunum fjórum*
- *Geta notað reikningsaðgerðirnar fjórar við hversdagslegar aðstæður, t.d. við kaup og sölu*
- *Þekkja margföldun sem endurtekna samlagningu og margföldun í rúðuneti og þekkja deilingu bæði sem skiptingu og endurtekinn frádrátt*
- *Þekkja tengsl margföldunar og deilingar og jafnframt tengsl þessara reikningsaðgerða við endurtekna samlagningu og endurtekinn frádrátt*
- *Geta leyst verkefni með því að hoppa á talnalínunni og nota rúðunet*
- *Geta skipt margföldunardæmum í einfaldari hluta, t.d. er 8 · 4 jafnt og 5 · 4 + 3 · 4 eða jafnt og 4 · 4 + 4 · 4*
- *Geta útskýrt að tengireglan gildir í margföldun, þ.e. að röð þáttanna skiptir ekki máli fyrir svarið*
- *Geta kannað, lýst og haldið áfram með einfalt talnamynstur eða talnarunu og fundið þannig næstu tölu sem ýmist hækkar eða lækkar um jafn mikið og aðrar tölur í rununni*
- *Geta notað vasareikni til að skoða talnamynstur*

## 7.3. Rúmfræði, mælingar, tölfræði og líkindi

### Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Nemendur eiga að:

- *Geta lýst staðsetningu og hliðrun í rúðuneti, bæði með tilvísun í aðra staði í rúðunetinu („farðu tvö skref upp og þrjú til hægri „) eða með tilvísun í merkingar á jöðrum rúðunetsins („reitur B3“) Geta staðsett reit eða punkt í hnitakerfi og reiknað fjarlægðir út frá ásunum.*
- *Þekkja og geta lýst einkennum hringja og marghyrninga*
- *Þekkja speglun, sýna spegilása, einnig í myndum þar sem spegilásar eru fleiri en einn, geta búið til og þekkt samhverf mynstur með því að skoða þau*
- *Geta búið til og lýst einföldum mynstrum með því að endurtaka form eða hliðra formi  Geta snúið og þannig framkallað horn af grunnstærðunum, t.d. 90°, 180°, 270° og 360°.*
- *Geta sagt til um hvað klukkan er, bæði út frá hefðbundinni klukkuskífu og stafrænni klukku.*
- *Geta reiknað hve langur tími, í klukkustundum og mínútum, er milli tveggja tímasetninga*
- *Geta mælt tímann og áætlað mismunandi tímalengdir, t.d. klukkustundir, mínútur og sekúndur.*
- *Geta notað einfaldan mælikvarða til að mæla lengd.*
- *Geta mælt og reiknað ummál marghyrninga*
- *Geta fundið flatarmál sem fjölda mælieininga, bæði staðlaðra og óstaðlaðra, sem fylla út flöt*
- *Geta áætlað algengar stærðir sem tengjast lengd, þyngd, flatarmáli og rúmmáli*

- *Geta notað hentug mælitæki og lesið af kvörðum*
- *Geta valið á milli desilítra og lítra, milli gramma, hektógramma og kílógramma og milli millimetra, sentimetra, desimetra og metra.*
- *Geta gert einfaldar kannanir og safnað mismunandi upplýsingum/gögnum, flokkað þau, talið fjöldann í hverjum flokki og sýnt niðurstöðurnar í töflum og súluritum  Geta lesið úr einföldum súluritum*

# 8. Upplýsinga- og tæknimennt

### Viðmið um námshæfni

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Árgangaviðmið**

- Nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju s.s til lesturs, hlustunar og leitarnáms
- Gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tæknibúnaði
- Sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefni undir leiðsögn
- Leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu
- Unnið með heimildir
- Notað hugbúnað/forrit við einföld ritunarverkefni og framsetningu tölulegra gagna
- Notað einfaldan hugbúnað/forrit við myndvinnslu
- Notað hugbúnað/ forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt
- Farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra.
- Notað tölvu/spjaldtölvu til listsköpunar á mismunandi sviðum lista
- Þekkt helstu hluta tölvunnar/spjaldtölvunnar og jaðartæki hennar og er fær um að beita þeim
- Notað tölvu/spjaldtölvu til að skrifa eigin texta og myndir.
- Noti rétta fingrasetningu

## 8.2. Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni

### Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Áhersla er lögð á að kynna nemendum tækni og aðferðir við öflun, úrvinnslu, sköpun og miðlun upplýsinga í tengslum við annað nám. Í upplýsingaveri fá nemendur þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum, læra að afla sér þekkingar, vega hana og meta, skapa nýja, umbreyta og miðla henni á fjölbreyttan hátt. Kennd verða grunnatriði í forritun.
Tímafjöldi: Nemendur fá eina kennslu í tölvuveri á viku.

### i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Kennt er á ýmsan hugbúnað/forrit til að ná fram markmiðum tölvukennslunnar s.s. Word, Publisher, Power Point, mál og fleiri forrit.*
- *Einnig læra nemendur að nota sér Internetið til gagns.*
- *Rétt fingrasetning er kennd og unnið með texta og sögugerð.*

.

### ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Efni, forrit og verkefni frá kennara*
- *Veraldarvefurinn notaður þegar við á*

### iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla fram á eftirfarandi hátt:

- *Bein kennsla*
- *Innlagnir*
- *Sýnikennsla*
- *Verklegar æfingar*

### iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:

- vinnur nemandinn sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn
- tjá huganir og skoðanir sínar á prenti á viðeigandi hátt
- skipulagt efnistök og aðferðir við úrlausn verkefna
- unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á
- tekið jákvæðan þátt í leik og starfi í skólasamfélagi sínu
- tekið leiðsögn á jákvæðan og uppbyggilegan hátt

b. Námshæfni:

- Nemendur tjá sig um þær leiðir sem þeir velja í verkefnavinnu
- Nemendur sýni verklag sitt á skýran hátt á sínu heimasvæði
- Nemandi á að skila ákveðnum verkefnum til kennara sem eru metin.

# 5. bekkur

## Skólanámskrá Áslandsskóla




Skólaárið 2020-2021

# II.1. Samantekt kennslu – Viðmiðunarstundaskrá 5. bekkur

Kennslutímar á viku skiptast í eftirfarandi námsgreinar.

| Námssvið | Námsgreinar | Tímafjöldi í skóla á viku |
|---|---|---|
| 1. Íslenska | 1.1. Talað mál, hlustun og áhorf<br>1.2. Lestur og bókmenntir<br>1.3. Ritun<br>1.4. Málfræði | 1<br>2<br>1<br>2 |
| 2. Erlend tungumál | 2.1. Enska<br>2.2. Danska og önnur Norðurlandamál | 2<br>2 |
| 3. List- og verkgreinar | *A Listgreinar:*<br>3.1. Sviðslistir (dans og leiklist)<br>3.2. Sjónlistir (myndmennt)<br>3.3. Tónmennt<br>*B Verkgreinar:*<br>3.4. Heimilisfræði<br>3.5. Hönnun og smíði<br>3.6. Textílmennt | 3<br>1<br>1<br>1<br>3<br>1<br>1<br>1 |
| 4. Náttúrugreinar | 4.0. Náttúrufræði | 3 |
| 5. Skólaíþróttir | 5.1. Íþróttir<br>5.2. Sund | 2<br>1 |
| 6. Samfélagsgreinar | 6.1. Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði<br>6.2. Jafnrétti og lífsleikni<br>6.3. Landafræði, saga, sam-/þjóðfélagsfræði | 1<br>2<br>3 |
| 7. Stærðfræði | 7.0. Stærðfræði<br>(eða)<br>7.1. Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar<br>7.2. Tölur, reikningur og algebra<br>7.3. Rúmfræði, mælingar, tölfræði og líkindi | 6 |
| 8. Upplýsinga- og tæknimennt | 8.1. Miðlamennt og skólasafnsfræði<br>8.2. Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni | 1 |

| | | |
|---|---|---|
| Alls | | 35 |

# 1. Íslenska, íslenska sem annað mál og íslenskt táknmál

## Íslenska

### Viðmið um námshæfni í íslensku

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Talað mál, hlustun og áhorf**

- Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar
- Tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og haldið athygli áheyrenda
- Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu viðfangsefni, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.
- hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni og aðalatriðum.
- Átt góð samskipti , hlustað og sýnt kurteisi
- Nýtt sér efni á rafrænu formi á skipulegan hátt.

**Lestur og bókmenntir**

- Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi
- Nýtt góðan orðaforða, þekkingu og reynslu við lestur og skilning texta
- Greint aðalatriði úr texta og skýrt frá innihaldi hans
- Lesið sér til ánægju og fróðleiks og geti svarað spurningum úr textanum
- Lesið ævintýri, sögur, ljóð og bókmenntir ætlaðar börnum.
- Beitt hugtökum eins og persóna, söguþráður, umhvefi, boðskapur og tími.
- Tekið þátt í umræðum um bókmenntaverk
- Beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu, ljóðlínu og ljóðstafi
- Aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum svo sem bókum og á rafrænu formi og unnið úr þeim
- Lesið úr einföldum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær
- Valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju

**Ritun**

- Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega
- Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphaf, meginmál og niðurlag
- Beitt helstu reglum um stafsetningu og greinarmerkjasetningu
- Samið texta frá eigin brjósti: Saga
- Samið texta frá eigin brjósti: Frásögn
- Samið texta frá eigin brjósti: Ljóð
- Samið texta frá eigin brjósti:Skilaboð

**Stafsetning**

- Lesið texta og nýtt sér hann við eigin ritun
- Skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu

- Skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga

**Málfræði**

- Gert sér nokkra grein fyrir tungumálinu og hvernig má bæta það
- Notað ríkulegan orðaforða í töluðu og rituðu máli.
- Geti nýtt sér málfræðikunnáttu sína,
- Flett upp í orðabókum og öðrum gagnabrunnum
- Notað einföld orðtök og málshætti
- Áttað sig á byggingu texta þ.e setningum, málsgreinum og efnisgreinum
- Nýtt orðaforða til að búa til orð og notað þau í eigin texta
- Gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði við ritun og stafsetningu

# 1.1. Talað mál, hlustun og áhorf

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Tímafjöldi: 1 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. ***Viðfangsefni í náminu***
Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *koma fram fyrir áhorfendur,*
- *upplestur á eigin efni eða annarra,*
- *PALS*

ii. ***Námsgögn og kennsluefni***
Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Ljóðspor,*
- *Vandamálið – Þetta er málið 1 og 2,*
- *Blákápa,*
- *upplestur á eigin ritun,*
- *ýmsar hljóðbækur,*
- *samþætting við dygðavinnu í tengslum við morgunstundir.*

iii. ***Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***
Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *eigin ritun heima og í skóla,*
- *hópavinna,*
- *paravinna.*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *afsláttur veittur ef um lestrarörðugleika er að ræða,*

- *hljóðbækur*
- *tölvur/IPad notað við ritun.*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- *Símat*
- *Sjálfsmat*
- *Jafningjamat*
- *Vinnubókarmat*
- *Hópverkefni*
- *Einstaklingsverkefni*
- *Munnlegt mat*

# 1.2. Lestur og bókmenntir

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Tímafjöldi: 2 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Lestur ólíkra bókmenntatexta,*
- *Vinna með bókmenntatexta*
- *Lesskilningur*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Vandamálið – þetta er málið lesbók 1 og 2*
- *Blákápa*
- *Ljóðspor*
- *Skólaljóð*
- *Orðspor1*
- *valdar kjörbækur (Eplasneplar/Krakkinn sem hvarf)*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Nemendur velja lesefni við hæfi. Lesa heima og í skóla.*
- *Fjölbreytt verkefni í lesskilningi*
- *PALS lestraraðferð (þör að lesa saman)*
- *Umræður um efni bókmenntatexta og verkefni unnin*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Hljóðbækur*
- *Sérkennsla*
- *Sértækt lestrarefni*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

- *Orðarún*
- *Kannanir í lesskilning*
- *Símat*
- *Sjálfsmat*
- *Vinnubókarmat*
- *Einstaklingsverkefni*

# 1.3. Ritun

## Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Tímafjöldi: 1 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Nemendur semja eigin texta*
- *Vinna með hugtök í ritun (upphaf-miðja-endir)*
- *Notkun stafsetninga- og greinarmerkjareglna við ritun*
- *Bókmenntaritgerð*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Vandamálið – Þetta er málið, vinnubók*
- *Samþætting við aðrar námsgreinar*
- *Mál til komið, grunnbók og vinnubók*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Innlögn á hugtökum tengdum ritun*
- *Ritun á eigin texta, frjálst eða samkvæmt fyrirmælum*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Notkun tölva við ritun*
- *Afsláttur veittur ef um örðugleika er að ræða*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- *Símat*
- *Sjálfsmat*
- *Jafningjamat*
- *Vinnubókarmat*
- *Einstaklingsverkefni*
- *Munnlegt mat*

# 1.4. Málfræði

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Tímafjöldi: 2 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Stafrófið*
- *Orðflokkar: einkenni nafnorða, lýsingarorða og sagnorða*
- *Kyn, tala og fall nafnorða*
- *Bygging einfaldra málsgreina*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Vandamálið – Þetta er málið vinnubók 1og 2*
- *Málrækt 1*
- *Orðspor 1*
- *Ítarefni af veraldarvefnum*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Innlagnir í bekk*
- *Einstaklingsvinna*
- *Hópavinna*
- *Paravinna*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Sérkennsla*
- *Aðlagað námsefni ef þess þarf*
- *Stuðningskennsla*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- *Próf: kaflapróf, yfirlitspróf*
- *Kannanir*
- *Símat*
- *Heimapróf*
- *Hópverkefni*
- *Einstaklingsverkefni*
- *Munnleg próf*
- *Munnlegt mat*

# Erlend tungumál - 2.1. Enska

**Viðmið um námshæfni í erlendum tungumálum**

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Hlustun**

- Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni þegar talað er hægt og skýrt og brugðist við með orðum eða athöfnum.
- Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni.
- Fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar.
- Geti skilið tíma og dagsetningar

**Samskipti**

- Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.
- Tekið þátt í spjalli um daginn og veginn um kunnuglegt málefni
- Sagt að hann skilji, beðið um að talað sé hægar og um hjálp.
- Spurt um hvernig eigi að orða hlutina og hvað orð þýða.
- Rætt um tölur, verð og sagt hvað klukkan er.

**Frásögn**

- Sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt.
- Flutt atriði sem hann hefur haft tækifæri til að æfa.
- Endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv.
- Notað einföld orð og orðatiltæki til að lýsa því hvar hann á heima.
- Notað einföld orð og orðatiltæki til að lýsa fólki sem hann þekkir.

**Lesskilningur**

- Lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur.
- Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu

**Ritun**

- Lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi.
- Skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista.
- Skrifað einfaldar setningar og spurningar um viðfangsefni og notað viðeigandi greinarmerki
- Menningalæsi
- Sýnt fram á að hann þekkir jóla-, páska- og hátíðasiði í völdu enskumælandi landi.
- Námshæfni
- Tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu.
- Nýtt sér hjálpartæki s.s einfaldar orðabækur og veforðasöfn
- Tekið þátt í samvinnu tengt viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi.

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Námsgrein er kennd af umsjónarkennara og hefur hann 2 kennslustundir á viku (40 mín. hver kennslustund). Unnið er eftir TPR (Total Physical Response) kennsluaðferðinni.

### i. *Viðfangsefni í náminu*

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Dýr*
- *Persónulýsingar*
- *Heimilið og herbergi*
- *Daglegar athafnir*
- *Náttúran*
- *Skólaumhverfið*
- *Verslanir*
- *Bærinn minn*
- Kiddi Klaufi

### ii. *Námsgögn og kennsluefni*

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Build up 1*
- *Phonics Powerpoint og verkefnablöð*
- *Portfolio: Amazing Animals*
- *Portfolio: Into Hobbies*
- *Gagnvirkar æfingar á englishexercises.org*
- *Diary of a Wimpy Kid á esl-bits.net*
- *Málfræðihefti A, ljósritað hefti*
- *Myndefni s.s. Wow English, Peppa Pig, Horrid Henry*
- *Þemavinna*

### iii. *Námsfyrirkomulag og námsaðlögun*

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Námsleikir s.s hreyfileikir eins og „Simon Says“ eða bingo*

- *Námsleikir í hópavinnu þar sem unnið er með ákveðinn orðaforða s.s. „Go Fish“, „Snakes and Ladders“*
- *Námsleikir í paravinnu þar sem unnið er með ákveðinn orðaforða s.s. samstæðuspil, battleship*

Einnig er unnið eftir hlustunar og tal kennsluaðferðinni þar sem:

- *Samskiptin í kennslustofunni fara að mestu fram á ensku.*
- *Nemendur vinna í pörum við ýmsar talæfingar.*
- *Nemendur vinna hlustunaræfingar úr kennslubókum.*

Áhersla er lögð á hlustun og samskipti í kennslutímum jafnframt sem nemendur þjálfa frásögn, lestur, og ritun.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Aðlagað námsefni*
- *samvinnunám*
- *hljóðbækur*
- *Google Classroom*

### iv. *Námsmat og námsmatsaðlögun*

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- *Kannanir*
- *Símat*
- *Heimapróf*
- *Vinnubókarmat*
- *Hópverkefni*
- *Einstaklingsverkefni*
- *Munnleg próf*
- *Samræður á ensku í kennslutímum*
- *Hljóðupptökur og verkefnaskil inná Showbie*

## 2.2. Danska og önnur Norðurlandamál

**Viðmið um námshæfni í erlendum tungumálum**

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Hlustun**

- Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni.
- Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum

**Samskipti**

- Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.
- Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.
- Skiptst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu.

**Frásögn**

- Sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt.
- Flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eiginn texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa.
- Endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv.

**Lesskilningur**

- Lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur.
- Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu
- Geti svarað einföldum spurningum úr texta.

**Ritun**

- Lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi.
- Skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista.
- Skrifað einfaldar setningar um sjálfan sig og fjölskyldu.
- Samið stuttan texta með stuðningi mynda, hluta, tónlistar og o.s.frv.

**Menningalæsi**

- Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjarðar menningarsvæðisins, s.s. landfræðilegrar legu, staðhátta og þekktra staða.
- Sýnt fram á að hann þekkir til þátta sem einkenna barna- og unglingamenningu viðkomandi málsvæðis, s.s. söguhetja barnabóka, leikja, söngva og ævintýra.
- Sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.

**Námshæfni**

- Beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki.
- Tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja.
- Beitt sjálfsmati sem tengist viðfangsefnum námsins með stuðningi kennara eftir því sem þörf krefur
- Tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu.
- Nýtt sér hjálpartæki s.s einfaldar orðabækur og veforðasöfn

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**
Námsgreinin er kennd af sérgreinakennara/dönskukennara. Áhersla er lögð á að nemandinn þjálfist í hverri kennslustund í færniþáttunum fjórum; lestri, ritun, hlustun og tali (samtöl og frásagnir). Námsmatið miðar að öllum þessu færniþáttum. Mikil áhersla er lögð á fjölbreytileika í kennsluaðferðum og mismunandi nálgun að efninu.

Tímafjöldi: 2 x 40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár

### i. *Viðfangsefni í náminu*

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Nafn og aldur*
- *Heilsa og kveðja*
- *Nánasta umhverfið*
- *Norðurlöndin*
- *Tölustafir frá 1-20*
- *Dagar, mánuðir og árstíðir*
- *Líkaminn og föt*
- *Litir*
- *Fjölskyldan*
- *Kyn nafnorða, óákveðin/ákveðin greinir, fleirtala nafnorða, hljóðfræði, DET og DER, fornöfn, DEN, töluorð, lýsingarorð, sagnorð, samtengingar.*

### ii. *Námsgögn og kennsluefni*

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Start, lesbók og vinnubók, Námsgagnastofnun.*
- *Spjaldtölva - Smáforrit: Quizlet, Book creator, Notes, Showbie, o.fl.)*
- *Ýmis verkefni af veraldarvefnum og ljósrit.*
- *Danskar léttlestrarbækur/kjörbækur*
- *Námsspil*
- *Tónlist og kvikmyndir*

### iii. *Námsfyrirkomulag og námsaðlögun*

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla fram á eftirfarandi hátt:

- *Kennslubók er notuð sem innlögn á orðaforða sem unnið er síðan með í dýpra og víðari samhengi og tengt við fjölbreyttar kennsluaðferðir s.s. námsleiki, talæfingar, hlustunaræfingar, ritunarverkefni og listrænt skapandi verkefni. Námsmatið miðar einnig að þessari fjölbreytni.*
- *Glósur úr textunum eru unnar á spjaldtölvu, notast við Quizlet. Nemendur vinna með glósurnar, oft heima, áður en farið er í textana.*
- *Kennslan er ýmist bekkjarkennsla, paravinna, hópastarf eða einstaklingsmiðuð þar sem námsmatið getur einnig verið fjölbreytt að þessu leyti.*

- *Samskiptin fara að mörgu leyti fram á dönsku og það eykst þegar líður á námsárið. Kennari segir flest fyrirmæli á dönsku og nemendur fá í upphafi lista yfir setningar sem notaðar eru við daglegar athafnir í kennslustofunni.*
- *Málfræðiþættir eru lagðir inn jafnt og þétt í tengslum við efnið sem unnið er með hverju sinni og áherslan er mest við ritun og talmál.*
- *Skjávarpi er mikið notaður til að sýna nemendum efni sem tengist náminu, gefa þeim skýra mynd af danskri menningu og við skil nemenda á verkefnum sem unnin eru á spjaldtölvu.*
- *Námsleikir á veraldarvefnum er nýttir til þjálfunar bæði í skóla og við heimanám.*
- *Heimanám byggist að mestu á því að ef nemandi sinnir ekki náminu nógu vel í kennslustund þá þarf viðkomandi að klára heima fyrir næstu kennslustund. Einnig þarf að undirbúa sig fyrir sértæk verkefni og kannanir.*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Samvinnunám*
- *Hljóðbækur*
- *Einstaklingsáætlanir*

### *iv. Námsmat og námsmatsaðlögun*

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- *Próf: kaflapróf, yfirlitspróf*
- *Kannanir*
- *Símat*
- *Heimapróf*
- *Samvinnupróf*
- *Glósupróf*
- *Sjálfsmat*
- *Jafningjamat*
- *Vinnubókarmat*
- *Hópverkefni*
- *Einstaklingsverkefni*
- *Munnleg próf*
- *Munnlegt mat*

# 3. List- og verkgreinar

## A-Hluti

## 3.1. Sviðslistir

### Viðmið um námshæfni í sviðslistum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Leiklist**

- Skapað skuggaleikhús í samstarfi við jafningja
- Nýtt sér hugmyndir jafningja við undirbúning og sköpun skuggaleikhúss
- Lagt fram eigin hugmyndir við undirbúning og sköpun skuggaleikhúss
- Nýtt sér leikmuni, einfaldan sviðsbúnað og tækni til þess að styrkja sköpun sína

**Umgegni, vinnusemi og framkoma**

- Gengið frá eftir vinnu sína
- Sýnt vinnusemi í tímum
- Sýnt viðeigandi framkomu
- Farið eftir fyrirmælum

### Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Menntun í leiklist snýst um að þjálfa nemendur í aðferðum listgreinarinnar en ekki síður um læsi í víðu samhengi. Auk þess á hún að dýpka skilning nemenda á sjálfum sér, mannlegu eðli og samfélagi. Í leiklist fá nemendur tækifæri til að setja sig í spor annarra og prófa sig áfram með mismunandi tjáningarform, hegðun og lausnir í öruggu umhverfi. Leiklist styður nemandann í að tjá, móta og miðla hugmyndum sínum og tilfinningum. Jafnframt reynir hún stöðugt á samvinnu, samskipti, sköpun, tjáningu, gagnrýna hugsun og líkams- og raddbeitingu.

Tímafjöldi: Kennt er í lotum.

**i. *Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Skuggaleikhús*
- *Helgileikur*
- *Upphitunar-, einbeitingar- og traustæfingar*
- *Ýmsir leikir*

**ii. *Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Veraldarvefurinn*
- *Garash Band*
- *Stofuhljóðfæri*
- *Ipad*

- *Þjóðsögur og ævintýri*
- *Verkefni og gögn frá kennara: Hvítt tjald, myndvarpar, glærur, harðspjalda pappír, glærupennar og töflutúss, blýantar, strokleður, skæri, yddarar, reglustika, límstifti, málningarteip og grillpinnar.*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan fram á eftirfarandi hátt í skóla og heima (utan skóla):

- Innlagnir
- *Sýnikennsla*
- *Verkleg vinna*
- *Úrvinnsla*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytni í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum og mismunandi hæfileikum þeirra.*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

Símat: Umgengni, vinnusemi, framkoma, framvinda og hæfni metin í lok lotu.

# 3.2. Sjónlistir – myndmennt

**Viðmið um námshæfni í sjójlistum / myndmennt**

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Verklag og efnisnotkun**

- Samþætt bóklegt- og listnám.
- Þekkt mismunandi tegundir blýs og möguleika þess.

**Verkefnavinnsla**

- Notað fléttur og munstur, fyrir framan og aftan.
- Endurnýtt efni og unnið með það á ábyrgan hátt
- Geta beitt hugtökum sem tengjast vinnu við gerð myndlistar.
- Geta gert grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefninu.
- Geta unnið hugmyndir frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk

**Umhverfi**

- Unnið út frá reglum um frágang á áhöldum og stofu
- Unnið út frá þekkingu um nýtingu efna og endurvinnslu og áhrif þess á umhverfið
- Unnið í samvinnu og sýnt tillitsemi
- Beitt líkamstöðu á réttan hátt við vinnu sína og gert sér grein fyrir notkun og kostum hlífðarfatnaðar
- Geta sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði
- Lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Í myndmennt er lögð áhersla á að nemendur öðlist sýn og geti þroskað með sér vitund í að þekkja og vinna sjálfstætt að myndsköpun á uppbyggilegan hátt. Að þau kynnist efnum og áhöldum greinarinnar og þrói með sér aðferðir og tækni sem þau geti notað og finnist þau hafa vald á. Geti greint og sagt frá aðferðum og rýnt í verk á meðvitaðan hátt.
Markmiðið með kennslunni er að upplýsa um aðferðir, gamlar sem nýjar og kynna söguna eins vel og kostur er á. Listasögunni verða gerð skil á eins aðgenginlegan hátt og unnt er. Sjónlistir eru margvíslegar og verður reynt að gera þeim skil á eins fjölbreytilegan hátt og kostur er.

Kennt er í lotum

i. ***Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Verkefni þar sem þau nota myndbyggingu við gerð myndverka.*
- *Vinni möppu og haldi utan um verkefnin sem þau vinna.*
- *Leirverkfni í tveimur hlutum.*
- *Vinni sjálfsmynd í anda popplistar.*
- *Vinna verkefni þar sem noruð er fyrirmynd til að vinna eftir.*
- *Einföld bókagerð.*

### *ii. Námsgögn og kennsluefni*

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Fyrirfram unnin verkefni sem fengin eru frá kennara.*
- *Bækur sem til eru í myndmenntastofu t.d. Myndmennt 1 og 2 og listaverkabækur.*
  *Bækur sem fengnar eru að láni á bókasafni skólans.*
  *Veraldarvefurinn, síður sem finna má kennsluefni á t.d. Art for kids, googel.com.*

### *iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun*

Í meginatriðum fer námið og kennslan fram á eftirfarandi hátt: í skóla og heima (utan skóla)

- *innlagnir*
- *sýnikennsla*
- *veklegar æfingar*
- *úrvinnsla*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Verkefnavali er stýrt frá kennara að einhverju leiti hvað varðar þjálfun og mat á getur nemenda.*
- *Nemendur fá að hafa áhrif um vinnuaðferðir og val á verkefnum þar sem þau sýna getu hvers og eins og þannig mætt þörfum þeirra að upplifa eigin getu í náminu.*

### *iv. Námsmat og námsmatsaðlögun*

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni:

Námshæfni:

Símat í lotunni, nemandi fær einkun og umsögn þar sem metið er eftirfarandi:

- *Hefur nemandi unnið eftir fyrirmælum, borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á*
- *tekið virkan þátt í verklegum þáttum*
- *sýnt vinnusemi og vandvirkni*
- *skilað verkefnum lotunnar á viðeigandi hátt*

# 3.3. Tónmennt

## Viðmið um námshæfni í tónmennt

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

### Söngur

- Notað röddina til hljóð – og tónsköpunar
- Greint ólíkar raddir
- Sungið hreint og með skýrum framburði bæði ísl. og erl. lög.
- Geti greint einföld stílbrigði í tónlist

### Hljóðfæri

- Þekkt hljóðfæri eftir sjón og heyrn
- Þekkt hljóðfæraflokka eftir sjón og heyrn
- Þekkt algengustu samspilshópana

### Hreyfing

- Búið til hreyfimynstur í hópi við mismunandi tónlist og hljóð.
- Sungið algenga hreyfisöngva
- Hreyft sig óhindrað og frjálst og túlkað um leið ýmsa þætti tónlistarinnar

### Ritun

- Þekkt tóna, lengdargildi og helstu hugtök tónlistarinnar.
- Lesið, skráð, klappað og spilað einfaldan hryn

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Tónlist er snar þáttur í lífi og starfi manna hvar sem er í heiminum. Hún er leið til sköpunar og tjáskipta, oft án orða, sem einstaklingar fara til að tjá tilfinningar sínar. Kennslan á að efla næmi nemenda og þekkingu á frumþáttum tónlistar, tónhæð, tónlengd, blæ, styrk, hljómum, túlkun og formi, til þess að þeir geti myndað sér skoðun á ólíkum stíl tónlistar, geti gert sér grein fyrir gildi hennar í eigin menningu og lífi og notið hennar á uppbyggilegan, markvissan og persónulegan hátt.

Tímafjöldi: Kennt er í lotum.

***Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Hljóðfæri: Kynnast stofuhljóðfærum betur, spila hryn og þrástef á stofuhljóðfæri.*
- *Söngur: Nemendur syngja ýmis lög sem tengjast árstíðum, hátíðum eða dygð mánaðarins. Einnig syngja þeir lög frá mismunandi tímum og löndum.*
- *Hreyfing: Hreyfileikir og hreyfisöngvar sungnir, dansað við mismunandi tónlist.*
- *Ritun: Hrynur skráðar og tónfræðiverkefni unnin.*
- *Hlustun: Nemendur læra að þekkja hljóðfæri eftir heyrn, hlusta á tónsögur og fl.*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Veraldarvefurinn*
- *Sönghefti*
- *Tónaflóð*
- *Háskaleikur*
- *Stofuhljóðfæri*
- *Ýmis verkefni frá kennara*
- *Það er gaman að hlusta á framandi tónlist*
- *Sígild tónskáld*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan fram á eftirfarandi hátt í skóla og heima (utan skóla):

- *bein kennsla*
- *innlögn*
- *skrifleg og verkleg verkefni*
- *samsöngur og samspil*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreyttni í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum og mismunandi hæfileikum þeirra.*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi: Námshæfni:

Símat í lotunni, nemandi fær einkun og umsögn þar sem metið er eftirfarandi:

- *hefur nemandi unnið eftir fyrirmælum, borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á*
- *tekið virkan þátt í leik og söng á jákvæðan hátt*
- *tekið leiðsöng*
- *tjáð skoðanir sínar og hugsanir og sett þær fram á viðeigandi þátt*

# B. hluti:

# 3.4. Heimilisfræði

### Viðmið um námshæfni í heimilisfræði

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Verklag - Matur og vinnubrögð**

- Unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og notað til þess algengustu mæli- og eldhúsáhöld
- Matreitt einfaldar og hollar máltíðir og nýtt hráefnið sem best
- Greint frá helstu orsökum slysa á heimilum og hvernig má koma í veg fyrir þau

**Vinnufærni - Matur og lífshættir**

- Nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga er varða matreiðslu, næringafræði og meðferð matvæla
- Tjáð sig um aðalatriði næringarfræðinnar
- Tjáð sig um heilbrigða lífshætti og tengsl þeirra við heilsufar

**Umhverfi - Matur og umhverfi**

- Tengt viðfangsefni heimilisfræðinnar við jafnrétti og sjálfbærni og áttað sig á uppruna helstu matvæla
- Skilið og rætt mismunandi umbúðamerkingar, metið útlit og gæði matvæla og útskýrt hvernig á að geyma þau
- Farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi
- Unnið með öðrum og sýnt tillitsemi
- Gert sér grein fyrir helstu slysahættum í eldhúsi

**Matur og menning**

- Tjáð sig um ólíka siði og venjur, og þjóðlegar íslenskar hefðir í matargerð

### Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Í heimilisfræði er lögð áhersla á að nemandinn öðlist færni í að vinna í eldhúsi við fjölbreytta matargerð. Kynnist og öðlist færni í að beita og nota eldhúsáhöld, tileinka sér að vinna með og lesa uppskriftir. Lögð er mikil áhersla á hreinlæti í meðferð matvæla og að nemendur tileinki sér notkun á fæðuhringnum. Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæð í verki, stuðla að vinnugleði, samvinnu, virðingu fyrir verkinu, þjálfa einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Námsgreinin byggir á áherslu á að tileinka sér heilbrigðan lífstíl fyrir komandi framtíð.

Tímafjöldi: kennt er í lotum.

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Mælieiningar, samvinna, meðhöndlun áhalda, skilningur á hollustu og heilbrigði, hreinlæti og frágangur.*
- *Unnið með fjölbreyttar mataruppskriftir.*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Fyrirfram ákveðin verkefni frá kennara.*
- *Stuðst við bækur í heimilisfræðistofunni.*
- *Veraldarvefurinn ýmsir vefir tengdir mat og matarmenningu.*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Bein kennsla*
- *Innlagnir*
- *Sýnikennsla*
- *Verklegar æfingar*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytni er í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum og mismunandi hæfileikar þeirra fái að njóta sín.*
- *Nemendur fá að vera með í vali á hluta verkefna til að mæta þeirra þörfum og um leið fá þau tækifæri til að koma fram með sjálfstætt val og hafa sjálfstjórn á sínu eigin námi.*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi: Námshæfni:

Símat í lotunni, nemandi fær einkun og umsögn þar sem metið er eftirfarandi:

- *Hefur nemandi unnið eftir fyrirmælum, borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á*
- *hefur nemandi gengið vel um efni, áhöld og tæki í stofunni*

- *tekið virkan þátt í verklegum þáttum*
- *sýnt vinnusemi og vandvirkni*
- *skilað verkefnum lotunnar á viðeigandi hátt*

# 3.5. Hönnun og smíði

**Viðmið um námshæfni í hönnun og smíði**

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Handverk**

- Gert grein fyrir uppruna og notagildi þess efniviðar sem notaður er í smíðastofunni
- Valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki

**Hönnun og tækni**

- Unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit.
- Útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp og málsetja vinnuteikningu
- Greint þarfir í umhverfi sínu og rætt mögulegar lausnir
- Geti valið yfirborðsmeðferð sem hæfir verkefni

**Umhverfi**

- Valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi.
- Geri grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni
- Beitt líkama sínum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar
- Sýna ábyrga og örugga ungengni við vinnu og frágang á vinnusvæði

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Í hönnun og smíði er lögð áhersla á að nemandinn öðlist færni í að smíða hluti með fjölbreyttum efnum, verkfærum og tækni. Lögð er áhersla á að nemandinn sé virkur í hönnunarferli og móti útlit og uppbyggingu hluta miðað við notkun þeirra. Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæðs í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnu, þjálfa einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Námsgreinin sem á sé langa sögu byggir því senn á rótgrónum handverkshefðum og almennum áherslum á uppeldi og menntun.

Tímafjöldi: Kennt er í lotum og fær hver nemandi sex kennslustundir á viku í sex vikur.

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Unnið með sköpun og skógarnytjar (nemendur vinna með ferskan íslenskan við).*
- *Dæmi um verkefni : Smjörhnífur, skógabók, mosaíkspegill, spil og fleira.*
- *Valverkefni þar sem nemendur geta valið úr nokkrum smáverkefnum sem sem taka mið af því sem þau hafa lært í vetur.*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Efni og verkefni frá kennara*
- *Stuðst er við nokkrar bækur í smíðastofu*
- *Veraldarvefurinn notaður þegar við á*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan fram á eftirfarandi hátt: í skóla og heima (utan skóla)

- *Bein kennsla*
- *Innlagnir*
- *Sýnikennsla*
- *Verklegar æfingar*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytni er í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum og mismunandi hæfileikar þeirra fái að njóta sín*
- *Nemendur fá að vera með í vali á hluta verkefna til að mæta þeirra þörfum og um leið fá þau tækifæri til að hafa einhverja sjálfstjórn á sínu eigin námi.*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi: Námshæfni:

- *Nemendur tjá sig um þær leiðir sem þeir velja í verkefnavinnunni*
- Nemendur útskýra verklag sitt á gangnrýninn og skýran hátt
- Símat
- Virkni í tíma
- Frumkvæði
- Sjálfstæði

# 3.6. Textílmennt 5. bekkur

### Viðmið um námshæfni í textílmennt

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Handverk og tækni**

- Notfært sér sportegundir sem nemendur hafa áður lært t.d. aftursting, leggsaum og krosssaum við skreytingu á verkefnum
- Unnið einfalt verkefni á saumavél af nokkru öryggi
- Fitjað upp í prjóni, prjónað garðaprjón og fellt af, af nokkru öryggi

**Sköpun, hönnun og útfærlsa**

- Teiknað upp verkefni og útfært með aðstoð kennara
- Skreytt verkefni með þrykki og útsaum

**Menning og umhverfi**

- Sagt frá mikilvægi þess að nýta vel efni og endurnýta
- Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði
- Tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði

### Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgreinin textílmennt er yfirgripsmikil grein sem felur í sér þátt hönnunar og handverks. Textílmennt á sér djúpar rætur í menningu þjóðarinnar, rætur sem liggja í heimi sögunnar, verkmenningu og listum. Textílnám byggist meðal annars á þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun þar sem nemendur vinna með efni og áhöld greinarinnar á sjálfstæðan hátt. Textílnám gefur nemendum tækifæri til að þroska samhæfingu hugar og handa, upplifa og tjá sig um leið. Textílmennt er ríkur þáttur í félagslegur veruleika þar sem einstaklingaanir skapa sér persónulegan stíl í klæðnaði og í sínu nánasta. Nemendur læra að búa til afurðir sem hafa persónulegt gildi.

Tímafjöldi: Kennt er í lotum, fimm stundir í viku.

#### *i. Viðfangsefni í náminu*

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Sauma  tuskudýr, teikna, útfæra og sauma*

- *Prjóna garðaprjón, fitja upp, prjóna slétta lykkju, skipta um lit og fella af*
- *Vélsaumsverkefni, þræða saumavélina og sauma saman t.d. vettlingar, bakpoki, innkaupapoki*
- *Þrykkja á efni*

### *ii. Námsgögn kennsluefni*

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Verkefni frá kennara*
- *Veraldarvefurinn fyrir hugmyndavinnu*
- *Á prjónunum og aðrar bækur*

### *iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun*

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Innlögn*
- *Hugmyndavinna*
- *Sýnikennsla*
- *Einstakingskennsla*
- *Verklegar æfingar*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytni í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum, áhuga þeirra og getu*
- *Hanna verkefni og vinna verkefni út frá eigin sköpun*
- *Fá tækifæri til að finna nýjar leiðir*

### *iv. Námsmat og námsmatsaðlögun*

Umgengni, framvinda og hæfni metin í lok lotu.

# 4. Náttúrugreinar

**Viðmið um námshæfni í náttúrugreinum**

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Verklag: Geta til aðgerða**

- Sagt hvað þarf að vera í umhverfi sínu til þess að geta lifað
- Gert grein fyrir mikilvægi samvinnu allra i umhverfinu
- Unnið undir leiðsögn í hópi eftir verkskiptri tímaáætlun við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi
- Útskýrt hvernig tækni getur hjálpað okkur

**Verklag: Nýsköpun og hagnýting þekkingar**

- Fjallað um þekktar tækninýjungar eða vísindauppgötvanir og áhrif þeirra á atvinnuhætti og mannlíf í heimabyggð, umhverfi og náttúru

**Verklag: Gildi og hlutverk vísinda og tækni**

- Útskýrt á einfaldan hátt áhrif tækni á líf fólks

**Verklag: Vinnubrögð og færni í náttúrugreinum**

- Framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni
- Kannað áreiðanleika í náttúrugreinum

**Viðfangsefni: Efling ábyrgðar á umhverfinu**

- Gert sér grein fyrir áhrifum mannsins á umhverfið
- Hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra

**Viðfangsefni: Að búa á jörðinni**

- Sagt frá hvernig Ísland byggðist upp, ræktun og landvernd
- Lýst veðri í heimabyggð og loftslagi á Íslandi
- Lýst landnotkun í heimabyggð

**Viðfangsefni: Lífsskilyrði manna**

- Útskýrt lífsskilyrði manna og helstu áhættuvalda í umhverfinu

**Viðfangsefni: Náttúra Íslands**

- Lýst reynslu sinni, athugun og upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi
- Lýst og útskýrt hvernig orka í íslensku umhverfi getur breytt um mynd

**Viðfangsefni: Heilbrigði umhverfsins**

- Gert grein fyrir notkun manna á auðlindum

**Viðfangsefni: Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu**

- Lýst hvernig rafmagn verður til, eiginleikum segla og notkun þeirra

# 4.0. Náttúrufræði

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Tímafjöldi: 3 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Farið í helstu hugtök, unnið saman í fyrri hluta bókarinnar.*
- *Farið í vettvangsferðir í kringum skólann, plöntur tíndar og annað lífrænt sem er hægt að skoða í víðsjá*
- *Bókinni skipt í kafla og fær hver hópur afmarkað verkefni og útbýr plagat og kynnir fyrir hinum.*
- *Spurningum svarað í stílabók, hluti af einkunn*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Lífríki á landi.*
- *Auðvitað - á ferð og flugi. Spurningum svarað í stílabók .*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt: Kennt í lotum, allir tímar í samfélagsfræði og náttúrufræði teknir saman Helstu kennsluaðferðir:

- *hópavinna*
- *einstaklingsvinna*
- *Powerpoint kynning*
- *vettvangsferð,*
- *veggspjald,*
- *verkefnavinna,*
- *plöntu og dýraskoðun úti í náttúrunni,*
- *til athugunar að fara á Náttúrugripasafnið í Kópavogi.*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Styttra efni*
- *Hljóðbók, mp3,*
- *Útprentaðar lausnir*
- *Minni kröfur varðand verkefnaskil, færri verkefni*

### *iv. Námsmat og námsmatsaðlögun*

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- Mismundandi leiðir í mati
- *Sjálfsmat*
- *Kennaramat*
- *Jafningjamat*
- *Heimapróf*

# 5. Samfélagsgreinar

## Viðmið um námshæfni í samfélagsgreinum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Reynsluheimur**

- Sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti. Umhyggju fyrir öðrum mönnum og öllu lífi, fylgt ferli orsaka og afleiðinga af gerðum manna og bent á leiðir til úrbóta.
- Greint samhengi heimabyggðar við umhverfi, sögu, menningu og félagsstarf, lýst náttúru.
- Gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum til verndar, ferlum sem hafa áhrif á land og gróður.
- Notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga, greint hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum.
- Lýst margbreytileika trúarbragða og lífsviðhorfa og áhrifum þeirra á líf fólks. Rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs.
- Skýrt tengsl samfélags, náttúru , trúar og lífsviðhorfa fyrr og nú.
- Áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði
- Lyst með dæmum hvernig samfélagsgerð tengist lífi einstaklinga.
- Gert grein fyrir völdum frásögnum, hefðum, hátíðum, siðum og táknum í kristni og hindúatrú. Borið saman og nefnt dæmi um áhrif helgirita á menningu og samfélög.

**Hugarheimur**

- Tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti

**Félagsheimur**

- Tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu, sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra,
- Rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra
- Rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum
- Tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt,
- Sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju.
- Borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta, rökrætt um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga.

**Núvitund**

- Nemandi þekki samspil áreitis og viðbragðs og hvernig núvitund getur skapað rými á milli þess sem gerist og hvernig við bregðumst við
- Nemandi þekki hvað felst í því að vera góður vinur og hvernig núvitund getur hjálpað til að vera góður vinur
- Nemandi þekki hvernig hann geti haft stjórn á athyglinni og leiðir til þess að stýra henni
- Nemandi þekki og geti nýtt sér að öndun er gagnlegur staður til að vera á í núvitund

## 5.1. Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**
Kristin trú og Hindúatrú. Rætt um efnið út frá kennslubókum og ýmis verkefni unnin, nemendur búa til bók með tilvísun í texta bókanna.
Vinna og verkefni nemenda metin til umsagnar og einkunnar.

Tímafjöldi: 1 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. ***Viðfangsefni í náminu***
Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *kynnist lífi og starfi hindúa og kristinna*
- *kynnist ólíku trúarbrögðum*
- *kynnist ólíkum hefðum og siðum*

ii. ***Námsgögn og kennsluefni***
Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Hindúa og Kristni*
- *Texti lesinn og spurningum svarað*

iii. ***Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***
Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt: Kennt í lotum, allir tímar í samfélagsfræði og náttúrufræði teknir saman Helstu kennsluaðferðir:

- *einstaklingsvinna*
- *verkefnavinna,*

iv. ***Námsmat og námsmatsaðlögun***
Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:
Námshæfni:

- *Vinna og verkefni nemenda metin.*

## 5.2. Jafnrétti, lífsleikni og núvitund

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**
Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Tímafjöldi: 2 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. ***Viðfangsefni í náminu***
Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *vinni með fjórar hornstoðir skólans, dygðir og manngildi.*

- *verði hæfari í mannlegum samskiptum*
- *læri að bera virðingu fyrir umhverfi sínu*
- *læri að virða reglur, skráðar og óskráðar*
- *efli með sér sjálfsþekkingu og jákvæð lífsviðhorf*
- *geti gert sér grein fyrir jákvæðum og neikvæðum tilfinningum og hvaða áhrif þær hafa á líðan og hegðun einstaklings og þeirra sem í kringum hann eru*
- *fái þjálfun í að tjá hugsanir sínar og skoðanir frammi fyrir bekknum eða á stærri samkomum og þjálfun í að færa rök fyrir máli sínu*
- *læri að beita skapandi og frumlegum vinnubrögðum við úrlausnir verkefna*
- *geri sér grein fyrir að líkamleg og andleg vellíðan hvíli á heilbrigðum lífsvenjum, hreyfingu og hollum neysluvenjum*
- *læri að forðast hættur á heimilum, við skóla og í nánasta umhverfi*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Umræður og kennsla á reglum SMT. Unnið með dygð mánaðarins í verkefnavinnu og á vikulegum morgunstundum. Ýmis verkefni þar sem lögð er áhersla á samvinnu, ábyrgð, tillitssemi og traust.*
- *Lögð verður áhersla á vináttu og að efla jákvæð samskipti. Bókin Ég er bara ég lesin og notuð á margvíslegan hátt.*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Bekkjarfundir/-umræður*
- *einstaklingsvinna*
- *framkoma*
- *morgunstundir*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *áhersla lögð á að styrkja einstaklinginn*
- *framsögn*
- *leikræn tjáning*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- *Gefin verður umsögn í lífsleikni sem byggir á vinnusemi, vinnubók, virkni í tímum og á morgunstundum.*

# 5.3. Landafræði, saga, og sam-/þjóðfélagsfræði

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Tímafjöldi: 3 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

### i. *Viðfangsefni í náminu*

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *öðlist þekkingu á Íslandi, heimabyggð sinni, atvinnuvegum landsmanna, lífi og starfi fólks til sjávar og sveita og samskiptum þess*
- *efli kunnáttu og skilning á landfræðilegum hugtökum og að þeir geti nýtt sér kort og kortabækur*
- *auki þekkingu og skilning á sögu þjóðarinnar*
- *læri um menningu þjóðarinnar á landnámsöld*
- *kynnist því hvernig landnámsmenn þurftu að laga sig að aðstæðum í nýju landi*
- *skilji hvaða áhrif búseta manna hafði á landið*
- *kynnist daglegu lífi og búskaparháttum landnámsmanna*
- *kynnist trúarbrögðum landnámsmanna*
- *þjálfist í samvinnu og hópastarfi*

### ii. *Námsgögn og kennsluefni*

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Ísland – veröld til að njóta, lesbók og vinnubók, kortabók handa grunnskólum. Námsbók lesin, efni hennar rætt og verkefni unni bæði einstaklings og í hóp.*
- *Sögurammi unninn um landnámið. Bækurnar Víkingaöld og Leifur Eiríksson ásamt öðru efni og ýmis verkefni unnin, bæði einstaklingslega og í hópum. Unnið verður eftir sögurammа um landnám Íslands.*

### iii. *Námsfyrirkomulag og námsaðlögun*

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:
Kennt í lotum, allir tímar í samfélagsfræði og náttúrufræði teknir saman Helstu kennsluaðferðir:

- *hópavinna*
- *einstaklingsvinna*
- *kynning*
- *vettvangsferðir*
- *veggspjald*
- *verkefnavinna*
- *til athugunar að fara á Náttúrugripasafnið í Kópavogi, Víkingasafnið eða á Landnámssetrið..*

### iv. *Námsmat og námsmatsaðlögun*

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- *Vinna og verkefni nemenda metin.*

# 6. Skólaíþróttir

## Námshæfni – viðmið og mat

Mat á námshæfni felur í sér að meta árangur nemenda í skólaíþróttum í lok námstíma. Þau byggjast á (a) viðmiðum og (b) kvarðanum A-D til að meta viðmiðin sem liggja til grundvallar námsmati í lok skólaárs. Það er þó hvers skóla að ákveða hvort hann nýtir A-D kvarðann fyrr en í 10. bekk eða aðra matskvarða þótt hæfniviðmiðin liggi alltaf til grundvallar námsmati hverjar sem aðferðir og matskvarðar eru í einstaka skólum og bekkjum/árgöngum.

## Viðmið um námshæfni í skólaíþróttum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

| Efnisþáttur | Hæfniþættir | **Viðmið um námshæfni í skólaíþróttum fyrir 5. bekk** Við lok árgangs geti nemandi |
|---|---|---|
| **Heilsa og velferð** | Þekking | • tekið þátt í leikjum og/eða stundi íþróttir með ánægju og félagsleg samskipti að leiðarljósi, ásamt því að efla almennt líkamshreysti<br>• tekið þátt í umræðum um gildi íþrótta<br>• tekið þátt í umræðum um svefn og hvíldarþörf, hollt mataræði og mikilvægi hreyfingar |
| | Leikni | • tekið þátt í leikjum og æfingum sem efla líkamsþol, styrk og hraða<br>• iðkað íþróttir og leiki á skólalóð og nærsamfélagi |
| | Viðhorf | • hreyft sig að lágmarki í 60 mínútur á dag<br>• þekkt og rætt um fjölbreytta möguleika til íþróttaiðkunar í sínu nærsamfélagi |
| **Hreyfing og afkastageta** | Þekking | • haft nokkra þekkingu á byggingu og starfsemi líkamans |
| | Leikni | • framkvæmt ýmsar flóknar æfingar sem bæta samhæfingu og liðleika.<br>• framkvæmt samsettar hreyfingu eins og kollhnís, handstöðuveltu ofl. |
| | Viðhorf | • útskýrt leiki og æfingar sem hafa haft jákvæð áhrif á líðan hans |
| **Félagslegir þættir og samvinna** | Þekking | • leyst úr ágreiningi sem getur komið upp í íþróttum<br>• tekið þátt í æfingum, leikjum og íþróttum sem efla markvisst samvinnu innan minni eða stærri hópa<br>• borið virðingu fyrir þörfum annarra í leikjum og keppni<br>• þekkt og útskýrt reglur og stjórnað leikjum |
| | Leikni | • farið eftir leikreglum og fylgt fyrirmælum<br>• borið virðingu fyrir mismunandi getu samnemenda og félaga sinna<br>• tekið þátt í fjölbreyttum leikjum sem krefjast mismunandi reglna og samskipta |
| | Viðhorf | • sagt frá leikjum og/eða æfingum þar sem hann upplifir gleði og ánægju<br>• borið virðingu fyrir þörfum annarra |
| **Öryggi og skipulag** | Þekking | • þekkt helstu reglur um umgengni og öryggi í íþróttamannvirkjum<br>• þekkt helstu magn- og afstöðuhugtök eins og fleiri-færri, lengri-styttri, undir-yfir<br>• brugðist við fyrirmælum kennara og starfsmanna íþróttamannvirkjum |
| | Leikni | • gengið frá fötum sínum samkvæmt reglu íþróttamannvirkjum<br>• þvegið sér þurrkað og klætt<br>• reimað skó án hjálpar |
| | Viðhorf | • umgengist áhöld og tæki á öruggan hátt<br>• farið eftir reglum sem snúa að umgengni í íþróttamannvirkjum |

## Grunnþættir menntunar í skólaíþróttum

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í skólaíþróttum:

| **Grunnþáttur** | Áhersluþættir grunnþátta menntunar<br>Að nemandi |
|---|---|
| HEILBRIGÐI OG VELFERÐ: | • hreyfi sig alla daga vikunnar, um 60 mínútur á dag eða lengur.<br>• taki þátt í leikjum og/eða stundi íþróttir með ánægju og félagsleg samskipti að leiðarljósi, ásamt því að efla almennt líkamshreysti.<br>• iðki íþróttir og leiki á skólalóð<br>• þjálfist í æfingum og leikjum sem efla liðleika, líkamsreisn og líkamsstöðu. |
| JAFNRÉTTI: | • stundi fjölbreytta hreyfingu í formi leikja og/eða íþrótta sem eru án fordóma á skólatíma og í nærsamfélagi.<br>• hafi rétt til þátttöku í íþróttum til jafns við aðra.<br>• hafi fengið kynningu á þeim íþróttagreinum sem í boði eru í nærsamfélaginu. |
| LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI: | • hafi fengið tækifæri til að kjósa með lýðræðislegri kosningu um val á hreyfingu/leik í skólaíþróttum/sundi, þar sem hann fær tækifæri til að hafa áhrif á skipulagið.<br>• hafi jafnan rétt á við aðra að stunda hreyfingu a.m.k. þrisvar sinnum í viku í 40 mínútur í senn. |
| LÆSI: | • fái tækifæri til að ræða um mikilvægi hreyfingar fyrir líkamlega og andlega heilsu og vellíðan.<br>• Þekki heiti helstu líkamshluta.<br>• tileinki sér réttar reglur í leikjum og geti skorið úr ágreiningi ef upp kemur og læra að taka tapi sem og sigri.<br>• læri og tileinki sér skipulagsform eins og röð, lína, hringur og hópur.<br>• tileinki sér almennar reglur íþróttamannvirkja. |
| SJÁLFBÆRNI: | • fái tækifæri til að velja leik eða hreyfingu sem honum finnst áhugaverð og skemmtileg.<br>• þjálfist í því að fara rólega af stað í upphafi reglubundinnar hreyfingar og einnig í lok æfingar og skilji hvers vegna.<br>• hafi jákvæða upplifun af íþróttaiðkun.<br>• hafi ánægju af því að hreyfa sig reglulega. |
| SKÖPUN: |  tileinki sér helstu samskiptareglur og færni eins og að hlusta, hlýða, tjá skoðun, bíða og bregðast við. |

# 6.1. Íþróttir

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Tímafjöldi: Tvær 40 mín. kennslustundir á viku að jafnaði yfir skólaárið.

i. ***Viðfangsefni í náminu***
Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

-  ***Grunnþættir líkams- og hreyfiþroska***
    - o *Líkamsstaða og líkamsbeiting, samhæfing, styrkur, þol, hraði, jafnvægi, liðleiki*

- ***Líkams- og heilsurækt***
  - *Styrktaræfingar, stöðvaþjálfun, útihlaup, þrekpróf, þolpróf*
- ***Knattleikir***
  - *Knattspyrna, handknattleikur, körfuknattleikur, blak,*
- ***Spaðaíþróttir*** ○ *Badminton, bandý.*
- ***Leikir***
  - *Boltaleikir, hlaupa- og viðbragðsleikir, kraftleikir, leiknileikir, samvinnuleikir, ratleikir*
- ***Áhaldafimleikar***
  - *Gólfæfingar, stökk yfir hest / kistu / kubb, klifur, kaðlar.*
- ***Frjálsíþróttir*** ○ *Hlaup, stökk, köst, víðivangshlaup, boðhlaup*
- ***Sértækir námsþættir*** ○ *Gönguferðir, vettvangsferðir og útihlaup.*

### *ii. Námsgögn og kennsluefni*

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- ***Áhöld í íþróttasal*** ○ ***Minni áhöld****: Boltar, gjarðir, sippubönd, snú-snú bönd, teygjur, léttar dýnur, liðabönd, vesti, mjúkir boltar, badminton flugur og spaðar, bandý boltar og kylfur, keilur, skeiðklukkur, málband, spilastokkur, mottur.*
  - ***Stærri áhöld:*** *Kistur, kubbar, hestar, kaðlar, slár, badminton uppistöður, blak uppistöður, mörk, körfur, bekkir, stærri dýnur, stökkbretti, boltagrindur, boltanet.*

- ***Áhöld í skóla og á skólalóð*** ○ ***Minni áhöld:*** *Boltar, sippubönd, snú-snú bönd, teygjur, mjúkir boltar, liðabönd, vesti, bandý kylfur.*
  - ***Stærri áhöld:*** *Klifurbrautir, rólur, mörk, gervigrasvöllur, körfur, yfir veggur.*

### *iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun*

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- ***Kennsla í íþróttahúsi*** ○ ***Íþróttasalur***
- ***Kennsla utanhúss*** ○ ***Skólalóð***
- ***Heimanám (foreldrar)*** ○ *Nemendur eru hvattir til að stunda íþróttir og almenna hreyfingu utan skólatíma og mæta þannig kröfum námsins.*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- ***Kennsluaðferðir*** ○ *Sýnikennsla, vettvangsferðir, endurtekningaræfingar, námsleikir, verkstæðiskennsla (stöðvaþjálfun), áfangaþjálfun, stöðugt þjálfunarálag, þrautabrautir, hlutverkaleikir, hermileikir, kannanir, hópvinna.*

- ***Kennsluaðferðir og leiðir***
  - *iPad og tengd tækni*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:

-  ***Hreyfing og afkastageta;*** ○ *Námsmat*
  - *Færni- og afkastagetuþróf*
  - *Þolþróf*
-  ***Félagslegir þættir og samvinna;*** ○ *Námsmat*
  - *Virkni í kennslustundum, ástundun og færni.*
-  ***Öryggi og skipulag;***
  - *Námsmat*
    - *Að fara eftir reglum, m.a. öryggisreglum í íþróttahúsi*
    - *Að fylgja fyrirmælum kennara og starfsmanna*

b. Námshæfni:

-  *Stöðumat nokkrum sinnum yfir skólaárið, miðað er við samhæfingu, styrk, sprengikraft, liðleika og þrek.*

# 6.2. Sund

## Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Tímafjöldi: Ein 40 mínútna kennslustund að jafnaði á viku yfir skólaárið.

Áhersla er lögð á að nemandi þjálfist og öðlist aukna færni í mismunandi sundaðferðum.

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

-  ***Grunnþættir líkams- og hreyfiþroska***
  - *Að nemandi þjálfist í æskilegri líkamsstöðu í vatni og líkamsbeitingu, samhæfingu, liðleika, þoli, krafti, viðbragðs og hraða auk almennrar vatnsaðlögunar*
-  ***Bringusund*** ○ *Að nemandi nái tökum á legu, takti, öndun, arm- og fótataki.*

○ *Að nemandi geti synt 75 metra viðstöðulaust*

 ***Skólabaksund***

- *Að nemandi nái tökum á legu, takti og samhæfingu í arm- og fótataki.*
- *Að nemandi geti synt 25 metra viðstöðulaust*

 ***Skriðsund*** ○ *Að nemandi nái tökum á legu, takti, öndun, arm- og fótataki.*

○ *Að nemandi geti synt 25 metra skriðsund með sundfit*

 ***Baksund***

- *Að nemandi nái tökum á legu, takti, arm- og fótatökum.*
- *Að nemandi geti synt 12 metra viðstöðulaust*

 ***Flugsund***

○ *Að nemandi þjálfist í undirbúningsæfingum fyrir flugsund*

- ***Kafsund og köfun*** ○ *Að nemandi taki þátt í grunnæfingum í kafsundi og köfun* ○ *Að nemandi geti sótt hlut á 1-2 metra dýpi*
- ***Marvaði***

○ *Að nemandi þjálfist í að troða marvaða í 20 – 30 sek*

 ***Fatasund***

○ *Að nemandi kynnist því að vera í fötum í sundi*

 ***Leikir*** ○ *Að nemandi taki þátt í ýmsum leikjum til að öðlast færni í samvinnu, aukið þol, kraft, hraða og viðbragð.*

○ *Að nemandi læri að bera virðingu fyrir þörfum og getu samnemenda.* ○ *Að nemandi fái tækifæri til að bæta félagsþroska sinn og samskiptahæfni*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

 ***Áhöld í sundlaug***

○ *Kútar, núðlur, stór bretti, lítil bretti, sundfit, flotholt af ýmsum gerðum, kafhringir, kafhlið, gjarðir, dýnur, boltar.*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

 ***Kennsla fer fram í*** ○ *Ásvallalaug* ○ *Unnið með sundkennsluleiðbeiningar í ákveðinn tíma* til að styðja við nemendur til að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni: ▪ *Við upphaf kennsluárs*

▪ *Um mitt kennsluár* ▪ *Við lok kennsluár*

- *Dagleg hreyfing borin saman milli tímabila*

- ***Heimanám (foreldrar)*** *○ Nemendur eru hvattir til að stunda sund utan skólatíma og mæta þannig kröfum námsins.*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- ***Kennsluaðferðir***
  - *Sýnikennsla, endurtekning, leikir, þolþjálfun, þrautabrautir, hópvinna, samvinna, sköpun*
- ***Kennsluaðferðir og leiðir***
  - *iPad og tengd tækni*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:

- ***Heilsa og velferð;***
  - *Námsmat*
    - *Markmiðasetning og framfarir*
- ***Hreyfing og afkastageta;*** ○ *Námsmat*
    - *Tæknileg útfærsla sundgreina*
    - *5. sundstig*
- ***Félagslegir þættir og samvinna;***
  - *Námsmat*
    - *Virkni í kennslustundum*
    - *Viðhorf og áhugi*
- ***Öryggi og skipulag;*** ○ *Námsmat*
    - *Að fara eftir reglum á sundstöðum*
    - *Að fylgja fyrirmælum kennara og starfsmanna*

b. Námshæfni:

- *Stöðumat 4-5 sinnum yfir skólaárið, miðað er við viðkomandi sundstig.*

# 7. Stærðfræði

## Viðmið um námshæfni í stærðfræði

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

### Framvinda

- Að geta spurt og svarað með stærðfræði
- Spurt spurninga og fundið svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði og hefur innsýn í hvers konar svara má vænta
- Leyst stærðfræðiþrautir um viðfangsefni sem gefa tækifæri til að beita innsæi, eigin túlkun og framsetningu, byggða á fyrri reynslu og þekkingu
- Sett fram og greint einföld reiknilíkön, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi
- Sett fram óformleg og einföld, formleg stærðfræðileg rök, skilið og metið munnlegar og skriflegar röksemdir sem settar eru fram af öðrum
- Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar
- Notað óformlega framsetningu annars vegar og táknmál stærðfræðinnar hins vegar og sýnt að hann skilur innbyrðis tengsl þeirra
- Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn og einfaldar formúlur, túlkað milli táknmáls og daglegs máls
- Sett sig inn í og tjáð sig, bæði munnlega og skriflega, um ólíkar leiðir við lausnir stærðfræðiverkefna
- Valið og notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum

### Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- Tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleiðir, með því m.a. að nota einfalda skráningu með tölum, texta og teikningum.
- Tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleiðir, með því m.a. að nota einfalda skráningu með tölum, texta og teikningum.

- Lesið einfaldan texta og notað upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök koma fyrir
- Undirbúið og flutt kynningar á eigin vinnu með stærðfræði
- Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á ólíkum hugmyndum nemenda
- Geta sett fram á einfaldan og skipulegan hátt og rökrætt stærðfræðilega, með því m.a. að nota hlutbundin gögn, skráningu og upplýsingatækni
- Áttað sig á möguleikum og takmörkum stærðfræðinnar til að lýsa veruleikanum

## Tölur og reikningur

- Notað náttúrlegar tölur, raðað þeim og borið saman
- Notað tugakerfisrithátt og sýnt að hann skilur sætiskerfi
- Skráð hlutföll og brot á ólíka vegu og sýnt fram á að hann skilur sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósenta
- Reiknað á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt með ræðum tölum
- Tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir við reikning með ræðum tölum sem byggja á eigin skilningi: Tugabrot.
- Tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir við reikning með ræðum tölum sem byggja á eigin skilningi: Almenn brot
- Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með: hugarreikningi og skriflegum útreikningum.
- Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með: vasareikni og tölvuforritum.
- Notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum
- Nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað algengar reiknireglur
- Áttað sig á að almenn brot eru hluti af heild.
- Lagt saman og dregið frá með almennum brotum.
- Borið saman mismunandi brot.
- Getur nýtt sér margföldun og deilingu í daglegu lífi

## Algebra

- Rannsakað og sett fram talnamynstur á skipulegan hátt og unnið með regluleika í rúmfræði, lýst mynstrum og venslum með tölum, myndum, orðum og á táknmáli algebrunnar

## Rúmfræði og mælingar

- Notað hugtök og aðferðir rúmfræðinnar til að útskýra hversdagsleg og fræðileg fyrirbrigði
- Rannsakað og greint tvívíð form, teiknað einfaldar flatarmyndir, speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn
- Notað mælikvarða og einslögun í tengslum við teikningar, áætlað ummál og flatarmál í raunverulegum aðstæðum, rannsakað aðferðir til að reikna það
- Tengt tölur og útreikninga við flatarmyndir
- Áætlað og mælt horn með viðeigandi mælikvarða og dregið ályktanir af mælingunum.
- Áætlað og mælt þyngd með viðeigandi mælikvarða og dregið ályktanir af mælingunum.
- Áætlað og mælt tíma með viðeigandi mælikvarða og dregið ályktanir af mælingunum.
- Áætlað og mælt hitastig með viðeigandi mælikvarða og dregið ályktanir af mælingunum.

## Tölfræði og líkindi

- Safnað og unnið úr gögnum, miðlað upplýsingum um þau, m.a. með töflum og myndritum
- Gert einfaldar tölfræðirannsóknir og dregið einfaldar ályktanir af þeim
- Sótt gögn í gagnabanka, lesið, útskýrt og túlkað gögn og upplýsingar sem gefnar eru í töflum og myndritum

# 7.0. Stærðfræði

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Tímafjöldi: 5 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

***i. Viðfangsefni í náminu***
Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *að geta spurt og svarað með stærðfræðinni,*
- *að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar,*
- *vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar,*
- *algebra,*
- *tölur og reikningur,*
- *rúmfræði og mælingar,*
- *tölfræði.*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***
Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Stika 1a og 1b* ○ nemendabók og æfingahefti,
- *Stjörnubækur,*
- *Þemabækur*
- *aukabækur,*
- *þrentuð stærðfræðiefni af Skólavefnum,*
- *þrautir,*
- *ljósritað efni,*
- *spil,*
- *stærðfræðigögn.*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***
Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Innlagnir,*
- *Hópavinna,*
- *Samvinnunám,*
- *Einstaklingsnám,*

- *Bókavinna,*
- *Hlutbundin vinna,*
- *Þrautir,*
- *Gagnvirkt efni,*
- *Heimavinna.*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Aðlagað efni*
- *Ítarefni*
- *Sérkennsla*
- *Afsláttur veittur*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi: Námshæfni:

- *Próf: Lotupróf, yfirlitspróf*
- *Símat*
- *Hópverkefni*
- *Munnleg próf*

# 7.1. Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræði

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

***i. Viðfangsefni í náminu***

**<u>Grundvallarfærni:</u>**

**<u>Að geta tjáð sig munnlega</u>**

Nemendur þurfa að geta:

- *Sett fram tilgátur, sem hægt er að rannsaka og spurningar sem hægt er að svara með því að nota stærðfræðiþekkingu úr 5.bekk.*
- *Notað tölur og einfalda útreikninga til að rökstyðja mál sitt. Þetta á bæði við í hagnýtum verkefnum og í úrlausnarefnum þar sem útskýra þarf röksemdarfærslu, aðferð og hugsanagang með hjálp stærðfræðinnar.*
- *Lýst talnamynstri eða mynstri úr rúmfræðiformum og útskýrt hvernig það breytist.*

**<u>Að geta tjáð sig skriflega</u>** Nemendur þurfa að geta:

- *Í vinnu með stærðfræði, notað ýmsar aðferðir til að tjá sig. Hér er t.d. átt við teikningar og skissur, myndir töflur og myndrit. Í 5.bekk munu nemendur læra að tákn og nota negatífar tölur, almenn*

*brot og tugabrot. Þeir munu og læra að nota viðeigandi tákn til að setja fram hugmyndir sínar í stærðfræði.*

- *að setja útreikninga fram á þann hátt að þeir gefi góða yfirsýn yfir verkefni og séu öðrum skiljanlegar.*

**Að geta lesið**

Nemendur þurfa að geta:

- *lesið og skilið stærðfræðiverkefni eins og þau koma fyrir í orðadæmum og einföldum textaverkefnum.*
- *Lesið hin stærðfræðilegu tákn, þ.e. tölustafina og vita hvernig þeir eru settir saman til að tákna pósitífar og negatífar tölur og tugabrot, svo og tákn fyrir almenn brot og aðgerðartáknin +, -, ;: og =.*
- *Aflað sér upplýsinga úr töflum og súluritum.*

**Að geta reiknað**

Nemendur þurfa að geta:

- *Leyst verkefni og kannað stærðfræðilegt vandamál sem á rætur að rekja til raunverulegra hversdagslegra aðstæðna. Þar krefst þess að þeir hafi t.d. náð valdi á og tileinkað sér ýmis þekkingaratriði í tengslum við reikningsaðgerðirnar fjórar, sem nauðsynlegt er að hafa á valdi sínu, t.d. litlu margföldunartöfluna.*
- *Þróað með sér skilvirkar reikningsaðferðir til að reikna bæði í huganum og með blaðreikningi. Miklu skiptir að nemendur geti notað þessa færni sína og þekkingu á grunnatriðum til að leysa raunhæf verkefni og að í kennslunni sé sjónum ýmist beint að færniþjálfun eða könnunarverkefnum/þrautalausnum.*
- *Áttað sig á hvernig ýmislegt tengist í stærðfræðinni, t.d. má nefna tengsl milli reikningsaðgerðanna fjögurra og milli rúmfræði og reiknings.*
- *Sannreynt nákvæmni svara og annarra fullyrðinga.*

**Að geta notað stafræn tæki**

Nemendur þurfa að geta:

- *Notað vasareikni af öryggi í tengslum við reikningsaðgerðirnar fjórar.*
- *Notað töflureikni til að framkvæma og hafa yfirsýn yfir útreikninga og til að geta sett fram tölfræðilegar upplýsingar.*
- *Upplifað að nota má vasareikni og tölvu með góðum árangri við þrautalausnir, spil, kannanir og til að gera niðurstöður sýnilegar.*

# 7.2. Tölur, reikningur og algebra

## Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

### *i. Viðfangsefni í náminu*

***Tölur og algebra***

Nemendur eiga að:

- *Þekkja sætiskerfið, geta skipt tölum í einingar, tugi, hundruð o.s.frv. og skilja hvernig kerfið er víkkað út til að ná yfir tíundu hluta og hundraðshluta; geta borið saman tölur og staðsett þær á talnalínunni.*
- *Þekkja negatífar tölur þar sem áhersla er á talnalínuna og geta reiknað einföld dæmi með negatífum tölum.*
- *Þekkja almenn brot sem hluta af heild þar sem heildin getur verið safn, lengd eða mynd; geta fundið hluta þegar heildin er gefin og geta fundið heildina þegar hluti er gefinn.*
- *Þekkja hugtökin teljari og nefnari, geta borið saman almenn brot og fundið jafn stór brot*
- *Geta lýst tengslum milli tíundu hluta sem tugabrota og sem almennra brota.*
- *Geta lagt saman og dregið frá með samnefndum brotum.*
- *Geta leyst samlagningar- og frádráttardæmi með þriggja stafa og fjögurra stafa tölum og með tugabrotum á talnalínu, í huganum og skriflega, m.a. með hefðbundnum reikningsaðferðum.*
- *Geta námundað tölur að næsta tug og hundraði og notað það í slumpreikningi.*
- *Geta notað þekkingaratriði, sem þeir hafa á valdi sín, í reikningsaðgerðunum fjórum, t.d. litlu margföldunartöfluna.*
- *Geta notað reikningsaðgerðirnar fjórar við hversdagslegar aðstæður, t.d. við kaup og sölu.*
- *Þekkja tengsl margföldunar og deilingar og jafnframt tengsl þessara reikningsaðgerða við endurtekna samlagningu og endurtekinn frádrátt.*
- *Þekkja margföldun sem endurtekna samlagningu og margföldun í rúðuneti og þekkja deilingu bæði sem jafna skiptingu og endurtekinn frádrátt.*
- *Geta þróað og notað einfaldar reikningsaðferðir í margföldun og deilingu með heilum þriggja og fjögurra stafa tölum.*
- *Geta búið til einfaldar formúlur í töflureikni.*
- *Geta kannað, lýst og þannig ályktað út frá einföldum talnamynstrum, m.a. talnarunum þar sem tölurnar ýmis hækka eða lækka um jafn mikið með hverri tölu, talnarunum með ferningstölum, þríhyrningstölum og öðrum slíkum tölum.*

# 7.3. Rúmfræði, mælingar, tölfræði og líkindi

### Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

#### *i. Viðfangsefni í náminu*

***Rúmfræði***

- *Geta þekkt helstu þríhyrninga og ferhyrninga, kannað eiginleika og einkenni þessara forma, m.a. horn, lengdir og hornasummu mismunandi marghyrninga.*
- *Geta gefið dæmi um hvernig rúmfræðiform birtast við ýmsar aðstæður hins daglega lífs og í tengslum við margvísleg menningarfyrirbæri.*
- *Þekkja hugtök eins og línu og strik*

- *Geta hliðrað, speglað og snúið myndum.*
- *Geta notað gráðuboga til að mæla horn.*
- *Þekkja helstu horn (45°, 90°, 180° o.fl.) og geta sýnt fram á að um slík horn sé að ræða, geta notað hugtök eins og hvöss, rétt og gleið horn.*
- *Geta lýst einföldum mynstrum og búið þau til með því að hliðra eða snúa formi eða mynd.*

***<u>Mælingar</u>***

- *Geta mælt og reiknað ummál marghyrninga.*
- *Geta valið viðeigandi mælieiningar og breytt einni mælieiningu í aðra, t.d. mm, cm, dm, m og km, svo og dl og l.*
- *Geta skilið hvað flatarmál er og hvernig það er fundið, skilið tengsl milli lengdar, breiddar og flatarmáls rétthyrninga og geta reiknað út flatarmál þríhyrninga.*
- *Geta notað mælitæki til að reikna út stærðir, til að stækka myndir og minnka.*

***<u>Tölfræði og líkindareikningur</u>***

- *Geta gert ýmsar kannanir sem byggjast á spurningalistum, mismunandi mælieiningum og talningu.*
- *Geta flokkað og sett fram upplýsingar, sem safnað hefur verið, á skipulegan hátt og kynnt þær í myndritum.*
- *Geta notað stafræn hjálpartæki við tölfræðilegar kannanir.*
- *Geta lýst helstu niðurstöðum gagna með miðgildi og tíðast gildi.*

-

# 8. Upplýsinga- og tæknimennt

### Viðmið um námshæfni

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Árgangaviðmið**

- Getur notað tölvu/Spjaldtölvu til listsköpunar á mismunandi sviðum lista
- Þekkt helstu hluta tölvunnar/Spjaldtölvunnar og jaðartæki hennar og sé fær um að beita þeim
- Notað tölvu/Spjaldtölvu til að skrifa og prenta út eigin texta og myndir
- Nýtt hugbúnað við forritun
- Noti rétta fingrasetningu
- Hafa notað kennsluforrit
- Farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra.
- Getur lesið texta á skjá með sama árangri og texta bókar
- Veit hvernig tölva/Spjaldtölva vinnur með gögn.
- Náð tökum á réttri fingrasetningu á lyklaborði
- Geymt eigin upplýsingar á tölvutæku formi með skipulögðum hætti
- Gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tækjabúnaði.
- Sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og er meðvitaður um siðferðilegt gildi þeirra.

## 8.2. Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku að jafnaði yfir heilt skólaár.

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Kennt er á ýmsan hugbúnað til að ná fram markmiðum tölvukennslunnar s.s. Ritsmiðjuna, Pósthúsið, Kid þix, Paint og fyrstu skref tekin í að læra á Office.*
- *Einnig læra nemendur að nota sér Internetið til gagns.*
- *Rétt fingrasetning er kennd og unnið með texta og sögugerð.*
- *Nemendur öðlast færni í grunnatriðum forritunnar, stuðst er við forritið Alice.*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Efni, forrit og verkefni frá kennara allt á tölvutæku formi.*
- *Veraldarvefurinn notaður þegar við á.*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Bein kennsla*

- *Innlagnir*
- *Sýnikennsla*
- *Verklegar æfingar*

### *iv. Námsmat og námsmatsaðlögun*

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- *nemendur tjá sig um þær leiðir sem þeir velja í verkefnavinnu*
- *nemendur sýni verklag sitt á skýran hátt á sínu heimasvæði*
- *kennari gefur skriflega umsögn um gengi hvers nemanda fyrir sig og hvernig hann nálgaðist þau markmið sem gerð eru í greininni  einnig er gefin einkunn í tölum.*
- *nemandi á að skila ákveðnum verkefnum til kennara sem eru metin.*

# 6. bekkur

## Skólanámskrá Áslandsskóla




Skólaárið 2020-2021

# II.1. Samantekt kennslu – Viðmiðunarstundaskrá 6. bekkur

Kennslutímar á viku skiptast í eftirfarandi námsgreinar.

| Námssvið | Námsgreinar | Tímafjöldi í skóla á viku |
|---|---|---|
| 1. Íslenska | 1.1. Talað mál, hlustun og áhorf<br>1.2. Lestur og bókmenntir<br>1.3. Ritun<br>1.4. Málfræði | 1<br>2<br>1<br>2 |
| 2. Erlend tungumál | 2.1. Enska<br>2.2. Danska og önnur Norðurlandamál | 2<br>2 |
| 3. List- og verkgreinar | *A Listgreinar:*<br>3.1. Sviðslistir (dans og leiklist)<br>3.2. Sjónlistir (myndmennt)<br>3.3. Tónmennt<br>*B Verkgreinar:*<br>3.4. Heimilisfræði<br>3.5. Hönnun og smíði<br>3.6. Textílmennt | 3<br>1<br>1<br>1<br>3<br>1<br>1<br>1 |
| 4. Náttúrugreinar | 4.0. Náttúrufræði | 3 |
| 5. Skólaíþróttir | 5.1. Íþróttir<br>5.2. Sund | 2<br>1 |
| 6. Samfélagsgreinar | 6.1. Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði<br>6.2. Jafnrétti og lífsleikni<br>6.3. Landafræði, saga, sam-/þjóðfélagsfræði | 1<br>1<br>3 |
| 7. Stærðfræði | 7.0. Stærðfræði<br>(eða)<br>7.1. Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar<br>7.2. Tölur, reikningur og algebra<br>7.3. Rúmfræði, mælingar, tölfræði og líkindi | 6 |
| 8. Upplýsinga- og tæknimennt | 8.1. Miðlamennt og skólasafnsfræði<br>8.2. Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni | 2 |
| Alls | | 35 |

# I. Íslenska, íslenska sem annað mál og íslenskt táknmál

## Íslenska

### Viðmið um námshæfni í íslensku

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Talað mál, hlustun og áhorf**

- Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar
- Tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og haldið athygli áheyrenda
- Átt góð samskipti , hlustað og sýnt kurteisi
- Nýtt sér efni á rafrænu formi á skipulegan hátt.

**Lestur og bókmenntir**

- Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi
- Greint aðalatriði úr texta og skýrt frá innihaldi hans
- Lesið sér til ánægju og fróðleiks og geti svarað spurningum úr texta.
- Lesið ævintýri, sögur, ljóð og bókmenntir ætlaðar börnum.
- Tekið þátt í umræðum um bókmenntaverk
- Rýnt í ljóð og skoðað uppbyggingu þeirra.
- Beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu, ljóðlínu og ljóðstafi
- Aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum svo sem bókum og á rafrænu formi og unnið úr þeim
- Lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær
- Valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju
- Notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta.

**Ritun**

- Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd.
- Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphaf, meginmál og niðurlag
- Samið texta frá eigin brjósti svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð og fái tækifæri til að láta sköpunarþörf sína og frásagnargleði njóta sín
- Beitt helstu reglum um stafsetningu og greinarmerkjasetningu
- Lesið texta og nýtt sér hann við eigin ritun
- Skrifað texta í tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu
- Skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga

**Málfræði**

- Gert sér nokkra grein fyrir tungumálinu og hvernig má bæta það
- Notað ríkulegan orðaforða í töluðu og bundnu máli. Geti nýtt sér málfræðikunnáttu sína.
- Flett upp í orðabókum og öðrum gagnabrunnum
- Gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði við ritun og stafsetningu
- Notað einföld orðtök og málshætti
- Áttað sig á byggingu texta þ.e setningum, málsgreinum og efnisgreinum
- Nýtt orðaforða til að búa til orð og notað þau í eigin texta
- Þekkt helstu orðflokka og og geti greint hlutverk og helstu einkenni þeirra: Nafnorð

- Þekkt helstu orðflokka og og geti greint hlutverk og helstu einkenni þeirra: Sagnorð
- Þekkt helstu orðflokka og og geti greint hlutverk og helstu einkenni þeirra: Lýsingarorð

# 1.1. Talað mál, hlustun og áhorf

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**
Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Tímafjöldi: 1 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Koma fram fyrir áhorfendur*
- *Upplestur á eigin efni eða annarra*
- *PALS*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Ljóðspor*
- *Vandamálið – Ekki málið 1 og 2*
- *Rauðkápa*
- *Upplestur á eigin ritun*
- *Ýmsar hljóðbækur*
- *Samþætting við dygðavinnu í tengslum við morgunstundir*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt: 
*Eigin ritun heima og í skóla*

- *Hópavinna*
- *Paravinna*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Afsláttur veittur ef um lestrarörðugleika er að ræða*
- *Tölvur notaðar við ritun*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- *Hraðlestrarpróf*

- *Framsagnarpróf*

# 1.2. Lestur og bókmenntir

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**
Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Tímafjöldi: 2 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

**i. *Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Lestur ólíkra bókmenntatexta*
- *Vinna með bókmenntatexta*
- *Lesskilningur*

**ii. *Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru: 

- *Vandamálið – Ekki málið lesbók 1 og 2*
- *Ljóðspor*
- *Skólaljóð*
- *Valdar kjörbækur (Benjamín dúfa)*
- *Heimalestrarbækur og verkefni tengd þeim*

**iii. *Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Nemendur velja lesefni við hæfi. Lesa heima og í skóla.*
- *Fjölbreytt verkefni í lesskilningi*
- *PALS lestraraðferð (Pör að lesa saman)*
- *Umræður um efni bókmenntatexta og verkefni unnin*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Hljóðbækur*
- *Sérkennsla*
- *Sértækt lestrarefni*

**iv. *Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- *Hraðlestrarpróf*

- *Orðarún-lesskilningspróf (staðlað frá Menntamálaráðuneytinu)*
- *Bókrýni úr kjörbókum*
- *Lesskilningspróf*

# 1.3. Ritun

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**
Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Tímafjöldi: 1 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

***i. Viðfangsefni í náminu***
Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Nemendur semja eigin texta*
- *Vinna með hugtök í ritun (upphaf-miðja-endir)*
- *Notkun stafsetninga- og greinarmerkjareglna við ritun*
- *Lífsleikni - Morgunstundir*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***
Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Vandamálið – Ekki málið, vinnubók*
- *Samþætting við aðrar námsgreinar*
- *Mál í mótun, grunnbók og vinnubók*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***
Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Innlögn á hugtökum tengdum ritun*
- *Ritun á eigin texta, frjálst eða samkvæmt fyrirmælum*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Notkun tölva við ritun*
- *Afsláttur veittur ef um örðugleika er að ræða*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***
Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:
Námshæfni:

- *Stafsetningarpróf*
- *Bókrýni*
- *Mat á ritunarverkefnum*

# 1.4. Málfræði

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**
Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Tímafjöldi: 2 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

**i. *Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Stafrófið*
- *Orðflokkar*
- *Kyn, tala og fall orða*
- *Bygging einfaldra málsgreina*

**ii. *Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Málrækt 2*
- *Vandamálið – Ekki málið vinnubók 1 og2*
- *Ítarefni af veraldarvefnum*

**iii. *Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Innlagnir í bekk*
- *Einstaklingsvinna*
- *Hópavinna*
- *Paravinna*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Sérkennsla*
- *Aðlagað námsefni ef þess þarf*
- *Stuðningskennsla*

**iv. *Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- *Málfræðipróf úr ýmsum þáttum málfræðinnar.*

# 2. Erlend tungumál

### Námshæfni – viðmið og mat

Mat á námshæfni felur í sér að meta árangur nemenda í erlendum tungumálum í lok námstíma. Þau byggjast á (a) viðmiðum og (b) kvarðanum A-D til að meta viðmiðin sem liggja til grundvallar námsmati í lok skólaárs. Það er þó hvers skóla að ákveða hvort hann nýtir A-D kvarðann fyrr en í 10. bekk eða aðra matskvarða þótt hæfniviðmiðin liggi alltaf til grundvallar námsmati hverjar sem aðferðir og matskvarðar eru í einstaka skólum og bekkjum.

### a. Enska - Viðmið um námshæfni í erlendum tungumálum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Hlustun**

- Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni þegar talað er og brugðist við með orðum eða athöfnum.
- Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum sem er kunnuglegt og sagt frá innihaldinu á íslensku
- Fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem er kunnuglegt og svarað einföldum spurningum á ensku úr efninu
- Fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem er kunnuglegt og getur dregið saman efnið á ensku

**Samskipti**

- Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf.
- Bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum,
- Notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal.
- Frásögn
- Sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi
- Flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eiginn texta sem hann hefur samið
- Endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv.
- Lesskilningur
- Skilið megininntak í stuttum einföldum sögum, myndasögum og netmiðlum
- Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu
- Lesið sér til gagns og gaman stuttar, einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn og unglinga og rætt efni þeirra með stuðningi kennara eða skólasystkina

**Ritun**

- Skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista
- Lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi,
- Skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst
- Samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv
- Getur notað algengustu greinarmerki og skrifað setningar

**Menningalæsi**

- Sýnt fram á að hann þekki til siða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og getur borið saman við eigin menningu
- Sýnt fram á að hann átti sig á skyldleika erlenda málsins við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra.
- Sýnt fram á að hann þekki hrekkjavöku og þakkargjörðarhátíð í Bretlandi og Bandaríkjunum

**Námshæfni**

- Beitt lykilnámsaðferðum til að auðvelda skilning og notkun á tungumálinu og valið aðferð sem hæfir viðfangsefninu, t.d. umorðað ef hann vantar orð og lesið í aðstæður og getið sér til hvaða samræður fara þar fram
- Beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan hátt og veitt sanngjarna endurgjöf með stuðningi frá kennara,
- Nýtt sér eigin reynslu þegar kemur að því að tileinka sér nýja þekkingu

Tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi
Nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflettirit orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.

# 2.1. Enska

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**
Námsgrein er kennd af umsjónarkennara og hefur hann 2 kennslustundir á viku (40 mín. hver kennslustund). Unnið er eftir TPR (Total Physical Response) kennsluaðferðinni.

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Samlestur – The Enormous Crocodile*
- Daglegar viðburðir
- Fylgja fyrirmælum og leiðbeiningum
-

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Roald Dahl – The Enormous Crocodile*
- *Build up 2*
- *Portfolio: Going Places*
- *Diary of a Wimpy Kid og gagnvirkar lesskilningsverkefni*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Námsleikir í hópavinnu þar sem unnið er með ákveðinn orðaforða s.s. „Go Fish“, „Snakes and Ladders“
- Námsleikir í paravinnu þar sem unnið er með ákveðinn orðaforða s.s. samstæðuspil, battleship.

Einnig er unnið eftir hlustunar og tal kennsluaðferðinni þar sem:

- Samskiptin í kennslustofunni fara að mestu fram á ensku.
- Nemendur vinna saman í pörum við ýmsar talæfingar.
- Nemendur vinna hlustunaræfingar úr kennslubók.

Áhersla er lögð á hlustun og samskipti í kennslutímum jafnt sem nemendur þjálfa frásögn, lestur, og ritun.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *einstaklingsáætlanir*
- *samvinnunám*
- *hljóðbækur*

- Google Classroom

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:

***Tjáning og miðlun***

- tjáð hugsanir og skoðanir sínar og sett þær fram á viðeigandi hátt,
- hlustað eftir upplýsingum og rökum í samræðum,
- lagað tjáningu sína að viðmælendum og notað algengan orðaforða sem tengist umfjöllunarefni hverju sinni,
- gert grein fyrir hugsunum sínum, skoðunum og þekkingu á þann hátt sem við á hverju sinni.

***Skapandi og gagnrýnin hugsun***

- skipulagt efnistök og aðferðir við úrlausn verkefna,
- tekið þátt í að skilgreina viðmið um árangur,
- gert sér grein fyrir að iðulega er hægt að komast að fleiri en einni niðurstöðu við úrlausn verkefna og að læra má af mistökum og nýta það á skapandi hátt,
- greint milli staðreynda og skoðana,
- endurskoðað úrlausn viðfangsefna út frá mismunandi sjónarhornum á skapandi hátt.

***Sjálfstæði og samvinna***

- unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á,
- gert sér grein fyrir styrkleikum sínum,
- unnið með öðrum að skipulögðum verkefnum sem tengjast námi og félagsstarfi innan skóla, - gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi,
- tekið jákvæðan þátt í leik og starfi í skólasamfélagi sínu, - tekið leiðsögn á jákvæðan hátt.

***Nýting miðla og upplýsinga***

- leitað sér upplýsinga í námi í ólíkum miðlum,
- notað miðla nokkuð sjálfstætt við nýsköpun, hugmyndavinnu og kynningu efnis,
- sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og verið meðvitaður um gildi ábyrgrar netnotkunar.

***Ábyrgð og mat á eigin námi***

- gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvar hann getur gert betur í námi,
- sett sér með aðstoð markmið í námi,
- tekið þátt í að skipuleggja eigið nám með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár.

b. Námshæfni:

- *Próf: kaflapróf*
- *Rafrænar lesskannanir Google Forms*
- *Símat*
- *Glósupróf*
- *Vinnubókarmat*
- *Hópverkefni*
- *Einstaklingsverkefni*
- *Munnleg próf*

# 2.2. Danska og önnur Norðurlandamál

**Viðmið um námshæfni í erlendum tungumálum**

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Hlustun**

- Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni.
- Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum
- Fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem kunnulegt úr heimi barna og unglinga og greint frá því helsta.

**Samskipti**

- Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.
- Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.
- Skiptst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu.

**Frásögn**

- Sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt.
- Flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eiginn texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa.
- Endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv.

**Lesskilningur**

- Skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum.
- Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu.
- Lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn og unglinga og rætt efni þeirra með stuðningi kennara eða skólasystkina.

**Ritun**

- Skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista.
- Lýst í einföldu máli því sem næst honum er; fjölskylda, áhugamálum, vinum og umhverfi.
- Skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst.
- Samið stuttan texta með stuðningi mynda, hluta, tónlistar og o.s.frv.

**Menningalæsi**

- Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjarðar menningarsvæðisins, s.s. landfræðilegrar legu, staðhátta og þekktra staða.
- Sýnt fram á að hann þekkir til þátta sem einkenna barna- og unglingamenningu viðkomandi málsvæðis, s.s. söguhetja barnabóka, leikja, söngva og ævintýra.
- Sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.

**Námshæfni**

- Beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki.
- Tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja.
- Beitt sjálfsmati sem tengist viðfangsefnum námsins með stuðningi kennara eftir því sem þörf krefur
- Tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu.
- Nýtt sér hjálpartæki s.s einfaldar orðabækur og veforðasöfn

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Námsgrein er kennd af sérgreinakennara/dönskukennara. Áhersla er lögð á að nemandinn þjálfist í hverri kennslustund í færniþáttunum fjórum; lestri, ritun, hlustun og tali (samtöl og frásagnir). Námsmatið miðar að öllum þessu færniþáttum. Mikil áhersla er lögð á fjölbreytileika í kennsluaðferðum og mismunandi nálgun að efninu.

Tímafjöldi: 2 x 40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Mánuðir og árstíðir
- *Heimilið*
- *Afmælisdagar og hátíðir*
- *Dýr*
- *Léttar skáldsögur*
- Kyn nafnorða, óákveðin/ákveðin greinir, fleirtala nafnorða, hljóðfræði, DET og DER, fornöfn, DEN, töluorð, lýsingarorð, sagnorð, samtengingar.

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Start, lesbók og vinnubók, Námsgagnastofnun.*
- *Smart, lesbók og vinnubók, Námsgagnastofnun.*
- *Spjaldtölva - Smáforrit: Quizlet, Book creator, Notes, Showbie, o.fl.)*
- *Ýmis verkefni af veraldarvefnum og ljósrit*
- *Danskar léttlestrarbækur/kjörbækur*
- *Námsspil*
- *Tónlist og kvikmyndir*

### *iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun*

Í meginatriðum fer námið og kennslan í fram á eftirfarandi hátt:

- Glósur úr textunum eru unnar á spjaldtölvu, notast við Quizlet. Nemendur vinna með glósurnar, oft heima, áður en farið er í textana.
- Kennslubók notuð sem innlögn á orðaforða sem unnið er síðan með í dýpra og víðari samhengi og tengt við fjölbreyttar kennsluaðferðir s.s. námsleiki, talæfingar, hlustunaræfingar, ritunarverkefni og listrænt skapandi verkefni. Námsmatið miðar einnig að þessari fjölbreytni.
- Kennslan er ýmist bekkjarkennsla, paravinna, hópastarf eða einstaklingsmiðuð þar sem námsmatið getur einnig verið fjölbreytt að þessu leyti.
- Samskiptin fara að mörgu leyti fram á dönsku og það eykst þegar líður á námsárið. Kennari segir flest fyrirmæli á dönsku og hengdur er upp listi yfir setningar sem notaðar eru við daglegar athafnir í kennslustofunni.
- Málfræðiþættir eru lagðir inn jafnt og þétt í tengslum við efnið sem unnið er með hverju sinni og áherslan er mest við ritun og talmál.
- Skjávarpi er mikið notaður til að sýna nemendum efni sem tengist efninu, til að gefa þeim skýra mynd af danskri menningu og þegar nemendur skila verkefnum, munnlega, sem unnin eru á spjaldtölvu.
- Námsleikir á veraldarvefnum er nýttir til þjálfunar bæði í skóla og við heimanám.
- Heimanám byggist að mestu á því að ef nemandi sinnir ekki náminu nógu vel í kennslustund þá þarf viðkomandi að klára heima fyrir næstu kennslustund. Einnig þarf að undirbúa sig fyrir sértæk verkefni og kannanir.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Samvinnunám*
- *Hljóðbækur*
- *Einstaklingsáætlanir*

### *iv. Námsmat og námsmatsaðlögun*

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:

- *leið 1*
- *leið 2 o.s.frv.*

b. Námshæfni:

- *Próf: kaflapróf, yfirlitspróf*
- *Kannanir*
- *Símat*
- *Heimapróf*
- *Samvinnupróf*
- *Glósupróf*
- *Sjálfsmat*
- *Jafningjamat*
- *Vinnubókarmat*
- *Hópverkefni*
- *Einstaklingsverkefni*
- *Munnleg próf*
- *Munnlegt mat*

# 3. List- og verkgreinar

## 3.1. Sviðslistir

### Viðmið um námshæfni í sviðslistum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Leiklist**

- Skapað leikþætti í félagi við aðra með skýrum persónum, söguþræði og framvindu
- Nýtt sér hugmyndir jafningja við undirbúning og sköpun leikþáttar
- Lagt fram eigin hugmyndir við undirbúning og sköpun leikþáttar
- Flutt leiktexta í hlutverki á viðeigandi hátt
- Skapað skýra leikpersónu og viðhaldið henni í stuttum leikþætti með viðeigandi radd- og líkamsbeitingu.
- Beitt fleiri en einu formi leiklistar (s.s. kyrrmyndum, spuna og látbragðsleik)

**Umgegni, vinnusemi og framkoma**

- Gengið frá eftir vinnu sína
- Sýnt vinnusemi í tímum
- Sýnt viðeigandi framkomu
- Farið eftir fyrirmælum

### Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Menntun í leiklist snýst um að þjálfa nemendur í aðferðum listgreinarinnar en ekki síður um læsi í víðu samhengi. Auk þess á hún að dýpka skilning nemenda á sjálfum sér, mannlegu eðli og samfélagi. Í leiklist fá nemendur tækifæri til að setja sig í spor annarra og prófa sig áfram með mismunandi tjáningarform, hegðun og lausnir í öruggu umhverfi. Leiklist styður nemandann í að tjá, móta og miðla hugmyndum sínum og tilfinningum. Jafnframt reynir hún stöðugt á samvinnu, samskipti, sköpun, tjáningu, gagnrýna hugsun og líkams- og raddbeitingu.

Tímafjöldi: Kennt er í lotum.

**i. *Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Verkefni frá kennara*
- *Upphitunar-, einbeitingar- og traustæfingar*
- *Aðferðir leiklistar, s.s. kyrrmyndir, spuni, kastljós og persónusköpun*
- *Gerð útvarpsleikrits*
- *Ýmsir leikir*

**ii. *Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Verkefni og gögn frá kennara*
- *iPad*
- *iMovie*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan fram á eftirfarandi hátt í skóla og heima (utan skóla):

- *Innlagnir*
- *Sýnikennsla*
- *Verklegar æfingar*
- *Úrvinnsla*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytni í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum og mismunandi hæfileikum þeirra.*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

Símat: Umgengni, vinnusemi, framkoma, framvinda og hæfni metin í lok lotu.

## 3.2. Sjónlistir – myndmennt

**Viðmið um námshæfni í myndmennt**

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Verklag og efnisnotkun**

- Þekkja skissugerð og notkunn hennar
- Unnið út frá ljósmynd
- Þekkja mun á hönnun og frjálsri myndlist

**Verkefnavinnsla**

- Unnið þrívíð form í tengingu við tvívíð form og beitt þeim í frjálsri myndsköpun
- Þekkt leir unnið með hann á sjálfstæðan hátt
- Rýnt í eigin verk og annara á uppbyggilegan hátt

**Umhverfi**

- Unnið út frá reglum um frágang á áhöldum og stofu
- Unnið út frá þekkingu um nýtingu efna og endurvinnslu og áhrif þess á umhverfið
- Unnið í samvinnu og sýnt tillitsemi
- Beitt líkamstöðu á réttan hátt við vinnu sína og gert sér grein fyrir notkun og kostum hlífðarfatnaðar

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Í myndmennt er lögð áhersla á að nemendur öðlist sýn og geti þroskað með sér vitund í að þekkja og vinna sjálfstætt að myndsköpun á uppbyggilegan hátt. Að þau kynnist efnum og áhöldum greinarinnar

og þrói með sér aðferðir og tækni sem þau geti notað og finnist þau hafa vald á. Geti greint og sagt frá aðferðum og rýnt í verk á meðvitaðan hátt.
Markmiðið með kennslunni er að upplýsa um aðferðir, gamlar sem nýjar og kynna söguna eins vel og kostur er á. Listasögunni verða gerð skil á eins aðgenginlegan hátt og unnt er. Sjónlistir eru margvíslegar og verður reynt að gera þeim skil á eins fjölbreytilegan hátt og kostur er.

Kennt í lotum

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Unnið möppu sem heldur utan um verkefni vetrarins*
- *Vinna skissur og skilið tilgang þeirra*
- *Vinna verkefni sem tekur á tjáningu svo sem gleði, sorg, nótt, dagur*
- *Verkefni sem unnið er út frá fyrirfram ákveðinni listastefnu*
- *Vinna einþrykksverk í grafík*
- *Einföld bókagerð*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Fyrirfram unnin verkefni sem fengin eru frá kennara*
- *Bækur sem til eru í myndmenntastofu t.d. Myndmennt 1 og 2 og listaverkabækur*
- *Bækur sem fengnar eru að láni á bókasafni skólans*
- *Veraldarvefurinn, síður sem finna má kennsluefni á t.d. Art for kids, googel.com*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan fram á eftirfarandi hátt: í skóla og heima (utan skóla)

- *innlagnir*
- *sýnikennsla*
- *veklegar æfingar*
- *úrvinnsla*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *verkefnavali er stýrt frá kennara að einhverju leiti hvað varðar þjálfun og mat á getur nemenda*
- *nemendur fá að hafa áhrif um vinnuaðferðir og val á verkefnum þar sem þau sýna getu hvers og eins og þannig mætt þörfum þeirra að upplifa eigin getu í náminu*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni:

Námshæfni:

Símat í lotunni, nemandi fær einkun og umsögn þar sem metið er eftirfarandi:

- *hefur nemandi unnið eftir fyrirmælum, borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á*
- *tekið virkan þátt í verklegum þáttum*
- *sýnt vinnusemi og vandvirkni*
- *skilað verkefnum lotunnar á viðeigandi hátt*

# 3.3. Tónmennt

**Viðmið um námshæfni í tónmennt**

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Söngur**

- Notað röddina til hljóð – og tónsköpunar
- Greint ólíkar raddir
- Sungið hreint með skýrum framburði
- Geti greint einföld stílbrigði í tónlist

**Hljóðfæri**

- Þekkt hljóðfæri eftir sjón og heyrn
- Þekkt hljóðfæraflokka eftir sjón og heyrn
- Þekkt algengustu samspilshópana

**Hreyfing**

- Búið til hreyfimynstur í hópi við mismunandi tónlist og hljóð.
- Sungið algenga hreyfisöngva
- Hreyft sig óhindrað og frjálst og túlkað um leið ýmsa þætti tónlistarinnar

**Ritun**

- Þekkt tóna, lengdargildi og helstu hugtök tónlistarinnar.
- Lesið, skráð, klappað og spilað hryn

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Tónlist er snar þáttur í lífi og starfi manna hvar sem er í heiminum. Hún er leið til sköpunar og tjáskipta, oft án orða, sem einstaklingar fara til að tjá tilfinningar sínar. Kennslan á að efla næmi nemenda og þekkingu á frumþáttum tónlistar, tónhæð, tónlengd, blæ, styrk, hljómum, túlkun og formi, til þess að þeir geti myndað sér skoðun á ólíkum stíl tónlistar, geti gert sér grein fyrir gildi hennar í eigin menningu og lífi og notið hennar á uppbyggilegan, markvissan og persónulegan hátt.

Tímafjöldi: Kennt er í lotum.

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Hljóðfæri: Nemendur leika hryn og þrástef á stofuhljóðfæri.*

- *Söngur: Nemendur syngja ýmis lög sem tengjast árstíðum, hátíðum eða dygð mánaðarins. Einnig syngja þeir lög frá mismunandi tímum og löndum.*
- *Hreyfing: Hreyfileikir og hreyfisöngvar sungnir, dansað við mismunandi tónlist.*
- *Ritun: Hrynur skráðar og tónfræðiverkefni unnin.*
- *Hlustun: Nemendur læra að þekkja hljóðfæri eftir heyrn, hlusta á tónsögur og fl.*

### ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Það er gaman að hlusta á kvikmyndatónlist*
- *Sígild tónskáld*
- *Verkefni frá kennara*
- *Tonmennt.com*
- *Veraldarvefurinn*
- *Háskaleikur*
- *Ýmis sönghefti*
- *Stofuhljóðfæri*

### iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan fram á eftirfarandi hátt í skóla og heima (utan skóla):

- *bein kennsla*
- *innlögn*
- *skrifleg og verkleg verkefni*
- *samsöngur og samspil*
- *samvinna og hópavinna*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytni í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum og mismunandi hæfileikum þeirra.*

### iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni: Símat í lotunni, nemandi fær umsögn og þar er metið eftirfarandi:

- *hefur nemandi unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á*
- *hefur nemandi tekið virkan þátt í leik og söng á jákvæðan hátt*
- *hefur nemandi tekið leiðsöng*
- *hefur nemandi tjáð skoðanir sínar og hugsanir og sett þær fram á viðeigandi þátt*

# B. hluti:
# 3.4. Heimilisfræði

**Viðmið um námshæfni í Heimilisfræði**

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Verklag - Matur og vinnubrögð**

- Unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og notað til þess algengustu mæli- og eldhúsáhöld
- Matreitt einfaldar og hollar máltíðir og nýtt hráefnið sem best
- Nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga er varða matreiðslu, næringarfræði og meðferð matvæla

**Vinnufærni - Matur og lífshættir**

- Tjáð sig um aðalatriði næringarfræðinnar
- Tjáð sig um heilbrigða lífshætti og tengsl þeirra við heilsufar
- Gert sér grein fyrir helstu kostnaðarliðum við heimilishald og sé meðvitaður um neytendavernd

**Umhverfi - Matur og umhverfi**

- Farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi
- Tengt viðfangsefni heimilisfræðinnar við jafnrétti og sjálfbærni og átað sig á uppruna helstu matvæla
- Skilið og rætt mismunandi umbúðamerkingar, metið útlit og gæði matvæla og útskýrt hvernig á að geyma þau.
- Sýnir frumkvæði og leggur mat á eigin verk og annarra.
- Hafi þekkingu á helstu slysahættum í eldhúsi og varist þær.

**Matur og menning**

- Tjáð sig um ólíka siði og venjur, og þjóðlegar íslenskar hefðir í matargerð

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Í heimilisfræði er lögð áhersla á að nemandinn öðlist færni í að vinna í eldhúsi við fjölbreytta matargerð. Kynnist og öðlist færni í að beita og nota eldhúsáhöld, tileinka sér að vinna með og lesa uppskriftir. Lögð er mikil áhersla á hreinlæti í meðferð matvæla og að nemendur tileinki sér notkun á fæðuhringnum. Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæð í verki, stuðla að vinnugleði, samvinnu, virðingu fyrir verkinu, þjálfa einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Námsgreinin byggir á áherslu á að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl fyrir komandi framtíð.

Tímafjöldi: kennt er í lotum.

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Mælieiningar, samvinna, meðhöndlun áhalda, skilningur á hollustu og heilbrigði, hreinlæti og frágangur. Þekki heiti næringarefnanna*
- *Tileinkað sér sjálfstæði í eldhúsi*
- *Unnið með fjölbreyttar mataruppskriftir.*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Fyrirfram ákveðin verkefni frá kennara.*
- *Stuðst við bækur í heimilisfræðistofunni.*
- *Veraldarvefurinn ýmsir vefir tengdir mat og matarmenningu.*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Bein kennsla*
- *Innlagnir*
- *Sýnikennsla*
- *Verklegar æfingar*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytni er í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum og mismunandi hæfileikar þeirra fái að njóta sín.*
- *Nemendur fá að vera með í vali á hluta verkefna til að mæta þeirra þörfum og um leið fá þau tækifæri til að koma fram með sjálfstætt val og hafa sjálfstjórn á sínu eigin námi.*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi: Námshæfni:

Símat í lotunni, nemandi fær einkunn og umsögn þar sem metið er eftirfarandi:

- *Hefur nemandi unnið eftir fyrirmælum, borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á*

- *hefur nemandi gengið vel um efni, áhöld og tæki í stofunni*
- *tekið virkan þátt í verklegum þáttum*
- *sýnt vinnusemi og vandvirkni*
- *skilað verkefnum lotunnar á viðeigandi hátt*

# 3.5. Hönnun og smíði

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Í hönnun og smíði er lögð áhersla á að nemandinn öðlist færni í að smíða hluti með fjölbreyttum efnum, verkfærum og tækni. Lögð er áhersla á að nemandinn sé virkur í hönnunarferli og móti útlit og uppbyggingu hluta miðað við notkun þeirra. Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæðs í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnu, þjálfa einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Námsgreinin sem á sé langa sögu byggir því senn á rótgrónum handverkshefðum og almennum áherslum á uppeldi og menntun.

Tímafjöldi: Kennt er í lotum.

## a. Viðmið um námshæfni í list- og verkgreinum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Handverk**

- Gert grein fyrir uppruna og notagildi þess efniviðar sem notaður er í smíðastofunni
- Valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki
- Lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð
- Útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp og málsetja vinnuteikningu
- Greint þarfir í umhverfi sínu og rætt mögulegar lausnir
- Kynnist mismunandi samsetningum
- Geti valið yfirborðsmeðferð sem hæfir verkefni

**Umhverfi**

- Valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi.
- Geri grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni
- Beitt líkama sínum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar
- Sýna ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði

### i. *Viðfangsefni í náminu*

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Unnið með sköpun og skógarnytjar (nemendur vinna með ferskan íslendakn við).*
- *Furukistill, skál úr bolvið, teikni-mappa*
- *Valverkefni þar sem lögð er áhersl á að virkja sköpunargleðina.*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Efni og verkefni frá kennara*
- *Stuðst er við nokkrar bækur í smíðastofu*
- *Veraldarvefurinn notaður þegar við á*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Bein kennsla*
- *Innlagnir*
- *Sýnikennsla*
- *Verklegar æfingar*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytni er í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum og mismunandi hæfileikar þeirra fái að njóta sín*
- Nemendur fá að vera með í vali á hluta verkefna til að mæta þeirra þörfum og um leið fá þau tækifæri til að hafa einhverja sjálfsstjórn á sínu eigin námi.

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:
Námshæfni:
Notast er við símat, nemandi fær einkunn og umsögn og þar er metið eftirfarandi:

- *hefur nemandi unnið eftir fyrirmælum í tímum verið vinnusamur og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum*
- *hefur nemandi leitast við að vinna sjálfstætt og notast við þær verklýsingar sem í boði eru hefur nemandi gengið vel um efni, áhöld og tæki.*

# 3.6. Textílmennt

## Viðmið um námshæfni í textílmennt

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

| **Handverk og tækni** |
|---|
| • Prjónað brugna lykkju |

- Prjónað í hring
- Tekið úr í prjóni
- Haldið sama lykkjufjölda í prjónastykki
- Geti stillt saumavélina
- Geti prjónað slétt og brugðið, fitjað upp og tekið úr
- Unnið verkefni á saumavél af nokkru öryggi
- Unnið með einföld snið og uppskriftir
- Sköpun, hönnun og útfærlsa
- Þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli

**Menning og umhverfi**

- Gert grein fyrir endurnýtingu
- Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði
- Tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði
- Gert grein fyrir helstu eiginleikum náttúrefna og gerviefna
- Fjallað um íslenskt hráefni í samhengi við sögu og sjálfbærni

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Námsgreinin textílmennt er yfirgripsmikil grein sem felur í sér þátt hönnunar og handverks. Textílmennt á sér djúpar rætur í menningu þjóðarinnar, rætur sem liggja í heimi sögunnar, verkmenningu og listum. Textílnám byggist meðal annars á þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun þar sem nemendur vinna með efni og áhöld greinarinnar á sjálfstæðan hátt. Textílnám gefur nemendum tækifæri til að þroska samhæfingu hugar og handa, upplifa og tjá sig um leið.
Textílmennt er ríkur þáttur í félagslegur veruleika þar sem einstaklingaanir skapa sér persónulegan stíl í klæðnaði og í sínu nánasta. Nemendur læra að búa til afurðir sem hafa persónulegt gildi.

Tímafjöldi: Kennt er í lotum, fimm kennslustundir í viku.

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Prjónaverkefni t.d. húfa*
- *Vélsaumsverkefni t.d. púði*
- *Efnisfræði*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Verkefni frá kennara*
- *Íslenska ullin, myndband frá Námsgagnastofnun*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Innlögn*

- *Hugmyndavinna*
- *Sýnikennsla*
- *Einstakingskennsla*
- *Verklegar æfingar*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytni í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum, áhuga þeirra og getu*
- *Hanna verkefni og vinna verkefni út frá eigin sköpun*
- Fá tækifæri til að finna nýjar leiðir

### iv. *Námsmat og námsmatsaðlögun*

Umgengni, framvinda og hæfni er metin í lok lotu.

# 4. Náttúrugreinar

## Viðmið um námshæfni í náttúrugreinum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Verklag: Geta til aðgerða**
- Tekið afstöðu til málefna

**Verklag: Nýsköpun og hagnýting þekkingar**
- Unnið undir leiðsögn í hópi eftir verkskiptri tímaáætlun við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi
- Útskýrt hvernig tækni getur hjálpað okkur

**Verklag: Gildi og hlutverk vísinda og tækni**
- Útskýrt á einfaldan hátt áhrif tækni á líf fólks

**Verklag: Vinnubrögð og færni í náttúrugreinum**
- Útskýrt texta um náttúruvísindi sér til gagns og farið eftir einföldum, munnlegum og skriflegum leiðbeiningum
- Sett fram niðurstöður athugana og rætt á skýran og skipulegan hátt.

**Viðfangsefni: Efling ábyrgðar á umhverfinu**
- Gert grein fyrir eigin lífssýn og skilningi á samspili náttúrunnar, mannsins og heilbrigði eigin líkama.
- Tekið þátt í að skoða, skilgreina og bæta eigið umhverfi og náttúru

**Viðfangsefni: Að búa á jörðinni**
- Veit hvernig ræktanlegt land er notað og ýmsar hliðar landnotkunar og verndun gróðurs
- Kannað breytingar á landinu og þekki hugtökin veðrun/rof, eyðing, jöklar, ræktun
- Getur útskýrt afstöðu sólar og jarðar og hvernig hreyfing þeirra tengist

**Viðfangsefni: Lífsskilyrði manna**
- Lýst breytingum sem verða við kynþroskaaldur og gert sér grein fyrir mikilvægi gagnkvæmrar virðingar í samskiptum kynjanna
- Útskýrt tengsl heilbrigðis og þess sem við borðum
- Lýst helstu líffærakerfum mannslíkamans og starfssemi þeirra í grófum dráttum.
- Lýst samspili lífvera og lífvana þátta og tengt það hugmyndum manna um uppruna manna og þróun lífs á jörðu

**Viðfangsefni: Náttúra Íslands**
- Útskýrt hvar og afhverju helstu náttúruhamfarir verða, sem búast má við á íslandi og hvernig viðbröð við þeim eru skipulögð.

**Viðfangsefni: Heilbrigði umhverfsins**
- Gert grein fyrir notkun manna á náttúruauðlindum
- Dregið ályktanir af tilgangi flokkunar úrgangs

**Viðfangsefni: Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu**
- Gert grein fyrir næringargildi ólíkrar fæðu og hverskonar fæða er framleidd á Íslandi
- lýst áhrifum tækni á íslenskar atvinnugreinar

## Matsviðmið og matskvarði fyrir námshæfni í náttúrugreinum

Eftirfarandi viðmið um hæfni nemanda í lok námsins og mynda grunn að mati á námi hans eftir skólaárið, hvort sem matið er fyrir námssviðið í heild sinni eða einstakar námsgreinar innan

þess. Skóla er þó í sjálfsvald sett hvort hvernig hann notast við matsviðmiðin og hvort hann notar þennan matskvarða (A-D) fyrr en í 10. bekk:

| **Matskvarði** | **Matsviðmið fyrir námshæfni á námssviðinu** |
|---|---|
| **A** | Í þessum kvarða eru nemendur sem eru með óaðfinnanlega vinnu.<br>Gera verkefni 95-100% |
| **B** | Í þessum kvarða eru flestir nemendur. Getulega og við alla vinnu á verkefnum. Hér koma þeir nemendur sem eru að skila allri verkefnavinnu á réttum tíma, að mestu kláraðri, svo til full unnið.<br>Gera verkefni 75-95% |
| **C** | Í þessum kvarða eru nemendur sem þurfa að hluta sérkennslu eða aðstoð. Ná ekki að klára eða vinna allt efni. Þeirra umgjörð veitir þeim tækifæri til þess að halda í við hina í bekknum að mestu. Gera verkefni 45-60% |
| **D** | Nemandi hefur ekki náð viðmiðum námshæfni sem skilgreint er undir matskvarða C og er ekki skilgreint frekar. Í sumum tilvikum fær nemandi fyrir vikið einstaklingsnámskrá með eigin, persónulegum viðmiðum um námshæfni. |

## Grunnþættir menntunar í náttúrugreinum

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í náttúrugreinum:

| **Grunnþáttur** | Áhersluþættir grunnþátta menntunar |
|---|---|
| HEILBRIGÐI OG VELFERÐ: | • stuðlar að góðri heilsu og líðana nemenda og starfsfólks<br>• örvar nemendur til þátttöku og ábyrgðar með virðingu fyrir lýðræði og mannréttindum<br>• flokkun á pappír, fernum o.fl.<br>• taki þátt í að móta matseðil<br>• geri sér grein fyrir afleiðingum lífernis á heilsu |
| JAFNRÉTTI: | • allir hafi sama rétt til náms og fái aðstoð við hæfi<br>• mennig annarra þjóða á sama rétt þó að hún sé ekki eins og okkar<br>• allir eiga sinn rétt til að iðka trú<br>• eigum rétt á að tjá skoðanir okkar<br>• þátttaka í skólaþingi innan skóla |
| LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI: | • x<br>• x o.s.frv. |
| LÆSI: | □ færni í að lesa texta, í bók, á skilti, umhverfði, hegðun annarra |

| | |
|---|---|
| | • geta lesið í efni á netinu, hvað sé vðeigandi og hvað ekki<br>• að setja efni frá sér á mismunandi vegu t.d. myndrænt, á ritmáli, glærur/slæður, munnlega, líkan smíðað<br>• geta lesið í hegðun fólks og tengt hegðun við athæfi, sumt er leyft undir vissum kringumstæðum en annars ekki (hegðun á kappleik)<br>• yndislestur, hraðalestur, skilningslestur, gæðalestur |
| SJÁLFBÆRNI: | • átti sig á að ekkert er óþrjótandi, það eyðist sem af er tekið<br>• hvernig getum við nýtt náttúruna þannig að ekki skapist tjón af<br>• fái kynningu á sjálfbærni<br>• geri sér grein fyrir hvernig hringrás náttúrunnar virkar<br>• kynni sér dæmi um sjálfbærni |
| SKÖPUN: | • fjölbreyttar kennsluaðferðir og vinnubrögð<br>• nemendur hafa tækifæri að hafa áhrif á skólastarfið<br>• staðsetning skólans ilnnan skólans sé rými til þess að sinna verklegum skapandi þáttum í námi og úrvinnslu verkefna.<br>• vinna í hóp við framsetningu námsefnis og verkefna |

# 4.0. Náttúrufræði

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**
Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Tímafjöldi: 5 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár). Náttúru- og samfélagsgreinar kenndar í lotum, allir tímar teknir saman.

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *að læra um stöðu og gang himintungla,*
- *að þekkja tengsl jarðar og tungls,*
- *að þekkja innri og ytri öfl jarðar,*
- *að kynnast eiginleikum hafsins, lofthjúpi og veðurfari*
- *að þekkja mannslíkamann,*
- *að kynnast þroska mannsins.*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru: • *Auðvitað – jörð í alheimi*

- *Maðurinn*
- *Hjúkrunarfræðingur með kynfræðslu strákar /*

*stelþur* ***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

Nemendur lesa kafla í skóla eða heima. Kennari fer í efni kaflans með því að lesa upp kaflann – nemendur lesa til skiptis – notuð hljóðbók – farið í áhersluþætti. Nemendur vinna svo spurningar úr kaflanum með aðstoð ef þarf. Kennari fer yfir spurningarnar. Nemendur vinna sjálfstætt eða með sessunaut og í hópum.

Helstu kennsluaðferðir:

- *Hópavinna,*
- *Einstaklingsvinna,*
- *kynning power point,*
- *vettvangsferðir,*
- *veggspjaldagerð,*
- *verkefnavinna í stílabók,*
- *skoðun með víðsjá,*
- *sýnd myndbönd,*
- *tilraunir*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Styttra efni*
- *Hljóðbók, mp3,*
- *Útprentaðar lausnir*
- *Minni kröfur varðand verkefnaskil, færri verkefni*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- *Mismundandi leiðir í mati*
- *Sjálfsmat*
- *Kennaramat*
- *Hópamat*
- *Félagamat*
- *Heimapróf*
- *Samvinnupróf*
- *Kannanir*

# 5. Samfélagsgreinar

**Viðmið um námshæfni í samfélagsgreinum**

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Reynsluheimur**

- Sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika, mannhelgi og félagslegu réttlæti.
- Umhyggju fyrir öðrum mönnum og öllu lífi.
- Fylgt ferli orsaka og afleiðinga af gerðum manna og bent á leiðir til úrbóta.
- Lýst náttúruferlum sem hafa áhrif á land og gróður.
- Áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði.
- Gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis, hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum til verndar.
- Rætt á einfaldan hátt um tímabil, atburði og persónur, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu.
- Lýst margbreytileika helstu trúarbragða og lífsviðhorfa og áhrifum þeirra á líf fólks.
- Gert grein fyrir völdum frásögnum, hefðum, hátíðum, siðum og táknum í trúarbrögðum heims.
- Þekkja muninn á völdum trúar- og lífsviðhorfum.
- Lýst með dæmum hvernig samfélagsgerð tengist lífi einstaklinga.
- Gert grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins, breytilegrar menningar, trúar- og lífsviðhorfa.
- Notað kort og gröf til þess að afla sér upplýsinga.

**Hugarheimur**

- Áttað sig á ólíkum kynhlutverkum á nokkrum sviðum og hvernig þau mótast og breytast.
- Gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum.
- Metið jákvæð og neikvæð áhrif ýmissa áreita í umhverfinu á líf hans.
- Sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni.

**Félagsheimur**

- Tekið þátt í samræðu um stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur.
- Sýnt ábyrgð í samskiptum og átti sig á réttindum sínum samkvæmt alþjóðasáttmálum.
- Tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn og í samstarfi við aðra.
- Gert sér grein fyrir ólíkum bakgrunni fólks og virt frelsi þess og mismunandi trúar og skoðana.

# 5.0. Samfélagsfræði

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Tímafjöldi: 5 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár). Náttúru- og samfélagsgreinar kenndar í lotum, allir tímar teknir saman að undanskyldum trúarbragðafræði og lífsleikni.

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *að þekkja Norðurlöndin, sögu þeirra, landslag og menningu*
- *að kynnast sögu Íslands á árunum 870 til 1520*
- *að kynnast sögu Snorra Sturlusonar*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Norðurlöndin, lesbók og vinnubók*
- *Snorra saga*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Samlestur*
- *Einstaklingslestur*
- *Hópavinna*
- *Samvinnunám*
- *Vinnubókavinna*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Afsláttur veittur þar sem við á

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:
Námshæfni:

- *Svindlpróf*
- *Kannanir*
- *Símat*
- *Sjálfsmat*
- *Vinnubókarmat*
- *Hópverkefni*

# 5.1. Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**
Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Tímafjöldi: 1 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *kynnist buddhismi*
- *kynnist gyðingdómi*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:
*kynnist kristinni trú*

- *Buddhismi*
- *Gyðingdómur.*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Bækur lesnar og námsefnið rætt. Verkefni unnin í vinnubók sem verður metin til einkunnar.*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Veittur afsláttur þar sem það á við.*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- *Kaflapróf*
- *Skrifleg verkefni*

# 5.2. Jafnrétti og lífsleikni

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**
Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Tímafjöldi: 1 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *fjórar hornstoðir skólans*

- *dygðir*
- *SMT reglur*
- *tilfinningar og hvernig bregðast á við þeim*
- *mannleg samskipti*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Ég er bara ég
- Ýmis verkefni sem snerta daglegt líf barna þar sem áhersla er lögð á mannleg samskipti og dygðir vetrarins.

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Umræður*
- *Bekkjarfundir*
- *Undirbúningur og þátttaka morgunstunda*
- *Verkefnavinna* ***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- *Morgunstundir*

# 5.3. Landafræði, saga, og sam-/þjóðfélagsfræði

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Norðurlönd, sögu þeirra og landafræði*
- *Saga Íslendinga frá 870 - 1520*
- *Snorra saga*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Norðurlönd*
- *Snorra saga*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Norðurlönd lesin og vinnubók unnin.*
- *Nemendum kennt að lesa úr kortum og að þekkja landfræðilega þætti.*
- *Nemendur vinna einstaklings- og hópverkefni.*

- *Myndbönd skoðuð og ýmisleg ítarefni.*
- *Sögueyjan lesin og vinnubók unnin, sett upp tímalína og farið í vettvangsferð.*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Stuðst við hljóðbækur fyrir þá sem þess þurfa*
- *Munnleg verkefnaskil*

### *iv. Námsmat og námsmatsaðlögun*

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- *Vinnubækur, skýrslur og frammistaða í hópavinnu verður metið til umsagnar og einkunnar.*
- *Lögð verður áhersla á vönduð vinnubrögð, vinnusemi, samvinnu og umgengni.*
- *Könnun úr Norðurlöndunum.*

# 6. Skólaíþróttir

## Námshæfni – viðmið og mat

Mat á námshæfni felur í sér að meta árangur nemenda í skólaíþróttum í lok námstíma. Þau byggjast á (a) viðmiðum og (b) kvarðanum A-D til að meta viðmiðin sem liggja til grundvallar námsmati í lok skólaárs. Það er þó hvers skóla að ákveða hvort hann nýtir A-D kvarðann fyrr en í 10. bekk eða aðra matskvarða þótt hæfniviðmiðin liggi alltaf til grundvallar námsmati hverjar sem aðferðir og matskvarðar eru í einstaka skólum og bekkjum/árgöngum.

## a. Viðmið um námshæfni í skólaíþróttum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

| **Efnis-þáttur** | **Hæfni-þættir** | **Viðmið um námshæfni í skólaíþróttum fyrir 6. bekk**<br>Við lok árgangs geti nemandi |
|---|---|---|
| *Heilsa og velferð* | Þekking | • mælt líkamsþol, hraða, viðbragð og kraft |
| | Leikni | • tekið þátt í ýmsum leikjum sem reyna á líkamsþol, hraða, viðbragð og kraft |
| | Viðhorf | • metið eigið líkamsþol, hraða, viðbragð og kraft |
| *Hreyfing og afkastageta* | Þekking | • þekkt muninn á ýmsum:<br>• hópíþróttum<br>• einstaklingsíþróttum |
| | Leikni | • framkvæmt:<br>• æfingar sem efla grófhreyfingar<br>• æfingar sem efla samhæfingu<br>• jafnvægisæfingar<br>• samsettar hreyfingar |
| | Viðhorf | • haft jákvætt viðhorf gagnvart ýmsum hóp – og einstaklingsíþróttum |
| *Félagslegir þættir og samvinna* | Þekking | • áttað sig á mikilvægi samvinnu í íþróttum og leikjum. |
| | Leikni | • tekið þátt í leikjum sem efla markvisst samvinnu innan minni eða stærri hópa |
| | Viðhorf | • haft jákvætt viðhorf gagnvart íþróttaiðkun innan- og utanhúss. |
| *Öryggi og skipulag* | Þekking | • borið sameiginlega ábyrgð við skipulag og framkvæmd leikja og ýmissa æfinga. |
| | Leikni | • farið eftir reglum í íþróttahúsum og sundlaugum.<br>• farið eftir reglum kennara |
| | Viðhorf |  umgengist samnemendur í leikjum og íþróttum af virðingu og öryggi  umgengist tæki og áhöld á öruggan og ábyrgan hátt. |

**Grunnþættir menntunar í skólaíþróttum**

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í skólaíþróttum:

| **Grunnþáttur** | Áhersluþættir grunnþátta menntunar<br>Að nemandi |
|---|---|
| HEILBRIGÐI OG VELFERÐ: | • hreyfi sig alla daga vikunnar, um 60 mínútur á dag eða lengur.<br>• taki þátt í leikjum og/eða stundi íþróttir með ánægju og félagsleg samskipti að leiðarljósi, ásamt því að efla almennt líkamshreysti.<br>• iðki íþróttir og leiki á skólalóð<br>• þjálfist í æfingum og leikjum sem efla liðleika, líkamsreisn og líkamsstöðu. |
| JAFNRÉTTI: | • stundi fjölbreytta hreyfingu í formi leikja og/eða íþrótta sem eru án fordóma á skólatíma og í nærsamfélagi.<br>• hafi rétt til þátttöku í íþróttum til jafns við aðra.<br>• hafi fengið kynningu á þeim íþróttagreinum sem í boði eru í nærsamfélaginu. |
| LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI: | • hafi fengið tækifæri til að kjósa með lýðræðislegri kosningu um val á hreyfingu/leik í skólaíþróttum/sundi, þar sem hann fær tækifæri til að hafa áhrif á skipulagið.<br>• hafi jafnan rétt á við aðra að stunda hreyfingu a.m.k. þrisvar sinnum í viku í 40 mínútur í senn. |
| LÆSI: | • fái tækifæri til að ræða um mikilvægi hreyfingar fyrir líkamlega og andlega heilsu og vellíðan.<br>• Þekki heiti helstu líkamshluta.<br>• tileinki sér réttar reglur í leikjum og geti skorið úr ágreiningi ef upp kemur og læra að taka tapi sem og sigri.<br>• læri og tileinki sér skipulagsform eins og röð, lína, hringur og hópur.<br>• tileinki sér almennar reglur íþróttamannvirkja. |
| SJÁLFBÆRNI: | • fái tækifæri til að velja leik eða hreyfingu sem honum finnst áhugaverð og skemmtileg.<br>• þjálfist í því að fara rólega af stað í upphafi reglubundinnar hreyfingar og einnig í lok æfingar og skilji hvers vegna.<br>• hafi jákvæða upplifun af íþróttaiðkun.<br>• hafi ánægju af því að hreyfa sig reglulega. |
| SKÖPUN: | tileinki sér helstu samskiptareglur og færni eins og að hlusta, hlýða, tjá skoðun, bíða og bregðast við. |

# 6.1. Íþróttir

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Tímafjöldi: Tvær 40 mín. kennslustundir á viku að jafnaði yfir skólaárið.

### i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- ***Grunnþættir líkams- og hreyfiþroska*** *○ Líkamsstaða og líkamsbeiting, samhæfing, styrkur, þol, hraði, jafnvægi, liðleiki*
- ***Líkams- og heilsurækt*** *○ Styrktaræfingar, stöðvaþjálfun, útihlaup, þrekpróf, þolpróf*
- ***Knattleikir*** *○ Knattspyrna, handknattleikur, körfuknattleikur, blak,*
- ***Spaðaíþróttir*** *○ Badminton, bandý*
- ***Leikir*** *○ Boltaleikir, hlaupa- og viðbragðsleikir, kraftleikir, leiknileikir, samvinnuleikir, ratleikir.*
- ***Áhaldafimleikar*** *○ Gólfæfingar, stökk yfir hest / kistu / kubbur, sveiflur í köðlum*
- ***Frjálsíþróttir*** *○ Hlaup, stökk, köst, víðivangshlaup, boðhlaup*
- ***Sértækir námsþættir*** *○ Skólamót í leikjum, íþróttagreinum, frjálsum, sundi, skólaþrekmót, göngu- og hjólaferðir.*

### ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- ***Áhöld í íþróttasal*** ○ ***Minni áhöld****: Boltar, gjarðir, sippubönd, snú-snú bönd, teygjur, léttar dýnur, liðabönd, vesti, mjúkir boltar, badminton flugur og spaðar, bandý boltar og kylfur, keilur, skeiðklukkur, málband, spilastokkur, mottur.*

***Stærri áhöld:*** *Kistur, kubbar, hestar, kaðlar, slár, badminton uppistöður, blak uppistöður, mörk, körfur, bekkir, stærri dýnur, stökkbretti, boltagrindur, boltanet.*

- ***Áhöld í skóla og á skólalóð*** ○ ***Minni áhöld:*** *Boltar, sippubönd, snú-snú bönd, teygjur, mjúkir boltar, liðabönd, vesti, bandý kylfur.*
  - ***Stærri áhöld:*** *Klifurbrautir, rólur, mörk, gervigrasvöllur, körfuspjöld, yfir veggur*

### iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- ***Kennsla í íþróttahúsi*** ○ ***Íþróttasalur***
- ***Kennsla utanhúss*** ○ ***Skólalóð***
- ***Heimanám (foreldrar)***
  - *Nemendur eru hvattir til að stunda íþróttir og almenna hreyfingu utan skólatíma og mæta þannig kröfum námsins.*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- ***Kennsluaðferðir*** ○ *Sýnikennsla, vettvangsferðir, endurtekningaræfingar, námsleikir, stöðvaþjálfun, áfangaþjálfun, stöðugt þjálfunarálag, þrautalausnir og þrautabrautir, hlutverkaleikir, hermileikir, kannanir, hópvinna.*
- ***Kennsluaðferðir og leiðir***
  - *iPad og tengd tækni.*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:

- ***Hreyfing og afkastageta****;*
  - *Námsmat*
    - *Færni- og afkastagetuþróf*
    - *Þolþróf*
- ***Félagslegir þættir og samvinna****;*
  - *Námsmat*
    - *Virkni í kennslustundum, ástundun og færni.*
- ***Öryggi og skipulag****;*
  - *Námsmat*
    - *Að fara eftir reglum, m.a. öryggisreglum í íþróttahúsi*
    - *Að fylgja fyrirmælum kennara og starfsmanna*

b. Námshæfni:

- *Stöðumat nokkrum sinnum yfir skólaárið, miðað er við samhæfingu, styrk, sprengikraft, liðleika og þrek..*

# 6.2. Sund

## Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum. Tímafjöldi: Ein 40 mínútna kennslustund að jafnaði á viku yfir skólaárið.

Áhersla er lögð á að nemandi þjálfist og öðlist aukna færni í mismunandi sundaðferðum.

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- ***Grunnþættir líkams- og hreyfiþroska***

  - *Að nemandi þjálfist í æskilegri líkamsstöðu í vatni og líkamsbeitingu, samhæfingu, liðleika, þoli, krafti, viðbragðs og hraða auk almennrar vatnsaðlögunar*

- ***Bringusund***
  - *Að nemandi viðhaldi og bæti legu, takt, öndun, arm- og fótatök.* ○ *Að nemandi geti synt 200 metra viðstöðulaust* ○ *Að nemandi geti synt 25 metra innan tímalágmarka (35 sekúndur)*
- ***Skólabaksund***
  - *Að nemandi viðhaldi og bæti takt og samhæfingu í arm- og fótataki.*
  - *Að nemandi geti synt 50 metra stílsund*
- ***Skriðsund***
  - *Að nemandi viðhaldi og bæti legu, takt, öndun, arm- og fótatök.*
  - *Að nemandi geti synt 25 metra innan tímalágmarka (35 sekúndur)*
- ***Baksund***
  - *Að nemandi viðhaldi og bæti legu, takt, arm- og fótatök.*
  - *Að nemandi geti synt 25 metra stílsund*
- ***Flugsund***
  - *Að nemandi þjálfist í undirbúningsæfingum fyrir flugsund*
- ***Kafsund og köfun*** ○ *Að nemandi taki þátt í grunnæfingum í kafsundi og köfun* ○ *Að nemandi geti synt 8 metra kafsund,* ○ *Að nemandi geti sótt hlut á 1–2 metra dýpi*
- ***Björgun***
  - *Að nemandi taki þátt í grunnæfingum sem snúa að björgun úr vatni* ○ *Að nemandi geti synt 15 metra björgunarsund með skólabaksundsfótatökum*
- ***Leikir*** ○ *Að nemandi taki þátt í ýmsum leikjum til að öðlast færni í samvinnu, aukið þol, kraft, hraða og viðbragð.*
  - *Að nemandi læri að bera virðingu fyrir þörfum og getu samnemenda.*
  - *Að nemandi fái tækifæri til að bæta félagsþroska sinn og samskiptahæfni*
- ***Marvaði***
  - *Að nemandi geti troðið marvaða í 20–30 sek*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- ***Áhöld í sundlaug***
  - *Kútar, núðlur, stór bretti, lítil bretti, sundfit, flotholt af ýmsum gerðum, kafhringir, kafhlið, gjarðir, dýnur, boltar.*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- ***Kennsla fer fram í*** *○ Ásvallalaug ○ Unnið með sundkennsluleiðbeiningar í ákveðinn tíma* til að styðja við nemendur til að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:
  - *Við upphaf kennsluárs*
  - *Um mitt kennsluár*
  - *Við lok kennsluár*
- *Dagleg hreyfing borin saman milli tímabila*
- ***Heimanám (foreldrar)*** *○ Nemendur eru hvattir til að stunda sund utan skólatíma og mæta þannig kröfum námsins.*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- ***Kennsluaðferðir*** *○ Sýnikennsla, endurtekning, leikir, þolþjálfun, þrautabrautir, hópvinna, samvinna, sköpun*
- ***Kennsluaðferðir og leiðir***

*○ iPad og tengd tækni*

### *iv. Námsmat og námsmatsaðlögun*

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:

- ***Heilsa og velferð;***
  - *Námsmat*
    - *Markmiðasetning og framfarir*
- ***Hreyfing og afkastageta****; ○ Námsmat*
    - *Tæknileg útfærsla sundgreina*
    - *6. sundstig*
- ***Félagslegir þættir og samvinna****; ○ Námsmat*
    - *Virkni í kennslustundum*
    - *Viðhorf og áhugi*
- ***Öryggi og skipulag****;*
  - *Námsmat*
    - *Að fara eftir reglum á sundstöðum*
    - *Að fylgja fyrirmælum kennara og starfsmanna*

b. Námshæfni:

- *Stöðumat 4-5 sinnum yfir skólaárið, miðað er við viðkomandi sundstig.*

# 7. Stærðfræði

**Viðmið um námshæfni í stærðfræði**
Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Að geta spurt og svarað með stærðfræði**

- Spurt spurninga og fundið svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði og hefur innsýn í hvers konar svara má vænta.
- Leyst stærðfræðiþrautir um viðfangsefni sem gefa tækifæri til að beita innsæi, eigin túlkun og framsetningu, byggða á fyrri reynslu og þekkingu.
- Sett fram, meðhöndlað, túlkað og greint einföld reiknilíkön, talnalínur, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi.
- Sett fram óformleg og einföld, formleg stærðfræðileg rök, skilið og metið munnlegar og skriflegar röksemdir sem settar eru fram af öðrum.
- Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar
- Notað óformlega framsetningu annars vegar og táknmál stærðfræðinnar hins vegar og sýnt að hann skilur innbyrðis tengsl þeirra.
- Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn og einfaldar formúlur.
- Sett sig inn í og tjáð sig, bæði munnlega og skriflega, um ólíkar leiðir við lausnir stærðfræðiverkefna.
- Valið og notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.
- Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar
- Tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleiðir, með því m.a. að nota einfalda skráningu með tölum, texta og teikningum.
- Rannsakað og sett fram lausnir á einfaldan og skipulegan hátt og rökrætt stærðfræðilega, með því m.a. að nota hlutbundin gögn, skráningu og upplýsingatækni.
- Lesið einfaldan texta og notað upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök koma fyrir.
- Undirbúið og flutt kynningar á eigin vinnu með stærðfræði.

- Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á ólíkum hugmyndum nemenda.
- Áttað sig á möguleikum og takmörkum stærðfræðinnar til að lýsa veruleikanum.

**Tölur og reikningur**

- Notað nokkrar ræðar tölur, raðað þeim og borið saman.
- Notað tugakerfisritħátt og sýnt að hann skilur sætiskerfi.
- Skráð hlutföll og brot á ólíka vegu og sýnt fram á að hann skilur sambandið milli almennra brota og prósenta.
- Reiknað á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt með ræðum tölum.
- Tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir við reikning með ræðum tölum sem byggja á eigin skilningi.
- Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum.
- Notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum.
- Nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað algengar reiknireglur.

**Algebra**

- Rannsakað og sett fram talnamynstur á skipulegan hátt og unnið með regluleika í rúmfræði, lýst mynstrum og venslum með tölum, myndum, orðum og á táknmáli algebrunnar.
- Notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir í einföldum stæðum og jöfnum.
- Fundið lausnir á einföldum jöfnum með reikningi, bæði í huga og á blaði.

**Rúmfræði og mælingar**

- Notað hugtök og aðferðir rúmfræðinnar til að útskýra hversdagsleg og fræðileg fyrirbrigði.
- Rannsakað og greint tvívíð form, teiknað einfaldar flatarmyndir, speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn.
- Notað mælikvarða og einslögun í tengslum við teikningar, áætlað ummál og flatarmál í raunverulegum aðstæðum, rannsakað aðferðir til að reikna það.
- Áætlað og mælt horn, þyngd, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða og dregið ályktanir af mælingunum.
- Notað hnitakerfi til að tjá og leysa rúmfræðileg verkefni.
- Tengt tölur og útreikninga við flatarmyndir og þrívíða hluti.

**Tölfræði og líkindi**

- Safnað og unnið úr gögnum, miðlað upplýsingum um þau, m.a. með töflum og myndritum.
- Gert einfaldar tölfræðirannsóknir og dregið einfaldar ályktanir af þeim.
- Sótt gögn í gagnabanka, lesið, útskýrt og túlkað gögn og upplýsingar sem gefnar eru í töflum og myndritum.
- Dregið ályktanir um líkur út frá eigin tilraunum og borið saman við fræðilegar líkur.
- Reiknað út líkur í einföldum tilvikum.

# 7.0. Stærðfræði

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Tímafjöldi: 5 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

### *i. Viðfangsefni í náminu*

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *að geta spurt og svarað með stærðfræðinni*
- *að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar*
- *vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar*
- *algebra*
- *tölur og reikningur*
- *rúmfræði og mælingar*
- *tölfræði og líkindareikningur.*

### *ii. Námsgögn og kennsluefni*

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Stika 2a og 2b* ○ nemendabók og æfingahefti
- *Stjörnubækur*
- *Hringur* ○ Algebra ○ Brot ○ Reikniaðgerðir
- *Þemabækur*
- *aukabækur*
- *þrentuð stærðfræðiefni af Skólavefnum*
- *þrautir*
- *ljósritað efni*
- *spil*
- *stærðfræðigögn*
- *IPad*

### *iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun*

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt: 
*Innlagnir,*

- *Hópavinna,*
- *Samvinnunám,*
- *Einstaklingsnám,*
- *Bókavinna,*
- *Hlutbundin vinna,*
- *Þrautir,*
- *Gagnvirkt efni,*
- *Heimavinna.*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Annað efni*
- *Ítarefni*
- *Sérkennsla*

- *Afsláttur veittur*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi: Námshæfni:

- *Próf: Kaflapróf, yfirlitspróf*
- *Kannanir*
- *Símat*
- *Sjálfsmat*
- *Vinnubókarmat*
- *Hópverkefni*
- *Munnleg próf*

# 7.1. Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræði

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

***i. Viðfangsefni í náminu***
***Grundvallarfærni Að geta***
***tjáð sig munnlega***
Nemendur þurfa að geta:

- *sett fram tilgátur, sem hægt er að rannsaka, og spurningar, sem hægt er að svara, með því að nota stærðfræðiþekkingu sína*
- *notað tölur og einfalda útreikninga til að rökstyðja mál sitt. Þetta á bæði við í hagnýtum verkefnum og viðfansefnum þar sem útskýra þarf röksemdarfærslu, aðferð eða hugsanagang með hjálp stærðfræðinnar*
- *lýst mynstrum og útskýrt hvernig þau breytast*
- *sagt til um líkur, bæði óformlega og með því að tilgreina líkurnar með tölu.* ***Að geta tjáð sig skriflega*** Nemendur þurfa að geta:
- *notað ýmsar aðferðir til að tjá sig. Hér er t.d. átt við teikningar og skissur, myndir, töflur og myndrit*
- *táknað og nota positívar og negatífar tölur, almenn brot og tugabrot*
- *notað viðeigandi tákn til að setja fram hugmyndir sínar í stærðfræði. Það er afar mikilvægt að nemendur læri að setja útreikninga fram á þann hátt að þeir gefi góða yfirsýn yfir verkefnið og séu öðrum skiljanlegir.*

Nemendur kynnast bókstafnum X sem tákn óþekktu stærðarinnar en á þessu stigi læra þeir ekki að reikna með þessari breytu.

***Að geta lesið***

Nemendur þurfa að geta:

- *lesið og skilið stærðfræðiverkefni eins og þau koma fyrir í orðadæmum og einföldum textaverkefnum*

- *lesið stærðfræðileg tákn; hér er átt við tölustafina og hvernig þeim er raðað saman til að tákna pósitífar og negatífar tölur, tugabrot, tákn fyrir almenn brot og reikniaðgerðartáknin* +, -, ÷, × *og* =.
- *aflað sér upplýsinga úr töflum og súluritum.*

***Að geta reiknað***

Nemendur þurfa að geta:

- *leyst verkefni og kannað stærðfræðileg viðfangsefni sem eiga rætur að rekja til raunverulegra og hversdagslegra aðstæðna og eru stærðfræðilegs eðlis. Það krefst þess að þeir hafi t.d. náð valdi á og tileinkað sér reikningsaðgerðirnar fjórar*
- *þróað með sér skilvirkar reikningsaðgerðir í hugareikningi og blaðreikningi.*
- *nýtt sér hefðbundnar reikningsaðferðir í margföldun og deilingu*
- *notað staðreyndaþekkingu sína og færni til að leysa raunhæf verkefni og að í kennslunni sé sjónum beint að færniþjálfun eða könnunarverkefnum/þrautalausnum*
- *áttað sig hvernig ýmislegt tengist í stærðfræðinni, t.d. má nefna tengsl milli reikningsaðgerðanna fjögurra og milli rúmfærði og reiknings*
- *sannreynt nákvæmni svara og annarra fullyrðinga.* ***Að geta notað stafræn tæki*** Nemendur þurfa að geta:
- *lært að nota vasareikni af öryggi*
- *lært að nota töflureikni til að framkvæma og hafa yfirsýn yfir útreikninga, til að geta gert kannanir og sett fram og kynnt tölfræðilegar upplýsingar*
- *upplifað að nota má vasareikni og tölvu með góðum árangri við þrautalausnir, spil, kannanir og til að gera niðurstöður sýnilegar.*

# 7.2. Tölur, reikningur og algebra

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

***i. Viðfangsefni í náminu***

***<u>Tölur og algebra</u>***

Nemendur eiga að:

- *skilja sætiskerfið hvað varðar heilar tölur og tugabrot, allt frá þúsundustu hlutum til milljóna, svo og skilja hvernig talnasviðið er víkkað út til að ná yfir negatífar tölur*
- *geta raðað tölum eftir stærð og staðsett þær á talnalínu*
- *þekkja skilgreiningu á frumtölum og geta sagt til um hvort ákveðin tala undir 100 er frumtala*
- *geta lagt saman og dregið frá með negatífum tölum og tugabrotum*
- *geta leyst dæmi í huganum og reiknað bæði skriflega og með reikniaðgerðum*
- *skilja almenn brot sem hluta af heild og af safni, sem hlutföll og sem tölur á talnalínu*
- *geta lengt og stytt brot, fundið jafn stór og jafngild brot og raðað þeim eftir stærð*
- *geta lagt saman og dregið frá ósamnefnd brot og margfaldað saman heila tölu og brot*

- *geta þróað með sér og notað aðferðir til að margfalda og deila, s.s. skilja hina hefðbundnu reikningsaðferð í margföldun og geta margfaldað saman heilar tölur og tugabrot*
- *geta leyst verkefni úr daglegu lífi til að finna allar mögulegar útkomur í tengslum við líkur*
- *geta táknað afgang í deilingu með almennu broti eða með tugabroti*
- *skilja hlutföll/hlutfallareikning í daglegu lífi, t.d. í tengslum við gjaldeyri og kílóverð*
- *geta reiknað 10%, 25% og 50%, m.a. í tengslum við verkefni úr daglegu lífi af stærðum í eðlilegu samhengi*
- *geta notað reikningsaðgerðirnar fjórar til að leysa verkefni úr daglegu lífi með því að velja rétta reikningsaðgerð, bæði með hefðbundnum skriflegum aðferðum, með hugareikningi og með vasareikni*
- *geta sett upp dæmi og útskýrt útreikninga og aðferðir og rökstutt lausnaleiðir*
- *geta áætlað svar við dæmi, námundað og notað slumpreikning, einnig með tugabrotum*
- *geta búið til einfaldar formúlur í töflureikni og notað hann til að framkvæma og kynna einfalda útreikninga*
- *geta kannað og lýst talnamynstrum, meðal annars í tengslum við myndtölur og tugabrot*

# 7.3. Rúmfræði, mælingar, tölfræði og líkindi

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**
Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

***i. Viðfangsefni í náminu Rúmfræði***

- *geta greint eiginleika og einkenni tví- og þrívíðra forma, t.d. með því að athuga hornalínur ýmissa tvíviðra forma og kanna hvað er líkt og hvað ólíkt með mismunandi formum eins og strendingum og píramídum*
- *geta lýst áþreifanlegum hlutum sem tengjast tækni, hönnun og hinu daglega lífið með því að nota rúmfræðileg hugtök*
- *geta búið til þrívíða hluti og teiknað þá frá mismunandi sjónarhornum*
- *geta teiknað í fjarvídd út frá hvarfpunkti*
- *geta notað gráðuboga til að mæla horn*
- *geta notað hnit til að lýsa staðsetningu og hreyfingu í hnitakerfi, bæði á blaði og með stafrænum tækjum*
- *geta notað hnit til að reikna út fjarlægðir sem eru samsíða ásunum í hnitakerfinu*
- *geta notað mælikvarða til að reikna út fjarlægðir og búa til einföld kort og vinnuteikningar og til að stækka og minnka rúmfræðileg form og myndir* ***Mælingar***
- *geta áætlað mál, valið viðeigandi mælingatæki og framkvæmt mælingar sem tengjast daglegu lífi og geta metið niðurstöður með hliðsjón af ónákvæmni mæling og kröfum um nákvæmni geta valið viðeigandi mælieiningu og breytt einni mælieiningu í aðra, t.d. þessum: ○ mm, cm, dm, m og km*

  *○ ml, cl, dl og l ○ g,*

  *hg, kg og tonn*

- *geta skilið á hverju flatarmál byggist, geta reiknað flatarmál rétthyrninga og þríhyrninga og finna þannig yfirborðsflatarmál strendinga*
- *geta skilið á hverju rúmmál byggist og reiknað rúmmál strendinga*
- *geta reiknað tíma, t.d. fundið tímann milli tveggja ártala og milli tveggja tímasetninga*
- *geta notað mælikvarða til að reikna út stærðir og til að stækka og minnka myndir* ***Tölfræði og líkindareikningur***
- *geta metið líkur við mismunandi aðstæður, hvort miklar eða litlar líkur eru á að ákveðinn atburður verði, t.d. hvort hann komi fyrir í meira eða minna en helmingi tilvika*
- *geta reiknað út líkur út frá einföldum tilraunum, t.d. geta sagt til um að líkurnar á að fá sexu með teningi séu einn sjötti*
- *geta notað reynslu sína og gert tilraunir til að segja til um – með tölu – hversu líklegt sé að ákveðinn atburður verði*
- *geta notað úrtak úr safni til að segja til um samsetningu þess, t.d. um fjölda kúlna í mismunandi litum í poka með því að skoða nokkrar kúlnanna*

Námsmat:

- *Kaflapróf*
- *Miðvetrar- og vorpróf*
- *Hraðakannanir í margföldun*

# 8. Upplýsinga- og tæknimennt

### Viðmið um námshæfni

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Árgangaviðmið**

- Geti notað tölvu/Spjaldtölvu til að skrifa og prenta út eigin texta
- Veit hvernig tölva/Spjaldtölva vinnur með gögn
- Nýtt hugbúnað við forritun
- Noti rétta fingrasetningu
- Geymt eigin upplýsingar á tölvutæku formi með skipulögðum hætti
- Gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tækjabúnaði
- Sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og er meðvitaður um siðferðilegt gildi þeirra
- Hafa mótaða skoðun á gildi tölvutækni við upplýsingaleit og þekkingaröflun
- Sett fram eigin texta sem stiklutexta með eðlilegum efnistengslum innan textans
- Hafa náð tökum á réttri fingrasetningu á lyklaborði
- Beitt þeim leitaraðferðum sem algengustu tölvukerfi bjóða upp á
- Unnið sjálfstætt og markvisst að öflun og úrvinnslu upplýsinga með upplýsingatækni.
- Hafa notað kennsluforrit í öllum greinum sem verkfæri við eigið nám

## 8.2. Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Áhersla er lögð á að kynna nemendum tækni og aðferðir við öflun, úrvinnslu, sköpun og miðlun upplýsinga í tengslum við annað nám. Upplýsingaver styður þessa þætti og stuðlar að fjölbreytni í kennsluháttum og bætir aðgengi allra að námi við hæfi. Í upplýsingaveri fá nemendur þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum, læra að afla sér þekkingar, vega hana og meta, skapa nýja, umbreyta og miðla henni á fjölbreyttan hátt. Nemendur þurfa að búa yfir færni í fingrasetningu, læra ýmis konar framsetningar- og margmiðlunarhugbúnað, sem gerir þeim kleift að miðla þekkingu á fjölbreyttan hátt, s.s. með framsögn, ritsmíð eða stafrænni miðlun með hljóði og mynd. Nemendur fái kynningu í forritun.

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku að jafnaði yfir heilt skólaár.

### i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Kennt er á ýmsan hugbúnað til að ná fram markmiðum tölvukennslunnar. Áhersla er lögð á vinnslu á Microsoft Office.*
- *Farið í grunnatriði IPad og helstu forrit sem nýtast í kennslu*
- *Einnig læra nemendur að nota sér Internetið og tengja efni þess við Officepakkann og önnur forrit sem notuð eru í öðrum námsgreinum með IPad.*
- *Rétt fingrasetning er kennd og unnið með texta og sögugerð.*
- *Nemendur öðlast færni í grunnatriðum forritunnar í gegnum Ipad.*
- Farið er yfir þær hættur sem fylgja netinu.

### ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Efni, forrit og verkefni frá kennara allt á tölvutæku formi.*
- *Ipad og þau forrit sem tengjast honum.*
- *Veraldarvefurinn notaður þegar við á.*

### iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla fram á eftirfarandi hátt:

- *Bein kennsla*
- *Innlagnir*
- *Sýnikennsla*
- *Verklegar æfingar*

### iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

- nemendur tjá sig um þær leiðir sem þeir velja í verkefnavinnu
- nemendur sýni verklag sitt á skýran hátt á sínu heimasvæði
- kennari gefur skriflega umsögn um gengi hvers nemanda fyrir sig og hvernig hann nálgaðist þau markmið sem gerð eru í greininni.
- einnig er gefin einkunn í tölum.
- nemandi á að skila ákveðnum verkefnum til kennara sem eru metin.

# 7. bekkur

## Skólanámskrá Áslandsskóla




Skólaárið 2020-2021

# Samantekt kennslu – Viðmiðunarstundaskrá 7. bekkur

Kennslutímar á viku skiptast í eftirfarandi námsgreinar.

| Námssvið | Námsgreinar | Tímafjöldi í skóla á viku |
|---|---|---|
| 1. Íslenska | 1.1. Talað mál, hlustun og áhorf<br>1.2. Lestur og bókmenntir<br>1.3. Ritun<br>1.4. Málfræði | 1<br>2<br>1<br>2 |
| 2. Erlend tungumál | 2.1. Enska<br>2.2. Danska og önnur Norðurlandamál | 2<br>2 |
| 3. List- og verkgreinar | *A Listgreinar:*<br>3.1. Sviðslistir (dans og leiklist)<br>3.2. Sjónlistir (myndmennt)<br>3.3. Tónmennt<br>*B Verkgreinar:*<br>3.4. Heimilisfræði<br>3.5. Hönnun og smíði<br>3.6. Textílmennt | 3<br>1<br>1<br>1<br>3<br>1<br>1<br>1 |
| 4. Náttúrugreinar | 4.0. Náttúrufræði | 3 |
| 5. Skólaíþróttir | 5.1. Íþróttir<br>5.2. Sund | 2<br>1 |
| 6. Samfélagsgreinar | 6.1. Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði<br>6.2. Jafnrétti og lífsleikni<br>6.3. Landafræði, saga, sam-/þjóðfélagsfræði | 1<br>1<br>3 |
| 7. Stærðfræði | 7.0. Stærðfræði<br>(eða)<br>7.1. Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar<br>7.2. Tölur, reikningur og algebra<br>7.3. Rúmfræði, mælingar, tölfræði og líkindi | 6 |
| 8. Upplýsinga- og tæknimennt | 8.1. Miðlamennt og skólasafnsfræði<br>8.2. Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni | 2 |

| | | |
|---|---|---|
| Alls | | 35 |
| | | |

# I. Íslenska, íslenska sem annað mál og íslenskt táknmál

## Íslenska

### Viðmið um námshæfni í íslensku

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Talað mál, hlustun og áhorf**

- Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar
- Tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar
- Tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum
- Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum
- Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi
- Nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt
- Tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar

**Lestur og bókmenntir**

- Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað
- Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning texta
- Lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann
- Lesið gamlar og nýjar bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum
- Beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap
- Aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unni úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga
- Lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær
- Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju
- Greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap

**Ritun**

- Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur
- Valið textategund, skipulagt og orðað texta svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli á þann hátt sem hæfir tilefni
- Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa
- Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim

- Lesið texta og skoðað hann með það í huga að kanna hvernig höfundur skrifar og nýtt það við eigin ritun
- Skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda

**Málfræði**

- Gert sér grein fyrir eigin máli og skilur gildi þess að bæta það
- Notað fjölbreyttan orðaforða í ræði og riti
- Nýtt sér þekkingu sína til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál
- Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og fornöfn. Þekki hlutverk og helstu einkenni orðflokkanna
- Notað orðtök og málshætti í töluðu og rituðu máli og greint notagildi þeirra í texta
- Beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar
- Beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál.
- Nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau í texta
- Gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði m.a. við ritun og stafsetningu

# 1.1. Talað mál, hlustun og áhorf

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Tímafjöldi: 1 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *„Stóra upplestrarkeppnin“*
- *Morgunstundir*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Ýmis valin verkefni sem tengjast upplestri og framsögn*
- *Efni af vefnum, úr blöðum, bókum og það sem nemendur semja*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Nemendur þjálfist í að koma upp í púlt*
- *Unnið með tungubrjóta og framsagnaræfingar*
- *Nemendur þjálfist í að lesa upp fyrir áheyrendur*
- *Nemendur þjálfist í að vera áheyrendur*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Texti aðlagaður að ólíkum þörfum nemenda, t.d. stækkað letur*

### *iv. Námsmat og námsmatsaðlögun*

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- *Framsögn metin*
- *Hlustun metin um leið og framsögn*

## 1.2. Lestur og bókmenntir

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Tímafjöldi: 2 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

### *i. Viðfangsefni í náminu*

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Lestur ólíkra bókmenntatexta*
- *Nemendur kynnist betur helstu bókmenntahugtökum*
- *Lögð áhersla á ánægju og yndislestur*
- *Unnið með ljóð og hugtök tengd þeim*
- *Bókrýni, þar sem nemendur skila umfjöllun um lestrarbækur að eigin vali*
- *Orðarún lesskilningskönnun lögð fyrir að hausti og vori*

### *ii. Námsgögn og kennsluefni*

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Grænkápa*
- *Vanda málið – minnsta málið lesbók 1 og 2*
- *Ljóðspor*
- *Skólaljóð*
- *Leyndadómar ljónsins*
- *Lestrarbækur að eigin vali*
- *Orðspor 2, lesbók og vinnubók*

### *iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun*

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Lestur fjölbreyttra bókmenntatexta bæði í skóla og heima*
- *Unnið með lesskilning, undirbúinir og óundirbúinir textar*
- *Nemendur greina ljóð*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Námsefni aðlagað í samráði við sérkennara*
- *Stuðningskennsla*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- *Hraðlestrarpróf* 
- *Lesskilningspróf*
- *Kjörbókaverkefni*
- *Kjörbókaritgerð*
- *Bókmenntapróf*
- *Vinnubókamat*

# 1.3. Ritun

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Tímafjöldi: 2 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Ritun eigin texta*
- *Unnið með uppbyggingu ritsmíði*
- *Farið í helstu stafsetningareglur*
- *Nemendur þrói með sér skýra og persónulega rithönd*
- *Bókrýni eftir lestur kjörbókar*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Vanda málið – minnsta málið vinnubók 1 og 2*
- *Mál er miðill grunnbók og vinnubók*
- *Ritunarbókin*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Nemendur skrifa texta frá eigin brjósti*
- *Nemendur skrifa texta út frá mynd*
- *Vinna með heimildir*

- *Vinna stafsetningarverkefni*
- *Áhersla lögð á snyrtilega og læsilega skrift*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Aðlagað námsefni í samráði við sérkennara*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- *Stafsetningarpróf*
- *Kjörbókaritgerð*
- *Bókrýni*

# 1.4. Málfræði

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Tímafjöldi: 2 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru að nemendur:

- *vinni með helstu orðflokka málsins, fallorð, sagnorð, lýsingarorð og fornöfn*
- *kynnist uppbyggingu málsgreina*
- *læri greinamerki*
- *kynnist orðtökum og málsháttum.*
- *læri muninn á beinni og óbeinni ræðu*
- *læri meira um samnöfn og sérnöfn*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst studdst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Málrækt 3*
- *Vanda málið – Minnsta málið 1 og 2*
- *Ýmis verkefni af veraldarvefnum*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Nemendur vinna málfræðiverkefni úr viðeigandi kennslubókum*
- *Áhersla lögð á helstu orðflokka*
- *Nemendur vinna með orðtök og málshætti*
- *Þekki muninn á málsgrein og setningu*
- *Áhersla á að nemendur þekki greinamerki*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Námsefnið aðlagað getu nemandans undir leiðsögn sérkennara.*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- *Málfræðipróf*

# 2. Erlend tungumál

## 2.1. Enska

### Viðmið um námshæfni í erlendum tungumálum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Hlustun**

- Skilið talað mál um efni er varðar hann sjálfan, áhugamál hans og daglegt líf þegar talað er skýrt og áheyrilega
- Skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti,
- Fylgt þræði í aðgengileg fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt
- Hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum

**Samskipti**

- Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf.
- Bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum, getur tekið þátt í hlutverkaleik
- Notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum
- Undirbúið, tekið og veitt viðtal.

**Frásögn**

- Sagt frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum
- Greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi myndefnis
- Flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu einn eða í félagi við aðra

- Flutt tilbúið eða frumsamið efni einn eða í félagi við aðra

**Lesskilningur**
- Skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra,
- Fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu
- Lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra
- Skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög.

**Ritun**
- Skrifað texta með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmynda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda.
- Sagt nokkuð lipurlega frá og brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt
- Lýst atburðarás eða því sem hann hefur upplifað og notað viðeigandi orðaforða
- Samið texta þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín.
- Getur skrifað samfellda málsgrein um ákveðið viðfangsefni

**Menningalæsi**
- Sýnt fram á að hann þekki til siða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og getur borið saman við eigin menningu
- Sýnt fram á að hann átti sig á skyldleika erlenda málsins við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra.

**Námshæfni**
- Beitt lykilnámsaðferðum til að auðvelda skilning og notkun á tungumálinu og valið aðferð sem hæfir viðfangsefninu, t.d. umorðað ef hann vantar orð og lesið í aðstæður og getið sér til hvaða samræður fara þar fram
- Beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan hátt og veitt sanngjarna endurgjöf með stuðningi frá kennara,
- Nýtt sér eigin reynslu þegar kemur að því að tileinka sér nýja þekkingu
- Tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi
- Nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflettirit orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.

## Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgreinin er kennd af umsjónarkennara og hefur hann 2 kennslustundir á viku (40 mín. hver kennslustund).

### *i. Viðfangsefni í náminu*

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Spádómar/stjörnumerki*
- *Lífsstíll og heilsa*
- *Glæpir og draugasögur*
- *Samskipti*
- *Ferðalög og menning*
- *Áhugaverðir staðir*
- *Hetjur*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Action lestrarbók og vinnubók*
- *Robinson Crusoe (Oxford Bookworms, level 2)*
- *Huckleberry Finn (Oxford Bookworms, level 2)*
- *Málfræðihefti C*
- *mms.is, write right 1, ýmsar málfræðiæfingar*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Innlagnir í bekk*
- *Einstaklingsvinna*
- *Hópavinna*
- *Paravinna*
- *Lesa kjörbók og vinna verkefni í tengslum við lesturinn*

Enskukennslan er einnig samþætt öðrum greinum s.s. lífsleikni þar sem nemendur æfa leikrit á ensku og flytja á morgunstund. Lagt er til að enska sé samþætt með öðrum námsgreinum og einnig í tengslum við alþjóðleg verkefni s.s. Comenius/Erasmus.
Áhersla er lögð á hlustun og samskipti í kennslustundum. Einnig þjálfa nemendur frásögn, lestur, og ritun.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *einstaklingsáætlanir*
- *samvinnunám*
- *hljóðbækur*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:

***Tjáning og miðlun***

- *tjáð hugsanir og skoðanir sínar og sett þær fram á viðeigandi hátt,*
- *hlustað eftir upplýsingum og rökum í samræðum,*
- *lagað tjáningu sína að viðmælendum og notað algengan orðaforða sem tengist umfjöllunarefni hverju sinni,*
- *gert* grein fyrir hugsunum sínum, skoðunum og þekkingu á þann hátt sem við á hverju sinni.

***Skapandi og gagnrýnin hugsun***

- *skipulagt efnistök og aðferðir við úrlausn verkefna,*

- *tekið þátt í að skilgreina viðmið um árangur,*
- *gert sér grein fyrir að iðulega er hægt að komast að fleiri en einni niðurstöðu við úrlausn verkefna og að læra má af mistökum og nýta það á skapandi hátt,*
- *greint milli staðreynda og skoðana,*
- *endurskoðað* úrlausn viðfangsefna út frá mismunandi sjónarhornum á skapandi hátt.

***Sjálfstæði og samvinna***

- *unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á,*
- *gert sér grein fyrir styrkleikum sínum,*
- *unnið með öðrum að skipulögðum verkefnum sem tengjast námi og félagsstarfi innan skóla,*
- *gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi,*
- *tekið jákvæðan þátt í leik og starfi í skólasamfélagi sínu,*
- *tekið* leiðsögn á jákvæðan hátt.

***Nýting miðla og upplýsinga***

- *leitað sér upplýsinga í námi í ólíkum miðlum,*
- *notað miðla nokkuð sjálfstætt við nýsköpun, hugmyndavinnu og kynningu efnis,*
- *sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og verið meðvitaður um gildi ábyrgrar netnotkunar.*

***Ábyrgð og mat á eigin námi***

- *gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvar hann getur gert betur í námi,*
- *sett sér með aðstoð markmið í námi,*
- *tekið* þátt í að skipuleggja eigið nám með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár.

b. Námshæfni:

- *Próf: kaflapróf, yfirlitspróf*
- *Kannanir*
- *Símat*
- *Heimapróf*
- *Samvinnupróf*
- *Glósupróf*
- *Sjálfsmat*
- *Jafningjamat*
- *Vinnubókarmat*
- *Hópverkefni*
- *Einstaklingsverkefni*
- *Munnleg próf*
- *Munnlegt mat*

# 2.2 Danska og önnur Norðurlandamál

### Viðmið um námshæfni í erlendum tungumálum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Hlustun**

- Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni.
- Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum
- Fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem kunnulegt úr heimi barna og unglinga og sagt frá innihaldi á íslensku
- Fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem kunnulegt úr heimi barna og unglinga og svarað einföldum spurningum á dönsku úr efni
- Fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem kunnulegt úr heimi barna og unglinga og dregið saman efni á dönsku

**Samskipti**

- Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.
- Tekið þátt í samskiptaleikjum
- Tekið þátt í samtalsæfingum
- Skiptst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu.

**Frásögn**

- Sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt.
- Flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eiginn texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa.
- Endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi myndefnis
- Í einföldu máli sagt frá og notað lykilorðaforða sem unnið hefur verið með í viðfangsefnum námsins og beitt eðlilegum framburði og áherslum.

**Lesskilningur**

- Skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum.
- Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu.
- Lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn og unglinga og rætt efni þeirra með stuðningi kennara eða skólasystkina.

**Ritun**

- Skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista.
- Lýst í einföldu máli því sem næst honum er; fjölskylda, áhugamálum, vinum og umhverfi.
- Skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst.
- Samið stuttan texta með stuðningi mynda, hluta, tónlistar og o.s.frv.
- Notað algengustu greinarmerki og skrifað setningar

**Menningalæsi**

- Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjarðar menningarsvæðisins, s.s. landfræðilegrar legu, staðhátta og þekktra staða.

- Sýnt fram á að hann þekkir til þátta sem einkenna barna- og unglingamenningu viðkomandi málsvæðis, s.s. söguhetja barnabóka, leikja, söngva og ævintýra.
- Sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.

**Námshæfni**

- Beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki.
- Tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja.
- Beitt sjálfsmati sem tengist viðfangsefnum námsins með stuðningi kennara eftir því sem þörf krefur
- Tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu.
- Nýtt sér hjálpartæki s.s einfaldar orðabækur og veforðasöfn

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Námsgrein er kennd af sérgreinakennara/dönskukennara. Áhersla er lögð á að nemandinn þjálfist í hverri kennslustund í færniþáttunum fjórum; lestri, ritun, hlustun og tali (samtöl og frásagnir). Námsmatið miðar að öllum þessu færniþáttum. Mikil áhersla er lögð á fjölbreytileika í kennsluaðferðum og mismunandi nálgun að efninu.

Tímafjöldi: 2 x 40 mín. kennslustundir á viku að jafnaði yfir heilt skólaár

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Matur
- Skólinn
- Bærinn
- Tilfinningar
- Áhugamál
- Fyrirmyndir
- Myndbandsgerð / búið til spil / bækling út frá völdu viðfangsefni
- Kyn nafnorða, óákveðin/ákveðin greinir, fleirtala nafnorða, hljóðfræði, DET og DER, fornöfn, DEN, töluorð, lýsingarorð, sagnorð, nútíð og þátíð sagna, samtengingar, orðaröð og setningaskipun

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Smart, lesbók og vinnubók; Námsgagnastofnun*
- *Spjaldtölva (Ipad) (Smáforrit : Quizlet, Book Creator, Notes, Showbie, ThingLink o.fl.)*
- *Ýmis verkefni af veraldarvefnum og ljósrit*
- *Smásögur*
- *Myndaspjöld*
- *Námsspil*
- *Tónlist og kvikmyndir*

### *iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun*

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Glósur úr textunum eru unnar á spjaldtölvu, notast við Quizlet. Nemendur vinna með glósurnar, oft heima, áður en farið er í textana.*
- *Kennslubók notuð sem innlögn á orðaforða sem unnið er síðan með í dýpra og víðari samhengi og tengt við fjölbreyttar kennsluaðferðir s.s. námsleiki, talæfingar, hlustunaræfingar, ritunarverkefni og listrænt skapandi verkefni. Námsmatið miðar einnig að þessari fjölbreytni.*
- *Kennslan er ýmist bekkjarkennsla, paravinna, hópastarf eða einstaklingsmiðuð þar sem námsmatið getur einnig verið fjölbreytt að þessu leyti.*
- *Samskiptin fara að mörgu leyti fram á dönsku og það eykst þegar líður á námsárið.*
- *Málfræðiþættir eru lagðir inn jafnt og þétt í tengslum við efnið sem unnið er með hverju sinni og áherslan er mest við ritun og talmál.*
- *Námsleikir á veraldarvefnum eru aðallega nýttir við heimanám.*
- *Ef nemandi hefur verið frá skóla eða hefur ekki náð að vinna tiltæk verkefni í kennslustund, ber viðkomandi að vinna verkefnin heima fyrir næstu kennslustund. Einnig þarf að undirbúa sig fyrir sértæk verkefni og kannanir.*
- *Samþætting á upplýsingatækni og dönsku við gerð lokaverkefnis.*
- *Nemendur vinna skapandi verkefni tengd mismunandi efnistökum.*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Samvinnunám*
- *Hljóðbækur*
- *Einstaklingsáætlanir*

### *iv. Námsmat og námsmatsaðlögun*

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- *Próf: kaflapróf, yfirlitspróf*
- *Kannanir*
- *Símat*
- *Vinna í tímum og heima*
- *Samvinnupróf*
- *Glósupróf*
- *Sjálfsmat*
- *Jafningjamat*
- *Vinnubókarmat*
- *Hópverkefni*
- *Einstaklingsverkefni*

- *Munnleg próf*
- *Munnlegt mat*

# 3. List- og verkgreinar

## 3.1. Sviðslistir

### Viðmið um námshæfni í sviðslistum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Leiklist**

- Skapað leikþætti í félagi við aðra með skýrum persónum, söguþræði og framvindu
- Nýtt sér hugmyndir jafningja við undirbúning og sköpun leikþáttar
- Lagt fram eigin hugmyndir við undirbúning og sköpun leikþáttar
- Flutt leiktexta í hlutverki á viðeigandi hátt fyrir framan áhorfendur
- Nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til þess að styrkja sköpun sína
- Skapað skýra leikpersónu og viðhaldið henni í stuttum leikþætti með viðeigandi radd- og líkamsbeitingu

**Umgegni, vinnusemi og framkoma**

- Gengið frá eftir vinnu sína
- Sýnt vinnusemi í tímum
- Sýnt viðeigandi framkomu
- Farið eftir fyrirmælum

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Menntun í leiklist snýst um að þjálfa nemendur í aðferðum listgreinarinnar en ekki síður um læsi í víðu samhengi. Auk þess á hún að dýpka skilning nemenda á sjálfum sér, mannlegu eðli og samfélagi. Í leiklist fá nemendur tækifæri til að setja sig í spor annarra og prófa sig áfram með mismunandi tjáningarform, hegðun og lausnir í öruggu umhverfi. Leiklist styður nemandann í að tjá, móta og miðla hugmyndum sínum og tilfinningum. Jafnframt reynir hún stöðugt á samvinnu, samskipti, sköpun, tjáningu, gagnrýna hugsun og líkams- og raddbeitingu.

Tímafjöldi: Kennt er í lotum.

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Verkefni frá kennara*
- *Upphitunar-, einbeitingar- og traustæfingar*
- *Aðferðir leiklistar, s.s. kyrrmyndir, spuni, kastljós og persónusköpun*
- *Ýmsir leikir*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Verkefni og gögn frá kennara*
- *Grímur*
- *iPad*
- *Veraldarvefurinn*

***Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla fram á eftirfarandi hátt:

- *Innlagnir*
- *Sýnikennsla*
- *Verklegar æfingar*
- *Úrvinnsla*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytni í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum og mismunandi hæfileikum þeirra.*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

Símat: Umgengni, vinnusemi, framkoma, framvinda og hæfni metin í lok lotu.

# 3.2. Sjónlistir - myndmennt

**Viðmið um námshæfni í myndmennt**

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Verklag og efnisnotkun**
- Notað mismunandi efni og verkfæri við myndsköpun
- Þekkja blöndun lita og litatóna

**Verkefnavinnsla**
- Geta gert mun á tvívíðum og þrívíðum formum
- Unnið einfalt form í leir og unnið til loka samsetningar
- Geta unnið út frá fyrir fram ákveðinni listastefnu

**Umhverfi**
- Unnið út frá reglum um frágang á áhöldum og stofu
- Unnið út frá þekkingu um nýtingu efna og endurvinnslu og áhrif þess á umhverfið
- Unnið í samvinnu og sýnt tillitsemi
- Beitt líkamstöðu á réttan hátt við vinnu sína og gert sér grein fyrir notkun og kostum hlífðarfatnaðar

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**
Í myndmennt er lögð áhersla á að nemendur öðlist sýn og geti þroskað með sér vitund í að þekkja og vinna sjálfstætt að myndsköpun á uppbyggilegan hátt. Að þau kynnist efnum og áhöldum greinarinnar og þrói með sér aðferðir og tækni sem þau geti notað og finnist þau hafa vald á. Geti greint og sagt frá aðferðum og rýnt í verk á meðvitaðan hátt.
Markmiðið með kennslunni er að upplýsa um aðferðir, gamlar sem nýjar og kynna söguna eins vel og kostur er á. Listasögunni verða gerð skil á eins aðgenginlegan hátt og unnt er. Sjónlistir eru margvíslegar og verður reynt að gera þeim skil á eins fjölbreytilegan hátt og kostur er.

Kennt er í lotum

i. ***Viðfangsefni í náminu***
Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Verkefnavinna þar sem unnið er út frá fjölföldun og þrykki, grafík*
- *vinna skissur og nýtt þær við gerð myndverka*
- *Leirverkefni þar sem samsetning er útgangspunkturinn*
- *Verkefni þar sem notuð eru mismunandi gerðir efna t.d. band, pappír, tau...*
- *Ferilmappa sem heldur utan um verkefni vetrar*
- *Verkefni þar sem unnið er með stækkun*

ii. ***Námsgögn og kennsluefni***
Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Fyrirfram unnin verkefni sem fengin eru frá kennara*
- *Bækur sem til eru í myndmenntastofu t.d. Myndmennt 1 og 2 og listaverkabækur*
- *Bækur sem fengnar eru að láni á bókasafni skólans*
- *Veraldarvefurinn, síður sem finna má kennsluefni á t.d. Art for kids, googel.com*

iii. ***Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***
Í meginatriðum fer námið og kennslan fram á eftirfarandi hátt: í skóla og heima (utan skóla)

- *innlagnir*
- *sýnikennsla*
- *veklegar æfingar*
- *úrvinnsla*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *verkefnavali er stýrt frá kennara að einhverju leiti hvað varðar þjálfun og mat á getur nemenda*
- *nemendur fá að hafa áhrif um vinnuaðferðir og val á verkefnum þar sem þau sýna getu hvers og eins og þannig mætt þörfum þeirra að upplifa eigin getu í náminu*

iv. ***Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni:

Námshæfni:

Símat í lotunni, nemandi fær einkun og umsögn þar sem metið er eftirfarandi:

- *Hefur nemandi unnið eftir fyrirmælum, borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á*
- *tekið virkan þátt í verklegum þáttum*
- *sýnt vinnusemi og vandvirkni*
- *skilað verkefnum lotunnar á viðeigandi hátt*

# 3.3. Tónmennt 7. bekkur

**Viðmið um námshæfni í tónmennt**

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Söngur**

- Notað röddina til hljóð – og tónsköpunar
- Greint ólíkar raddir
- Sungið hreint með skýrum framburði ísl. og erl. lög með og án undirleiks
- Geti greint stílbrigði í tónlist

**Hljóðfæri**

- Þekkt hljóðfæri eftir sjón og heyrn
- Þekkt hljóðfæraflokka eftir sjón og heyrn
- Þekkt algengustu samspilshópana

**Hreyfing**

- Búið til hreyfimynstur í hópi við mismunandi tónlist og hljóð.
- Sungið algenga hreyfisöngva
- Hreyft sig óhindrað og frjálst og túlkað um leið ýmsa þætti tónlistarinnar

**Ritun**

- Þekkt tóna, lengdargildi og helstu hugtök tónlistarinnar.
- Lesið, skráð, klappað og spilað hryn

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Tónlist er snar þáttur í lífi og starfi manna hvar sem er í heiminum. Hún er leið til sköpunar og tjáskipta, oft án orða, sem einstaklingar fara til að tjá tilfinningar sínar. Kennslan á að efla næmi nemenda og þekkingu á frumþáttum tónlistar, tónhæð, tónlengd, blæ, styrk, hljómum, túlkun og formi, til þess að þeir geti myndað sér skoðun á ólíkum stíl tónlistar, geti gert sér grein fyrir gildi hennar í eigin menningu og lífi og notið hennar á uppbyggilegan, markvissan og persónulegan hátt.

Tímafjöldi: Kennt er í lotum.

i. ***Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Hljóðfæri: leika á stofuhljóðfæri, bjöllur og fl. lítil lög, hryn og þrástef. Æfa sig í að fylgja stjórnanda og stjórna sjálf litlum hljóðfærahóp.*

- *Söngur: nemendur syngja ýmis lög sem tengjast árstíðum, hátíðum eða dygð mánaðarins. Einnig syngja þeir lög frá mismunandi tímum og löndum.*
- *Hreyfing: hreyfileikir og hreyfisöngvar sungnir, dansað við mismunandi tónlist.*
- *Ritun: hrynur skráðar og tónfræðiverkefni unnin. Unnið með sögu tónlistar, tónskáld og tónlistarstefnur.*
- *Hlustun: Nemendur læra að þekkja hljóðfæri eftir heyrn, hlusta á tónsögur og fl.*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Veraldarvefurinn*
- *Sönghefti*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytni í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum og mismunandi hæfileikum þeirra.*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- *unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á*
- *tekið virkan þátt í leik og söng á jákvæðan hátt*
- *tekið leiðsöng*
- *tjáð skoðanir sínar og hugsanir og sett þær fram á viðeigandi þátt*

# B. hluti:
# 3.4. Heimilisfræði

**Viðmið um námshæfni í heimilisfræði**

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Verklag - Matur og vinnubrögð**

- Unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og notað til þess algengustu mæli- og eldhúsáhöld
- Matreitt einfaldar og hollar máltíðir og nýtt hráefnið sem best
- Nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga er varða matreiðslu, næringarfræði og meðferð matvæla

**Vinnufærni - Matur og lífshættir**

- Tjáð sig um aðalatriði næringarfræðinnar
- Tjáð sig um heilbrigða lífshætti og tengsl þeirra við heilsufar
- Gert sér grein fyrir helstu kostnaðarliðum við heimilishald og sé meðvitaður um neytendavernd

**Umhverfi - Matur og umhverfi**

- Farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi
- Tengt viðfangsefni heimilisfræðinnar við jafnrétti og sjálfbærni og átað sig á uppruna helstu matvæla
- Skilið og rætt mismunandi umbúðamerkingar, metið útlit og gæði matvæla og útskýrt hvernig á að geyma þau.
- Sýnir frumkvæði og leggur mat á eigin verk og annarra.
- Hafi þekkingu á helstu slysahættum í eldhúsi og varist þær.

**Matur og menning**

- Tjáð sig um ólíka siði og venjur, og þjóðlegar íslenskar hefðir í matargerð

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Í heimilisfræði er lögð áhersla á að nemandinn öðlist færni í að vinna í eldhúsi við fjölbreytta matargerð. Kynnist og öðlist færni í að beita og nota eldhúsáhöld, tileinka sér að vinna með og lesa uppskriftir. Lögð er mikil áhersla á hreinlæti í meðferð matvæla og að nemendur tileinki sér notkun á fæðuhringnum. Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæð í verki, stuðla að vinnugleði, samvinnu, virðingu fyrir verkinu, þjálfa einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Námsgreinin byggir á áherslu á að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl fyrir komandi framtíð.

Tímafjöldi: kennt er í lotum.

i. ***Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Mælieiningar, samvinna, meðhöndlun áhalda, skilningur á hollustu og heilbrigði, hreinlæti og frágangur.*
- *Tileinkað sér sjálfstæði í eldhúsi*
- *Unnið með fjölbreyttar mataruppskriftir.*

ii. ***Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Fyrirfram ákveðin verkefni frá kennara.*
- *Stuðst við bækur í heimilisfræðistofunni.*
- *Veraldarvefurinn ýmsir vefir tengdir mat og matarmenningu.*

iii. ***Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Bein kennsla*
- *Innlagnir*
- *Sýnikennsla*
- *Verklegar æfingar*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytni er í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum og mismunandi hæfileikar þeirra fái að njóta sín.*
- *Nemendur fá að vera með í vali á hluta verkefna til að mæta þeirra þörfum og um leið fá þau tækifæri til að koma fram með sjálfstætt val og hafa sjálfstjórn á sínu eigin námi.*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi: Námshæfni:

Símat í lotunni, nemandi fær einkunn og umsögn þar sem metið er eftirfarandi:

- *Hefur nemandi unnið eftir fyrirmælum, borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á*
- *hefur nemandi gengið vel um efni, áhöld og tæki í stofunni*
- *tekið virkan þátt í verklegum þáttum*
- *sýnt vinnusemi og vandvirkni*
- *skilað verkefnum lotunnar á viðeigandi hátt*

# 3.5. Hönnun og smíði

**Viðmið um námshæfni í list- og verkgreinum**

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Handverk**

- Greini vistvæn efni frá óvistvænum og haft sjálfbærni að leiðarljósi við vinnu sína, s.s. við efnisval
- Geri grein fyrir uppruna og notagildi þess efniviðar sem notaður er í smíðastofunni
- Valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki

**Hönnun og tækni**

- Lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð
- Útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp og málsetja vinnuteikningu
- Greint þarfir í umhverfi sínu og rætt mögulegar lausnir
- Kynnist mismunandi samsetningum
- Geti valið yfirborðsmeðferð sem hæfir verkefni

**Umhverfi**

- Valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi.
- Geri grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni
- Beitt líkama sínum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar
- Útskýri réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað
- Gert við og endurnýjað eldri hluti og lengt þannig líftíma þeirra

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**
Í hönnun og smíði er lögð áhersla á að nemandinn öðlist færni í að smíða hluti með fjölbreyttum efnum, verkfærum og tækni. Lögð er áhersla á að nemandinn sé virkur í hönnunarferli og móti útlit og uppbyggingu hluta miðað við notkun þeirra. Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæðs í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnu, þjálfa einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Námsgreinin sem á sé langa sögu byggir því senn á rótgrónum handverkshefðum og almennum áherslum á uppeldi og menntun.

Tímafjöldi: Kennt er í lotum.

***i. Viðfangsefni í náminu***
Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Viðar og verkfærafræði*
- *Tréleikfang t.d. vörubíll, dúkkurúm eða flugvélar*
- *Plastvinna*
- *Valverkefni þar sem lögð er áhersl á að virkja sköpunargleðina.*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***
Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:
*Efni og verkefni frá kennara*

- *Stuðst er við nokkrar bækur í smíðastofu*
- *Veraldarvefurinn notaður þegar við á*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***
Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Bein kennsla*
- *Innlagnir*
- *Sýnikennsla*
- *Verklegar æfingar*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytni er í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum og mismunandi hæfileikar þeirra fái að njóta sín*
- Nemendur fá að vera með í vali á hluta verkefna til að mæta þeirra þörfum og um leið fá þau tækifæri til að hafa einhverja sjálfstjórn á sínu eigin námi.

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***
Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:
Námshæfni:
Notast er við símat, nemandi fær einkunn og umsögn og þar er metið eftirfarandi:

- *hefur nemandi unnið eftir fyrirmælum í tímum verið vinnusamur og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum*

- *hefur nemandi leitast við að vinna sjálfstætt og notast við þær verklýsingar sem í boði er hefur nemandi gengið vel um efni, áhöld og tæki.*

# 3.6. Textílmennt

**Viðmið um námshæfni í textílmennt**

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Handverk og tækni**

- Beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar
- Unnið með einföld snið og uppskriftir
- Unnið verkefni og notast við skriflegar leiðbeiningar
- Unnið úr fjölbreyttum textílefnum

**Sköpun, hönnun og útfærlsa**

- Þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli
- Notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingu textíla
- Nýtt helstu miðla til að afla upplýsing um textíla og textílvinnu

**Menning og umhverfi**

- Gert grein fyrir endurnýtingu
- Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði
- Tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði
- Lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinubrögðum
- Sett textílvinnu og textílverk í samhengi við sögu, samfélag og listir

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

***i.*** Námsgreinin textílmennt er yfirgripsmikil grein sem felur í sér þátt hönnunar og handverks. Textílmennt á sér djúpar rætur í menningu þjóðarinnar, rætur sem liggja í heimi sögunnar, verkmenningu og listum. Textílnám byggist meðal annars á þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun þar sem nemendur vinna með efni og áhöld greinarinnar á sjálfstæðan hátt. Textílnám gefur nemendum tækifæri til að þroska samhæfingu hugar og handa, upplifa og tjá sig um leið.

***ii.*** Textílmennt er ríkur þáttur í félagslegur veruleika þar sem einstaklingaanir skapa sér persónulegan stíl í klæðnaði og í sínu nánasta. Nemendur læra að búa til afurðir sem hafa persónulegt gildi.

Tímafjöldi: Kennt er í lotum, fimm kennslustundir í viku.

***iii. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Náttbuxur / stuttbuxur*
- *Hekla einfalt verkefni*
- *Valverkefni*

***iv. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Efni frá kennara*
- *Ýmis blöð og bækur*

***v. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Innlögn*
- *Hugmyndavinna*
- *Sýnikennsla*
- *Einstakingskennsla*
- *Verklegar æfingar*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytni í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum, áhuga þeirra og getu*
- *Hanna verkefni og vinna verkefni út frá eigin sköpun*
- Fá tækifæri til að finna nýjar leiðir

***vi. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Umgengni, framvinda og hæfni er metin í lok lotu.

# 4. Náttúrugreinar

**Viðmið um námshæfni í náttúrugreinum**

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Verklag: Geta til aðgerða**

- Greint og sagt frá hvernig tækninotkun og sjálfvirkni getur aukið eða dregið úr lífsgæðum íbúa og umhverfi þeirra
- Greint þarfir fólks í nánasta umhverfi sínu og tjáð hugmyndir sínar um lausnir
- Rætt mikilvægi samvinnu í samstilltum aðgerðum sem varða eigið umhverfi
- Tekið afstöðu til málefna sem varða heimabyggð með því að vega og meta ólíka kosti

**Verklag: Nýsköpun og hagnýting þekkingar**

- Unnið undir leiðsögn í hópi eftir verkskiptri tímaáætlun við að hanna umhverfi og náttúru
- Sett upp skýrslu
- Fjallað um hvernig ólík hæfni nýtist í störfum nútímans
- Unnið undir leiðsögn í hópi eftir verkskiptri tímaáætlun við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi
- Útskýrt hvernig tækni getur hjálpað okkur

**Verklag: Gildi og hlutverk vísinda og tækni**

- Gert sér grein fyrir mikilvægi gagna og líkana við að útskýra hluti og fyrirbæri

- Tengt þekkingu og beitingu vinnubragða í náttúrufræðinámi við lausn annarra verkefna og útskýrt hugsanleg áhrif nýjustu tækni og vísinda á vísindalega þekkingu
- Sett upp skýrslu

**Verklag: Vinnubrögð og færni í náttúrugreinum**

- Framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni
- Útskýrt texta um náttúruvísindi sér til gagns og farið eftir einföldum, munnlegum og skriflegum leiðbeiningum
- Beitt vísindalegum vinnubrögðum við öflun einfaldra upplýsinga innan náttúruvísinda og útskýrt ferlið
- Kannað áreiðanleika heimilda með því að nota bækur, netið og aðrar upplýsingaveitur
- Sett fram og rætt niðurstöður athugana á skýran og skipulegan hátt
- Hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra

**Viðfangsefni: Ábygðar á umhverfinu**

- Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði íbúa
- Lýst dæmum af áhrifum af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð og á Íslandi, sagt frá hugsanlegri þróun í framtíðinni
- Tekið þátt í að skoða, skilgreina og bæta eigið umhverfi og náttúru

**Viðfangsefni: Að búa á jörðinni**

- Framkvæmt og athugunum á jarðvegi, veðrun, rofi og himingeimnum
- Nota gervihnatta- og loftmyndir af yfirborði jarðar til að lýsa heimabyggð, landinu í heild og völdum svæðum heimsins

**Viðfangsefni: Lífsskilyrði manna**

- Útskýrt lífskilyrði manna og helstu áhættuvalda í umhverfinu
- Gert grein fyrir muni á hreinu vatni og menguðu, hvað megi gera til að draga úr vatnsmengun
- Gert grein fyrir muni á hreinu vatni og menguðu, hvað megi gera til að draga úr vatnsmengun

**Viðfangsefni: Náttúra Íslands**

- Lýst reynslu sinni, athugun og upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi
- Lýst einkennum plantna og dýra, stöðu þeirra í náttúrunni, tengsl þeirra innbyrðis og við umhverfi sitt
- Lýst ólíkum vistkerfum á heimaslóð eða við Ísland
- Útskýrt hvernig aðlögun lífvera að umhverfinu geri þær hæfari til að lifa af og fjölga sér
- Lýst og útskýrt hvernig orka í íslensku umhverfi getur breytt um mynd

**Viðfangsefni: Heilbrigði umhverfsins**

- Gert grein fyrir notkun manna á náttúruauðlindum
- Dregið ályktanir af tilgangi flokkunar úrgangs
- Útskýrt þjónustu sem náttúrulegir ferlar veita
- Gert grein fyrir og nefnt dæmi um efnabreytingar og hamskipti
- Lýst kröftum sem hafa áhfrif á daglegt líf manna

**Viðfangsefni: Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu**

- 

# 4.0. Náttúrufræði

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**
Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Tímafjöldi: 3 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Að kynnast lífverum í fersku vatni í nærsamfélagi
- Að kynnast og skoða ýmis tól og tæki til skoðunar á lífverum
- Að kynnast byggingarefnum alheimsins
- Að kynnast því að efni hefur magn og massa
- Að kynnast varma, orku og rafmagni

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Auðvitað 3*
- *Lífríkið í fersku vatni*
- *Umhverfisverkefni*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Efnisþættir eru lagðir inn og unnið með þá í kennslustundum og verklegar æfingar þegar við á. Helstu kennsluaðferðir:

- *hópavinna*
- *einstaklingsvinna*
- *kynning*
- *vettvangsferðir*
- *veggspjaldagerð*
- *verkefnavinna í stílabók*
- *plöntu og dýraskoðun úti í náttúrunni*
- *skoðun með víðsjá*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja nemendur sem aðstoð þurfa við námið.

- *Styttra efni*
- *Hljóðbók*
- *Útprentaðar lausnir*
- *Minni kröfur varðand verkefnaskil, færri verkefni*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

- *Sjálfsmat*
- *Kennaramat*

- *Félagamat*
- *Hópamat*
- *Heimapróf*
- *Samvinnupróf*
- *Kannanir*

# 5. Samfélagsgreinar

**Viðmið um námshæfni í samfélagsgreinum**

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Reynsluheimur**

- Sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem samfélagi, sögu, kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti. umhyggju fyrir menningu, öðrum mönnum og öllu lífi, skýrt tengsl samfélags, náttúru, trúar og lífsviðhorfa, fyrr og nú.
- fylgt ferli orsaka og afleiðinga af gerðum manna og bent á leiðir til úrbóta
- Notað mikilvæg hugtök til að fjalla um menningar- og samfélagsmálefni
- Lýst með dæmum áhrifum tækni og mannlegra athafna á samfélag og umhverfi
- Rætt á upplýstan hátt um tímabil, atburði og persónur, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu
- Metið heimildir og ólík sjónarhorn í umfjöllun um sögu og samtíð
- Velt fyrir sér ýmsum þáttum sem sagan hefur mótast af, svo sem umhverfi, samfélagsskipulagi og þjóðfélagshreyfingum
- Lýst einkennum og þróun íslensks þjóðfélags og tekið dæmi um mikilvæga áhrifaþætti
- Dregið upp mynd af afmörkuðum efnisþáttum stórrar og smárrar sögu, nálægrar eða fjarlægrar
- Lýst margbreytileika helstu trúarbragða og lífsviðhorfa og áhrifum þeirra á líf fólks
- Borið saman valin trúar- og lífsviðhorf, nefnt dæmi um áhrif helgirita helstu trúarbragða á menningu og samfélög
- Borið kennsl á trúarlegar vísanir og tjáningu í listum og bókmenntum
- Lýst nokkrum einkennum lýðræðislegra samfélagshátta
- Gert grein fyrir hugmyndum um samhjálp og velferð og framkvæmd hennar í samfélaginu
- Lýst með dæmum hvernig samfélagsgerð tengist lífi einstaklinga
- Sýnt fram á skilning á kostnaði eigin neyslu og sé læs á þau áhrif sem ýmis tilboð og auglýsingar hafa á eigin neyslu og á samfélagið.

**Hugarheimur**

- Lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfsmynd hans, svo sem úr nærsamfélagi, umhverfi og menningu,
- Vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalímynda, hvernig vinna megi með þau á sjálfstæðan og uppbyggjandi hátt
- Lýst með dæmum gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir eigin sjálfsvitund
- Lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á áhrifum þeirra á hugsun og hegðun, gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og rætt þýðingu þess, sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum

**Félagsheimur**

- Nefnt dæmi um gildi jafnréttis og mannréttinda í samfélaginu og rætt áhrif staðalímynda

**Núvitund**

- Nemandi þekki samspil áreitis og viðbragðs og hvernig núvitund getur skapað rými á milli þess sem gerist og hvernig við bregðumst við
- Nemandi þekki hvað felst í því að vera góður vinur og hvernig núvitund getur hjálpað til að vera góður vinur
- Nemandi þekki hvernig hann geti haft stjórn á athyglinni og leiðir til þess að stýra henni

- Nemandi þekki og geti nýtt sér að öndun er gagnlegur staður til að vera á í núvitund

**Lýsing á námi og kennslu samfélagsgreinar**
Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Tímafjöldi: 3 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

***i. Viðfangsefni í náminu***

- að kynnast ólíkum menningarheimum og landsháttum innan Evrópu
- að kynnast sögu Íslands á ákveðnu tímabili
- að fræðast um líf fólks fyrr á öldum

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Evrópa*
- *Miðaldafólk á ferð*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Efnisþættir eru lagðir inn og unnið með þá í kennslustundum og heima.
Helstu kennsluaðferðir:

- *hópavinna*
- *einstaklingsvinna*
- *kynning power point*
- *vettvangsferðir,*
- *veggspjaldagerð,*
- *verkefnavinna í stílabók,*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *aðlagað efni*
- *hljóðbók, mp3,*
- *útprentaðar lausnir*
- *minni kröfur varðand verkefnaskil, færri verkefni*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- *mismundandi leiðir í mati*
- *sjálfsmat*
- *kennaramat*

- *félagamat*
- *hópamat*
- *heimapróf*
- *samvinnupróf*
- *kannanir*

# 5.1. Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**
Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Tímafjöldi: 1 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *efli trúarlegan, siðferðilegan og félagslegan þroska sinn*
- *öðlist þekkingu á kristinni trú með áherslu á Jesú Krist og kenningu hans*
- *temji sér umburðarlyndi og virðingu fyrir rétti manna til mismunandi trúar- og lífsskoðana*
- *öðlist þekkingu á öðrum trúarbrögðum og lífsviðhorfum og átti sig á áhrifum þeirra á einstaklinga, sögu, menningu og samfélög*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Islam
- *tekið* þátt í að skipuleggja eigið nám með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár. b.

Námshæfni:

- *Próf: kaflapróf, yfirlitspróf*
- *Kannanir*
- *Símat*
- *Heimapróf*
- *Samvinnupróf*
- *Glósupróf*
- *Sjálfsmat*
- *Jafningjamat*
- *Vinnubókarmat*
- *Hópverkefni*
- *Einstaklingsverkefni*
- *Munnleg próf*
- *Munnlegt mat*

# 2.2. Danska og önnur Norðurlandamál

**Viðmið um námshæfni í erlendum tungumálum**

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Hlustun**

- Skilji í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti
- Fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt
- Hlustað eftir nákvæmum atriðum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum

**Samskipti**

- Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf
- Tekið þátt í hlutverkaleik
- Notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum

**Frásögn**

- Sagt hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum
- Greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi myndefnis
- Flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu
- Flutt tilbúið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra

**Lesskilningur**

- Skilji megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra
- Fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu
- Lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki
- Skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög

**Ritun**

- Skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d. gátlista og fyirmynda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda
- Sagt nokkuð lipurlega frá og brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt.
- Lýst atburðarás eða því sem hann hefur upplifað og notað viðeigandi orðaforða
- Samið texta þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín.

**Menningalæsi**

- Sýnt fram á að hann þekkir til siða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og getur borið saman eigin menningu
- Sýnt fram á að hann áttar sig á skyldleika erlenda málsins við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra.

**Námshæfni**

- Beitt lykilnámsaðferðum til að auðvelda skilning og notkun á tungumálinu og valið aðferð sem hæfir viðfangsefninu, t.d. umorðað ef hann vantar orð og lesið í aðstæður og getið sér til hvaða samræður fara þar fram
- Beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan hátt og veitt sanngjarna endurgjöf með stuðningi frá kennara
- Nýtt sér eigin reynslu og þekkingu þegar kemur að því að tileinka sér nýja þekkingu
- Tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitsemi
- Nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflettirit, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar

## 2.2 Danska

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Námsgrein er kennd af dönskukennara. Áhersla er lögð á að nemandinn þjálfist í hverri kennslustund í færniþáttunum fjórum; lestri, ritun, hlustun og tali (samtöl og frásagnir). Námsmatið miðar að öllum þessu færniþáttum. Mikil áhersla er lögð á fjölbreytileika í kennsluaðferðum og mismunandi nálgun að efninu.

Tímafjöldi: 3 x 40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Líkaminn*
- *Ég, þú og við*
- *Heimilið*
- *Fermingin*
- *Áhugamál*
- *Draugar og aðrar dularfullar verur*
- *Smásögur*
- Myndbandsgerð / búið til spil / bækling út frá völdu viðfangsefni
- Kyn nafnorða, óákveðin/ákveðin greinir, fleirtala nafnorða, hljóðfræði, DET og DER, fornöfn, DEN, töluorð, lýsingarorð, sagnorð, nútíð og þátíð sagna, samtengingar, orðaröð og setningaskipun.

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Tak, lesbók og 2 verkefnabækur; Námsgagnastofnun*
- *Ýmis verkefni af veraldarvefnum og ljósrit*
- *Smásögur*
- *iPad og smáforrit tengd dönsku*
- *Myndaspjöld*
- *Námsspil*
- *Tónlist og kvikmyndir*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Kennslubók notuð sem innlögn á orðaforða sem unnið er síðan með í dýpra og víðari samhengi og tengt við fjölbreyttar kennsluaðferðir s.s. námsleiki, talæfingar, hlustunaræfingar, ritunarverkefni og listrænt skapandi verkefni. Námsmatið miðar einnig að þessari fjölbreytni.*
- *Kennslan er ýmist bekkjarkennsla, paravinna, hópastarf eða einstaklingsmiðuð þar sem námsmatið getur einnig verið fjölbreytt að þessu leyti.*
- *Samskiptin fara að mörgu leyti fram á dönsku og það eykst þegar líður á námsárið.*
- *Málfræðiþættir eru lagðir inn jafnt og þétt í tengslum við efnið sem unnið er með hverju sinni og áherslan er mest við ritun og talmál.*
- *Námsleikir á veraldarvefnum eru aðallega nýttir við heimanám.*
- *Ef nemandi hefur verið frá skóla eða hefur ekki náð að vinna tiltæk verkefni í kennslustund, ber viðkomandi að vinna verkefnin heima fyrir næstu kennslustund. Einnig þarf að undirbúa sig fyrir sértæk verkefni og kannanir.*

*Samþætting á upplýsingatækni og dönsku við myndbandsgerð, ásamt handritagerð og leikrænni tjáningu.*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Samvinnunám*
- *Hljóðbækur*

*Einstaklingsáætlanir*

### iv. *Námsmat og námsmatsaðlögun*

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- *Próf: kaflapróf, yfirlitspróf*
- *Kannanir*
- *Símat*
- *Vinna í tímum og heima*
- *Samvinnupróf*
- *Glósupróf*
- *Sjálfsmat*
- *Jafningjamat*
- *Hópverkefni*
- *Einstaklingsverkefni*
- *Munnleg próf*
- *Munnlegt mat*

# 3. List- og verkgreinar

## 3.1. Sviðslistir – Valgrein

### Viðmið um námshæfni í sviðslistum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Menntun í leiklist snýst um að þjálfa nemendur í aðferðum listgreinarinnar en ekki síður um læsi í víðu samhengi. Auk þess á hún að dýpka skilning nemenda á sjálfum sér, mannlegu eðli og samfélagi. Í leiklist fá nemendur tækifæri til að setja sig í spor annarra og prófa sig áfram með mismunandi tjáningarform, hegðun og lausnir í öruggu umhverfi. Leiklist styður nemandann í að tjá, móta og miðla hugmyndum sínum og tilfinningum. Jafnframt reynir hún stöðugt á samvinnu, samskipti, sköpun, tjáningu, gagnrýna hugsun og líkams- og raddbeitingu.

Tímafjöldi: Kennt 2 x 40 mín einu sinni í viku allan veturinn.

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Uppsetning á jólaleikriti sem er til sýningar fyrir yngri nemendur*
- *Uppsetning á söngleik eða leikriti sem sýnt er á árshátíð skólans og félagsmiðstöðvarinnar*
- *Annað t.d. grunnskólahátíð og menningarhátíð*
- *Verkefni frá kennara*
- *Upphitunar-, einbeitingar-, traust- og raddæfingar*
- *Aðferðir leiklistar, s.s. kyrrmyndir, spuni, kastljós og persónusköpun*
- *Skyggnst á bakvið tjöldin í leikhúsunum*
- *Ýmsir leikir*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Verkefni frá kennara*
- *Upphitunar-, einbeitingar- og traustæfingar*
- *Aðferðir leiklistar, s.s. kyrrmyndir, spuni, kastljós og persónusköpun*
- *Ýmsir leikir*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Innlagnir*
- *Sýnikennsla*
- *Verklegar æfingar*
- *Úrvinnsla*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytni í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum og mismunandi hæfileikum þeirra.*

### *iv. Námsmat og námsmatsaðlögun*

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

Símat: Umgengni, vinnusemi, framkoma, framvinda og hæfni metin.

## 3.2. Sjónlistir / myndmennt

### Viðmið um námshæfni í myndmennt

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Verklag og efnisnotkun**

- Notað mismunandi efni og verkfæri við myndsköpun
- Þekkja blöndun lita og litatóna

**Verkefnavinnsla**

- Geta gert mun á tvívíðum og þrívíðum formum
- Unnið einfalt form í leir og unnið til loka samsetningar
- Geta unnið út frá fyrir fram ákveðinni listastefnu

**Umhverfi**

- Unnið út frá reglum um frágang á áhöldum og stofu
- Unnið út frá þekkingu um nýtingu efna og endurvinnslu og áhrif þess á umhverfið
- Unnið í samvinnu og sýnt tillitsemi
- Beitt líkamstöðu á réttan hátt við vinnu sína og gert sér grein fyrir notkun og kostum hlífðarfatnaðar

### Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Í myndmennt er lögð áhersla á að nemendur öðlist sýn og geti þroskað með sér vitund í að þekkja og vinna sjálfstætt að myndsköpun á uppbyggilegan hátt. Að þau kynnist efnum og áhöldum greinarinnar og þrói með sér aðferðir og tækni sem þau geti notað og finnist þau hafa vald á. Geti greint og sagt frá aðferðum og rýnt í verk á meðvitaðan hátt.

Markmiðið með kennslunni er að upplýsa um aðferðir, gamlar sem nýjar og kynna söguna eins vel og kostur er á. Listasögunni verða gerð skil á eins aðgenginlegan hátt og unnt er. Sjónlistir eru margvíslegar og verður reynt að gera þeim skil á eins fjölbreytilegan hátt og kostur er.

Kennt er í lotum

### *i. Viðfangsefni í náminu*

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Verkefnavinna unnin út frá ljósi og skugga*

- *Leirvinna þar sem unnið er með einföld form*
- *Verkefni unnið út frá þekktri listastefnu* ***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Fyrirfram unnin verkefni sem fengin eru frá kennara*
- *Bækur sem til eru í myndmenntastofu t.d. Myndmennt 1 og 2 og listaverkabækur*
- *Bækur sem fengnar eru að láni á bókasafni skólans*
- *Veraldarvefurinn, síður sem finna má kennsluefni á t.d. Art for kids, googel.com* ***iii.***

***Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan fram á eftirfarandi hátt: í skóla og heima (utan skóla)

- *innlagnir*
- *sýnikennsla*
- *veklegar æfingar*
- *úrvinnsla*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *verkefnavali er stýrt frá kennara að einhverju leiti hvað varðar þjálfun og mat á getur nemenda*
- *nemendur fá að hafa áhrif um vinnuaðferðir og val á verkefnum þar sem þau sýna getu hvers og eins og þannig mætt þörfum þeirra að upplifa eigin getu í náminu*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni:

Námshæfni:

- *nemendur geti tjáð sig um þáttöku þeirra í verkefnum við myndsköpun í hugsun og efnisvali*
- nemendur geti rýnt í verk sín og annara á uppbyggilegan hátt

# 3.2. Sjónlistir / myndmennt - valgrein

**Viðmið um námshæfni í myndmennt/val**

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

| **Efnisþættir:** | **Viðmið um námshæfni í myndmennt** | **Þ** | **L** | **V** |
|---|---|---|---|---|
| *Verklag og efnisnotkunn:* | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br>• Notað mismunandi efni og verkfæri við myndsköpun<br>• Þekkja blöndun lita og litatóna | x<br>x | x<br>x | |
| *verkefnavinnsla:* | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br>• Geta gert mun á tvívíðum og þrívíðum formum<br>• Unnið einfalt form í leir og unnið til loka samsetningar  Geta unnið út frá fyrir fram ákveðinni listastefnu | x<br>x<br>x | x<br>x | x<br>x |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| *Umhverfi:* | *Við lok árgangs geti nemandi:* | | | |
| | • Unnið út frá reglum um frágang á áhöldum og stofu | x | x | |
| | • Unnið út frá þekkingu um nýtingu efna og endurvinnslu og áhrif þess á umhverfið | x | x | |
| | • Unnið í samvinnu og sýnt tillitsemi | | x | x |
| | • Beitt líkamstöðu á réttan hátt við vinnu sína og gert sér grein fyrir notkun og kostum hlífðarfatnaðar | x | x | x |

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**
Í myndmennt er lögð áhersla á að nemendur öðlist sýn og geti þroskað með sér vitund í að þekkja og vinna sjálfstætt að myndsköpun á uppbyggilegan hátt. Að þau kynnist efnum og áhöldum greinarinnar og þrói með sér aðferðir og tækni sem þau geti notað og finnist þau hafa vald á. Geti greint og sagt frá aðferðum og rýnt í verk á meðvitaðan hátt.
Markmiðið með kennslunni er að upplýsa um aðferðir, gamlar sem nýjar og kynna söguna eins vel og kostur er á. Listasögunni verða gerð skil á eins aðgenginlegan hátt og unnt er. Sjónlistir eru margvíslegar og verður reynt að gera þeim skil á eins fjölbreytilegan hátt og kostur er.

Tímafjöldi: Valfag, kennt 2 x 40 mín einu sinni í viku allan veturinn.

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Verkefnavinna unnin út frá ljósi og skugga*
- *Leirvinna þar sem unnið er með einföld form*
- *Verkefni unnið út frá þekktri listastefnu*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Fyrirfram unnin verkefni sem fengin eru frá kennara*
- *Bækur sem til eru í myndmenntastofu t.d. Myndmennt 1 og 2 og listaverkabækur*
- *Bækur sem fengnar eru að láni á bókasafni skólans*
- *Veraldarvefurinn, síður sem finna má kennsluefni á t.d. Art for kids, googel.com*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan fram á eftirfarandi hátt: í skóla og heima (utan skóla)

- *innlagnir*
- *sýnikennsla*
- *veklegar æfingar*
- *úrvinnsla*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *verkefnavali er stýrt frá kennara að einhverju leiti hvað varðar þjálfun og mat á getur nemenda*
- *nemendur fá að hafa áhrif um vinnuaðferðir og val á verkefnum þar sem þau sýna getu hvers og eins og þannig mætt þörfum þeirra að upplifa eigin getu í náminu*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni:

Námshæfni:

Símat í lotunni, nemandi fær einkun og umsögn þar sem metið er eftirfarandi:

- *Hefur nemandi unnið eftir fyrirmælum, borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á*
- *tekið virkan þátt í verklegum þáttum*
- *sýnt vinnusemi og vandvirkni*
- *skilað verkefnum lotunnar á viðeigandi hátt*

# 3.4. Heimilisfræði

## Viðmið um námshæfni í Heimilisfræði

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Verklag - Matur og vinnubrögð**

- Beitt helstu matreiðsluaðferðum og notað til þess ýmis mæli- og eldhúsáhöld
- Greint frá viðbrögðum við slysum á heimilum
- Nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga á gagnrýninn hátt um næringarfræði, neytendamál, hagkvæmni í innkaupum, aukaefni, geymslu og matreiðslu
- Skipulagt og matreitt fjölbreyttar, hollar og vel samsettar máltíðir úr algengu og nýstárlegu hráefni með áherslu á hagkvæmni og nýtni

**Vinnufærni - Matur og lífshættir**

- Greint helstu þætti sem hafa áhrif á útgjöld við heimilishald og geti tekið ábyrgð á eigin útgjöldumog skuldbindingum og þekkt rétt sinn og skyldur sem neytandi
- Tjáð sig um heilbrigða lífshætti, tengsl þeirra við heilsufar og sett í samhengi við ábyrgð hvers og eins á eigin heilsufari
- Geti tileinkað sér tillitssemi og umburðarlyndi
- Greint aðalatriði næringarfræðinnar og útskýrt tengsl næringarefna, hráefna og matreiðslu

**Umhverfi - Matur og umhverfi**

- Farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi og matreiðslu
- Unnið með öðrum og sýnt tillitsemi

**Matur og Menning**

- Sagt frá íslenskri og erlendri matarmenningu og matreitt ýmsa þjóðarrétti

## Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Í heimilisfræði er lögð áhersla á að nemandinn öðlist færni í að vinna í eldhúsi við fjölbreytta matargerð. Kynnist og öðlist færni í að beita og nota eldhúsáhöld, tileinka sér að vinna með og lesa uppskriftir. Lögð er mikil áhersla á hreinlæti í meðferð matvæla og að nemendur tileinki sér notkun á fæðuhringnum. Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæð í verki, stuðla að vinnugleði, samvinnu, virðingu fyrir verkinu, þjálfa einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Námsgreinin byggir á áherslu á að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl fyrir komandi framtíð.

Tímafjöldi: kennt er í lotum.

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Mælieiningar, samvinna, meðhöndlun áhalda, skilningur á hollustu og heilbrigði, hreinlæti og frágangur. Þekki heiti næringarefnanna*
- *Unnið með fjölbreyttar mataruppskriftir.*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Fyrirfram ákveðin verkefni frá kennara.*
- *Stuðst við bækur í heimilisfræðistofunni.*
- *Veraldarvefurinn ýmsir vefir tengdir mat og matarmenningu.*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Bein kennsla*
- *Innlagnir*
- *Sýnikennsla*
- *Verklegar æfingar*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytni er í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum og mismunandi hæfileikar þeirra fái að njóta sín.*
- *Nemendur fá að vera með í vali á hluta verkefni til að mæta þeirra þörfum og um leið fá þau tækifæri til að koma fram með sjálfstætt val og hafa sjálfstjórn á sínu eigin námi.*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- *Símat*
- *Sjálsmat*
- *Vinnubók*

# 3.4. Heimilisfræði – valgrein

## a. Viðmið um námshæfni í heimilisfræði

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

| **Efnisþættir:** | **Viðmið um námshæfni í Heimilisfræði** | **Þ** | **L** | **V** |
|---|---|---|---|---|
| *Verklag :* | *Við lok árgangs geti nemandi:* | | | |
| | • beitt helstu matreiðsluaðferðum og framreitt máltíð á sjálfstæðan hátt | x | x | x |
| | • kunnað skil á þeim áhöldum sem notuð eru við matreiðslu | x x | x | |
| | • sett verkefni sín í menningarlegt samhengi | | | |
| *Vinnufærni :* | *Við lok árgangs geti nemandi:* | | | |
| | • greint einfaldar þarfir í umhverfi sínu og rætt lausnir | x x | | x x |
| | • gert sér grein fyrir að hollur lífstíll stuðlar að líkamlegu og andlegu heilbrigði og að hver og einn beri ábyrgð á eigin heilsu | x x | | x |
| | • lagt gagnrýnið mat á eigin neyslu og annarra | | | |
| | • geti tileinkað sér tillitsemi og umburðarlindi | | | |
| *Umhverfi :* | *Við lok árgangs geti nemandi:* | | | |
| | • kunnað skil á mikilvægi hreinlætis við matreiðslustörf | x x | | x x |
| | • tileinaði sér persónulegt hreinlæti og frágangi á vinnusvæði | x | | x |
| | • sýnt góða nýtingu á því hráefni sem unnið er með | | x | |
| | • unnið með öðrum | x | | x |
| | • beitt líkamsstöðu sinni á réttan hátt við vinnu sína og kunni skil á hlífðarfatnaði | | x | |

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Í heimilisfræði er lögð áhersla á að nemandinn öðlist færni í að vinna í eldhúsi við fjölbreytta matargerð. Kynnist og öðlist færni í að beita og nota eldhúsáhöld, tileinka sér að vinna með og lesa uppskriftir. Lögð er mikil áhersla á hreinlæti í meðferð matvæla og að nemendur tileinki sér notkun á fæðuhringnum. Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæð í verki, stuðla að vinnugleði, samvinnu, virðingu fyrir verkinu, þjálfa einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Námsgreinin byggir á áherslu á að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl fyrir komandi framtíð.

Tímafjöldi: Valfag, kennt 2 x 40 mín einu sinni í viku allan veturinn

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Mælieiningar, samvinna, meðhöndlun áhalda, skilningur á hollustu og heilbrigði, hreinlæti og frágangur. Þekki heiti næringarefnanna*

- *Unnið með fjölbreyttar mataruppskriftir.*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Fyrirfram ákveðin verkefni frá kennara.*
- *Stuðst við bækur í heimilisfræðistofunni.*
- *Veraldarvefurinn ýmsir vefir tengdir mat og matarmenningu.*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan fram á eftirfarandi hátt: í skóla og heima (utan skóla)

- *Bein kennsla*
- *Innlagnir*
- *Sýnikennsla*
- *Verklegar æfingar*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur, að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytni er í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum og að mismunandi hæfileikar þeirra fái að njóta sín.*
- *Nemendur fá að vera með í vali á hluta verkefni til að mæta þeirra þörfum og um leið fá þau tækifæri til að koma fram með sjálfstætt val og hafa sjálfstjórn á sínu eigin námi.*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

*Námshæfni:*

- *Símat*
- *Verkefnavinna*
- *Próf*
- *Vinnubók*

# 3.5. Hönnun og smíði

## Viðmið um námshæfni í list- og verkgreinum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

| Handverk |
| --- |
| • Greini vistvæn efni frá óvistvænum og haft sjálfbærni að leiðarljósi við vinnu sína, s.s. við efnisval<br>• Geri grein fyrir uppruna og notagildi þess efniviðar sem notaður er í smíðastofunni |

- Valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki
- Sagt frá mikilvægi verkþekkingar í nútímasamfélagi

**Hönnun og tækni**

- Lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð
- Útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp og málsetja vinnuteikningu
- Greint þarfir í umhverfi sínu og rætt mögulegar lausnir

**Umhverfi**

- Valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi.
- Geri grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni
- Beitt líkama sínum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar
- Útskýri réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað

## Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Í hönnun og smíði er lögð áhersla á að nemandinn öðlist færni í að smíða hluti með fjölbreyttum efnum, verkfærum og tækni. Lögð er áhersla á að nemandinn sé virkur í hönnunarferli og móti útlit og uppbyggingu hluta miðað við notkun þeirra. Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæðs í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnu, þjálfa einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Námsgreinin sem á sé langa sögu byggir því senn á rótgrónum handverkshefðum og almennum áherslum á uppeldi og menntun.

Tímafjöldi: Kennt er í lotum og fær hver nemandi sex kennslustundir á viku í sex vikur.

### *i. Viðfangsefni í náminu*

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Útskurður (kistill, skál, bakki)*
- *Valverkefni þar sem lögð er áhersl á að virkja sköpunargleðina og þá þekkingu sem nemendur hafa í hönnun og smíði, verkfæra- og viðarfræði.*

### *ii. Námsgögn og kennsluefni*

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Efni og verkefni frá kennara*
- *Stuðst er við nokkrar bækur í smíðastofu*
  - *Veraldarvefurinn notaður þegar við á*

### *iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun*

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Bein kennsla*
- *Innlagnir*
- *Sýnikennsla*

- *Verklegar æfingar*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytni er í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum og mismunandi hæfileikar þeirra fái að njóta sín*
- Nemendur fá að vera með í vali á hluta verkefna til að mæta þeirra þörfum og um leið fá þau tækifæri til að hafa einhverja sjálfstjórn á sínu eigin námi.

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

Notast er við símat, nemandi fær einkunn og umsögn og þar er metið eftirfarandi:

- *hefur nemandi unnið eftir fyrirmælum í tímum verið vinnusamur og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum*
- *hefur nemandi leitast við að vinna sjálfstætt og notast við þær verklýsingar sem í boði eru*
   - *hefur nemandi gengið vel um efni, áhöld og tæki.*

# 3.6. Textílmennt - lotur

## Viðmið um námshæfni í textílmennt

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Handverk og tækni**

- Beitt fjölbreyttum aðferðum og áhöldum greinarinnar
- Rökstutt eigið val á textílefni eftir viðfangsefni og efnisfræði
- Unnið með snið og uppskriftir
- Sköpun, hönnun og útfærlsa
- Beitt skapandi og gagnrýnni hugsun í hönnum og textílvinnu
- Skreytt textílafurð á skapandi og persónulegan hátt
- Lagt mat á eigin vinnubrögð, sagt frá góðu handbragði, formi og hönnun og notað til þess viðeigandi hugtök
- Nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga á gagnrýninn hátt um efni sem tengist textílsögu, hönnun og iðnaði

**Menning og umhverfi**

- Unnið með sjálfbærni í huga
- Sýnt frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnusvæði

- Fjallað um helstu um tákn og merkingar vefjarefna
- Sagt frá textíliðnaði og starfsgreinum tengdum fatagerð og textíhönnun
- Tjáð sig um verkefni sín með því að nota hugtök sem greinin býr yfir

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**
Námsgreinin textílmennt er yfirgripsmikil grein sem felur í sér þátt hönnunar og handverks. Textílmennt á sér djúpar rætur í menningu þjóðarinnar, rætur sem liggja í heimi sögunnar, verkmenningu og listum. Textínám byggist meðal annars á þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun þar sem nemendur vinna með efni og áhöld greinarinnar á sjálfstæðan hátt. Textílnám gefur nemendum tækifæri til að þroska samhæfingu hugar og handa, upplifa og tjá sig um leið. Textílmennt er ríkur þáttur í félagslegur veruleika þar sem einstaklingarnir skapa sér persónulegan stíl í klæðnaði í nánast umhverfi sínu en auk þess læra þeir að búa til afurðir sem hafa persónulegt gildi

Tímafjöldi: Kennt í lotum

i. ***Viðfangsefni í náminu***
Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Nemendur geti nýtt sér aðferðir sem þeir hafa áður lært*
- *Vinna með snið og uppskriftir*
- *Fræðst um hönnun, framleiðslu og fjöldaframleiðslu í textíl*

ii. ***Námsgögn og kennsluefni***
Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Verkefni frá kennara*
- *Ýmsar handavinnubækur, sníðablöð og snið*
- *Veraldarvefurinn*

iii. ***Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***
Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Innlögn*
- *Hugmyndavinna*
- *Sýnikennsla*
- *Einstakingskennsla*
- *Verklegar æfingar*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytni í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum, áhuga þeirra og getu*
- *Hanna verkefni og vinna verkefni út frá eigin sköpun*
- Fá tækifæri til að finna nýjar leiðir

*iv. **Námsmat og námsmatsaðlögun***

Umgengni, framvinda og hæfni er metin í lok lotu.

# 3.7. Textílmennt val

## Viðmið um námshæfni í textílmennt

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

| **Efnisþættir:** | **Viðmið um námshæfni í textílmennt** | **Þ** | **L** | **V** |
|---|---|---|---|---|
| *Handverk og tækni* | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br>• beitt fjölbreyttum aðferðum og áhöldum greinarinnar við formun textílafurða<br>• rökstutt eigið val á textílefni eftir viðfangsefni og efnisfræði<br>• unnið með snið og uppskriftir, tekið mál , áætlað stærðir og efnisþörf | | | |
| *Sköpun, hönnun og útfærsla :* | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br>• beitt skapandi og gagnrýnni hugsun í hönnum og textílvinnu<br>• skreytt textílafurð á skapandi og persónulegan hátt<br>• lagt mat á eigin vinnubrögð, sagt frá góðu handbragði, formi og hönnun og notað til þess viðeigandi hugtök<br>• nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga á gagnrýninn hátt um efni sem tengist textílsögu, hönnun og iðnaði | | | |
| *Menning og umhverfi:* | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br>• hagnýtt þá sérhæfðu leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast á skapandi hátt og sýnt frumkvæði<br>• skipulagt vinnu sína með sjálfbærni í huga<br>• sýnt frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnusvæði<br>• fjallað um helstu um tákn og merkingar vefjarefna<br>• sagt frá textíliðnaði og starfsgreinum tengdum fatagerð og textíhönnun<br>• sagt frá vinnslu textílefna við mismunandi aðstæður og sett í samhengi við sjálfbærni og umhverfissvernd<br>• sýnt frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnusvæði | | | |

### Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgreinin textílmennt er yfirgripsmikil grein sem felur í sér þátt hönnunar og handverks. Textílmennt á sér djúpar rætur í menningu þjóðarinnar, rætur sem liggja í heimi sögunnar, verkmenningu og listum. Textílnám byggist meðal annars á þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun þar sem nemendur vinna með efni og áhöld greinarinnar á sjálfstæðan hátt. Textílnám gefur nemendum tækifæri til að þroska samhæfingu hugar og handa, upplifa og tjá sig um leið.

Textílmennt er ríkur þáttur í félagslegur veruleika þar sem einstaklingarnir skapa sér persónulegan stíl í klæðnaði og í sínu nánasta umhverfi. Nemendur læra að búa til afurðir sem hafa persónulegt gildi.

Tímafjöldi: Kennt er einu sinni í viku 80 mínútur í senn allan veturinn.

i. ***Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Nemendur nýta sér aðferðir sem þeir hafa áður lært*
- *Vinna með snið, uppskriftir og tekið mál*
- *Fræðst um hönnun, framleiðslu og fjöldaframleiðslu í textíl*

ii. ***Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Verkefni frá kennara*
- *Ýmsar handavinnubækur, sníðablöð og snið*
- *Veraldarvefurinn*

iii. ***Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Innlögn*
- *Hugmyndavinna*
- *Sýnikennsla*
- *Einstakingskennsla*
- *Verklegar æfingar*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytni í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum, áhuga þeirra og getu*
- *Hanna verkefni og vinna verkefni út frá eigin sköpun*
- *Fá tækifæri til að finna nýjar leiðir*

iv. ***Námsmat og námsmatsaðlögun***

Umgengni, framvinda og hæfni er metin í lok vetrar.

# 4. Náttúrugreinar

### Viðmið um námshæfni í náttúrugreinum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Verklag: Geta til aðgerða**

- Útskýrt hvernig tækni getur haft áhrif á lífsgæði
- Tekið rökstudda afstöðu til málefna

**Verklag: Nýsköpun og hagnýting þekkingar**

- Tekið þátt í skipulagi og unnið eftir verk- og tímaáætlun hóps

**Verklag: Gildi og hlutverk vísinda og tækni**

- Skýrt með dæmum hvernig náttúruvísindi, tækni, menning, heimsmynd mannsins og náttúran hafa áhrif hvert á annað

**Verklag: Vinnubrögð og færni í náttúrugreinum**

- Lesið texta um náttúrufræði sér til gagns, umorðað hann og túlkað myndefni honum tengt
- Geti lýst einkennum dýra- og plöntufruma
- Lesið texta um náttúrufræði sér til gagns, umorðað hann og túlkað myndefni honum tengt
- Hafi grunnskilning á bakteríum og hvernig maðurinn nýtir bakteríur í sína þágu og hvernig hann getur varist skaðsemi þeirra.
- Lesið texta um náttúrufræði sér til gagns, umorðað hann og túlkað myndefni honum tengt
- Geti lýst lifnaðarháttum veira og sérstöðu þeirra.
- Framkvæmt eigin athuganir inni og/eða úti
- Beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúrugreinum í 8. bekk:<br>Gró, gróhirsla, fræ, fræplöntur, æðplöntur, rætur, rætlingar, blaðgræna, stöngull, æðstrengir, ljóstillífun, eggbú, eggleg, bikarblað, krónublað, fræfill, frjóhnappur, fræva, fræni, frævun, frjópípa, stíll, frævarar, frjókorn, aldin, sjálffrævun, aðfrævun, kynlaus fjölgun, renglur, spírun, kímblöð.
- Aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr heimildum með því að nota hand- og fræðibækur, netið og aðrar upplýsingaveitur.
- Beitt vísindalegum vinnubrögðum, s.s. tilraunum og athugunum á gagnrýnin hátt við öflun upplýsinga innan náttúruvísinda

**Viðfangsefni: Efling ábyrgðar á umhverfinu**

**Viðfangsefni: Að búa á jörðinni**

**Viðfangsefni: Lífsskilyrði manna**

- Lýst hringrás efna og flæði orku í náttúrunni,
- Útskýrt ljóstillífun og bruna og gildi þeirra

**Viðfangsefni: Náttúra Íslands**

- Gert grein fyrir eigin athugunum á lífverum, hegðun þeirra og búsvæðum.
- Útskýrt flokka lífvera eftir skyldleika:
- Getur lýst sameiginlegum einkennum lífvera og uppruna þeirra.
- Útskýrt flokka lífvera eftir skyldleika
- Geti gert grein fyrir flokkun lífvera í ættir og tegundir.
- Útskýrt þarfir ólíkra lífvera í ólíkum vistkerfum
- Gert grein fyrir eigin athugunum á lífverum, hegðun þeirra og búsvæðum: Þörungar

- Gert grein fyrir eigin athugunum á lífverum, hegðun þeirra og búsvæðum: Frumdýr
- Gert grein fyrir eigin athugunum á lífverum, hegðun þeirra og búsvæðum: Sveppir
- Gert grein fyrir eigin athugunum á lífverum, hegðun þeirra og búsvæðum: Fléttur

**Viðfangsefni: Heilbrigði umhverfsins**

**Viðfangsefni: Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu**

- Geti nýtt frumukenninguna og lotukerfið til að útskýra eiginleika efna, efnabreytinga og hamskipta.

## c. Grunnþættir menntunar í náttúrugreinum

| **Grunnþáttur** | Áhersluþættir grunnþátta menntunar |
|---|---|
| HEILBRIGÐI OG VELFERÐ: |  Skólinn tekur mið af öllum þörfum barna og ungmenna á einstaklingsbundin hátt. Vinna markvisst að því að styðja jákvæðan skólabrag, bættan námsárangur og vellíðan. Gefa áhugasviði nemenda aukið rými í skólastarfinu og byggja upp jákvæða sjálfsmynd nemenda. |
| JAFNRÉTTI: |  Að skapa tækifæri til þess að allir geti þroskast á eigin forsendum og ræktað hæfileika sína óháð getu, kyni, kynhneigð eða kynþætti. |
| LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI: |  Að nemendur taki afstöðu til siðferðilegra álitamála. Nemendur eru virkir, sýni samábyrgð og taki þátt í að móta umhverfi sitt. |
| LÆSI: |  Að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á. |
| SJÁLFBÆRNI: |  Að nemendur takist á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags. Að nemendur átti sig á að hver einstaklingur skiptir máli í samfélaginu og hafi ákveðinn rétt, ábyrgð og skyldur. Að nemendur tileinki sér lýðræðisleg vinnubrögð og að markmið menntunar sé geta til aðgerða. |
| SKÖPUN: |  Að gera nemendum kleift að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga og virkja ímyndunarafl sitt. Sköpun byggist á gagnrýninni hugsun og aðferðum sem sífellt opna nýja möguleika og því skiptir sköpunarferlið ekki síður máli en afrakstur verksins. |

## 4.1 Eðlis- og efnavísindi

### Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Tímafjöldi: 3 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði út skólaárið).

***i. Viðfangsefni í náminu***

*Efnisheimurinn:*

Helstu efnisþættir eru frumefni, efnasambönd, efnablöndur, frumeindamassi, sameindamassi hamskipti, suðumark, bræðslumark, frumeindir, lotukerfið, sameindir, jónir.  Mikilvægt er að nemendur:

- *geti tengt skilning og vinnubrögð úr náttúrufræðinámi við önnur verkefni, greinar í skólanum og í daglegu lífi.*
- *þekki efni á ákveðnum sérkennum þeirra eins og eðlismassa, suðumarki og bræðslumark.*
- *þekki uppbyggingu frumeinda.*
- *skilji hugtakið frumefni og þekkja hvernig frumefnum er raðað í ákveðið kerfi, lotukerfi.*
- *skilji hvernig sameindir frumefna og efnasambanda myndas.*
- *geti beitt þekkingu sinni á sérkennum og uppbyggingu efna við ýmis verkefni.*

*Eðlisfræði 1:*

Rafmagn, eðli þess og eiginleikar. Þá kemur kafli um hljóð þar sem m..a er lögð áhersla á hljóðið í umhverfi fólks. Því næst kemur kafli um varma og veður og litlillega er fjallað um massa og að lokum er kafli um eðli ljóssins og einkenni þar sem m.a. er fjallað um þróun ljósleiðaratækni, geislun og fleira. Farið verður í efnisþættina og  nemendur undirbúa sig fyrir tímana með því að lesa heima og/eða vinna verkefni. Námsmat verður eftir hvern kafla. Lögð verður áhersla á að nemendur geti:

- *lesið texta um náttúrufræði sér til gagns, umorðað hann og túlkað myndefni honum tengdum.*
- *skipulagt vinnuferli og ákveðið hvers konar athugandir, búnaður, gögn og vinnubrögð eru við hæfi.*
- *unnið sjálfstætt við öflun upplýsinga og hagnýtt sér ýmsar leiðir til þess.*
- *skráð og unnið úr gögnum, sjálfstætt og í samstarfi, skv. fyrirmælum eða eftir eigin hugmynd.*
- *beitt algengustu hugtökum og heitum náttúrufræðinnar.*
- *rökrætt einstakar aðgerðir sem skref í sjálfbærri þróun samfélagsins.*
- *útskýrt hvernig orka getur breytt um mynd og lýst ólíkum leiðum við nýtingu og dreifingu orku.*
- *útskýrt rafkrafta og hegðun rafstrauma í ráfrás og gefið dæmi um hvernig rafrásið eru notaðar í daglegu lífi.*
- *útskýrt samspil varmaorku og efnis.*
- *útskýrt eiginleika hljóðs og annarra bylgna, myndun þess, flutning og upptöku.*
- *útskýrt hegðun ljóss, s.s. ljósbrot og litróf  og af hverju við sjáum liti.*
- *gert* sér grein fyrir tengslum rafmagns og segulmagns.

***ii. Námsgögn ogkennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Efnisheimurinn (Kafli 1 og 2), Eðlisfræði 1, ljósrit, heimildamyndir, vefefni og verkefni.*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Nemendur lesa kafla heima.  Kennari fer í efni kaflans með powerpoint-fyrirlestri.  Nemendur vinna svo sjálfir ákveðnar spurningar úr kaflanum.  Kennari fer yfir spurningarnar.  Nemendur fá útprentaðar glósur ú powerpoint-fyrirlestri.  Nemendur vinna sjálfir og í hópum.* Í náminu er

eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Nemendur sem það þurfa munu fá svör við spurningum ásamt því að geta nýtt sér hljóðbók á vef námsgagnastofnunar sér að kostnaðarlausu. Einhverjir nemendur munu sleppa ákveðnum prófum eða taka einstaklingsmiðuð stjörnumerkt próf eftir atvikum.*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- *Kaflapróf*
- *Heimapróf*
- *Svindlmiðapróf*
- *Rafræn próf*
- *Jafningjamat í hópavinnu*
- *Kennaramat á verkefnum úr hópavinnu*

**4.2 Jarð- og stjörnufræði:** Ekki kennt í 8. Bekk.

**4.3 Lífvísindi:**

***i. Viðfangsefni í náminu***

Helstu efnisþættir eru líffræðilegur fjölbreytileiki, bakteríur og veirur, þörungar og frumdýr, sveppir og fléttur, plöntur, dýr og atferlisfræði. Mikilvægt er að nemendur:

- *Geti lýst sameiginlegum einkennum lífvera og uppruna þeirra.*
- *Geti lýst grunnhugsun vísindalegra vinnubragða.*
- Geti lýst einkennum dýra og plöntufruma.
- *Geri sér grein fyrir því að líf myndast einungis af öðru lífi með kynlausri æxlun eða kynæxlun.*
- *Geri sér grein fyrir að lífverur þroskast á mismunandi hátt á lífsleiðinni.*
- *Kynnist hugmyndum um uppruna og þróun lífsins.*
- *Geti lýst hringrás efna og orku í náttúrunni.*
- Geti gert grein fyrir flokkun lífvera í ættir og tegundir.
- *Geti lýst gildi fjölbreytileika lífvera á jörðinni og þekki hugtakið líffræðilegur fjölbreytileiki.*
- *Geti lýst hvernig maðurinn nýtir bakteríur í sína þágu og hvernig hann getur varist skaðsemi þeirra.*
- *Geti lýst lifnaðarháttum veira og sérstöðu þeirra .*
- *Geti lýst lífsferlum og næringaröflun sveppa og læra að þekkja gagnsemi og skaða sem af þeim hlýst.*
- *Átti sig á og þekki helstu einkennum plantna.*
- *Átti sig á því að allar lífverur gegna ákveðnu hlutverki í hringrás náttúrunnar.*
- *Þekki helstu hópa plantna og átti sig á sameiginlegum og/eða ólíkum einkennum þeirra.*

- *Þekki helstu hópa dýra.*
- *Átti sig á og skilji mun á dýrum og plöntum m.a. með tilliti til næringaröflunar og fjölgunar.*
- *Geti lýst dæmum um fjölbreytni í samskiptum lífvera, s.s. samhjálp, samkeppni, gistilíf, sníkjulíf.*
- *Geti lýst dæmum um að vistkerfi byggist á samspili lífvera innbyrðis og við lífvana umhverfi.*
- *Geti útskýrt mögulegar afleiðingar þess ef fæðukeðjur raskast.*
- *Geti lýst orkuflæði í vistkerfum og í náttúrunni.*
- Lesið texta um náttúrufræði sér til gagns, umorðað hann og túlkað myndefni honum tengt.

- Framkvæmt og útskýrt sérhannaðar eða eigin athuganir úti og inni.

**4.4 Umhverfismennt:**
Ekki er fjallað beint um umhverfismennt í 8. Bekk.

# 5. Samfélagsgreinar

**Viðmið um námshæfni í samfélagsgreinum**

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Reynsluheimur**
- Nemandi geti fjallað og skilið stöðu Íslands í heiminum í dag.
- Nemandi þekki Hafnarfjörð og hvað hafði áhrif á mótun bæjarins.
- Nemandi þekki og skilji hugtök sem eru notuð um menningar- og samfélagsmálefni.
- Nemandi þekki hugtökin vistspor og sjálfbæra þróun.
- Nemandi geti fjallað um myndin alheimsins og þróun jarðar fram á okkar tíma.
- Nemandi þekki og skilji innræn- og útræn öfl og hvaða áhrif þau hafa á jörðina.
- Nemandi þekkir og skilur áhrif gróðurfars á heiminn.
- Nemandi þekkir og skilur áhrif loftslags og vinda á heiminn.
- Nemandi þekkir og skilur áhrif hafstrauma.
- Nemandi skilur hvernig atburðir og ákvarðanir manna hafa áhrif á umhverfi sitt.
- Nemandi skilur hvernig auðlindir tengjast sjálfbærri þróun.
- Nemandi geti lesið og skilið kort í ýmsum myndum.
- Nemandi sýnir fram á þekkingu á málefnum og getur litið á báðar hliðar mála í tengslum við söguna, gagnrýn hugsun.
- Nemandi skilji hvernig ýmis efni s.s. samfélag, umhverfi, menning, gjörðir manna, náttúran, hugmyndastefnur og/eða tilviljanir hafa áhrif á hvernig sagan mótast.
- Nemandi þekki og skilji áhrif innlendra og erlendra atburða á hvernig íslenskt þjóðfélag þróaðist.
- Nemandi þekki söguna um ákveðinn atburð.
- Nemandi þekki og skilji mismunandi tegundir lýðræðis.
- Nemandi viti hvernig á að bregðast við hinum ýmsu hættuaðstæðum.

**Hugarheimur**
- Nemandi þekki styrkleika sína og geti nýtt sér þá í ákvarðanatökur.

- Nemandi getur tekið ábyrgð á ákvörðum sínum.
- Nemandi getur tekið ábyrgð á eigin heilsu og lífsháttum.
- Nemandi getur tekið ábyrgð á eigin námi.
- Nemandi geti sett sig í spor einstaklinga með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum tímum og stöðum.

**Félagsheimur**

- Nemandi getur tekið þátt í samstarfi og umræðum.
- Nemandi getur útskýrt hvernig menningarheimar eru ólíkir.
- Nemandi getur borið virðingu fyrir ólíkum menningarheimum og rétt allra á frelsi óháð skoðunum, gildi, trú, kynhneigð og kynþætti.
- Nemandi getur tekið ábyrgð á umgengni sinni.
- Nemandi sýnir metnað við að koma þekkingu sinni fram í verkefnum.
- Nemandi sýnir metnað við að koma þekkingu og viðhorfi sínu fram í verkefnum.
- Nemandi sýnir metnað við að skila fjölbreyttum verkefnum sem eru markviss þar sem þekking nemenda kemur fram.
- Nemandi sýnir metnað við að skila af sér fjölbreyttum verkefnum sem eru markviss þar sem þekking og viðhorf nemenda kemur fram.
- Nemandi sýnir metnað við að skila fjölbreyttum verkefnum.
- Nemandi getur kynnt verkefnið sitt fyrir framan nemendur og kennara.

# 5.1. Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Heimspekileg – siðfræðileg- og trúarbragðafræðileg umræða flæðir í gegnum námsefnið í heild sinni. Með heimspekinni glímum við við grundvallarspurningar um veruleikann, tilvist og stöðu mannsins í alheiminum. Trúarbragðafræðinni er ætlað að auka skilning á ríkjandi trúarbrögðum og ólíkum trúarhefðum, með umburðalyndi og víðsýni að leiðarljósi. Siðfræði kennir hvernig mögulegt er að rannsaka siðræn gildi efla siðvit og ræða saman um siðferðisleg álitamál.

Tímafjöldi: Ekki er kennt eftir sérstökum tímafjölda heldur flæðir umræðan í gegnum allt námsefnið. ***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Sjá viðfangsefni 5.3

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Um Víða veröld: Heimurinn og
Lýðræði og tækni.

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Innlagnir*

- *Hópavinna*
- *Samvinnunám*
- *Umræður/rökræður*
- *Heimildaleit*
- *Leitarnám*
- *Einstaklingsnám*
- *Bókavinna*
- *Heimavinna*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Annað efni*
- *Ítarefni*
- *Myndefni*
- *Sérkennsla*
- *Afsláttur veittur*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- *Próf: kaflapróf, yfirlitspróf*
- *Kannanir*
- *Símat*
- *Heimapróf*
- *Samvinnupróf*
- *Glósupróf*
- *Sjálfsmat*
- *Jafningjamat*
- *Vinnubókarmat*
- *Hópverkefni*
- *Einstaklingsverkefni*
- *Munnleg próf*
- *Munnlegt mat*

# 5.2. Jafnrétti og lífsleikni

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Megin viðfangsefni námssviðsins er að efla alhliða þroska nemandans til þess að hann geti betur tekist á við kröfur og áskoranir daglegs lífs. Námsþættir lífsleikni eiga að auka sjálfsþekkingu nemandans, aðstoða hann við að móta sér ábyrgan lífsstíl og lífsgildi, finna sér fótfestu og tilgang í lífinu og rækta með sér færni til að byggja upp og viðhalda innihaldsríkum samskiptum við aðra.

Tímafjöldi: Ekki er kennt eftir sérstökum tímafjölda heldur flæðir umræðan í gegnum allt námsefnið. ***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Sjá viðfangsefni 5.3

***i. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Um Víða veröld: Heimurinn og Lýðræði og tækni

***ii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Fyrirlestrar*
- *Innlagnir*
- *Hópavinna*
- *Samvinnunám*
- *Umræður/rökræður*
- *Heimildaleit*
- *Leitarnám*
- *Einstaklingsnám*
- *Bókavinna*
- *Heimavinna*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Komið er til móts við ólíkar þarfir nemenda*

***iii. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

*Símat*

- *Sjálfsmat*
- *Jafningjamat*
- *Vinnubókarmat*
- *Hópverkefni*
- *Einstaklingsverkefni*
- *Munnlegt mat*

# 5.3. Landafræði, saga, og sam-/þjóðfélagsfræði

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.
Í landafræði í 8. bekk er lögð áhersla á fólksfjölda í heiminum, náttúru og loftslag ákveðinna ríkja og heimsálfa og lifibrauð þeirra.
Í sögu er lögð áhersla á landbúnaðarsamfélagið, nútíma-og iðnvæðingu á Íslandi, vélvæðingu og breytingar á sjávarútvegi, þéttbýli, verslun og landbúnað, heimastjórn og fyrsta ráðherrann, fjarskipti, samgöngur og fræðslumál, fyrri heimsstyrjöldina og loks fullveldið.

Tímafjöldi: 3 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. ***Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru að nemendur:

Raunheimur:

- Nemandi þekki og skilji áhrif iðnbyltingarinnar á heiminn.
- Nemandi þekki þá þætti sem mótuðu landslag og umhverfi þess í dag.
- Nemandi viti hvað auðlind er og skilji hugtakið í samhengi við verndun náttúru og nýtingu mannsins.
- Nemandi hafi skilning á hvernig búseta manna getur haft áhrif á lífskjör þeirra.
  - Nemandi þekki helstu atvinnuhætti í hverri heimsálfu fyrir sig og hvernig það hefur áhrif á lífsgæði einstaklinga.
  - Nemandi þekki loftlagsbelti og áhrif þeirra á gróðurfar og dýralíf.
  - Nemandi þekki mismunandi gróðurfar í heiminum og áhrif þeirra á búsetu manna.
  - Nemandi þekki hvar landsvæði og lönd eru staðsett í heiminum og geti fundið þau á landakortum.
  - Nemandi þekki landakort heimsins á þeim tíma sem þeir eru að fræðast um.
  - Nemandi geti sett sig í spor einstaklinga með aðra menningu, trúarbrögð og kynhneigð.
  - Nemandi skilji og þekki áhrif trúarbragða á líf einstaklinga og samfélaga.
  - Nemandi skilji og þekki stöðu Íslands í heiminum á hverjum tíma.
  - Nemandi þekki áhrif manna á umhverfið.
  - Nemandi geti bent á, fyrirbyggt og brugðist rétt við ýmsum hættum og slysagildrum í umhverfinu og náttúrunni.
  - Nemandi þekki helstu byltingar á 18. og 19.öld og áhrif þeirra.
- Nemandi þekki og skilji hugtakið um þjóðríki
- Nemandi þekki og skilji hugtakið um sjálfbæra þróun.
- Nemandi þekki og skilji hugtakið þjóðernissinni.

Hugarheimur:

- Nemandi geti komið skýrt frá sér munnlega upplýsingum.
- Nemandi geti unnið sjálfstætt og skilað af sér verkefnum.

Félagsheimur:

- Nemandi geti unnið í samvinnu við aðra.
- Nemandi geti sinnt velferð og hag samferðafólks síns.

ii. ***Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Um Víða veröld: Heimurinn og Lýðræði og tækni

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Innlagnir*
- *Hópavinna*
- *Samvinnunám*
- *Umræður/rökræður*
- *Einstaklingsnám*
- *Heimildaleit*
- *Leitarnám*
- *Bókavinna*
- *Heimavinna*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Annað efni*
- *Ítarefni*
- *Myndefni*
- *Heimildir*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- *Próf: kaflapróf, yfirlitspróf*
- *Kannanir*
- *Símat*
- *Heimapróf*
- *Samvinnupróf*
- *Glósupróf*
- *Sjálfsmat*
- *Jafningjamat*
- *Vinnubókarmat*
- *Hópverkefni*
- *Einstaklingsverkefni*
- *Munnleg próf*
- *Munnlegt mat*

# 6. Skólaíþróttir

## Námshæfni – viðmið og mat

Mat á námshæfni felur í sér að meta árangur nemenda í skólaíþróttum í lok námstíma. Þau byggjast á (a) viðmiðum og (b) kvarðanum A-D til að meta viðmiðin sem liggja til grundvallar námsmati í lok skólaárs. Það er þó hvers skóla að ákveða hvort hann nýtir A-D kvarðann fyrr en í 10. bekk eða aðra matskvarða þótt hæfniviðmiðin liggi alltaf til grundvallar námsmati hverjar sem aðferðir og matskvarðar eru í einstaka skólum og bekkjum/árgöngum.

## Viðmið um námshæfni í skólaíþróttum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Heilsa og velferð**

- Þekkt og nýtt sér stöðluð próf til að meta eigin líkamshreysti og líkamsþol
- Þekkt æfingar sem efla þol, kraft, hraða og viðbragð
- Iðkað íþróttir, leiki á skólalóð og í nærsamfélagi
- Nýtt sér fjölbreyttar aðferðir til daglegrar hreyfingar
- Sagt frá hvernig og afhverju mikilvægt sé að hafa jákvætt viðhorf í íþróttatímum
- Rætt um jákvæða sjálfsmynd og fjölbreytta möguleika til hreyfingar

**Hreyfing og afkastageta**

- Sýnt og framkvæmt styrktaræfingar og samsettar hreyfingar sem reyna á hámarksgetu og úthald
- Þekkt undirstöðuatriði helstu íþróttagreina sem stundaðar eru hér á landi

**Félagslegir þættir og samvinna**

- Skilja mikilvægi leikregla
- Þjálfast í að skipuleggja, framkvæma og bera ábyrgð á hópvinnu sem snýr að íþróttum og leikjum
- Fara eftir fyrirmælum kennara og starfsmanna
- Tekist á við aðstæður í leikjum og æfingum þar sem veita þarf félaga eða félögum hvatningu
- Sýnt öðrum virðingu og umburðarlyndi í leik og starfi

**Öryggi og skipulag**

- Þekkt helstu reglur um umgengni og öryggi í íþróttahúsum
- Brugðist við óvæntum aðstæðum sbr. slys eða óhapp í íþróttatíma
- Umgengist tæki og áhöld á öruggan hátt

**Sund**

- 400 m frjáls aðferð, viðstöðulaust
- 50 m baksund
- 75 m skriðsund
- 25 m flugsund með eða án hjálpartækja.
- Tímataka: 50 m bringusund Lágmark: 67 sek.
- Tímataka: 25 m skriðsund Lágmark: 30 sek.
- Troða marvaða í eina mínútu.
- Synda 8 metra kafsund að hlut á botni laugar. Syndir með hann til baka (ekki í kafi). Æfingin endurtekin eftir 10 sek.
- Þekkt helstu reglur um umgengni og öryggi í sundlaugum
- Nýtt sér fjölbreyttar aðferðir til daglegrar hreyfingar

- Sýnt starfsfólki sundlauga tillitssemi og virðingu
- Sýnt öðrum virðingu og umburðarlyndi í leik og starfi

## Grunnþættir menntunar í skólaíþróttum

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í skólaíþróttum:

| **Grunnþáttur** | Áhersluþættir grunnþátta menntunar<br>Að nemandi |
|---|---|
| *HEILBRIGÐI OG VELFERÐ:* | • hreyfi sig alla daga vikunnar.<br>• taki þátt í æfingum og leikjum sér til ánægju ásamt því að efla eigið líkamshreysti.<br>• taki þátt í íþróttum og sundi til að efla félagsleg tengsl og samvinnu við samnemendur.<br>• að nemendur taki ábyrgð á eigin heilsu og skilji mikilvægi svefns, réttrar næringar og daglegrar hreyfingar. |
| *JAFNRÉTTI:* | • stundi fjölbreytta hreyfingu s.s. íþróttir, sund eða útivist sem eru án fordóma á skólatíma og í nærsamfélagi.<br>• hafi fengið kynningu á sem flestum íþróttagreinum.<br>• fái tækifæri, óháð kyni, til að njóta styrkleika sinna í íþróttum og sundi og ýta þar með undir jákvæða sjálfsmynd nemenda |
| *LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI:* | • fái tækifæri að velja sér æfingu eða leiki sem hann hefur áhuga á og er við hæfi.<br>• hafi tækifæri til að koma með tillögur að æfingum eða leikjum eða hafa áhrif á skipulag kennslu þegar við á.<br>• hafi jafnan rétt á við aðra að stunda hreyfingu í a.m.k. 3 svar í viku í 40 mín. í senn. |
| *LÆSI:* | • þekki áhrif þjálfunar á helstu líffæri eins og hjarta og lungu en einnig á vöðva- og taugakerfið.<br>• læri að taka sigri jafnt sem tapi og sýni íþróttamannslega framkomu.<br>• taki þátt í leikjum sem styrkja samvinnu og samskipti nemenda.<br>• þekki og fylgi leikreglum og geti skorið úr ágreiningi ef upp kemur |
| *SJÁLFBÆRNI:* | • fái tækifæri til að velja leik eða hreyfingu sem honum finnst áhugaverð og skemmtileg.<br>• hafi jákvæða upplifun af íþróttaiðkun og skilji mikilvægi reglubundinnar hreyfingar.<br>• sé meðvitaður um gildi æfinga og leikja, leggi sig ávallt fram og sé virkur og áhugasamur í íþróttatímum og sundi. |
| *SKÖPUN:* | • fái tækifæri til að búa til, útskýra eða hanna reglur eða leik<br>• fái tækifæri til að sjá um upphitun og skipuleggja kennslustund í íþróttum og sundi einn eða í hóp. |

# 6.1. Íþróttir

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**
Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Tímafjöldi: Tvær 40 mín. kennslustundir á viku að jafnaði yfir skólaárið.

i. ***Viðfangsefni í náminu***
Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- ***Grunnþættir líkams- og hreyfiþroska*** ○ *Líkamsstaða og líkamsbeiting, samhæfing, styrkur, þol, hraði, jafnvægi, liðleiki*
- ***Líkams- og heilsurækt*** ○ *Styrktaræfingar, stöðvaþjálfun, útihlaup, þrekþróf, þolþróf*
- ***Knattleikir*** ○ *Knattspyrna, handknattleikur, körfuknattleikur, blak,*
- ***Spaðaíþróttir*** ○ *Badminton, bandý*
- ***Leikir***
  ○ *Boltaleikir, hlaupa- og viðbragðsleikir, kraftleikir, leiknileikir, samvinnuleikir, ratleikir.*
- ***Áhaldafimleikar***
  ○ *Gólfæfingar, stökk yfir hest / kistu / kubbur, sveiflur í köðlum*
- ***Frjálsíþróttir*** ○ *Hlaup, stökk, köst, víðivangshlaup, boðhlaup*
- ***Sértækir námsþættir*** ○ *Skólamót í leikjum, íþróttagreinum, frjálsum, sundi, skólaþrekmót, göngu- og hjólaferðir.*

ii. ***Námsgögn og kennsluefni***
Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- ***Áhöld í íþróttasal***
  ○ ***Minni áhöld**: Boltar, gjarðir, sippubönd, snú-snú bönd, teygjur, léttar dýnur, liðabönd, vesti, mjúkir boltar, badmintonflugur og spaðar, bandý boltar og kylfur, keilur, skeiðklukkur, málband, spilastokkur, mottur.*
  ○ ***Stærri áhöld:** Kistur, kubbar, hestar, kaðlar, slár, badminton uppistöður, blak uppistöður, mörk, körfur, bekkir, stærri dýnur, stökkbretti, boltagrindur, boltanet.*

- ***Áhöld í skóla og á skólalóð*** ○ ***Minni áhöld:** Boltar, sippubönd, snú-snú bönd, teygjur, mjúkir boltar, liðabönd, vesti, bandý kylfur.*
  ○ ***Stærri áhöld:** Klifurbrautir, rólur, mörk, gervigrasvöllur, körfur, yfir veggur.*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- ***Kennsla í íþróttahúsi*** ○ *Íþróttasalur*
- ***Kennsla utanhúss*** ○ *Skólalóð*
- ***Heimanám (foreldrar)*** ○ *Nemendur eru hvattir til að stunda íþróttir og almenna hreyfingu utan skólatíma og mæta þannig kröfum námsins.*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- ***Kennsluaðferðir*** ○ *Sýnikennsla, vettvangsferðir, endurtekningaræfingar, námsleikir, stöðvaþjálfun, áfangaþjálfun, stöðugt þjálfunarálag, þrautabrautir, hlutverkaleikir, hermileikir, kannanir, hópvinna.*
- ***Kennsluaðferðir og leiðir***
    - *I þad og tengd tæki.*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Lykilhæfni:

- ***Hreyfing og afkastageta***
    - ***Námsmat***
        - *Færni- og afkastagetupróf*
        - *Þolpróf*
- ***Félagslegir þættir og samvinna***
    - ***Námsmat***
        - *Virkni í kennslustundum, ástundun og færni.*
- ***öryggi og skipulag:***
    - ***Námsmat***
        - *Að fara eftir reglum, m.a. öryggisreglum í íþróttahúsi*
        - *Að fylgja fyrirmælum kennara og starfsmanna*

**Námshæfni:**

- *Stöðumat nokkrum sinnum yfir skólaárið, miðað er við samhæfingu, styrk, sprengikraft, liðleika og þrek.*

## 6.2. Sund

### Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum. Tímafjöldi: Ein 40 mínútna kennslustund að jafnaði á viku yfir skólaárið.

Áhersla er lögð á að nemandi þjálfist og öðlist aukna færni í mismunandi sundaðferðum.

*i.* ***Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í sundi eru:

- ***Grunnþættir líkams- og hreyfiþroska*** *o Að nemandi þjálfist í æskilegri líkamsstöðu í vatni og líkamsbeitingu, samhæfingu, liðleika, þoli, krafti, viðbragðs og hraða auk almennrar vatnsaðlögunar*
  - *Að nemandi geti synt 400 m viðstöðulaust með frjálsri aðferð*
- ***Bringusund***
  - *Að nemandi nái tökum á legu, takti, rennsli, öndun, armtaki og fótataki.*
  - *Að nemandi geti synt 50 m bringusund að lágmarki á 1:07,0 sek.*
- ***Skólabaksund***
  - *Að nemandi nái tökum á legu, takti, rennsli og samhæfingu í armtaki og fótataki*
- ***Skriðsund***
  - *Að nemandi nái tökum á legu, takti, rennsli öndun, armtaki og fótataki o Að nemandi geti synt 25 m skriðsund að lágmarki á 30,0 sek.*
- ***Baksund***
  - *Að nemandi nái tökum á legu, takti, rennsli, armtaki og fótataki*
- ***Flugsund***
  - *Að nemandi nái tökum á legu, takti, rennsli, armtaki og fótataki*
- ***Kafsund, köfun og stungur*** *o Að nemandi þjálfist í kafsundi, köfun og stungum o Að nemandi nái að stinga sér af bakka o Að nemandi geti synt 8 m kafsund að hlut á botni laugar, synt með hlutinn til baka (ekki í kafi) og endurtekið æfinguna aftur eftir 10 sek.*
- ***Marvaði***
  - *Að nemandi geti troðið marvaða í eina mínútu*
- ***Fatasund***
  - *Að nemandi þjálfist að synda í fötum*
- ***Leikir*** *o Að nemandi læri að bera virðingu fyrir þörfum og getu annarra. o Að nemandi fái tækifæri til að bæta félagsþroska sinn og samskipti.*
  - *Að nemandi geti tekið þátt í ýmsum leikjum í sundi til að auka færni í samvinnu og að efla þol, styrk, viðbragð og hraða*

*ii.* ***Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- ***Áhöld í sundlaug***
  - *Kútar, núðlur, flotbelti, stór bretti, lítil bretti, sundfit, flotholt af ýmsum gerðum, kafhringir, kafhlið, gjarðir, dýnur, boltar, björgunardúkka*

*iii.* ***Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- ***Kennsla fer fram í*** o *Ásvallalaug* o *Unnið með sundkennsluleiðbeiningar í ákveðinn tíma til að styðja við nemendur til að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:*
    - *Við upphaf kennsluárs*
    - *Um mitt kennsluár*
    - *Við lok kennsluár*
- *Dagleg hreyfing borin saman milli tímabila*
- ***Heimanám (foreldrar)*** o *Nemendur eru hvattir til að stunda sund utan skólatíma og mæta þannig kröfum námsins.*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- ***Kennsluaðferðir*** o *Sýnikennsla, endurtekning, leikir, þolþjálfun, þrautabrautir, hópvinna, samvinna, sköpun*
- ***Kennsluaðferðir og leiðir***
    - o *iPad og tengd tækni*

### *iv. Námsmat og námsmatsaðlögun*

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Lykilhæfni:

- ***Heilsa og velferð;*** o *Námsmat*
    - *Markmiðasetning og framfarir*
- ***Hreyfing og afkastageta****;* o *Námsmat*
    - *Tæknileg útfærsla sundgreina*
    - *8. sundstig*
- ***Félagslegir þættir og samvinna****;* o *Námsmat*
    - *Virkni í kennslustundum*
    - *Viðhorf*
    - *áhugi*
- ***Öryggi og skipulag****;* o *Námsmat*
    - *Að fara eftir reglum á sundstöðum*

Námshæfni:

- *Stöðumat 4-5 sinnum yfir skólaárið, miðað er við viðkomandi sundstig.*

# 7. Stærðfræði

## Viðmið um námshæfni í stærðfræði

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Að geta spurt og svarða með stærðfræði**

- Fundið, sett fram einfaldar stærðfræðiþrautir bæði í tengslum við daglegt líf og viðfangsefni stærðfræðinnar
- Sett upp og túlkað einfalt stærðfræðilegt líkan af raunverulegum aðstæðum. Það getur m.a. falið í sér einfaldan reikning, teikningar, myndrit og einfaldar jöfnur
- Rætt um stærðfræði, skilið og metið einfaldar röksemdir sem settar eru fram af öðrum
- Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar
- Sett fram og notað mismunandi framsetningu á sama stærðfræðiverkefninu
- Lesið úr táknmáli stærðfræðinnar og þekkt þær leikreglur sem gilda um meðferð þess
- Tjáð sig um einföld stærðfræðileg efni munnlega, skriflega og myndrænt
- Valið og notað margvísleg verkfæri, þar með talin tölvutækni, notað þau til að rannsaka einföld stærðfræðileg efni og setja fram niðurstöður sínar á einfaldan hátt

**Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar**

- Tekið þátt í að þróa skipulega fjölbreyttar lausnaleiðir, m.a. með notkun upplýsingatækni
- Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna
- Lesið einfaldan stærðfræðilegan texta og skilið sem settur er fram á táknmáli stærðfræðinnar

**Tölur og reikningur**

- Notað rauntölur á einfaldan hátt
- Notað sætiskerfisritháttt og sýnt að hann skilur þær reglur sem gilda um hann
- Gefið dæmi um mismunandi framsetningu brota, skýrt sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósenta
- Reiknað með ræðum tölum, m.a. við lausnir á jöfnum og öðrum viðfangsefnum algebru
- Notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum
- Nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað þá þekkingu við útreikninga og mat á þeim.

**Algebra**

- Unnið með talnarunur og rúmfræðimynstur til að koma einföldu skipulagi á og sett fram stæður með breytistærðum
- Leyst einfaldar jöfnur

**Rúmfræði og mælingar**

- Notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar þar með talin hugtök um stærðarhlutföll, innbyrðis afstöðu lína, færslur og fræðilega eiginleika forma.
- Teiknað skýringarmyndir og unnið með teikningar annarra út frá gefnum forsendum
- Gert einfaldar rannsóknir á þríhyrningum og reiknað horn út frá þekktum eiginleikum
- Nýtt tölvur til að teikna og rannsaka og setja fram rök um rúmfræðilegar teikningar
- Sett fram einföld rúmfræðileg rök
- Notað teikningar í hnitakerfi

**Tölfræði og líkindi**
- Notað tölfræðihugtök til að setja fram, lýsa, skýra og túlka gögn
- Framkvæmt einfaldar tölfræðikannanir

# 7.0. Stærðfræði

## Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Tímafjöldi: 6 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

Að geta spurt og svarað með stærðfræði, að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar, vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar, tölur og reikningur, algebra, rúmfræði og mælingar, tölfræði og líkindi.

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Skali 1A nemenda og æfingahefti
- Skali 1B nemenda og æfingahefti
- Almenn stærðfræði I, valin dæmi
- *Ljósritaðar þrautir*
- *Ljósrituð verkefni*
- *Rasmus.is*
- *Ítarefni af internetinu.*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *innlagnir,*
- *hópavinna,*
- *samvinnunám,*
- *einstaklingsnám,*
- *bókavinna,*
- *hlutbundin vinna,*
- *þrautir,*
- *gagnvirkt efni,*
- *heimavinna.*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Annað efni*
- *Ítarefni*
- *Sérkennsla*
- *Afsláttur veittur*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- *Próf: lotupróf, yfirlitspróf*
- *Kannanir*
- *Símat*
- *Heimapróf*
- *Samvinnupróf*
- *Glósupróf*
- *Sjálfsmat*
- *Jafningjamat*
- *Vinnubókarmat*
- *Hópverkefni*
- *Einstaklingsverkefni*
- *Munnleg próf*
- *Munnlegt mat*

# 7.1. Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræði

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni.

Að nemendur:

- *Geti nýtt sér táknmál stærðfræðinnar við lestur hennar.*
- *Lesi stærðfræðilegar upplýsingar og dragi af þeim ályktanir.*
- *Rökstyðji niðurstöður sínar og skýri lausnaleiðir.*
- *Beiti stærðfræðiþekkingu sinni á viðfangsefni daglegs lífs.*
- *Geri sér grein fyrir og geti rökstutt mismunandi leiðir við lausnir verkefna.*
- *Beiti hugtökum stærðfræðinnar við skriflegar og munnlegar útskýringar og í umræðum.*
- *Lesi og túlki stærðfræðitexta, greini upplýsingar og vinni úr þeim.*
- *Setji fram tilgátur og finni leiðir til að komast að rökstuddri niðurstöðu.*
- *Öðlist góða tilfinningu fyrir tölum og geti lagt mat á hvort útkoma í reikningsdæmi er sennileg.*
- *Geti lesið úr og túlkað tölulegar upplýsingar.*
- *Geti sett fram tölulegar upplýsingar á fjölbreyttan hátt.*

# 7.2. Tölur, reikningur og algebra

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

Hugareikningur, slumpreikningur og blaðreikningur

- *reikna hratt og skilmerkilega í huganum*
- *reikna með slumpreikningi*
- *reikna með blaðreikningi (skriflegum aðferðum)*

Deilanleiki og þáttun

- *finna með hvaða tölum er hægt að deila í aðra tölu*
- *greina milli frumtalna og samsettra talna*
- *þátta og frumþátta*

Tölur báðum megin við núll

- *reikna með neikvæðum tölum*
- *reikna með mörgum reikniaðgerðum í sama dæminu*

*Veldi*

- *skrifa tölur sem veldi*
- *margfalda og deila í veldi með sömu stofntölu*
- *reikna með veldi og nota margar reikniaðgerðir í sama dæminu*

Almenn brot

- *skrifa tölu sem eiginlegt brot, óeiginlegt brot og blandna tölu*
- *staðsetja almenn brot á talnalínu*
- *lengja og stytta brot*
- *reikna með almennum brotum, meðal annars við útreikninga á viðfangsefnum úr daglegu lífi*

Tugabrot

- *staðsetja tugabrot á talnalínu*
- *breyta almennu broti í tugabrot og öfugt*
- *námunda tugabrot*
- *deila með tugabroti*

Prósent

- *reikna með prósentum*
- *breyta almennu broti og tugabroti í prósent og öfugt og skýra sambandið á milli þeirra*
- *nota prósentureikning við verkefni úr daglegu lífi*

Könnun á mynstrum

- *bera kennsl á mynstur sem form, myndir og tölur mynda*
- *halda áfram með mynstur*
- *lýsa með orðum, formúlum og táknum hvernig mynstur er byggt upp*

Algebrustæður

- *setja úrlausnarefni eða verkefni úr daglegu lífi fram með bókstöfum og tölum; þetta kallast að búa til algebrustæðu*
- *skipta bókstöfum í algebrustæðum út fyrir tölur og reikna gildi stæðnanna*

Bókstafareikningur

- *reikna með bókstöfum*

Jöfnur

- *leysa jöfnur*
- *ganga úr skugga um að lausn jöfnu sé rétt*
- *nota jöfnur til að leysa verkefni úr daglegu lífi*

# 7.3. Rúmfræði, mælingar, tölfræði og líkindi

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

Byggingarefni í rúmfræði

- *lýsa, teikna og þekkja punkta, línur, ferla, hálflínur og strik*
- *útskýra hvað átt er við með hugtakinu horn*
- *mæla og teikna horn og áætla stærð horna*
- *þekkja og nota eiginleika topphorna, grannhorna, lagshorna, einslægra horna, réttra horna, hvassra horna og gleiðra horna*

Rúmfræðiteikningar

- *teikna horn, þverla, samsíða línur og rúmfræðiform*
- *þekkja og nefna heiti rúmfræðiforma*
- *teikna, m.a. með hringfara og reglustiku eða með forritum, þríhyrninga, ferhyrninga og önnur rúmfræðiform sem eru sett saman úr þríhyrningum og ferhyrningum*
- *reikna út hornastærðir í þríhyrningum og ferhyrningum*

Samhverfa og hliðrun

- *þekkja og lýsa ýmsum tegundum samhverfu*
- *teikna, m.a. með hringfara og reglustiku, spegilmyndir, snúninga og hliðrun einfaldra rúmfræðiforma*

Hnitakerfið

- *merkja punkta og línur í hnitakerfi*
- *nota hnit til að spegla rúmfræðiform um ásana*
- *nota hnit til að hliðra rúmfræðiformum samsíða ásunum*
- *nota hnit til að snúa rúmfræðiformum um upphafspunktinn (0, 0)*

Gagnavinna

- *flokka gögn og búa til tíðnitöflur*
- *kynna gögn með súluritum, skífuritum, línuritum og stuðlaritum*
- *finna hlutfallstíðni*
- *nota gagnabanka til að finna ákveðin gögn, lesa, útskýra og túlka gögn*

Greining og útreikningar

- *reikna út gildi sem sýna miðsækni á þrjá mismunandi vegu (meðaltal, miðgildi og tíðasta gildi)*
- *reikna út gildi sem sýna dreifingu gagnanna*
- *bera gögn saman við meðaltöl langs tímabils*

Tölfræðilegar kannanir

- *skipuleggja tölfræðilega könnun*
- *kynna niðurstöður könnunar á trúverðugan og skilmerkilegan hátt, meðal annars með notkun upplýsingatækni*
- *meta hvort heimild gefur rangar upplýsingar*

# 8. Upplýsinga- og tæknimennt

**Viðmið um námshæfni**

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Árgangaviðmið**

- Nýtt upplýsingaver sér til gagns bæði í stýrðu námi og á eigin forsendum
- Nýtt rafrænt námsefni á ýmsu formi í tengslum við nám og vinnu.
- Nýtt hugbúnað við forritun
- Sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum.
- Nýtt sér mismunandi tæknibúnað á hagkvæmilegan og fjölbreyttan hátt.
- Nýtt sér fjölbreyttar leiðir og leitarvélar við markvissa öflun upplýsinga við hæfi.
- Unnið með heimildir og sett fram heimildaskrá.
- Sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og við heimildarvinnu.
- Farið eftir reglum um ábyrga netnotkun, og er meðvitaður siðferðilegt gildi þeirra.
- Nýtt upplýsingaver á fjölbreyttan hátt til þekkingaröflunar og miðlunar
- Unnið sjálfstætt og tekið ábyrgð á eigin námsframvindu
- Unnið á skapandi og gagnrýninn hátt, sjálfstætt og með öðrum
- Nýtt sér til fullnustu möguleika margvíslegs tæknibúnaðar á hagkvæman og markvissan hátt
- Nýtt sér efni á margvíslegu formi
- Verið gagnrýninn á gæði ýmissa upplýsinga.
- Nýtt hugbúnað/forrit við gerð ritunarverkefna, myndvinnslu og hljóð- og tónvinnslu

## 8.2. Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Áhersla er lögð á að kynna nemendum tækni og aðferðir við öflun, úrvinnslu, sköpun og miðlun upplýsinga í tengslum við annað nám. Upplýsingaver styður þessa þætti og stuðlar að fjölbreytni í kennsluháttum og bætir aðgengi allra að námi við hæfi. Í upplýsingaveri fá nemendur þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum, læra að afla sér þekkingar, vega hana og meta, skapa nýja, umbreyta og miðla henni á fjölbreyttan hátt. Nemendur þurfa að búa yfir færni í fingrasetningu, læra ýmis konar framsetningar- og margmiðlunarhugbúnað, sem gerir þeim kleift að miðla þekkingu á fjölbreyttan hátt, s.s. með framsögn, ritsmíð eða stafrænni miðlun með hljóði og mynd. Í upplýsinga- og tæknimennt er lögð áhersla á þverfaglega samvinnu við önnur námssvið. Hæfnisviðmiðin eru sá grundvöllur sem kennsluhættir og námsmat byggjast á. Mikilvægt er að námsmat sé alhliða, nái til allra færnisþátta, endurspegli hæfnisviðmiðin og viðfangsefni námssins. Nemendur fái kynningu í forritun.

Tímafjöldi: 1 kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár.

***i. Viðfangsefni í náminu***

**Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:**

- *Kennt er á ýmsan hugbúnað til að ná fram markmiðum tölvukennslunnar. Rík áhersla er lögð á vinnslu á Microsoft Office. Fræðsla um netöryggi og unnið með heimildir og meðferð upplýsinga við heimildarvinnu.*
- *Einnig læra nemendur að nota sér Internetið og tengja efni þess við Officepakkann  Rétt fingrasetning er kennd og unnið með texta.*
- *Nemendur öðlast færni í grunnatriðum forritunnar, stuðst er við forritið Alice.*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Efni, forrit og verkefni frá kennara allt á tölvutæku formi.*
- *Veraldarvefurinn notaður þegar við á.*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla fram á eftirfarandi hátt:

- *Bein kennsla*
- *Innlagnir*
- *Sýnikennsla*
- *Verklegar æfingar* ***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- *símat*

# 9. bekkur

## Skólanámskrá Áslandsskóla




Skólaárið 2020-2021

# II.1. Samantekt kennslu – Viðmiðunarstundaskrá 9. bekkur

Kennslutímar á viku skiptast í eftirfarandi námsgreinar.

| Námssvið | Námsgreinar | Tímafjöldi í skóla á viku |
|---|---|---|
| 1. Íslenska | 1.1. Talað mál, hlustun og áhorf<br>1.2. Lestur og bókmenntir<br>1.3. Ritun<br>1.4. Málfræði | 1<br>2<br>1<br>2 |
| 2. Erlend tungumál | 2.1. Enska<br>2.2. Danska og önnur Norðurlandamál | 4<br>3 |
| 3. List- og verkgreinar | *A Listgreinar:*<br>3.1. Sviðslistir (dans og leiklist)<br>3.2. Sjónlistir (myndmennt)<br>3.3. Tónmennt<br>*B Verkgreinar:*<br>3.4. Heimilisfræði<br>3.5. Hönnun og smíði<br>3.6. Textílmennt | 3 |
| 4. Náttúrugreinar | 4.0. Náttúrufræði | 3 |
| 5. Skólaíþróttir | 5.1. Íþróttir<br>5.2. Sund | 2<br>1 |
| 6. Samfélagsgreinar | 6.1. Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði<br>6.2. Jafnrétti og lífsleikni<br>6.3. Landafræði, saga, sam-/þjóðfélagsfræði | 1<br>1<br>2 |
| 7. Stærðfræði | 7.0. Stærðfræði<br>(eða)<br>7.1. Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar<br>7.2. Tölur, reikningur og algebra<br>7.3. Rúmfræði, mælingar, tölfræði og líkindi | 6 |
| 8. Upplýsinga- og tæknimennt | 8.1. Miðlamennt og skólasafnsfræði<br>8.2. Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni | <br>1 |
| Valgreinar | | 4 |
| Alls | | 37 |

# 1. Íslenska, íslenska sem annað mál og íslenskt táknmál

## Íslenska

### Viðmið um námshæfni í íslensku

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Talað mál, hlustun og áhorf**

- Flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas
- Gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og nýtt leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu, tónfall , hrynjandi og fas
- Nýtt aðferðir sem hann hefur lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti og rökstutt þær
- Hlýtt á fjölbreytta íslenska bókmenntatexta bæði forna og nýja
- Borið saman myndefni og lesefni
- Nýtt sér fjölmiðla, svo sem útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni
- Átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi
- Lestur og bókmenntir
- Lesið almenna texta af nokkru öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað
- Skilið mikilvægi þess að geta lesið
- Greint og skilið aðalatriði og aukaatriði og glöggvað sig á samhengi texta
- Gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda og gert öðrum grein fyrir því
- Lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér nokkra grein fyrir gildi bókmennta
- Beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði s.s. sjónarhorni, tíma, sögusviði og boðskap og kannast við myndmál og algengustu tákn
- Notað algeng hugtök í bragfræði og þekki mun á bundnu og óbundnu máli
- Leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnagrunnum
- Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju

**Ritun**

- Skrifað skýrt og læsilega, beitt algengum aðgerðum í réttritun og skráð heimildir
- Beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun
- Tjáð hugmyndir sínar og skoðanir í rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti og beitt við það fjölbreyttum orðaforða
- Beitt helstu stafsetningarreglum og greinamerkjasetningu
- Valið og skrifað texta sem hæfa mismunandi verki og beitt orðaforða og málsniði við hæfi
- Unnið í ritvinnslu, valið viðeigandi heimildir og gert heimildaskrá
- Skrifað ólíka textagerð og haft mismunandi lesendur í huga

**Málfræði**

- Beitt helstu málfræðihugtökum og rætt notkun málsins
- Valið orð í tali og ritun í samræmi við málsnið og geri sér grein fyrir mikilvægi auðugs orðaforða

- Flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðabönkum
- Notað fleyg orð og orðasambönd til að auðga mál sitt
- Gert sér grein fyrir mismunandi málsniði eftir efni og tilefni og þekki mismunandi framburð
- Áttað sig á skyldleika íslensku við önnur tungumál
- Nýtt sér tungmálið við ritun, tal og skáldskap
- Gert sér grein fyrir mikilvægi góðrar færni í máli og nýtt sér þekkingu sína á íslenskri málfræði við nám í erlendum tungumálum

# 1.1. Talað mál, hlustun og áhorf

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**
Þjálfun nemenda í töluðu máli fer fram í tímum í formi upplestrar.

Tímafjöldi: 1 tími (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Upplestur ljóða*
- *Upplestur ritunarverkefna*
- *Upplestur á forntexta*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Með fjaðrabliki*
- *Þættirnir Orðbragð*
- *Valin verkefni úr Tungutak 2*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Innlagnir á ljóðahugtökum*
- *Upplestur og flutningur ljóða*
- *Áhorf á sjónvarpsþættina Orðbragð*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Aðlagað námsefni fyrir þá sem þurfa*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- *Símat*
- *Vinna í tímum og heima*
- *Sjálfsmat*
- *Jafningjamat*
- *Hópverkefni*
- *Einstaklingsverkefni*
- *Munnlegt mat*

# 1.2. Lestur og bókmenntir

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**
Samlestur í tímum og heimalestur.

Tímafjöldi: 2 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

***i. Viðfangsefni í náminu***
Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Nemendur kynnist fjölbreyttum bókmenntatextum*
- *Nemendur þekki helstu bókmenntahugtök*
- *Nemendur geti lesið sér til gagns og yndisauka*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***
Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Kjalnesingasaga*
- *Gauragangur*
- *Kjörbækur að eigin vali*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***
Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Samlestur með kennara*
- *Heimalestur og verkefnaskil tengd kjörbók*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Námsefni aðlagað eftir aðstæðum*
- *Notast við hljóðbækur ef við á*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***
Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:
Námshæfni:

- *Próf: kaflapróf, yfirlitspróf*

- *Kannanir*
- *Vinna í tímum og heima*
- *Samvinnuverkefni*
- *Sjálfsmat*
- *Jafningjamat*
- *Hópverkefni*
- *Einstaklingsverkefni*

# 1.3. Ritun

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**
Þjálfun í ritun og mismunandi textar skoðaðir út frá lesendahópi og mismunandi tilgangi.

Tímafjöldi: 1 tími (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Að nemendur þekki mismunandi ritunarstíla*
- *Að nemendur geti tileinkað sér helstu stafsetningarreglur og beitt þeim í ritun*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Skriffinnur*
- *Stafsetning e. Helgu Sigurjónsdóttur*
- *Ýmis ljósrituð ritunarverkefni*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Innlögn frá kennara um mismunandi ritunarstíla sem nemendur vinna með*
- *Nemendur skrifa texta út frá eigin brjósti*
- *Nemendur vinna stafsetningarverkefni*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Námsefni aðlagað við hæfi hvers og eins*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- *Próf*
- *Kannanir*

- *Vinna í tímum og heima*
- *Samvinnupróf*
- *Hópverkefni*
- *Einstaklingsverkefni*

# 1.4. Málfræði

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**
Rætt um mál og málnotkun og málfræðihugtök kennd.

Tímafjöldi: 2 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Nemendur vinna með helstu hugtök málfræðinnar, s.s sagnorð og smáorð  Nemendur vinna verkefni í tengslum við orðflokkagreiningu*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

-  *Sagnorð*
- *Smáorð*
- *Valin verkefni úr Tungutak 2*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Innlögn frá kennara um málfræðihugtök*
- *Nemendur vinna í verkefnabókum*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Sérkennsla fyrir þá sem þurfa*
- *Aðlagað námsefni þegar við á*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- *Próf: kaflapróf, yfirlitspróf*
- *Kannanir*
- *Vinna í tímum og heima*
- *Einstaklingsverkefni*

# 2. Erlend tungumál

**Viðmið um námshæfni í erlendum tungumálum**

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

## 2.1. Enska

**Hlustun**

- Skilji fyrirhafnarlítið þegar talað er nokkuð skýrt um málefni sem hann þekkir
- Geti fylgt nokkuð nákvæmum fyrirmælum og leiðbeiningum, t.d. leiðarlýsingum
- Geti nýtt sér hlustunarefni til frekari vinnu, t.d. í ritun eða endursögn
- Geti fylgt atburðarás í sögu eða frásögn
- Skilji aðalatriði í fréttatengdu sjónvarpsefni sem snertir áhugasvið hans
- Kunni að beita mismunandi aðferðum eftir eðli texta og tilgangi með hlustuninni, t.d. hlustað eftir smáatriðum eða hlustað eftir aðalatriðum

**Lestur**

- Geti lesið og skilið fyrirhafnarlítið aðgengilegt fræðslu- og skemmtiefni sem tengist áhugasviði hans
- Geti lesið einfaldaða texta sér til ánægju, t.d. smásögur og stuttar skáldsögur
- Skilji megininntak í völdu fjölmiðlaefni sem tengist daglegu lífi, t.d. í dagblöðum
- Skilji einfaldar og skýrt orðaðar leiðbeiningar, t.d. leiðarvísi eða uppskrift
- Geti leitað sér heimilda til að nýta í viðfangsefnum
- Geti nýtt sér samhengi texta til að geta sér til um merkingu orða
- Skilji megininntak í skáldsögu lesna með hljóðbók sem unnið hefur verið úr með lesskilnings verkefnum

**Samskipti**

- Tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í
- Tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum
- Tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda

**Frásögn**

- Flutt sundirbúna kynningu eða frásögn á efni sem hann hefur lesið eða horft á og sagt frá persónum, sögusviði. Geti rakið söguþráð og viðrað eigin skoðanir því tengt.
- Flutt stutta frásögn um kvikmynd sem hann hefur horft og hlustað á og sagt skoðun sína og brugðist við með spurningum
- Samið, æft og flutt frumsamið efni, einn eða í félagi við aðra
- Tjáð sig skipulega með efni sem hann hefur lesið sér til um og sagt skoðun sína á því

**Ritun**

- Skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við.
- Tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu.
- Leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflið njóta sín
- Samið ljóð, vísur eða rappkvæði um það sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið sig til um.

**Menningalæsi**

- Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til innri samfélagsgerðar, hvað einkennir þjóðfélag þar sem tungumálin eru töluð og það sem er efst á baugi hverju sinni.
- Sýnt fram á að hann kann nokkur deili á fjölbreyttum uppruna þegnanna á viðkomandi málsvæði og gerir sér grein fyrir takmörkunum staðalmynda og áhrifum fordóma
- Getur greint á milli helstu afbrigða tungumálsins.

**Námshæfni**

- Beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu og veit hvenær þær eiga við, t.d. nýtt sér samhengi í texta eða aðstæðum til að geta sér til um merkingu orða.
- Beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati í tengslum við viðfangsefni námsins og veitt sanngjarna endurgjöf
- Unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja
- Nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni

## Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum. Öll samskipti í kennslutímum fer fram á ensku og er kennd af fagkennara.

Tímafjöldi: 4 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

### i. *Viðfangsefni í náminu*

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Kjörbókalestur og úrdrættir.*
- *Book Club: How to Hang a Witch eftir Adriana Mather*
- *Spotlight 9*
- Alþjóðlegt samstarf þegar kostur er á.

### ii. *Námsgögn og kennsluefni*

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Spotlight 9 (Lestrarbók og vinnubók)*
- *Kjörbækur*
- *Book Club: Samlestrarbók*
- Lestrarefni og gagnvirkar æfingar á netinu.
- *iPad*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt: Stuðst er við hlustunar og tal kennsluaðferðina þar sem öll kennslan fer fram á ensku og eru nemendur hvattir til að nota tungumálið í kennslutímum til samskipta.

- *Innlagnir í bekk*
- *Einstaklingsvinna*
- *Stöðvavinna /Samvinnunám*
- *Paravinna*
- *Heimanám: kjörbókalestur og úrdrættir*
- Google Classroom: fyrirmæli og skil á verkefnum.

Stuðst er við aðleiðslu auk beinu aðferðarinnar við innlögn á málfræðihugtökum sem nemendur glósa í stílabækur. Nemendur æfa hugtakanotkun í vinnubókum og leysa reglulega málfræðikannanir.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Samvinnunám*
- *Hljóðbækur*
- *Einstaklingsnámsskrá og aðlöguð námskrá í Google Classroom*
- *Gagnvirkar æfingar á netinu*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- *Símat*
- *Heimapróf*
- *Sjálfsmat*
- *Jafningjamat*
- *Vinnubókarmat*
- *Hópverkefni og munnlegar kynningar*
- *Einstaklingsverkefni*
- *Munnleg próf*
- *Munnlegt mat*
- *Miðsvetrar- og vorpróf*

# 2.2. Danska og önnur Norðurlandamál

# 2.1 Danska

**Hlustun**

- Skilji fyrirhafnarlítið þegar talað er nokkuð skýrt um málefni sem hann þekkir
- Geti fylgt nokkuð nákvæmum fyrirmælum og leiðbeiningum, t.d. leiðarlýsingum
- Geti nýtt sér hlustunarefni til frekari vinnu, t.d. í ritun eða endursögn
- Geti fylgt atburðarás í sögu eða frásögn
- Skilji aðalatriði í fréttatengdu sjónvarpsefni sem snertir áhugasvið hans
- Kunni að beita mismunandi aðferðum eftir eðli texta og tilgangi með hlustuninni, t.d. hlustað eftir smáatriðum eða hlustað eftir aðalatriðum

**Lesskilningur**

- Geti lesið og skilið fyrirhafnarlítið aðgengilegt fræðslu- og skemmtiefni sem tengist áhugasviði hans
- Geti lesið einfaldaða texta sér til ánægju, t.d. smásögur og stuttar skáldsögur
- Skilji megininntak í völdu fjölmiðlaefni sem tengist daglegu lífi, t.d. í dagblöðum
- Skilji einfaldar og skýrt orðaðar leiðbeiningar, t.d. leiðarvísi eða uppskrift
- Geti leitað sér heimilda til að nýta í viðfangsefnum
- Geti nýtt sér samhengi texta til að geta sér til um merkingu orða

**Samskipti**

- Tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í
- Tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum
- Tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til viðmælanda

**Ritun**

- Skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við.
- Tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu.
- Leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflið njóta sín

**Menningalæsi**

- Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til innri samfélagsgerðar, hvað einkennir þjóðfélag þar sem tungumálin eru töluð og það sem er efst á baugi hverju sinni.
- Sýnt fram á að hann kann nokkur deili á fjölbreyttum uppruna þegnanna á viðkomandi málsvæði og gerir sér grein fyrir takmörkunum staðalmynda og áhrifum fordóma
- Getur greint á milli helstu afbrigða tungumálsins.

**Námshæfni**

- Beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu og veit hvenær þær eiga við, t.d. nýtt sér samhengi í texta eða aðstæðum til að geta sér til um merkingu orða.
- Beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati í tengslum við viðfangsefni námsins og veitt sanngjarna endurgjöf

- Unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja
- Nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni

**Frásögn**

- Flutt stutta frásögn um kvikmynd sem hann hefur horft og hlustað á og sagt skoðun sína og brugðist við með spurningum
- Flutt undirbúna kynningu/frásögn á efni sem hann hefur lesið/horft á, sagt frá persónum, sögusviði og rekið söguþráð og sagt eigin skoðanir
- Samið, æft og flutt frumsamið efni, einn eða í félagi við aðra
- Tjáð sig skipulega með efni sem hann hefur lesið sér til um og sagt skoðun sína á því

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Námsgrein er kennd af sérgreinakennara/dönskukennara. Áhersla er lögð á að nemandinn þjálfist í hverri kennslustund í færniþáttunum fjórum; lestri, ritun, hlustun og tali (samtöl og frásagnir). Námsmatið miðar að öllum þessu færniþáttum. Mikil áhersla er lögð á fjölbreytileika í kennsluaðferðum og mismunandi nálgun að efninu.

Tímafjöldi: 3 x 40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Hræðsla*
- *Föt / tíska*
- *Áhugamál*
- *Fjölmiðlar / snjalltæki*
- *Kvikmyndir / átrúnaðargoð*
- *Lögreglumál – fréttir úr fjölmiðlum*
- *Örsögur*
- *Myndbandsgerð / búið til spil / bækling út frá völdu viðfangsefni*
- *Kyn nafnorða, óákveðin/ákveðin greinir, fleirtala nafnorða, hljóðfræði, DET og DER, fornöfn, DEN, töluorð, lýsingarorð, sagnorð, nútíð og þátíð sagna, óreglulegar sagnir, samtengingar, forsetningar, orðaröð og setningaskipun.*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Tak og Smil – lesbók og vinnubækur ásamt gagnvirkum rafbókum, hlustunarefni og talæfingar; Námsgagnastofnun*
- *Ýmis verkefni af veraldarvefnum og ljósrit*
- *Smásögur*
- *iPad og smáforrit tengd dönskukennslu*

- *Myndaspjöld*
- *Námsspil*
- *Tónlist og kvikmyndir*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Kennslubók notuð sem innlögn á orðaforða sem unnið er síðan með í dýpra og víðari samhengi og tengt við fjölbreyttar kennsluaðferðir s.s. námsleiki, talæfingar, hlustunaræfingar, ritunarverkefni og listrænt skapandi verkefni. Námsmatið miðar einnig að þessari fjölbreytni.
- Kennslan er ýmist bekkjarkennsla, paravinna, hópastarf eða einstaklingsmiðuð þar sem námsmatið getur einnig verið fjölbreytt að þessu leyti.
- Samskiptin fara að mörgu leyti fram á dönsku og það eykst þegar líður á námsárið.
- Málfræðiþættir eru lagðir inn jafnt og þétt í tengslum við efnið sem unnið er með hverju sinni og áherslan er mest við ritun og talmál.
- Námsleikir á veraldarvefnum eru aðallega nýttir við heimanám.
- Ef nemandi hefur verið frá skóla eða hefur ekki náð að vinna tiltæk verkefni í kennslustund, ber viðkomandi að vinna verkefnin heima fyrir næstu kennslustund. Einnig þarf að undirbúa sig fyrir sértæk verkefni og kannanir.
- Samþætting á upplýsingatækni og dönsku við myndbandsgerð, ásamt handritagerð og leikrænni tjáningu.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Samvinnunám*
- *Hljóðbækur*
- *Einstaklingsáætlanir*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- *lotupróf*
- *Símat*
- *Vinna í tímum og heima*
- leiðsagnarmat
- *Sjálfsmat*
- *Jafningjamat*
- *Vinnubókarmat*
- *Hópverkefni*
- *Einstaklingsverkefni*
- *Munnleg verkefni*

# 3. List- og verkgreinar

## 3.1. Sviðslistir - Valgrein

### Viðmið um námshæfni í sviðslistum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

### Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Menntun í leiklist snýst um að þjálfa nemendur í aðferðum listgreinarinnar en ekki síður um læsi í víðu samhengi. Auk þess á hún að dýpka skilning nemenda á sjálfum sér, mannlegu eðli og samfélagi. Í leiklist fá nemendur tækifæri til að setja sig í spor annarra og prófa sig áfram með mismunandi tjáningarform, hegðun og lausnir í öruggu umhverfi. Leiklist styður nemandann í að tjá, móta og miðla hugmyndum sínum og tilfinningum. Jafnframt reynir hún stöðugt á samvinnu, samskipti, sköpun, tjáningu, gagnrýna hugsun og líkams- og raddbeitingu.

Tímafjöldi: Kennt 2 x 40 mín einu sinni í viku allan veturinn.

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Uppsetning á jólaleikriti sem er til sýningar fyrir yngri nemendur*
- *Uppsetning á söngleik eða leikriti sem sýnt er á árshátíð skólans og félagsmiðstöðvarinnar*
- *Annað t.d. grunnskólahátíð og menningarhátíð*
- *Verkefni frá kennara*
- *Upphitunar-, einbeitingar-, traust- og raddæfingar*
- *Aðferðir leiklistar, s.s. kyrrmyndir, spuni, kastljós og persónusköpun*
- *Skyggnst á bakvið tjöldin í leikhúsunum*
- *Ýmsir leikir*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Verkefni frá kennara*
- *Upphitunar-, einbeitingar- og traustæfingar*
- *Aðferðir leiklistar, s.s. kyrrmyndir, spuni, kastljós og persónusköpun*
- *Ýmsir leikir*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Innlagnir*
- *Sýnikennsla*
- *Verklegar æfingar*
- *Úrvinnsla*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytni í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum og mismunandi hæfileikum þeirra.*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

Símat: Umgengni, vinnusemi, framkoma, framvinda og hæfni metin.

# 3.2. Sjónlistir / myndmennt

**Viðmið um námshæfni í myndmennt**

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Verklag og efnisnotkun**

- Notað mismunandi efni og verkfæri við myndsköpun
- Þekkja blöndun lita og litatóna

**Verkefnavinnsla**

- Geta gert mun á tvívíðum og þrívíðum formum
- Unnið einfalt form í leir og unnið til loka samsetningar
- Geta unnið út frá fyrir fram ákveðinni listastefnu

**Umhverfi**

- Unnið út frá reglum um frágang á áhöldum og stofu
- Unnið út frá þekkingu um nýtingu efna og endurvinnslu og áhrif þess á umhverfið
- Unnið í samvinnu og sýnt tillitsemi
- Beitt líkamstöðu á réttan  hátt við vinnu sína og gert sér grein fyrir notkun og kostum hlífðarfatnaðar

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Í myndmennt er lögð áhersla á að nemendur öðlist sýn og geti þroskað með sér vitund í að þekkja og vinna sjálfstætt að myndsköpun á uppbyggilegan hátt. Að þau kynnist efnum og áhöldum greinarinnar og þrói með sér aðferðir og tækni sem þau geti notað og finnist þau hafa vald á. Geti greint og sagt frá aðferðum og rýnt í verk á meðvitaðan hátt.
Markmiðið með kennslunni er að upplýsa um aðferðir, gamlar sem nýjar og kynna söguna eins vel og kostur er á. Listasögunni verða gerð skil á eins aðgenginlegan hátt og unnt er. Sjónlistir eru margvíslegar og verður reynt að gera þeim skil á eins fjölbreytilegan hátt og kostur er.

Kennt er í lotum

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Verkefnavinna unnin út frá ljósi og skugga*
- *Leirvinna þar sem unnið er með einföld form*
- *Verkefni unnið út frá þekktri listastefnu*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Fyrirfram unnin verkefni sem fengin eru frá kennara*
- *Bækur sem til eru í myndmenntastofu t.d. Myndmennt 1 og 2 og listaverkabækur*
- *Bækur sem fengnar eru að láni á bókasafni skólans*
- *Veraldarvefurinn, síður sem finna má kennsluefni á t.d. Art for kids, googel.com*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *innlagnir*
- *sýnikennsla*
- *veklegar æfingar*
- *úrvinnsla*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *verkefnavali er stýrt frá kennara að einhverju leiti hvað varðar þjálfun og mat á getur nemenda*
- *nemendur fá að hafa áhrif um vinnuaðferðir og val á verkefnum þar sem þau sýna getu hvers og eins og þannig mætt þörfum þeirra að upplifa eigin getu í náminu*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni:

Námshæfni:

Símat í lotunni, nemandi fær einkun og umsögn þar sem metið er eftirfarandi:

- *Hefur nemandi unnið eftir fyrirmælum, borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á*
- *tekið virkan þátt í verklegum þáttum*
- *sýnt vinnusemi og vandvirkni*
- *skilað verkefnum lotunnar á viðeigandi hátt*

# 3.2. Sjónlistir / myndmennt - valgrein

**Viðmið um námshæfni í myndmenn/val**

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

| **Efnisþættir:** | **Viðmið um námshæfni í myndmennt** | **Þ** | **L** | **V** |
|---|---|---|---|---|

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| *Verklag og efnisnotkunn:* | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br>• Notað mismunandi efni og verkfæri við myndsköpun<br>• Þekkja blöndun lita og litatóna | x<br>x | x<br>x | |
| *verkefnavinnsla:* | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br>• Geta gert mun á tvívíðum og þrívíðum formum<br>• Unnið einfalt form í leir og unnið til loka samsetningar<br>• Geta unnið út frá fyrir fram ákveðinni listastefnu | x<br>x<br>x | x<br>x | x<br>x |
| *Umhverfi:* | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br>• Unnið út frá reglum um frágang á áhöldum og stofu<br>• Unnið út frá þekkingu um nýtingu efna og endurvinnslu og áhrif þess á umhverfið<br>• Unnið í samvinnu og sýnt tillitsemi<br>• Beitt líkamstöðu á réttan hátt við vinnu sína og gert sér grein fyrir notkun og kostum hlífðarfatnaðar | x<br>x<br>x | x<br>x<br>x<br>x | x<br>x |

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**
Í myndmennt er lögð áhersla á að nemendur öðlist sýn og geti þroskað með sér vitund í að þekkja og vinna sjálfstætt að myndsköpun á uppbyggilegan hátt. Að þau kynnist efnum og áhöldum greinarinnar og þrói með sér aðferðir og tækni sem þau geti notað og finnist þau hafa vald á. Geti greint og sagt frá aðferðum og rýnt í verk á meðvitaðan hátt.
Markmiðið með kennslunni er að upplýsa um aðferðir, gamlar sem nýjar og kynna söguna eins vel og kostur er á. Listasögunni verða gerð skil á eins aðgenginlegan hátt og unnt er. Sjónlistir eru margvíslegar og verður reynt að gera þeim skil á eins fjölbreytilegan hátt og kostur er.

Tímafjöldi: Valfag, kennt 2 x 40 mín einu sinni í viku allan veturinn.

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Verkefnavinna unnin út frá ljósi og skugga*
- *Leirvinna þar sem unnið er með einföld form*
- *Verkefni unnið út frá þekktri listastefnu*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Fyrirfram unnin verkefni sem fengin eru frá kennara*
- *Bækur sem til eru í myndmenntastofu t.d. Myndmennt 1 og 2 og listaverkabækur*
- *Bækur sem fengnar eru að láni á bókasafni skólans*
- *Veraldarvefurinn, síður sem finna má kennsluefni á t.d. Art for kids, googel.com*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan fram á eftirfarandi hátt: í skóla og heima (utan skóla)

- *innlagnir*
- *sýnikennsla*
- *veklegar æfingar*
- *úrvinnsla*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *verkefnavali er stýrt frá kennara að einhverju leiti hvað varðar þjálfun og mat á getur nemenda*
- *nemendur fá að hafa áhrif um vinnuaðferðir og val á verkefnum þar sem þau sýna getu hvers og eins og þannig mætt þörfum þeirra að upplifa eigin getu í náminu*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni:

Námshæfni:

Símat í lotunni, nemandi fær einkun og umsögn þar sem metið er eftirfarandi:

- *Hefur nemandi unnið eftir fyrirmælum, borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á*
- *tekið virkan þátt í verklegum þáttum*
- *sýnt vinnusemi og vandvirkni*
- *skilað verkefnum lotunnar á viðeigandi hátt*

# 3.4. Heimilisfræði

**Viðmið um námshæfni í heimilisfræði**

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Verklag - Matur og vinnubrögð**

- Skipulagt og matreitt fjölbreyttar, hollar og vel samsettar máltíðir úr algengu og nýstárlegu hráefni með áherslu á hagkvæmni og nýtni
- Beitt helstu matreiðsluaðferðum og notað til þess ýmis mæli- og eldhúsáhöld
- Greint frá viðbrögðum við slysum á heimilum
- Nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga á ganrýninn hátt um næringarfræði, neytendamál, hagkvæmni í innkaupum, aukaefni, geymslu og matreiðslu

**Vinnufærni - Matur og lífshættir**

- Greint helstu þætti sem hafa áhrif á útgjöld við heimilishald og geti tekið ábyrgð á eigin útgjöldum og skuldbindingum og þekkt rétt sinn og skyldur sem neytandi
- Tjáð sig um heilbrigða lífshætti, tengsl þeirra við heilsufar og sett í samhengi við ábyrgð hvers og eins á eigin heilsufari
- Nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga á gagnrýnin hátt um næringarfræði, neytendamál, hagkvæmni, aukaefni, geymslu og matreiðslu
- Greint aðalatriði næringarfræðinnar og útskýrt tengsl næringarefna, hráefna og matreiðslu

**Umhverfi - Matur og umhverfi**

- Rætt þátt auglýsinga og upplýsinga um merkingar, verð og gæði neysluvara í tengslum við neytendavernd og tjáð sig um gæði, geymslu og aukaefni í matvælum
- Farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi og matreiðslu
- Greint aðalatriði næringarfræðinnar og útskýrt tengsl næringarefna, hráefna og matreiðslu

**Matur og menning**

- Sagt frá íslenskri og erlendri matarmenningu og matreitt ýmsa þjóðarétti

## Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Í heimilisfræði er lögð áhersla á að nemandinn öðlist færni í að vinna í eldhúsi við fjölbreytta matargerð. Kynnist og öðlist færni í að beita og nota eldhúsáhöld, tileinka sér að vinna með og lesa uppskriftir. Lögð er mikil áhersla á hreinlæti í meðferð matvæla og að nemendur tileinki sér notkun á fæðuhringnum. Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæð í verki, stuðla að vinnugleði, samvinnu, virðingu fyrir verkinu, þjálfa einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Námsgreinin byggir á áherslu á að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl fyrir komandi framtíð.

Tímafjöldi: kennt er í lotum.

### *i. Viðfangsefni í náminu*

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Mælieiningar, samvinna, meðhöndlun áhalda, skilningur á hollustu og heilbrigði, hreinlæti og frágangur. Þekki heiti næringarefnana*
- *Unnið með fjölbreyttar mataruppskriftir.*

### *ii. Námsgögn og kennsluefni*

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Fyrirfram ákveðin verkefni frá kennara.*
- *Stuðst við bækur í heimilisfræðistofunni.*
- *Veraldarvefurinn ýmsir vefir tengdir mat og matarmenningu.*

### *iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun*

Í meginatriðum fer námið og kennslan fram á eftirfarandi hátt: í skóla og heima (utan skóla)

- *Bein kennsla*
- *Innlagnir*
- *Sýnikennsla*
- *Verklegar æfingar*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytni er í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum og mismunandi hæfileikar þeirra fái að njóta sín.*

- *Nemendur fá að vera með í vali á hluta verkefna til að mæta þeirra þörfum og um leið fá þau tækifæri til að koma fram með sjálfstætt val og hafa sjálfstjórn á sínu eigin námi.*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi

Námshæfni:

- Símat
- Sjálfsmat
- Próf
- Vinnubók

# 3.4. Heimilisfræði – Valgrein

## a. Viðmið um námshæfni í heimilisfræði

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

| Efnisþættir: | Viðmið um námshæfni í Heimilisfræði | Þ | L | V |
|---|---|---|---|---|
| *Verklag :* | *Við lok árgangs geti nemandi:* | | | |
| | • beitt helstu matreiðsluaðferðum og framreitt máltíð á sjálfstæðan hátt | x | x | x |
| | • kunnað skil á þeim áhöldum sem notuð eru við matreiðslu | x x | x | |
| | • geti sett verkefni sín í menningarlegt samhengi | | | |
| *Vinnufærni :* | *Við lok árgangs geti nemandi:* | | | |
| | • greint einfaldar þarfir í umhverfi sínu og rætt lausnir | x x | | x x |
| | • geri sér grein fyrir að hollur lífstíll stuðlar að líkamlegu og andlegu heilbrigði og að hver og einn beri ábyrgð á eigin heilsu | x x | | x |
| | • lagt gagnrýnið mat á eigin neyslu og annarra | | | |
| | • geti tileinkað sér tillitsemi og umburðarlindi | | | |
| *Umhverfi :* | *Við lok árgangs geti nemandi:* | | | |
| | • kunnað skil á mikilvægi hreinlætis við matreiðslustörf | x x | | x x |
| | • tileinkað sér persónulegt hreinlæti og frágangi á vinnusvæði | x | | x |
| | • sýnt góða nýtingu á því hráefni sem unnið er með | | x | |
| | • unnið með öðrum | x | | x |
| | • beitt líkamsstöðu sinni á réttan hátt við vinnu sína og kunni skil á hlífðarfatnaði | | x | |

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Í heimilisfræði er lögð áhersla á að nemandinn öðlist færni í að vinna í eldhúsi við fjölbreytta matargerð. Kynnist og öðlist færni í að beita og nota eldhúsáhöld, tileinka sér að vinna með og lesa uppskriftir. Lögð er mikil áhersla á hreinlæti í meðferð matvæla og að nemendur tileinki sér notkun á fæðuhringnum. Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæð í verki, stuðla að

vinnugleði, samvinnu, virðingu fyrir verkinu, þjálfa einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Námsgreinin byggir á áherslu á að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl fyrir komandi framtíð.

Tímafjöldi: Valfag, kennt 2 x 40 mín einu sinni í viku allan veturinn

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Mælieiningar, samvinna, meðhöndlun áhalda, skilningur á hollustu og heilbrigði, hreinlæti og frágangur. Þekki heiti næringarefnana*
- *Unnið með fjölbreyttar mataruppskriftir.*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Fyrirfram ákveðin verkefni frá kennara.*
- *Stuðst við bækur í heimilisfræðistofunni.*
- *Veraldarvefurinn ýmsir vefir tengdir mat og matarmenningu.*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan fram á eftirfarandi hátt: í skóla og heima (utan skóla)

- *Bein kennsla*
- *Innlagnir*
- *Sýnikennsla*
- *Verklegar æfingar*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytni er í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum og mismunandi hæfileikar þeirra fái að njóta sín.*
- *Nemendur fá að vera með í vali á hluta verkefni til að mæta þeirra þörfum og um leið fá þau tækifæri til að koma fram með sjálfstætt val og hafa sjálfstjórn á sínu eigin námi.*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

*Námshæfni:*

- *Símat*
- *Verkefnavinna*
- *Próf*
- *Vinnubók*

## 3.5. Hönnun og smíði

## Viðmið um námshæfni í list- og verkgreinum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Handverk**

- Greini vistvæn efni frá óvistvænum og haft sjálfbærni að leiðarljósi við vinnu sína, s.s. við efnisval
- Geri grein fyrir uppruna og notagildi þess efniviðar sem notaður er í smíðastofunni
- Valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki
- Tekið þátt í samvinnu með sameiginlegt markmið að leiðarljósi

**Hönnun og tækni**

- Lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð
- Útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp og málsetja vinnuteikningu
- Greint þarfir í umhverfi sínu og rætt mögulegar lausnir

**Umhverfi**

- Valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi.
- Geri grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni
- Beitt líkama sínum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar
- Útskýri réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað

## Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Í hönnun og smíði er lögð áhersla á að nemandinn öðlist færni í að smíða hluti með fjölbreyttum efnum, verkfærum og tækni. Lögð er áhersla á að nemandinn sé virkur í hönnunarferli og móti útlit og uppbyggingu hluta miðað við notkun þeirra. Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæðs í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnu, þjálfa einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Námsgreinin sem á sé langa sögu byggir því senn á rótgrónum handverkshefðum og almennum áherslum á uppeldi og menntun.

Tímafjöldi: Kennt er í lotum.

### *i. Viðfangsefni í náminu*

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Plastvinna ( t.d. kertastjaki, ipadstandur, símastandur, skál eða salatáhöld.)*

### *ii. Námsgögn og kennsluefni*

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Efni og verkefni frá kennara*
- *Stuðst er við nokkrar bækur í smíðastofu*
- *Veraldarvefurinn notaður þegar við á*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Bein kennsla*
- *Innlagnir*
- *Sýnikennsla*
- *Verklegar æfingar*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytni er í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum og mismunandi hæfileikar þeirra fái að njóta sín*
- *Nemendur fá að vera með í vali á hluta verkefna til að mæta þeirra þörfum og um leið fá þau tækifæri til að hafa einhverja sjálfstjórn á sínu eigin námi.*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

Notast er við símat, nemandi fær einkunn og umsögn og þar er metið eftirfarandi:

- *hefur nemandi unnið eftir fyrirmælum í tímum verið vinnusamur og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum*
- *hefur nemandi leitast við að vinna sjálfstætt og notast við þær verklýsingar sem í boði eru*
   - *hefur nemandi gengið vel um efni, áhöld og tæki.*

# 3.6. Textílmennt - lotur

## Viðmið um námshæfni í textílmennt

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Handverk og tækni**

- Beitt fjölbreyttum aðferðum og áhöldum greinarinnar
- Rökstutt eigið val á textílefni eftir viðfangsefni og efnisfræði
- Unnið með snið og uppskriftir

**Sköpun, hönnun og útfærsla**

- Beitt skapandi og gagnrýnni hugsun í hönnum og textílvinnu
- Skreytt textílafurð á skapandi og persónulegan hátt
- Lagt mat á eigin vinnubrögð, sagt frá góðu handbragði, formi og hönnun og notað til þess viðeigandi hugtök

- Nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga á gagnrýninn hátt um efni sem tengist textílsögu, hönnun og iðnaði

**Menning og umhverfi**

- Útskýrt tjáningarmáta og tákn textíla og tísku út frá mismunandi stíl, áferð og efnikennd, í tengslum við sérkenni íslenskra textílvinnu, handverks, textílsögu og menningararfs
- Sagt frá vinnslu textílefna við mismunandi aðstæður og sett í samhengi við sjálfbærni og umhverfissvernd
- Sýnt frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnusvæði

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Námsgreinin textílmennt er yfirgripsmikil grein sem felur í sér þátt hönnunar og handverks. Textílmennt á sér djúpar rætur í menningu þjóðarinnar, rætur sem liggja í heimi sögunnar, verkmenningu og listum. Textílnám byggist meðal annars á þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun þar sem nemendur vinna með efni og áhöld greinarinnar á sjálfstæðan hátt. Textílnám gefur nemendum tækifæri til að þroska samhæfingu hugar og handa, upplifa og tjá sig um leið.
Textílmennt er ríkur þáttur í félagslegur veruleika þar sem einstaklingarnir skapa sér persónulegan stíl í klæðnaði í nánast umhverfi sínu en auk þess læra þeir að búa til afurðir sem hafa persónulegt gildi.

Tímafjöldi: Kennt er einu sinni í viku, 80 mínúturín senn, hálfa önnina

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Nemendur geti nýtt sér aðferðir sem þeir hafa áður lært*
- *Vinna með snið, uppskriftir og tekið mál*
- *Fræðst um hönnun, framleiðslu og fjöldaframleiðslu í textíl*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Verkefni frá kennara*
- *Ýmsar handavinnubækur, sníðablöð og snið*
- *Veraldarvefurinn*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Innlögn*
- *Hugmyndavinna*
- *Sýnikennsla*
- *Einstakingskennsla*
- *Verklegar æfingar*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytni í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum, áhuga þeirra og getu*
- *Hanna verkefni og vinna verkefni út frá eigin sköpun*
- Fá tækifæri til að finna nýjar leiðir

### *iv. Námsmat og námsmatsaðlögun*

Umgengni, framvinda og hæfni er metin í lok lotu.

## Viðmið um námshæfni í textílmennt

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

| Efnisþættir: | Viðmið um námshæfni í textílmennt | Þ | L | V |
|---|---|---|---|---|
| *Handverk og tækni* | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br>• beitt fjölbreyttum aðferðum og áhöldum greinarinnar við formun textílafurða<br>• rökstutt eigið val á textílefni eftir viðfangsefni og efnisfræði<br>• unnið með snið og uppskriftir, tekið mál, áætlað stærðir og efnisþörf | | | |
| *Sköpun, hönnun og útfærsla :* | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br>• beitt skapandi og gagnrýnni hugsun í hönnum og textílvinnu<br>• skreytt textílafurð á skapandi og persónulegan hátt<br>• lagt mat á eigin vinnubrögð, sagt frá góðu handbragði, formi og hönnun og notað til þess viðeigandi hugtök<br>• nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga á gagnrýninn hátt um efni sem tengist textílsögu, hönnun og iðnaði | | | |
| *Menning og umhverfi:* | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br>• hagnýtt þá sérhæfðu leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast á skapandi hátt og sýnt frumkvæði<br>• skipulagt vinnu sína með sjálfbærni í huga<br>• sýnt frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnusvæði<br>• fjallað um helstu um tákn og merkingar vefjarefna<br>• sagt frá textíliðnaði og starfsgreinum tengdum fatagerð og textíhönnun<br>• sagt frá vinnslu textílefna við mismunandi aðstæður og sett í samhengi við sjálfbærni og umhverfissvernd | | | |

### Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgreinin textílmennt er yfirgripsmikil grein sem felur í sér þátt hönnunar og handverks. Textílmennt á sér djúpar rætur í menningu þjóðarinnar, rætur sem liggja í heimi sögunnar, verkmenningu og listum. Textílnám byggist meðal annars á þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun þar sem nemendur vinna með efni og áhöld greinarinnar á sjálfstæðan hátt. Textílnám gefur nemendum tækifæri til að þroska samhæfingu hugar og handa, upplifa og tjá sig um leið.

Textílmennt er ríkur þáttur í félagslegur veruleika þar sem einstaklingarnir skapa sér persónulegan stíl í klæðnaði og í sínu nánasta umhverfi. Nemendur læra að búa til afurðir sem hafa persónulegt gildi.

Tímafjöldi: Kennt er einu sinni í viku 80 mínútur í senn allan veturinn.

i. ***Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Nemendur nýta sér aðferðir sem þeir hafa áður lært*
- *Vinna með snið, uppskriftir og tekið mál*
- *Fræðst um hönnun, framleiðslu og fjöldaframleiðslu í textíl*

ii. ***Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Verkefni frá kennara*
- *Ýmsar handavinnubækur, sníðablöð og snið*
- *Veraldarvefurinn*

iii. ***Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Innlögn*
- *Hugmyndavinna*
- *Sýnikennsla*
- *Einstakingskennsla*
- *Verklegar æfingar*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytni í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum, áhuga þeirra og getu*
- *Hanna verkefni og vinna verkefni út frá eigin sköpun*
- *Fá tækifæri til að finna nýjar leiðir*

iv. ***Námsmat og námsmatsaðlögun***

Umgengni, framvinda og hæfni er metin í lok vetrar.

# 3.7. Textílmennt val

## Viðmið um námshæfni í textílmennt

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

| Efnisþættir: | Viðmið um námshæfni í textílmennt | Þ | L | V |
|---|---|---|---|---|
| *Handverk og tækni* | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br>• beitt fjölbreyttum aðferðum og áhöldum greinarinnar við formun textílafurða<br>• rökstutt eigið val á textílefni eftir viðfangsefni og efnisfræði<br>• unnið með snið og uppskriftir, tekið mál , áætlað stærðir og efnisþörf | | | |
| *Sköpun, hönnun og útfærsla :* | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br>• beitt skapandi og gagnrýnni hugsun í hönnum og textílvinnu<br>• skreytt textílafurð á skapandi og persónulegan hátt<br>• lagt mat á eigin vinnubrögð, sagt frá góðu handbragði, formi og hönnun og notað til þess viðeigandi hugtök<br>• nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga á gagnrýninn hátt um efni sem tengist textílsögu, hönnun og iðnaði | | | |
| *Menning og umhverfi:* | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br>• hagnýtt þá sérhæfðu leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast á skapandi hátt og sýnt frumkvæði<br>• skipulagt vinnu sína með sjálfbærni í huga<br>• sýnt frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnusvæði<br>• fjallað um helstu um tákn og merkingar vefjarefna<br>• sagt frá textíliðnaði og starfsgreinum tengdum fatagerð og textíhönnun<br>• sagt frá vinnslu textílefna við mismunandi aðstæður og sett í samhengi við sjálfbærni og umhverfissvernd | | | |

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Námsgreinin textílmennt er yfirgripsmikil grein sem felur í sér þátt hönnunar og handverks. Textílmennt á sér djúpar rætur í menningu þjóðarinnar, rætur sem liggja í heimi sögunnar, verkmenningu og listum. Textílnám byggist meðal annars á þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun þar sem nemendur vinna með efni og áhöld greinarinnar á sjálfstæðan hátt. Textílnám gefur nemendum tækifæri til að þroska samhæfingu hugar og handa, upplifa og tjá sig um leið.

Textílmennt er ríkur þáttur í félagslegur veruleika þar sem einstaklingarnir skapa sér persónulegan stíl í klæðnaði og í sínu nánasta umhverfi. Nemendur læra að búa til afurðir sem hafa persónulegt gildi.

Tímafjöldi: Kennt er einu sinni í viku 80 mínútur í senn allan veturinn.

### v. *Viðfangsefni í náminu*

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Nemendur nýta sér aðferðir sem þeir hafa áður lært*
- *Vinna með snið, uppskriftir og tekið mál*
- *Fræðst um hönnun, framleiðslu og fjöldaframleiðslu í textíl*

### vi. *Námsgögn og kennsluefni*

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Verkefni frá kennara*
- *Ýmsar handavinnubækur, sníðablöð og snið*
- *Veraldarvefurinn*

***vii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Innlögn*
- *Hugmyndavinna*
- *Sýnikennsla*
- *Einstakingskennsla*
- *Verklegar æfingar*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytni í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum, áhuga þeirra og getu*
- *Hanna verkefni og vinna verkefni út frá eigin sköpun*
- *Fá tækifæri til að finna nýjar leiðir*

***viii. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Umgengni, framvinda og hæfni er metin í lok vetrar.

# 4. Náttúrugreinar

**Viðmið um námshæfni í náttúrugreinum**

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Verklag: Geta til aðgerða**

- Gert grein fyrir hvernig niðurstöður rannsókna hafa haft áhrif á tækni og atvinnulíf í nánasta umhverfi og samfélagi

**Verklag: Nýsköpun og hagnýting þekkingar**

- Tekið þátt í skipulagi og unnið eftir tímaáætlun hóps

**Verklag: Gildi og hlutverk vísinda og tækni**

- Beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúrugreinum unglingastigsins
- Skýrt með dæmum hvernig náttúruvísindi, tækni, menning, heimsmynd mannsins og náttúran hafa áhrif á hvert annað

**Verklag: Vinnubrögð og færni í náttúrugreinum**

- Lesið texta um náttúrufræði sér til gagns, umorðað hann og túlkað myndefni honum tengt
- Aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr heimildum með því að nota hand- og fræðibækur, netið og aðrar upplýsingaveitur.

- Framkvæmt eigin athuganir inni og/eða úti
- Beitt vísindalegum vinnubrögðum, s.s. tilraunum og athugunum á gagnrýnin hátt við öflun upplýsinga innan náttúruvísinda
- Gefið skýringar á og rökrætt valið efni úr námsefni
- Beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúrugreinum í 9. bekk
- Viðfangsefni: Efling ábyrgðar á umhverfinu
- Rætt af skilningi eigin lífsýn og ábyrgð innan samfélags og tekið dæmi úr eigin lífi

**Viðfangsefni: Að búa á jörðinni**

**Viðfangsefni: Lífsskilyrði manna**

- Þekkt gerðir frumna, líffæri þeirra og starfssemi
- Útskýrt hlutverk helstu líffæra og líffærakerfa mannslíkamans: Meltingarvegurinn
- Útskýrt hlutverk helstu líffæra og líffærakerfa mannslíkamans: Öndunarfærin
- Útskýrt hlutverk helstu líffæra og líffærakerfa mannslíkamans: Blóðrásin
- Útskýrt hlutverk helstu líffæra og líffærakerfa mannslíkamans: Húðin
- Útskýrt hlutverk helstu líffæra og líffærakerfa mannslíkamans: Stoðkerfið
- Útskýrt hlutverk helstu líffæra og líffærakerfa mannslíkamans: Hreyfikerfið
- Útskýrt hvernig fóstur verður til og þroskast
- Viti hvað felst í ábyrgri kynhegðun
- Rætt eigin ábyrgð á líkamlegu og andlegu heilbrigði, bæði sín og annarra
- Útskýrt hvernig einstaklingur getur stuðlað að eigin velferð með ábyrgri neyslu og hegðun
- Útskýrt hvað einkennir lífsskylirði manna og hvað felst í því að taka ábyrgð á eigin heilsu

**Viðfangsefni: Náttúra Íslands**

**Viðfangsefni: Heilbrigði umhverfsins**

**Viðfangsefni: Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu**

## c. Grunnþættir menntunar í náttúrugreinum

| **Grunnþáttur** | Áhersluþættir grunnþátta menntunar |
|---|---|
| *HEILBRIGÐI OG VELFERÐ:* |  Skólinn tekur mið af öllum þörfum barna og ungmenna á einstaklingsbundin hátt. Vinna markvisst að því að styðja jákvæðan skólabrag, bættan námsárangur og vellíðan. Gefa áhugasviði nemenda aukið rými í skólastarfinu og byggja upp jákvæða sjálfsmynd nemenda. |
| *JAFNRÉTTI:* |  Að skapa tækifæri til þess að allir geti þroskast á eigin forsendum og ræktað hæfileika sína óháð getu, kyni, kynhneigð eða kynþætti. |
| *LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI:* |  Að nemendur taki afstöðu til siðferðilegra álitamála. Nemendur eru virkir, sýni samábyrgð og taki þátt í að móta umhverfi sitt. |

| | |
|---|---|
| *LÆSI:* |  Að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á. |
| *SJÁLFBÆRNI:* |  Að nemendur takist á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags. Að nemendur átti sig á að hver einstaklingur skiptir máli í samfélaginu og hafi ákveðinn rétt, ábyrgð og skyldur. Að nemendur tileinki sér lýðræðisleg vinnubrögð og að markmið menntunar sé geta til aðgerða. |
| *SKÖPUN:* |  Að gera nemendum kleift að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga og virkja ímyndunarafl sitt. Sköpun byggist á gagnrýninni hugsun og aðferðum sem sífellt opna nýja möguleika og því skiptir sköpunarferlið ekki síður máli en afrakstur verksins. |

## 4.1 Eðlis- og efnavísindi:

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**
Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Tímafjöldi: 3 kennslustundir að jafnaði á viku yfir skólaárið.

### i. Viðfangsefni í náminu

Nemendur vinna með kraft og hreyfingu í fyrsta kafla. Í öðrum kafla skoða þeir þrýsting, í föstum efnum, vökvum og lofttegundum. Í þriðja kafla er fjallað um spennu, straum, segulmagn, rafsegla, rafmótora og spennubreyta. Í fjórða kafla fjalla nemendur um eðlisfræðilega vinnu, orku og afl og raforku. Einnig er minnst á orkuframleiðslu og umhverfi.

Efnið hentar vel til að efla vísindalæsi meðal nemenda og leggur áherslu á að þekking á eðlisfræði skiptir máli varðandi þróun samfélagsins. Mikilvægt er að nemendur:

• geti útskýrt samspil milli krafta og hreyfingu og hvernig tregða virkar.

• geti útskýrt hvernig þrýstingur virkar í föstum efnum, vökvum og lofttegundum og hvernig þrýstingur er í líkamanum.

• geti útskýrt spennu, straum, segulmagn og fleira tengt rafmagni og segulmagni.

• átti sig á hvað eðlisfræðileg vinna er og samspilinu milli orku og afls.

### ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Eðlisfræði 2 (kafli 1-3, ), heimildamyndir, vefefni og verkefni.

***i. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Nemendur lesa kafla heima. Kennari fer í efni kaflans með powerpoint-fyrirlestri. Nemendur vinna svo sjálfir ákveðnar spurningar úr kaflanum. Kennari fer yfir spurningarnar. Nemendur fá útprentaðar glósur ú powerpoint-fyrirlestri. Nemendur vinna sjálfir og í hópum.*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Nemendur sem það þurfa munu fá svör við spurningum ásamt því að geta nýtt sér hljóðbók á vef námsgagnastofnunar sér að kostnaðarlausu. Einhverjir nemendur munu sleppa ákveðnum prófum eða taka einstaklingsmiðuð stjörnumerkt próf eftir atvikum.*

***ii. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- *Kaflapróf*
- *Heimapróf*
- *Svindlmiðapróf*
- *Rafræn próf*
- *Jafningjamat í hópavinnu*
- *Kennaramat á verkefnum úr hópavinnu*

**4.2 Jarð- og stjörnuvísindi:**

- ***Ekki kennt í 9. bekk***

**4.3 Lífvísindi:*i. Viðfangsefni í náminu***

Helstu efnisþættir eru líkamsfrumur, melting og öndun, blóðrásin, húðin og stoð- og hreyfikerfið, taugakerfi. Mikilvægt er að nemendur geti:

- *útskýrt gerðir frumna, líffæri þeirra og starfsemi*
- ***útskýrt hlutverk helstu líffæra og líffærakerfa mannslíkamans:***
- *Útskýrt hlutverk meltingarkerfisins og sjúkdóma sem því tengjast*
- *fjallað á gagnrýninn hátt um aukefni í mat og aðferðir til að auka geymsluþol matvæla*
- *Útskýrt hlutverk öndunarfæranna og sjúkdóma sem því tengjast*
- *Útskýrt hlutverk blóðrásarkerfisins og sjúkdóma sem því tengjast*
- *Útskýrt hlutverk ónæmiskerfisins og sjúkdóma sem því tengjast*
- *Útskýrt hlutverk úrgangslosunarkerfisins og sjúkdóma sem því tengjast*
- *Útskýrt hlutverk húðarinnar og sjúkdóma sem því tengjast*
- *Útskýrt hlutverk stoð- og hreyfikerfis og sjúkdóma sem því tengjast*
- *Útskýrt hlutverk taugakerfis og sjúkdóma sem því tengjast*

- *Útskýrt hlutverk skynfæra og sjúkdóma sem því tengjast*
- *Útskýrt hlutverk æxlunarfæra og sjúkdóma sem því tengjast*
- *útskýrt hvernig einstaklingur getur stuðlað að eigin velferð með ábyrgri neyslu og hegðun*
- *útskýrt hvað einkennir lífsskilyrði manna og hvað felstí því að taka ábyrgð á eigin heilsu*
- *útskýrt hvernig fóstur verður til og þroskast*
- *Útskýrt hvað felst í ábyrgri kynhegðun*
- *rætt eigin ábyrgð á líkamlegu og andlegu heilbrigði*

### ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Mannslíkaminn (kafli 1-5), ljósrit, heimildamyndir, vefefni og verkefni*

### iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Nemendur lesa kafla heima. Kennari fer í efni kaflans með powerpoint-fyrirlestri. Nemendur vinna svo sjálfir ákveðnar spurningar úr kaflanum. Kennari fer yfir spurningarnar. Nemendur fá útprentaðar glósur ú powerpoint-fyrirlestri. Nemendur vinna sjálfir og í hópum.*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Nemendur sem það þurfa munu fá svör við spurningum ásamt því að geta nýtt sér hljóðbók á vef námsgagnastofnunar sér að kostnaðarlausu. Einhverjir nemendur munu sleppa ákveðnum prófum eða taka einstaklingsmiðuð stjörnumerkt próf eftir atvikum.*

### iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- *Kaflapróf*
- *Heimapróf*
- *Svindlmiðapróf*
- *Rafræn próf*
- *Jafningjamat í hópavinnu*
- *Kennaramat á verkefnum úr hópavinnu*

# 5. Samfélagsgreinar

### Viðmið um námshæfni í samfélagsgreinum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Reynsluheimur**

- Nemandi geti aflað sér upplýsingar um ýmis málefni tengd námsefninu á sjálfstæðan hátt og unnið úr þessum upplýsingum.
- Nemandi geti aflað sér upplýsingar fyrir ritgerð og unnið úr þeim með að gera heimildaskrá og tilvísanir samkvæmt APA kerfinu.
- Nemandi þekki og skilji hugtök sem eru notuð um menningar- og samfélagsmálefni.
- Nemandi skilur hvernig atburðir og ákvarðanir manna hafa áhrif á umhverfi sitt.
- Nemandi geti lesið og skilið kort í ýmsum myndum.
- Nemandi sýnir fram á þekkingu á málefnum og getur litið á báðar hliðar mála í tengslum við söguna, gagnrýn hugsun.
- Nemandi skilji af hverju heimildir eru mikilvægar til að skilja sögu.
- Nemandi skilji hvernig sjónarhorn manna og gildi þeirra hafa áhrif á söguna, skriflega og munnlega.
- Nemandi skilji hvernig ýmis efni s.s. samfélag, umhverfi, menning, gjörðir manna, náttúran, hugmyndastefnur og/eða tilviljanir hafa áhrif á hvernig sagan mótast.
- Nemandi þekkir sögu um ákveðinn atburð.
- Nemandi skilji hvernig sagan er mótuð með ritum, munum, hefðum og minningum manna.
- Nemandi skilji hvernig hugmynd um hvað er fjölskylda og hvert hlutverk hennar er breytileg eftir menningu og tíma.
- Nemandi þekki og skilji mismunandi tegundir lýðræðis
- Nemandi geti fjallað og skilið stöðu Íslands í heiminum í dag.
- Nemandi þekki Hafnarfjörð og hvað hafði áhrif á mótun bæjarins.
- Nemandi þekki og skilji áhrif innlendra og erlendra atburða á hvernig íslenskt þjóðfélag þróaðist.

**Hugarheimur**

- Nemandi viti af hverju jákvæð lífsviðhorf, dygðir og gildismat er mikilvægur þáttur í að hafa góða sjálfsvitund.
- Nemandi þekki styrkleika sína og geti nýtt sér þá í ákvarðanatökur.
- Nemandi geti lýst tilfinningum sínum á margvíslegan hátt í tengslum við hegðun, samskipti og sjálfsmynd.
- Nemandi getur tekið ábyrgð á ákvörðum sínum.
- Nemandi getur tekið ábyrgð á eigin heilsu og lífsháttum.
- Nemandi getur tekið ábyrgð á eigin námi.
- Nemandi getur staðist neikvæðan utanaðkomandi þrýsting.
- Nemandi geti sett sig í spor einstaklinga með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum tímum og stöðum.

**Félagsheimur**

- Nemandi getur tekið þátt í samstarfi og umræðum.
- Nemandi getur útskýrt hvernig menningarheimar eru ólíkir.

- Nemandi getur borið virðingu fyrir ólíkum menningarheimum og rétt allra á frelsi óháð skoðunum, gildi, trú, kynhneigð og kynþætti.
- Nemandi getur metið upplýsingar og brugðist við þeim án fordóma.
- Nemandi getur litið á báðar hliðar.
- Nemandi getur tekið ábyrgð á umgengni sinni.
- Nemandi sýnir metnað við að koma þekkingu sinni fram í verkefnum.
- Nemandi sýnir metnað við að koma þekkingu og viðhorfi sínu fram í verkefnum.
- Nemandi sýnir metnað við að skila fjölbreyttum verkefnum sem eru markviss þar sem þekking nemenda kemur fram.
- Nemandi sýnir metnað við að skila af sér fjölbreyttum verkefnum sem eru markviss þar sem þekking og viðhorf nemenda kemur fram.
- Nemandi sýnir metnað við að skila fjölbreyttum verkefnum.
- Nemandi getur kynnt verkefnið sitt fyrir framan nemendur og kennara.

# 5.1. Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**
Heimspekileg – siðfræðileg- og trúarbragðafræðileg umræða flæðir í gegnum námsefnið í heild sinni. Með heimspekilegri umræðu um samfélög heimsins og hin ýmsu álitamál fá nemendur tækifæri til þess að tjá eigin hugsanir og hugsa á rökrænan hátt.
Trúarbragðafræðinni er ætlað að auka skilning á ríkjandi trúarbrögðum og ólíkum trúarhefðum, með umburðalyndi og víðsýni að leiðarljósi. Siðfræði kennir hvernig mögulegt er að rannsaka siðræn gildi efla siðvit og ræða saman um siðferðisleg álitamál.

Tímafjöldi: Ekki er kennt eftir sérstökum tímafjölda heldur flæðir umræðan í gegnum allt námsefnið.

***i. Viðfangsefni í náminu***
Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Sjá viðfangsefni í 5.3

***ii. Námsgögn og kennsluefni***
Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Styrjaldir og kreppa*
- *Um* víða veröld – Heimurinn

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***
Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Innlagnir*
- *Hópavinna*
- *Samvinnunám*
- *Umræður/rökræður*
- *Einstaklingsnám*

- *Bókavinna*
- *Heimavinna*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Annað efni*
- *Ítarefni*
- *Myndefni*
- *Heimildir*
- *Sérkennsla*
- *Afsláttur veittur*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- *Próf: kaflapróf, yfirlitspróf*
- *Kannanir*
- *Símat*
- *Heimapróf*
- *Samvinnupróf*
- *Glósupróf*
- *Sjálfsmat*
- *Jafningjamat*
- *Vinnubókarmat*
- *Hópverkefni*
- *Einstaklingsverkefni*

# 5.2. Jafnrétti og lífsleikni

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Megin viðfangsefni námssviðsins er að efla alhliða þroska nemandans til þess að hann geti betur tekist á við kröfur og áskoranir daglegs lífs. Námsþættir lífsleikni eiga að auka sjálfsþekkingu nemandans, aðstoða hann við að móta sér ábyrgan lífsstíl og lífsgildi, finna sér fótfestu og tilgang í lífinu og rækta með sér færni til að byggja upp og viðhalda innihaldsríkum samskiptum við aðra.

Tímafjöldi: Ekki er kennt eftir sérstökum tímafjölda heldur flæðir umræðan í gegnum allt námsefnið.

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Sjá viðfangsefni í 5.3

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Styrjaldir og kreppa*
- *Um* víða veröld – Heimurinn

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Fyrirlestrar*
- *Innlagnir*
- *Hópavinna*
- *Samvinnunám*
- *Umræður/rökræður*
- *Heimildaleit*
- *Leitarnám*
- *Einstaklingsnám*
- *Bókavinna*
- *Heimavinna*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Komið er til móts við ólíkar þarfir nemenda* ***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- *Símat*
- *Sjálfsmat*
- *Jafningjamat*
- *Vinnubókarmat*
- *Hópverkefni*
- *Einstaklingsverkefni*
- *Munnlegt mat*

# 5.3. Landafræði, saga, og sam-/þjóðfélagsfræði

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

- Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til innri samfélagsgerðar, hvað einkennir þjóðfélagið og það sem er efst á baugi hverju sinni
- Sýnt fram á að hann kann nokkur deili á fjölbreyttum uppruna þegnanna á viðkomandi málsvæði og gerir sér grein fyrir takmörkunum staðalmynda og áhrifum fordóma
- Getur greint á milli helstu afbrigða tungumálsins

**Námshæfni**

- Sett sér raunhæf markmið, skipulagt nám sitt á markvissan hátt og lagt mat á eigin stöðu og námsframvindu
- Beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati í tengslum við viðfangsefni námsins og veitt sanngjarna endurgjöf
- Nýtt sér reynslu sína og þekkingu til að skapa nýja þekkingu og nota í nýju samhengi
- Unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja
- Nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Námsgrein er kennd af sérgreinakennara/dönskukennara. Áhersla er lögð á að nemandinn þjálfist í hverri kennslustund í færniþáttunum fjórum; lestri, ritun, hlustun og tali (samtöl og frásagnir). Námsmatið miðar að öllum þessu færniþáttum. Mikil áhersla er lögð á fjölbreytileika í kennsluaðferðum og mismunandi nálgun að efninu.

Tímafjöldi: 3 x 40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Danmark*
- *H. C. Andersen*
- *Skólinn*
- *Íþróttir*
- *Matur*
- *Kvikmyndir*
- *Þættir*

- *Kyn nafnorða, óákveðin/ákveðin greinir, fleirtala nafnorða, hljóðfræði, DET og DER, fornöfn, DEN, töluorð, lýsingarorð, sagnorð, nútíð og þátíð sagna, óreglulegar sagnir, samtengingar, forsetningar, orðaröð og setningaskipun.*

***ii. Námsgögn og Kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Smil les- og vinnubók B*
- *Ekko – lesbók, vinnubók A, ásamt hlustunarefni og talæfingum; Námsgagnastofnun*
- *Pinligt – Lesbók (brot úr 10 dönskum sögum) ásamt verkefnum; Námsgagnastofnun*
- *Grammatik – dönsk málfræði með verkefnum á nams.is; Námsgagnastofnun*
- *Ýmis verkefni af veraldarvefnum og ljósrit*
- *Smásögur*
- *Námsspil*
- *Tónlist og kvikmyndir*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Kennslubók notuð sem innlögn á orðaforða sem unnið er síðan með í dýpra og víðari samhengi og tengt við fjölbreyttar kennsluaðferðir s.s. námsleiki, talæfingar, hlustunaræfingar, ritunarverkefni og listrænt skapandi verkefni. Námsmatið miðar einnig að þessari fjölbreytni.
- Kennslan er ýmist bekkjarkennsla, paravinna, hópastarf eða einstaklingsmiðuð þar sem námsmatið getur einnig verið fjölbreytt að þessu leyti.
- Samskiptin fara að mörgu leyti fram á dönsku og það eykst þegar líður á námsárið.
- Málfræðiþættir eru lagðir inn jafnt og þétt í tengslum við efnið sem unnið er með hverju sinni og áherslan er mest við ritun og talmál.
- Námsleikir á veraldarvefnum eru aðallega nýttir við heimanám.
- Ef nemandi hefur verið frá skóla eða hefur ekki náð að vinna tiltæk verkefni í kennslustund, ber viðkomandi að vinna verkefnin heima fyrir næstu kennslustund. Einnig þarf að undirbúa sig fyrir sértæk verkefni og kannanir.
- Samþætting á upplýsingatækni og dönsku við ýmis verkefni.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Samvinnunám*
- *Hljóðbækur*
- *Einstaklingsáætlanir*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- *lotupróf*
- *leiðsagnarmat*
- *Símat*
- *Vinna í tímum og heima*
- *Sjálfsmat*
- *Jafningjamat*
- *Hópverkefni*
- *Einstaklingsverkefni*
- *Munnleg verkefni*

# 3. List- og verkgreinar

## 3.1. Sviðslistir – Valgrein

### Viðmið um námshæfni í sviðslistum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

| |
|---|
| |

### Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Menntun í leiklist snýst um að þjálfa nemendur í aðferðum listgreinarinnar en ekki síður um læsi í víðu samhengi. Auk þess á hún að dýpka skilning nemenda á sjálfum sér, mannlegu eðli og samfélagi. Í leiklist fá nemendur tækifæri til að setja sig í spor annarra og prófa sig áfram með mismunandi tjáningarform, hegðun og lausnir í öruggu umhverfi. Leiklist styður nemandann í að tjá, móta og miðla hugmyndum sínum og tilfinningum. Jafnframt reynir hún stöðugt á samvinnu, samskipti, sköpun, tjáningu, gagnrýna hugsun og líkams- og raddbeitingu.

Tímafjöldi: Kennt 2 x 40 mín einu sinni í viku allan veturinn.

i. ***Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Uppsetning á jólaleikriti sem er til sýningar fyrir yngri nemendur*
- *Uppsetning á söngleik eða leikriti sem sýnt er á árshátíð skólans og félagsmiðstöðvarinnar*
- *Annað t.d. grunnskólahátíð og menningarhátíð*
- *Verkefni frá kennara*
- *Upphitunar-, einbeitingar-, traust- og raddæfingar*
- *Aðferðir leiklistar, s.s. kyrrmyndir, spuni, kastljós og persónusköpun*
- *Skyggnst á bakvið tjöldin í leikhúsunum*
- *Ýmsir leikir*

ii. ***Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Verkefni frá kennara*
- *Upphitunar-, einbeitingar- og traustæfingar*
- *Aðferðir leiklistar, s.s. kyrrmyndir, spuni, kastljós og persónusköpun*
- *Ýmsir leikir*

iii. ***Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt: Tímafjöldi: tvær kennslustundir á viku allann veturinn.

- *Innlagnir*
- *Sýnikennsla*
- *Verklegar æfingar*
- *Úrvinnsla*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytni í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum og mismunandi hæfileikum þeirra.*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

Símat: Umgengni, vinnusemi, framkoma, framvinda og hæfni metin.

# 3.2. Sjónlistir / myndmennt

## a. Viðmið um námshæfni í myndmennt

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Verklag og efnisnotkun**

- Notað mismunandi efni og verkfæri við myndsköpun
- Þekkja blöndun lita og litatóna

**Verkefnavinnsla**

- Geta gert mun á tvívíðum og þrívíðum formum
- Unnið einfalt form í leir og unnið til loka samsetningar
- Geta unnið út frá fyrir fram ákveðinni listastefnu

**Umhverfi**

- Unnið út frá reglum um frágang á áhöldum og stofu
- Unnið út frá þekkingu um nýtingu efna og endurvinnslu og áhrif þess á umhverfið
- Unnið í samvinnu og sýnt tillitsemi
- Beitt líkamstöðu á réttan hátt við vinnu sína og gert sér grein fyrir notkun og kostum hlífðarfatnaðar

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Í myndmennt er lögð áhersla á að nemendur öðlist sýn og geti þroskað með sér vitund í að þekkja og vinna sjálfstætt að myndsköpun á uppbyggilegan hátt. Að þau kynnist efnum og áhöldum greinarinnar og þrói með sér aðferðir og tækni sem þau geti notað og finnist þau hafa vald á. Geti greint og sagt frá aðferðum og rýnt í verk á meðvitaðan hátt.

Markmiðið með kennslunni er að upplýsa um aðferðir, gamlar sem nýjar og kynna söguna eins vel og kostur er á. Listasögunni verða gerð skil á eins aðgenginlegan hátt og unnt er. Sjónlistir eru margvíslegar og verður reynt að gera þeim skil á eins fjölbreytilegan hátt og kostur er.

Kennt er í lotum

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Verkefnavinna unnin út frá ljósi og skugga*
- *Leirvinna þar sem unnið er með einföld form*
- *Verkefni unnið út frá þekktri listastefnu*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Fyrirfram unnin verkefni sem fengin eru frá kennara*
- *Bækur sem til eru í myndmenntastofu t.d. Myndmennt 1 og 2 og listaverkabækur*
- *Bækur sem fengnar eru að láni á bókasafni skólans*
- *Veraldarvefurinn, síður sem finna má kennsluefni á t.d. Art for kids, googel.com*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan fram á eftirfarandi hátt: í skóla og heima (utan skóla)

- *innlagnir*
- *sýnikennsla*
- *veklegar æfingar*
- *úrvinnsla*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *verkefnavali er stýrt frá kennara að einhverju leiti hvað varðar þjálfun og mat á getur nemenda*
- *nemendur fá að hafa áhrif um vinnuaðferðir og val á verkefnum þar sem þau sýna getu hvers og eins og þannig mætt þörfum þeirra að upplifa eigin getu í náminu*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni:

Námshæfni:

- *nemendur geti tjáð sig um þáttöku þeirra í verkefnum við myndsköpun í hugsun og efnisvali*
- nemendur geti rýnt í verk sín og annara á uppbyggilegan hátt

# 3.2. Sjónlistir / myndmennt - valgrein

**Viðmið um námshæfni í myndmennt/val**

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

| **Efnisþættir:** | **Viðmið um námshæfni í myndmennt** | **Þ** | **L** | **V** |
|---|---|---|---|---|
| *Verklag og efnisnotkunn:* | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br>• Notað mismunandi efni og verkfæri við myndsköpun<br>• Þekkja blöndun lita og litatóna | x<br>x | x<br>x | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| *verkefnavinnsla:* | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br>• Geta gert mun á tvívíðum og þrívíðum formum<br>• Unnið einfalt form í leir og unnið til loka samsetningar  Geta unnið út frá fyrir fram ákveðinni listastefnu | x<br>x<br>x | x<br>x | <br>x<br>x |
| *Umhverfi:* | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br>• Unnið út frá reglum um frágang á áhöldum og stofu<br>• Unnið út frá þekkingu um nýtingu efna og endurvinnslu og áhrif þess á umhverfið<br>• Unnið í samvinnu og sýnt tillitsemi<br>• Beitt líkamstöðu á réttan hátt við vinnu sína og gert sér grein fyrir notkun og kostum hlífðarfatnaðar | x<br>x<br>x | x<br>x<br>x<br>x | x<br>x |

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**
Í myndmennt er lögð áhersla á að nemendur öðlist sýn og geti þroskað með sér vitund í að þekkja og vinna sjálfstætt að myndsköpun á uppbyggilegan hátt. Að þau kynnist efnum og áhöldum greinarinnar og þrói með sér aðferðir og tækni sem þau geti notað og finnist þau hafa vald á. Geti greint og sagt frá aðferðum og rýnt í verk á meðvitaðan hátt.
Markmiðið með kennslunni er að upplýsa um aðferðir, gamlar sem nýjar og kynna söguna eins vel og kostur er á. Listasögunni verða gerð skil á eins aðgenginlegan hátt og unnt er. Sjónlistir eru margvíslegar og verður reynt að gera þeim skil á eins fjölbreytilegan hátt og kostur er.

Tímafjöldi: Valfag, kennt 2 x 40 mín einu sinni í viku allan veturinn.

***v. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Verkefnavinna unnin út frá ljósi og skugga*
- *Leirvinna þar sem unnið er með einföld form*
- *Verkefni unnið út frá þekktri listastefnu*

***vi. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Fyrirfram unnin verkefni sem fengin eru frá kennara*
- *Bækur sem til eru í myndmenntastofu t.d. Myndmennt 1 og 2 og listaverkabækur*
- *Bækur sem fengnar eru að láni á bókasafni skólans*
- *Veraldarvefurinn, síður sem finna má kennsluefni á t.d. Art for kids, googel.com*

***vii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan fram á eftirfarandi hátt: í skóla og heima (utan skóla)

- *innlagnir*
- *sýnikennsla*

- *veklegar æfingar*
- *úrvinnsla*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *verkefnavali er stýrt frá kennara að einhverju leiti hvað varðar þjálfun og mat á getur nemenda*
- *nemendur fá að hafa áhrif um vinnuaðferðir og val á verkefnum þar sem þau sýna getu hvers og eins og þannig mætt þörfum þeirra að upplifa eigin getu í náminu*

***viii. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni:

Námshæfni:

Símat í lotunni, nemandi fær einkun og umsögn þar sem metið er eftirfarandi:

- *Hefur nemandi unnið eftir fyrirmælum, borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á*
- *tekið virkan þátt í verklegum þáttum*
- *sýnt vinnusemi og vandvirkni*
- *skilað verkefnum lotunnar á viðeigandi hátt*

# 3.3. Heimilisfræði

### Viðmið um námshæfni í Heimilisfræði

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Verklag - Matur og vinnubrögð**

- Beitt helstu matreiðsluaðferðum og notað til þess ýmis mæli- og eldhúsáhöld
- Greint frá viðbrögðum við slysum á heimilum
- Nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga á ganrýninn hátt um næringarfræði, neytendamál, hagkvæmni í innkaupum, aukaefni, geymslu og matreiðslu
- Skipulagt og matreitt fjölbreyttar, hollar og vel samsettar máltíðir úr algengu og nýstárlegu hráefni með áherslu á hagkvæmni og nýtni

**Vinnufærni - Matur og lífshættir**

- Greint helstu þætti sem hafa áhrif á útgjöld við heimilishald og geti tekið ábyrgð á eigin útgjöldum og skuldbindingum og þekkt rétt sinn og skyldur sem neytandi
- Tjáð sig um heilbrigða lífshætti, tengsl þeirra við heilsufar og sett í samhengi við ábyrgð hvers og eins á eigin heilsufari
- Geti tileinkað sér tillitssemi og umburðarlyndi

**Umhverfi - Matur og umhverfi**

- Sett viðfangsefni himilisfræðinnar í vítt samhengi við lýðræði og jafnrétti, hreinleika og eiginleika sem taldir eru bæta heilsu fólks og stuðla að sjálfbærri þróun
- Farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi og matreiðslu

- Greint aðalatriði næringarfræðinnar og útskýrt tengsl næringarefna, hráefna og matreiðslu

**Matur og menning**

- Sagt frá íslenskri og erlendri matarmenningu og matreitt ýmsa þjóðarrétti

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Í heimilisfræði er lögð áhersla á að nemandinn öðlist færni í að vinna í eldhúsi við fjölbreytta matargerð. Kynnist og öðlist færni í að beita og nota eldhúsáhöld, tileinka sér að vinna með og lesa uppskriftir. Lögð er mikil áhersla á hreinlæti í meðferð matvæla og að nemendur tileinki sér notkun á fæðuhringnum. Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæð í verki, stuðla að vinnugleði, samvinnu, virðingu fyrir verkinu, þjálfa einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Námsgreinin byggir á áherslu á að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl fyrir komandi framtíð.

Tímafjöldi: kennt er í lotum.

***v. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Mælieiningar, samvinna, meðhöndlun áhalda, skilningur á hollustu og heilbrigði, hreinlæti og frágangur. Þekki heiti næringarefnanna*
- *Unnið með fjölbreyttar mataruppskriftir.*

***vi. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Fyrirfram ákveðin verkefni frá kennara.*
- *Stuðst við bækur í heimilisfræðistofunni.*
- *Veraldarvefurinn ýmsir vefir tengdir mat og matarmenningu.*

***vii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Bein kennsla*
- *Innlagnir*
- *Sýnikennsla*
- *Verklegar æfingar*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytni er í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum og mismunandi hæfileikar þeirra fái að njóta sín.*
- *Nemendur fá að vera með í vali á hluta verkefni til að mæta þeirra þörfum og um leið fá þau tækifæri til að koma fram með sjálfstætt val og hafa sjálfstjórn á sínu eigin námi.*

***viii. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- *Símat*
- *Sjálsmat*
- *Vinnubók*

# 3.4. Heimilisfræði – valgrein

## a. Viðmið um námshæfni í heimilisfræði

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

| **Efnisþættir:** | **Viðmið um námshæfni í Heimilisfræði** | **Þ** | **L** | **V** |
|---|---|---|---|---|
| *Verklag :* | *Við lok árgangs geti nemandi:* | x | | |
| | • beitt helstu matreiðsluaðferðum og framreitt máltíð á sjálfstæðan hátt | x x | x | x |
| | • kunnað skil á þeim áhöldum sem notuð eru við matreiðslu | | x | |
| | • geti sett verkefni sín í menningarlegt samhengi | | | x |
| *Vinnufærni :* | *Við lok árgangs geti nemandi:* | | | |
| | • greint einfaldar þarfir í umhverfi sínu og rætt lausnir | x x | | x x |
| | • gert sér grein fyrir að hollur lífstíll stuðlar að líkamlegu og andlegu heilbrigði og að hver og einn beri ábyrgð á eigin heilsu | x x | | x x |
| | • lagt gagnrýnið mat á eigin neyslu og annarra | | | |
| | • tileinkað sér tillitsemi og umburðarlindi | | | |
| *Umhverfi :* | *Við lok árgangs geti nemandi:* | | | |
| | • kunnað skil á mikilvægi hreinlætis við matreiðslustörf | x | | x x |
| | • tileinkað sér persónulegt hreinlæti og frágangi á vinnusvæði | xx | x x | x x |
| | • sýnt góða nýtingu á því hráefni sem unnið er með | x x | | x |
| | • unnið með öðrum | | | |
| | • beitt líkamsstöðu sinni á réttan hátt við vinnu sína og kunni skil á hlífðarfatnaði | | | |

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Í heimilisfræði er lögð áhersla á að nemandinn öðlist færni í að vinna í eldhúsi við fjölbreytta matargerð. Kynnist og öðlist færni í að beita og nota eldhúsáhöld, tileinka sér að vinna með og lesa uppskriftir. Lögð er mikil áhersla á hreinlæti í meðferð matvæla og að nemendur tileinki sér notkun á fæðuhringnum. Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæð í verki, stuðla að vinnugleði, samvinnu, virðingu fyrir verkinu, þjálfa einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Námsgreinin byggir á áherslu á að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl fyrir komandi framtíð.

Tímafjöldi: Valfag, kennt 2 x 40 mín einu sinni í viku allan veturinn

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Mælieiningar, samvinna, meðhöndlun áhalda, skilningur á hollustu og heilbrigði, hreinlæti og frágangur. Þekki heiti næringarefnana*
- *Unnið með fjölbreyttar mataruppskriftir.*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Fyrirfram ákveðin verkefni frá kennara.*
- *Stuðst við bækur í heimilisfræðistofunni.*
- *Veraldarvefurinn ýmsir vefir tengdir mat og matarmenningu.*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Bein kennsla*
- *Innlagnir*
- *Sýnikennsla*
- *Verklegar æfingar*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytni er í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum og mismunandi hæfileikar þeirra fái að njóta sín.*
- *Nemendur fá að vera með í vali á hluta verkefni til að mæta þeirra þörfum og um leið fá þau tækifæri til að koma fram með sjálfstætt val og hafa sjálfstjórn á sínu eigin námi.*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi: Námshæfni:

Símat í lotunni, nemandi fær einkun og umsögn þar sem metið er eftirfarandi:

- *Hefur nemandi unnið eftir fyrirmælum, borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á*
- *tekið virkan þátt í verklegum þáttum*
- *sýnt vinnusemi og vandvirkni*
- *skilað verkefnum lotunnar á viðeigandi hátt*

# 3.5. Hönnun og smíði

## Viðmið um námshæfni í hönnun og smíði

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

| Handverk |
| --- |
| • Greini vistvæn efni frá óvistvænum og haft sjálfbærni að leiðarljósi við vinnu sína, s.s. við efnisval |

- Geri grein fyrir uppruna og notagildi þess efniviðar sem notaður er í smíðastofunni
- Valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki
- Sagt frá mikilvægi verkþekkingar í nútíma samfélagi

**Hönnun og tækni**

- Unnið sjálfstætt eftir verkáætlun og vinnuteikningu, útbúið efnislista og reiknað kostnað
- Framkvæmt flóknari samsetningar, s.s. samlímingu, töppun og skrúfun
- Greint þarfir í umhverfi sínu og rætt mögulegar lausnir
- Útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu
- Hannað verkefni út frá efni, fagurfræði, tækni, umhverfi, notkun og endingu

**Umhverfi**

- Valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi.
- Geri grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni
- Beitt líkama sínum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar
- Útskýri réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað
- Tekið þátt í samvinnu með sameiginlegt markmið að leiðarljósi

## Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Í hönnun og smíði er lögð áhersla á að nemandinn öðlist færni í að smíða hluti með fjölbreyttum efnum, verkfærum og tækni. Lögð er áhersla á að nemandinn sé virkur í hönnunarferli og móti útlit og uppbyggingu hluta miðað við notkun þeirra. Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur

sjálfstæðs í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnu, þjálfa einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Námsgreinin sem á sé langa sögu byggir því senn á rótgrónum handverkshefðum og almennum áherslum á uppeldi og menntun.

Tímafjöldi: Kennt er í lotum og fær hver nemandi sex kennslustundir á viku í sex vikur.

***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Útskurður (kistill, skál, bakki) eða plastvinna*
- *Valverkefni þar sem lögð er áhersl á að virkja sköpunargleðina og þá þekkingu sem nemendur hafa í hönnun og smíði, verkfæra- og viðarfræði.*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Efni og verkefni frá kennara*
- *Stuðst er við nokkrar bækur í smíðastofu*
- *Veraldarvefurinn notaður þegar við á*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Bein kennsla*
- *Innlagnir*
- *Sýnikennsla*
- *Verklegar æfingar*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytni er í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum og mismunandi hæfileikar þeirra fái að njóta sín*
- Nemendur fá að vera með í vali á hluta verkefna til að mæta þeirra þörfum og um leið fá þau tækifæri til að hafa einhverja sjálfstjórn á sínu eigin námi.

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi: Námshæfni:

- Símat

# 3.6. Textílmennt - lotur

## Viðmið um námshæfni í textílmennt

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Handverk og tækni**
- Beitt fjölbreyttum aðferðum og áhöldum greinarinnar
- Rökstutt eigið val á textílefni eftir viðfangsefni og efnisfræði
- Unnið með snið og uppskriftir, tekið mál, áætlað stærðir og efnisþörf

**Sköpun, hönnun og útfærsla**
- Beitt skapandi og gagnrýnni hugsun í hönnum og textílvinnu
- Skreytt textílafurð á skapandi og persónulegan hátt
- Lagt mat á eigin vinnubrögð, sagt frá góðu handbragði, formi og hönnun og notað til þess viðeigandi hugtök
- Nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga á gagnrýninn hátt um efni sem tengist textílsögu, hönnun og iðnaði

**Menning og umhverfi**
- Sýnt frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnusvæði
- Sagt frá textíliðnaði og starfsgreinum tengdum fatagerð og textíhönnun
- Sagt frá vinnslu textílefna við mismunandi aðstæður og sett í samhengi við sjálfbærni og umhverfissvernd

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

Námsgreinin textílmennt er yfirgripsmikil grein sem felur í sér þátt hönnunar og handverks. Textílmennt á sér djúpar rætur í menningu þjóðarinnar, rætur sem liggja í heimi sögunnar, verkmenningu og listum. Textílnám byggist meðal annars á þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun þar sem nemendur vinna með efni og áhöld greinarinnar á sjálfstæðan hátt. Textílnám gefur nemendum tækifæri til að þroska samhæfingu hugar og handa, upplifa og tjá sig um leið.
Textílmennt er ríkur þáttur í félagslegum veruleika þar sem einstaklingarnir skapa sér persónulegan stíl í klæðnaði og sínu nánasta umhverfi. Nemendur læra að búa til afurðir sem hafa persónulegt gildi.

Tímafjöldi: Kennt er í lotum einu sinni í viku 80 mínútur í senn.

***ix. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:
- *Nemendur nýta sér aðferðir sem þeir hafa áður lært*
- *Vinna með snið, uppskriftir og hugmyndavinnu*
- *Fræðst um hönnun, framleiðslu og fjöldaframleiðslu í textíl*

***x. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:
- *Verkefni frá kennara*
- *Ýmsar handavinnubækur, sníðablöð og snið*
- *Veraldarvefurinn*

***xi. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Innlögn*
- *Hugmyndavinna*
- *Sýnikennsla*
- *Einstakingskennsla*
- *Verklegar æfingar*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytni í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum, áhuga þeirra og getu*
- *Hanna verkefni og vinna verkefni út frá eigin sköpun*
- *Fá tækifæri til að finna nýjar leiðir*

***xii.Námsmat og námsmatsaðlögun***

Umgengni, framvinda og hæfni er metin í lok lotu.

# 3.7. Textílmennt val

## Viðmið um námshæfni í textílmennt

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

| **Efnisþættir:** | **Viðmið um námshæfni í textílmennt** | **Þ** | **L** | **V** |
|---|---|---|---|---|
| *Handverk og tækni* | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br>• beitt fjölbreyttum aðferðum og áhöldum greinarinnar við formun textílafurða<br>• rökstutt eigið val á textílefni eftir viðfangsefni og efnisfræði<br>• unnið með snið og uppskriftir, tekið mál, áætlað stærðir og efnisþörf | | | |
| *Sköpun, hönnun og útfærsla :* | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br>• beitt skapandi og gagnrýnni hugsun í hönnum og textílvinnu<br>• skreytt textílafurð á skapandi og persónulegan hátt<br>• lagt mat á eigin vinnubrögð, sagt frá góðu handbragði, formi og hönnun og notað til þess viðeigandi hugtök<br>• nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga á gagnrýninn hátt um efni sem tengist textílsögu, hönnun og iðnaði | | | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| *Menning og umhverfi:* | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br>• hagnýtt þá sérhæfðu leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast á skapandi hátt og sýnt frumkvæði<br>• skipulagt vinnu sína með sjálfbærni í huga<br>• sýnt frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnusvæði<br>• fjallað um helstu um tákn og merkingar vefjarefna<br>• sagt frá textíliðnaði og starfsgreinum tengdum fatagerð og textíhönnun<br>• sagt frá vinnslu textílefna við mismunandi aðstæður og sett í samhengi við sjálfbærni og umhverfissvernd<br>• sýnt frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnusvæði | | | |

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**
Námsgreinin textílmennt er yfirgripsmikil grein sem felur í sér þátt hönnunar og handverks. Textílmennt á sér djúpar rætur í menningu þjóðarinnar, rætur sem liggja í heimi sögunnar, verkmenningu og listum. Textílnám byggist meðal annars á þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun þar sem nemendur vinna með efni og áhöld greinarinnar á sjálfstæðan hátt. Textílnám gefur nemendum tækifæri til að þroska samhæfingu hugar og handa, upplifa og tjá sig um leið.
Textílmennt er ríkur þáttur í félagslegur veruleika þar sem einstaklingarnir skapa sér persónulegan stíl í klæðnaði og í sínu nánasta umhverfi. Nemendur læra að búa til afurðir sem hafa persónulegt gildi.

Tímafjöldi: Kennt er einu sinni í viku 80 mínútur í senn allan veturinn.

***xiii. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Nemendur nýta sér aðferðir sem þeir hafa áður lært*
- *Vinna með snið, uppskriftir og tekið mál*
- *Fræðst um hönnun, framleiðslu og fjöldaframleiðslu í textíl*

***xiv. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Verkefni frá kennara*
- *Ýmsar handavinnubækur, sníðablöð og snið*
- *Veraldarvefurinn*

***xv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Innlögn*
- *Hugmyndavinna*
- *Sýnikennsla*
- *Einstakingskennsla*
- *Verklegar æfingar*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytni í verkefnavali til að mæta ólíkum nemendum, áhuga þeirra og getu*
- *Hanna verkefni og vinna verkefni út frá eigin sköpun*
- *Fá tækifæri til að finna nýjar leiðir*

***xvi. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Umgengni, framvinda og hæfni er metin í lok vetrar.

# 4. Náttúrugreinar

## Viðmið um námshæfni í náttúrugreinum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Verklag: Geta til aðgerða**

- Tekið rökstudda afstöðu til málefna og komið með tillögur um hvernig megi bregðast við breytingum en um leið tekið mið af því að í framtíðinni er margt óvisst og flókið

**Verklag: Nýsköpun og hagnýting þekkingar**

- Gert grein fyrir hvernig niðurstöður rannsókna hafa haft áhrif á tækni og atvinnulíf í nánasta umhverfi og samfélagi
- Tekið þátt í skipulagi og unnið eftir tímaáætlun hóps

**Verklag: Gildi og hlutverk vísinda og tækni**

- Metið gildi þess að upplýsingum um vísinda- og tækniþróun sé miðlað á skýran hátt,
- Skýrt með dæmum hvernig náttúruvísindi, tækni, menning, heimsmynd mannsins og náttúran hafa áhrif hvert á annað
- Unnið með samþætt viðfangsefni með vinnubrögðum náttúrugreina og tekið gagnrýna afstöðu til siðferðilegra þátta tengdum náttúru, umhverfi, samfélagi og tækni

**Verklag: Vinnubrögð og færni í náttúrugreinum**

- Lesið texta um náttúrufræði sér til gagns, umorðað hann og túlkað myndefni honum tengt
- Aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr heimildum með því að nota hand- og fræðibækur, netið og aðrar upplýsingaveitur.
- Framkvæmt eigin athuganir inni og/eða úti
- Beitt vísindalegum vinnubrögðum, s.s. tilraunum og athugunum á gagnrýninn hátt, við öflun upplýsinga innan náttúruvísinda

- Gefið skýringar á og rökrætt valið efni úr námsefni
- Beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúrugreinum í 10. Bekk

**Viðfangsefni: Efling ábyrgðar á umhverfinu**

- Rætt af skilningi eigin lífssýn og ábyrgð innan samfélags og tekið dæmi úr eigin lífi

**Viðfangsefni: Að búa á jörðinni**

- Skipulagt, framkvæmt og gert grein fyrir athugunum á námsþáttum að eigin vali er varða búsetu mannsins á jörðinni
- Útskýrt og rætt ástæður náttúruverndar
- Útskýrt breytingar á landnotkun og tengsl þeirra við jarðvegseyðingu og orkuframleiðslu
- Útskýrt árstíðarbundið veðurlag, loftslagsbreytingar, ástæður og afleiðingar

**Viðfangsefni: Lífsskilyrði manna**

- Rökrætt umhverfismál frá ólíkum sjónarhornum, er tengjast vatni, vatnsnotkun og sjó
- Lýst hringrás efna og flæði orku í náttúrunni,
- útskýrt ljóstillífun og bruna og gildi þeirra

**Viðfangsefni: Náttúra Íslands**

- Útskýrt flokka lífvera eftir skyldleika og að erfðir ráðast af genum og hvernig lífverur hafa aðlagast umhverfi sínu
- Útskýrt þarfir ólíkra lífvera í ólíkum vistkerfum
- Útskýrt hugmyndir um náttúruval, hæfni, aðlögun og arfbundinn breytileika

**Viðfangsefni: Heilbrigði umhverfsins**

- Gert grein fyrir verndun og nýtingu náttúruauðlinda í tengslum við sjálfbæra þróun
- Rætt á gagnrýninn hátt framleiðslu, flutning og förgun efna

**Viðfangsefni: Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu**

**Grunnþættir menntunar í náttúrugreinum**

| Grunnþáttur | Áhersluþættir grunnþátta menntunar |
|---|---|
| HEILBRIGÐI OG VELFERÐ: | Skólinn tekur mið af öllum þörfum barna og ungmenna á einstaklingsbundin hátt. Vinna markvisst að því að styðja jákvæðan skólabrag, bættan námsárangur og vellíðan. Gefa áhugasviði nemenda aukið rými í skólastarfinu og byggja upp jákvæða sjálfsmynd nemenda. |
| JAFNRÉTTI: | Að skapa tækifæri til þess að allir geti þroskast á eigin forsendum og ræktað hæfileika sína óháð getu, kyni, kynhneigð eða kynþætti. |
| LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI: | Að nemendur taki afstöðu til siðferðilegra álitamála. Nemendur eru virkir, sýni samábyrgð og taki þátt í að móta umhverfi sitt. |
| LÆSI: | Að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á. |
| SJÁLFBÆRNI: | Að nemendur takist á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags. Að nemendur átti sig á að hver einstaklingur skiptir máli í samfélaginu og hafi ákveðinn rétt, ábyrgð og skyldur. Að nemendur tileinki sér lýðræðisleg vinnubrögð og að markmið menntunar sé geta til aðgerða. |
| SKÖPUN: | Að gera nemendum kleift að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga og virkja ímyndunarafl sitt. Sköpun byggist á gagnrýninni hugsun og aðferðum sem sífellt opna nýja möguleika og því skiptir sköpunarferlið ekki síður máli en afrakstur verksins. |

# Náttúrufræði

Tímafjöldi: 3 kennslustundir á viku að jafnaði yfir heilt skólaár.

**4.1 Eðlis- og efnavísindi:**

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

***i. Viðfangsefni í náminu***

Fyrsti kafli fjallar um kjarneðlisfræði, nemendum er gerð grein fyrir innri gerð frumeinda. Fjallað er um geislavirk efni og kjarnorku og hvernig má nýta hana og hvers ber að varast. Þá kemur kafli um orkuöflun mannkyns. Fjallað er um mismunandi form orkunnar, endurnýjanlega orku og óendurnýjanlega orkugjafa (samspil við *Maður og náttúra*). Því næst kemur kafli um sólkerfið okkar. Nemendur læra um gerð sólkerfis, eiginleika og gerð sólarinnar og reikistjarnanna. Sagt er frá þróun vísindarannsókna og fjallað um áhrif tungls og reikistjarna á jörðina. Í síðatsa kafla bókarinnar er fjallað um alheiminn. Nemendur læra um helstu fyrirbæri alheimsins, svo sem stjörnur og vetrarbrautir.
Farið verður í efnisþættina og nemendur undirbúa sig fyrir tímana með því að lesa heima og/eða vinna verkefni. Námsmat verður eftir hvern kafla. Lögð verður áhersla á að nemendur geti:

- *lesið texta um náttúrufræði sér til gagns, umorðað hann og túlkað myndefni honum tengdum.*
- *skipulagt vinnuferli og ákveðið hvers konar athugandir, búnaður, gögn og vinnubrögð eru við hæfi.*

- *unnið sjálfstætt við öflun upplýsinga og hagnýtt sér ýmsar leiðir til þess.*
- *skráð og unnið úr gögnum, sjálfstætt og í samstarfi, skv. fyrirmælum eða eftir eigin hugmynd.*
- *beitt algengustu hugtökum og heitum náttúrufræðinnar.*
- *rökrætt einstakar aðgerðir sem skref í sjálfbærri þróun samfélagsins.*
- *útskýrt geislun og geislavirk efni*
- *útskýrt hvernig hægt er að nota kjarnorku til rafmagnsframleiðslu*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru: 
*Eðlisfræði 3, ljósrit, heimildamyndir, vefefni og verkefni*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Nemendur lesa kafla heima. Kennari fer í efni kaflans með powerpoint-fyrirlestri eða á annan hátt.. Nemendur vinna svo sjálfir ákveðnar spurningar úr kaflanum. Kennari fer yfir spurningarnar. Nemendur vinna sjálfir og í hópum.*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Nemendur sem það þurfa munu fá svör við spurningum ásamt því að geta nýtt sér hljóðbók á vef námsgagnastofnunar sér að kostnaðarlausu.*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandii: Námshæfni:

- *Kaflapróf*
- *Heimapróf*
- *Svindlmiðapróf*
- *Rafræn próf*
- *Jafningjamat í hópavinnu*
- *Kennaramat á verkefnum úr hópavinnu*
- *Kennaramat á skýrslum sem nemendur vinna úr tilraunum.*

**4.2 Jarð- og stjörnuvísindi:**

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar *i.***
***Viðfangsefni í náminu***

Kenningar um upphaf og þróun alheims, vetrabrautir og svarthol, loftsteinar, halastjörnur og stjörnuhrap og kenningar um þróun sólar.

- *útskýrt að andrúmsloftið er samsett úr nokkrum efnum*
- *gefið dæmi um notkun gervihnatta*
- *kynnt dæmi um uppgötvanir í stjarnvísindum og hvaða áhrif þær hafa haft á líf manna*

- *lýst þróun og endalokum sólarinnar og stöðu hennar í Vetrarbrautinni*
- *lýst upphafi og uppbyggingu alheimsins*
- *gefið dæmi um könnun geimsins með geimförum og sjónaukum*

***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru: 
*Eðlisfrðæi 3 (kaflar 3 og 4), ljósrit, heimildamyndir, vefefni og verkefni*

***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Nemendur lesa kafla heima. Kennari fer í efni kaflans með powerpoint-fyrirlestri eða á annan hátt.. Nemendur vinna svo sjálfir ákveðnar spurningar úr kaflanum. Kennari fer yfir spurningarnar. Nemendur vinna sjálfir og í hópum.*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Nemendur sem það þurfa munu fá svör við spurningum ásamt því að geta nýtt sér hljóðbók á vef námsgagnastofnunar sér að kostnaðarlausu.*

***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandii: Námshæfni:

- Kaflapróf
- Heimapróf
- Svindlmiðapróf
- Rafræn próf
- Jafningjamat í hópavinnu
- Kennaramat á verkefnum úr hópavinnu
- Kennaramat á skýrslum sem nemendur vinna úr tilraunum.

**4.3 Lífvísindi og umhverfismennt:**

**Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar**

***i. Viðfangsefni í náminu***

Ljóstillífun og bruni, vistfræði, umhverfið okkar, erfðir og erfðaefni og þróun lífsins

- lýst hringrás efna og orku í náttúrunni og útskýrt ljóstillífun og bruna.
- beitt hugtökum eins og náttúruval, hæfni, aðlögun og arfbundinn breytileiki.
- sagt frá hugmyndum um uppruna og þróun lífs á jörðinni.
- unnið með hugtökin, litningar, gen og DNA.
- útskýrt hvernig eiginleikar erfast á milli kynslóða.
- Lesið texta um náttúrufræði sér til gagns, umorðað hann og túlkað myndefni honum tengt.

- Útskýrt breytingar á landnotkun og tengsl þeirra við jarðvegseyðingu og orkuframleiðslu,
- Rökrætt umhverfismál frá ólíkum sjónarhornum, er tengjast vatni, vatnsnotkun og sjó,
- Útskýrt flokka lífvera eftir skyldleika, ein- og fjölfrumunga, að erfðir ráðast af genum og hvernig íslenskar lífverur hafa aðlagast umhverfi sínu,
- Útskýrt þarfir ólíkra lífvera í ólíkum vistkerfum,
- Útskýrt hugmyndir um náttúruval, hæfni, aðlögun og arfbundinn breytileika,
- Geti útsýrt hugtökin fæðukeðja, fæðuvefur, frumframleiðandi og toppneytandi

### ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru: 

*Maður og náttúra, ljósrit, heimildamyndir, vefefni og verkefni*

### iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Nemendur lesa kafla heima. Kennari fer í efni kaflans með powerpoint-fyrirlestri eða á annan hátt.. Nemendur vinna svo sjálfir ákveðnar spurningar úr kaflanum. Kennari fer yfir spurningarnar. Nemendur vinna sjálfir og í hópum.*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Nemendur sem það þurfa munu fá svör við spurningum ásamt því að geta nýtt sér hljóðbók á vef námsgagnastofnunar sér að kostnaðarlausu.*

### iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandii: Námshæfni:

- Kaflapróf
- Heimapróf
- Svindlmiðapróf
- Rafræn próf
- Jafningjamat í hópavinnu
- Kennaramat á verkefnum úr hópavinnu
- Kennaramat á skýrslum sem nemendur vinna úr tilraunum.

# 5. Samfélagsgreinar

## Viðmið um námshæfni í samfélagsgreinum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

**Reynsluheimur**

- Nemandi skilur af hverju það er mikilvægt að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.
- Nemandi skilji hvernig stjórnmál, náttúra, trúarbrögð, viðhorf manna á mismunandi tímum og menningarsvæðum, skarast á og hafa áhrif á hvort annað.
- Nemandi skilji sjálfbæra þróun og hvaða áhrif hún hefur á umhverfi, samfélag og efnahag.
- Nemandi geti aflað sér upplýsingar um ýmis málefni tengd námsefninu á sjálfstæðan hátt og unnið úr þessum upplýsingum.
- Nemandi geti aflað sér upplýsingar fyrir ritgerð og unnið úr þeim með að gera heimildaskrá og tilvísanir samkvæmt APA kerfinu.
- Nemandi þekki og skilji hugtök sem eru notuð um menningar- og samfélagsmálefni.
- Nemandi skilur hvernig atburðir og ákvarðanir manna hafa áhrif á umhverfi sitt.
- Nemandi skilur hvernig auðlindir tengjast sjálfbærri þróun.
- Nemandi geti lesið og skilið kort í ýmsum myndum.
- Nemandi sýnir fram á þekkingu á málefnum og getur litið á báðar hliðar mála í tengslum við söguna, gagnrýn hugsun.
- Nemandi skilji af hverju heimildir eru mikilvægar til að skilja sögu.
- Nemandi skilji hvernig sjónarhorn manna og gildi þeirra hafa áhrif á söguna, skriflega og munnlega.
- Nemandi skilji hvernig ýmis efni s.s. samfélag, umhverfi, menning, gjörðir manna, náttúran, hugmyndastefnur og/eða tilviljanir hafa áhrif á hvernig sagan mótast.
- Nemandi þekki söguna um ákveðinn atburð.
- Nemandi skilji hvernig sagan er mótuð með ritum, munum, hefðum og minningum manna.
- Nemandi þekki helstu trúarbrögð heimsins, uppruna þeirra og skilji áhrif þeirra á fylgjendur þeirra og samfélög.
- Nemandi geti hugleitt merkingu og tilgang lífsins með að nýta sér hugmyndir um trú, lífsviðhorf og siðferði.
- Nemandi skilur hefðir, frásagnir, kenningar, hátíðir, siði og tákn helstu trúarbragða heimsins.
- Nemandi geti borið saman ólík trúarbrögð og lífsviðhorf einstaklinga og séð hvað þau eiga sameiginlegt og hvað er ólíkt.
- Nemandi skilji áhrif trúarrita á menningu og samfélög.
- Nemandi geti greint trúarlegar vísanir í listum og bókmenntum.
- Nemandi þekki og skilji mismunandi tegundir lýðræðis.
- Nemandi þekki stjórnkerfi Íslands og hvernig það virkar.
- Nemandi skilji tengsl Íslands við umheiminn.

- Nemandi viti hvað velferðarsamfélag er og hvernig það tengist stjórnmálum, atvinnulífi og hugmyndastefnum.
- Nemandi skilji hvernig stjórnmál og samfélag tengjast og hafa áhrif á líf manna.
- Nemandi geti tekið ábyrgð á eigin fjármálum.
- Nemandi getur verið gagnrýninn neytandi, skilið áhrif neyslu hans á samfélagið
- Nemandi geti sett sér fjárhagsleg markmið í tengslum við eigin neyslu.

**Hugarheimur**

- Nemandi þekki og skilji hvernig sjálfsmynd hans mótast af umhverfi, trú, stjórnmálum, félagslegum aðstæðum og menningu.
- Nemandi þekki mun á hugtökunum kyn og kyngervi.
- Nemandi getur útskýrt hvaða hlutverki hugtökin kyn, kynhneigð og kynhlutverk hafa á kyngervi og sjálfsmynd einstaklinga.
- Nemandi þekki styrkleika sína og geti nýtt sér þá í ákvarðanatökur.
- Nemandi skilur hvaða áhrif fyrirmyndir hafa á mótun sjálfsmyndar einstaklinga og hvernig það hefur áhrif á ákvarðanatökur og skoðanir manna.
- Nemandi geti lýst tilfinningum sínum á margvíslegan hátt í tengslum við hegðun, samskipti og sjálfsmynd.
- Nemandi getur tekið ábyrgð á ákvörðum sínum.
- Nemandi getur tekið ábyrgð á eigin heilsu og lífsháttum.
- Nemandi getur tekið ábyrgð á eigin námi.
- Nemandi getur staðist neikvæðan utanaðkomandi þrýsting.
- Nemandi viti og geti útskýrt að annað fólk er jafn mikilvægt og hann.
- Nemandi geti sett sig í spor einstaklinga með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum tímum og stöðum.
- Nemandi getur sett sér framtíðaráætlanir sem samræmast við eigin getu og áhuga nemenda.

**Félagsheimur**

- Nemandi getur tekið þátt í samstarfi og umræðum.
